~~Póst-postilla~~
~~Hafnarhúslestrabók~~

Komdu að Dansa........ ▷

~~líst rosa vel á titilinn~~ ..
~~póst-postilla~~
~~pakkhúslestrarbók~~

ENDALEYSA ~~er líka hugmynd~~





Oddný Eir.

_sje fyrir mjer saumana sem thu taladir um. finnst thad mikilvaegt lika vegna teng

einhverju berklalúkki frá því við uggi bróðir minn höfðum plástur  á kápunum

til að smygla smá með fíflaskipinu, smá apaflösu). je

ljosa, hvita eda ljosgraa, kann

ekki ad thad sje neitt endilega ahu

a kapunni sje stimpillinn fra Goddi

bradum ad berast fra Seydisfirdi. ka

kapunni, th.e. liturinn  svo hann

og med sma neon- blae ef h

gult eda gulgraent, og kann

i kring eins  og í kringum

hlidina. og thetta ekki mid

til haegri....

Titill er kannski ekki alveg kominn a hr

„Postilla Pakkhúss" eda „Postilla Óvissunnar" „Óvissa, Postilla" „Millibils-Postilla

 demokratisku samraedu sem er grundvollur thessarar bokar. Allave

líka eins og „sýningarbók Listasafns Reykjavíkur vegna Pa

og ná út á jaðrana...

Finna

...ég verð að viðurkenna að ég er ekki með neina humynd fyrir forsíðuna, hausinn

ravepostuli?

Unnar

ok ég sé fyrir mér postula að predika .. kann

einhverjar handahreyfingar kannski n

hindúa guð og að stara útí loftið .. tómur

var líka búinn að vera að hugsa mikið um húsið .. fan

tunga .. sem að væri að sleikja útum .. slurp .. svona græðg

engsla vid sjukraskyrsluna: saumar a sári, hinni opnu und! (jeg er kannski fost í

um á fyrstu apaflösuöskjunni okkar og líka apastimpil... kannski langar mig

~~eg held ég sjai kapuna fyrir mjer~~
~~nski eins og golfid a safninu...~~
~~ugaverd tenging...~~  ~~en~~  ~~ad~~
~~i sem vonandi~~ ~~fer~~
~~kannski bara tekinn~~ ~~ut~~ ~~ur~~
~~nn sje tha enn~~ ~~ljosari~~
~~had er haegt,~~ ~~neon-~~
~~nski med~~ ~~tilbods-stjornunni~~
~~n númerin,~~  ~~i kring eda vid~~
~~djusett~~ ~~heldur~~ ~~nidri~~

hreint en jeg held ad best sje ad hafa thad  einfalt eins og

lla", eda thetta tharf jeg ad paela adeins i og raeda i hinni dasamlegu

vega myndi þá titill bókarinnar koma fram á kápu og líklega undirtitill

Pakkhúss Postulanna í Hafnarhúsi 2006." Ég held ég sjái titlana fyrir mér ofarlega

nn á mér er svo svakalega upptekinn af okkar hluta. veit ekki...

~~nski að benda, allavega með~~
~~með margar hendur .. svona einsog~~
r í hausnum .. alveg búinn að gleyma prekunninni
nnst allt í einu eins og skyggnið fyrir ofan hurðina væri
gislega eða með greddu í augunum ..

# ~~INNGANGAN~~

~~(ath. ekki inngangur)~~
~~í honum er:~~
~~hafþórs inngangur,~~
~~oddnýjar inngangur,~~
~~unnars inngangur,~~
~~hugins og~~
~~danna lýsingar.~~

Listasafn Reykjavíkur – Hafnarhús
Tryggvagata 17
101 Reykjavík
Sími: +354 590 1200
Fax: +354 590 1201
Email: listasafn@reykjavik.is
www.listasafnreykjavikur.is
Safnráð Listasafns Reykjavíkur
Christian Schoen
Gunnar Dungal
Hrafnhildur Schram
Sigurður Gísli Pálmason
Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur
Hafþór Yngvason
Verkefnastjórn
Yean Fee Quay
Fræðsludagskrá
Ólöf K. Sigurðardóttir
Kynning
Soffía Karlsdóttir
Sýningarstjórn
Daníel Björnsson og Huginn Þór Arason
Ritstjórn
Oddný Eir Ævarsdóttir, Unnar Örn Jónasson Auðarson og Goddur
Ritstjóri
Oddný Eir Ævarsdóttir
Prófarkalestur
Embla Ýr Bárudóttir
Helga Soffía Einarsdóttir
Steinunn H. Blöndal
Ljósmyndun
??
Hönnun
Ármann Agnarsson
Prentun og bókband
Oddi
Sérstakar þakkir fá Björgvin Barðdal hjá Seglagerðinni Ægi og Grétar frá Húsatóftum
© Listasafn Reykjavíkur 2006
ISBN: 9979-769-26-2

# Efnisyfirlit

Inngangur 5
Hafþór Yngvason

Í umsjá óvissunnar, í opinberri ábyrgð 6
Oddný Eir Ævarsdóttir

(Hvítur sannleikur .. Svört lygi) 12
Unnar Örn Jónasson Auðarson

Lýsingar 14
Daníel Björnsson og Huginn Þór Arason

Postular óvissu tímans 17
Hrafnhildur Arnardóttir 18
Ingibjörg Magnadóttir 24
Kristín Eiríksdóttir 30
Davíð Örn Halldórsson 34
Sigga Björg Sigurðardóttir 40
Björk Guðnadóttir 46
Ásdís Sif Gunnarsdóttir 52
Magnús Árnason 60
Helgi Þórsson 66
Sirra Sigrún Sigurðardóttir 72
Ragnar Kjartansson 78

Postular opinbers vettvangs 87
Soffía Karlsdóttir 88
Hafþór Yngvason 93
Ólöf K. Sigurðardóttir 99
Fee Quay 106

Pakkhús samræðunnar 111
Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir & Brynhildur Pálsdóttir 112
Ármann Agnarsson 118

Húskveðjan 123

Íkonið og ritúalið 124
Guðmundur Oddur Magnússon

CV listamanna 126

# Inngangur

Myndlist hefur stundum verið kölluð hinn þögli miðill. Myndverkið tjáir sig í hljóðlausum línum og formum sem áhorfandinn veltir einsamall fyrir sér, kyrr og íhugull. Reynslan er persónuleg eins og trúarreynsla og henni verður ekki deilt með öðrum. Og á myndlistarsýningum er sem minnst talað, varla hvíslað, til að raska ekki upplifun annarra af verkunum.

Sýningin Pakkhús postulanna er ekki hljóð og háttvís. Hér kveða samræðurnar uppúr. Umræðan er sett í fyrirrúm og hún fóstruð á öllum stigum verkefnisins, allt frá samræðum sýningarstjóranna sín á milli til samræðna við starfslið safnsins og listamennina í löngum aðdraganda sýningarinnar. Og samræðan er viðmið listaverkanna sjálfra. Við verðum vör við misklið radda í samvinnuverkum, þar sem umræðunni er leyft að birtast á yfirborðinu, og í samræðum listaverkanna við umhverfi sitt. Hér er myndlistin ekki þögul, heldur uppspretta umræðu og þannig er þessi bók einnig. Hún er samræðukver. Fremur en að skjalfesta endanlega mynd sýningarinnar í venjulega sýningarskrá, ákváðu ritstjórarnir að halda við þeirri umræðu sem myndaðist við undirbúning sýningarinnar og færa hana út í samfélagið.

Það er vöntun á opinberri umræðu um samtímalist hér á landi og sérstaklega um list þeirrar ungu kynslóðar sem sýnir nú í fyrsta sinni, í Listasafni Reykjavíkur. Með þessari sýningu og útgáfu vonast safnið til að opna nýjan kafla í listumræðunni og að fylgja þeirri opnun síðan eftir með markvissri starfsemi. Ég þakka sýningarstjórunum Daníel Björnssyni og Hugin Arasyni og ritstjórunum Oddnýju Eir Ævarsdóttur, Unnari Erni Jónassyni Auðarsyni og Guðmundi Oddi Magnússyni fyrir hugsjón þeirra og þrautseigju í löngum undirbúningi sýningarinnar og útgáfu þessarar bókar.

Hafþór Yngvason
Safnstjóri Listasafns Reykjavíkur

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
Kt: 521280-0269

# ~~Í umsjá óvissunnar, í opinberri ábyrgð~~

Drög að skýrslu um póst postillu



Háttvirtu herrar í Akademíunni! Þið sýnið mér þann heiður að biðja mig að afhenda Akademíunni skýrslu um apalíf mitt hérna áður fyrr. Því miður get ég ekki orðið við þessum tilmælum á þann hátt sem óskað er. (Franz Kafka, Tímariti Máls og Menningar, 3. 1983, Ástráður Eysteinsson og Eysteinn Þorvaldsson þýddu).

Hafnarhúslestrabók þessi er ekki eingöngu sýningarskrá. Hún er sjúkraskýrsla og skýrsla um samræðu sem hefur átt sér stað þetta árið og endar kannski aldrei. Hver treystir sér annars til að segja til um það hvenær ferli listviðburðar hefst og hvenær því lýkur? Þessi bók er hvort tveggja í senn, eða hvorugt, lýsing á ferli tilurðar sýningarinnar Pakkhús postulanna og á ferli tilurðar þessarar sýningarskrár. Jafnframt er hún hluti af ferlinu og fjallar því að einhverju leyti um sig sjálfa. Þetta gæti því allt orðið sjálfhverft, en við tökum sjénsinn á því, í þeirri von að sjálfhverfan umhverfist til áframhaldandi samræðu. Þetta er samræðubók og bók um siglingu fíflaskipsins inn í Reykjavíkurhöfn. Mig langar í þessum inngangskafla að segja eina af fjölmörgum mögulegum sögum af siglingunni, í þeirri von að samræðan sem hér verður kynnt og hefur farið fram á milli ritstjórnar, sýningarstjórnar, listamanna og safnstjórnar, megi opna fyrir áframhaldandi samræðu við áhorfandann og lesandann og verða innlegg til myndlistarheimsins og þeirra heima sem skarast við hann.

Postuli er sá sem sendir eitthvað áfram. Postilla er safn af sendingum, safn af erindum til annarra, sending til framtíðarinnar. Postilluhefðin á Íslandi er rík, þar sem Íslendingar komust margir ekki auðveldlega til kirkju. Heimilin komu sér því uppsafni af prédikunum í postillu/húslestrabók. Á sunnudögum þegar búið var að sinna verkum, var bókin opnuð og búin til helgi. Sá sem kunni best, las upp úr postillunni en umræðan um guðsorðið var kannski ekki mjög fjörug í kjölfarið. Þegar kom fram á tuttugustu öldina, tók útvarpsmessan við hlutverki postillunnar og varð einhvers konar post postilla. En um umræðan um húslesturinn varð kannski engu bættari. Þessi hér post postilla er tilraun til annars konar vörpunar húsletranna á opinberum vettvangi, því samræðan er forsenda hennar og fyrirheit.

Þegar kom til tals að gefa út veglega sýningarskrá vorum við, aðstandendur sýningar og útgáfu, sammála um að skráin ætti ekki aðeins að vera vönduð heldur líka fyrirferðarmikil. Hún ætti því ekki aðeins heima í hliðarsal pakkhússins eða skjalasafni, heldur innan í húsinu. Og útsýnið úr því húsi ætti ekki bara að vera aukasýn, hliðarsýn, heldur önnur sýn í sýninni. En hvernig má öðlast aðra sýn? Þegar stórt er spurt, gæti svarið falist í krísunni. Dvöl í krísunni gæti verið nauðsynlegt skilyrði þess að halda áfram. En áfram hvert? Í krísunni er ekki að finna nein svör eins og þegar maður finnur bláber í móa, því krísan er ekki neitt nema spurn. Hún er undrun og opið haf.



Við erum stödd í miðaldaeldhúsinu, sitjum í kringum eldstóna og kyndum undir krísunni, meðvituð um að þegar ofninn er opnaður komi kannski ekki annað út en hiti.

Okkur er heitt í hamsi, liggur mikið á hjarta og ákveðum í óraunsæi að skrifa saman bók, eða öllu heldur að reyna að láta bók skrifa sig sjálfa í samræðu. Í algjöru óraunsæi, sem einkennir allt sem gert er á mörkum hins einmana einkaheims og ofbirtunnar af opinberum vettvangi og sem ekki er hægt að skrá í hið opinbera skjalasafn án vandræða. Ég ákváð að taka að mér ritstjórn, vinna hana í léttleikanum, láta hana jafnvel fara fram í svefni. Maður lætur að vísu ekkert fara fram í svefni, það er óvandað orðalag. Reynir öllu heldur að vera viðbúinn og opna undirmeðvitundina. Ég las um ilmskynjanir og orðsifjafræði áður en ég sofnaði og punktaði hjá mér hljóðin úr draumalúðrinum að morgni, en sneri mér svo að öðrum verkum. Og viti menn, mig fór að dreyma inn í Hafnarhúsið og inn í bók tengda henni. Fyrsti draumurinn fór fram í sjoppu á Íslandi, þar sem við ritstjórnin fengum okkur pulsu. Kannski engin opinberun, en þó eitthvað, maður má ekki vera gráðugur í drauma. Ég sendi Unnari netskeyti um eina með öllu. Hann svaraði um hæl.

Við ákváðum að senda bréf á milli og að setja þau helst sofandi í umslögin, reyna að skrifa með ósjálfráðri skrift allt nema heimilisfangið. Sendibréf tvisvar í viku, jafnvel teikningar með og ef ekki vildi betur til, að senda umslögin tóm. Og viti menn, sendibréfin fóru að berast á milli, eins og nítjánda öldin hefði aldrei liðið, með ilmfjólum og teikningum. Sum umslögin þó aðeins með greiðslukvittunum og munnhörpuleik, önnur bústin af útprentuðum litógrafíum af netinu og uppskriftum. Smátt og smátt varð eitthvað til og varð síðan, áður en langt um leið, eins og ofvaxin sjálfsæfisaga ritstjórnar, allra þátttakanda og annarra sem undirbjuggu sýninguna. En bókin varð á sama tíma minningargrein um ferlið og áminning til annarra: Forðist okkar verklag, það reynist bæði erfitt og flókið. Haldið ykkur við gömlu verkaskiptinguna, virðingarstigann. En svo leggjum við örugglega aftur af stað, í ferð með fíflaskipinu þegar næst er byr, því siglingin út á rúmsjó óvissunnar er allrar áreynslu verð.

Ástundun ósjálfráðrar skriftar er tilraun til að leyfa einhverju að koma fram, án þess að biðja um það, án væntinga og fordóma, án dóma. Að bíða eftir einhverju, án þess að bíða eftir einhverju sérstöku og opna fyrir því sem kemur. Það er ekki auðveld iðja, maður bíður lengi með móttökublöðrur í dyragættinni. Því viljinn til að taka á móti, vonin eftir óvissunni setur móttökunni ákveðin skilyrði. En hefur tilraunin ekki bara heppnast svo lengi sem maður reynir að opna, þar sem er trúað á óvissuna sem aðferð? En efasemdirnar elta óvissuna uppi og auðvelt er að halda að útkoman sé ekki annað en tuð og suð í illa stilltu útvarpi.


BRUNNUR
BRUNNIR

Löng hefð er fyrir tilraunum með ósjálfráða skrift og rannsóknir tengdar óvissu sem aðferð. Margar þeirra enda í ógöngum klisjunnar og á það sérstaklega við þegar tilraunirnar hafa tengst hópreynslu. Oft byggist skynjun á tengslum manna í milli upp á misskilningi, oftúlkunum eða vantúlkunum. Ástin og bróðir hennar lostinn, leika oft stórt hlutverk í þeim misskilningi. Það er auðvelt á einhverjum tímapunkti að ruglast og halda að spennan eftir sendingu sé lítilsháttar ást. Enda hafa sjálfsagt margir dottið út úr sköpunarferli óvissunnar vegna óþreyju eftir svörun. Hvernig má líka skýra fyrir sjálfum sér og öðrum, þá djúpu ást sem kviknar í brjósti manns gagnvart því ferli sem heltekur hugann? Verður maður kannski alltaf dálítið ástfanginn þegar kveikt er upp í eldstó útgáfu og lista? Hugfanginn af listagyðjunni sem er skilaboðaskjóða í samstarfinu.









Póstbrot:

Sendu mér meira, ég er að springa úr spenningi, ég hef ekki fengið neitt enn þá, heldurðu að pósturinn hafi nokkuð gleypt einhver bréf?

Er búið að pissa á eldinn, erum við dauð úr öllum glæðum, orðin ferlinu að bráð, kemur ekki neitt? Áttu uppskrift af vatnsdeigsbollum? Vinkona mín tengir bolludaginn við fyrstu geðlægðina sína, kvíðann fyrir því að vatnsdeigsbollurnar falli.

[redacted]

Sýningin mun sennilega heita Pakkhús postulanna. Mér líst reyndar ágætlega á það, þessi reif kúltúr er búinn að tapa svo miklu og enginn vill muna eftir litla bróður sínum slefandi inni í sirkústjaldinu.

Frans sleikir blóð úr síðusárinu í heilagri ást. Úr munninum á honum lekur munstur sem hlýtur að passa einhvern veginn inn í pakkhúsið.

Gætir þú sent mér myndir af ónæmiskerfinu? Það er ekki hægt að taka mynd af því. Var með kanínu bundna um ökklann en það blæddi úr nefinu á henni.

Pílagrímur fær skeljastimpil í bókina sína í hverju húsi sem er með skel á vegg.

Lifum ekki í hugmyndafræði einfaldra lausna og vantreystum engu nema örygginu!

Prentvélarnar eru komnar í gang. Bókin er að opnast, efni hennar opinberast okkur, hafðu engar áhyggjur.

Ég fór til engilsins og bað hann að fá mér litlu bókina. Og hann segir við mig: „Tak og et hana eins og hún er, hún mun verða beisk í kviði þínum, en í munni þínum mun hún verða sæt sem hunang"
(Úr Opinberunarbók Jóhannesar).



Þetta er limlestrabók sem limlestir sig um leið og hún skrifar sig. Það er hulan á milli, ósýnileg með hvítu blóði, sem við skrifum á með sítrónu og hunangi.



Fíflið kemur askvaðandi inn í húsið og dettur um kuðung. Svo koma fleiri inn frá höfninni, úr skipi sem siglir til baka og kjölfarið er fussandi, hlæjandi. Á bryggjunni eru póstmenn ljóssins í nýju embætti og fara í gegnum sendingarnar svo enginn voði fari inn. En pakkar sem eru tómir fattar enginn að skrá á tollskýrslurnar. Þeir eru sendir áfram, ljós innan í böggli, það lekur úr einum og tollmaðurinn hristir vefkennda efnið af puttunum eins og óféti.

Maður á pósthúsi límdi þúsund sinnum utan um pakkann sinn, því pappírinn var svo rifinn. Tók fram í lúunni að þetta væri í þriðja sinn sem hann væri að koma í dag, fyrst hefði hann ekki haft nógu mikinn pening, síðan hefði kassinn sprungið og núna sumsé já, hvort er aftur 14. eða 15. desember? Nú, það er þrettándi svaraði póstafgreiðslumaðurinn alveg rólegur, enda andlit hins opinbera og stöðuga valds sem ber ábyrgð á dagatölunum. Óvissan á heima á milli daganna. Óvissan tengir dagana saman. En stöðugleikinn á heima hjá hinu opinbera, í almönukunum, útvarpinu og póstþjónustunni.

Við höfðum ætlað að nálgast ritstjórnarvinnuna léttleikandi og á ská. En hún lék á okkur. Því eitt er að opna sig og öðlast einhverja sýn. Annað að vaka yfir henni og umbreyta henni með öðrum. Það krefst gífurlegrar viðveru, nærveru og yfirsetu. Ljósmæður mynda flókið tengslanet sín á milli og allar eru þær nærandi í yfirsetunni, gjöfular og umhyggjusamar. Mig langar til að þakka þeim sem tóku að sér, þrátt fyrir þeirra eigin mikilvægu annir, að umrita allar samræðurnar, sem birtast í þessari bók, skrá þær af böndum inn á tölvu og að lesa textana yfir í prófórkum og umbreyta honum í húslestra. Það er tímafrekt og krefst mikillar þolinmæði, eins og uppsetningin og allt það sem virðist ekki vera neitt en úr verður húslestrabók.

Ástundun ósjálfráðrar skriftar er æfing í að hlusta. Samræða sem vill vera frjó hlýtur líka að snúast um að vanda hlustun sína. En það sem kemur fram, það sem heyrist, í samræðu eða skrift, þarf að tengja við aðra hlustun, jafnvel bara bull ef ekki vill betur til, svo það búi til lostann sem öll hlustun nærist á. Og lostanum, sem myndast við tengslin, verður líka að umbreyta án afláts, ef hann á ekki að brenna í sundur samskiptin. En ef það gerist, ef verður bruni, þá getur maður farið upp í loftbelg og látið sig svífa einn um. Þangað til maður treystir sér aftur út á brjálað svið

samvinnunnar. Hræ af öðrum loftbelg, úr seinni heimsstyrjöldinni, rak á fjörur Íslands og voru notuð til að sauma úr þeim fínustu regnföt. Ég sá ein slík á Byggðasafninu í Höfn, grá og í anda reifsins, og sjóhattur gleðinnar fylgdi með.



Ég synti út í Galtarvita til að taka þátt í að tengja ritstjórnarferlið við sýningarferlið. Synti með skjöl innan á mér eins og ólétt af einhverju rugli. Björgunarveitin Sæbjörg leyfði mér að synda í land þrátt fyrir ófærð en sagðist ekki taka ábyrgð á sundinu. Og Hermes, sem hafði gert sjóferðina mögulega, benti upp í loft og tengingar fóru að myndast. Nú væri gaman að sú tenging næði áfram til áhorfenda og lesenda í öðru ófyrirsjáanlegu ferli.



Rásir á milli dýpkuðu og sá farvegur sem grófst í vitanum, var síðan yfirfærður niður í Hafnarhús. Í skurðinn var listamönnum sýningarinnar boðið, óundirbúnum að öðru leyti en því að vita að fram ætti að fara spjall. Við settumst niður og veittum á farvegina, og það flæddi úr þeirri und sem listamenn hafa opna í sér á þessum tíma rétt áður en þeir byrja að setja upp verkin sín. Við áttum í löngum samræðum við alla listamennina sem taka þátt í sýningunni, nema við einn, Kristínu Eiríksdóttur, hún var úti í Búdapest á meðan á viðtölum stóð, en hún sendi yfir hafið texta sem innlegg. Við ræddum líka við hönnuði hússins og hönnuð bókarinnar, auk safnstjórnarinnar í heild sinni. Og svo má halda áfram, og von ritstjórnar er að hægt verði að gefa út post post postillu með áframhaldandi samræðu við ýmsa sem nú þegar hafa sýnt umræðunni mikinn áhuga. Hugmyndin er því að búa til litla umræðuhópa í Hafnarhúsinu á meðan á sýningunni stendur og hefja samræðuna á sömu forsendum og við listamennina, á einni saman þránni til að tengja. Og nú væri gaman ef sú þrá næði að smita áhorfendur og lesendur svo ferli tenginganna haldi áfram á mörgum sviðum.

Skel, hjarta, lúður.
Lúður, hjarta, skel.
Að opna hörpuskel með varúð, annars flæðir eitrið inn að vöðvanum og blekið fer til spillis.
Leggja svo hjartað upp að og hlusta. Þannig er samræðan sem okkur langar að bjóða til.
Oddný Eir Ævarsdóttir

# ~~(Hvítur sannleikur .. Svört lygi)~~

.. Svört lygi)

### (Upphafið – Samtalið)

Við hittumst á kaffihúsi í Skeifunni í september 2005 á einhverskonar sellufundi... hálfpartinn eins og við værum að fela okkur... einhverjir voru búnir að tala í síma nokkru áður og skrifa einhver e-mail... töluðum um hugmyndagrunn okkar, reyndum að finna snertifleti og sameina þá... ég reyndi að komast að því hvort það væri raunverulegur vilji fyrir því að þessi sýning yrði að veruleika... vildum taka þetta að okkur... stórum hugmyndum slengt fram og mikil sýn... ég skildi í upphafi lítið í því að vilja fá listamenn til að vera einhverja sýningarstjóra inni á safninu... hvort það væri ekki bara ávísun á eitthvert vesen... allt annað mál en að setja upp sýningu í einhverju listamannaspeisi úti bæ... hélt að þetta væru tveir samhliða veruleikar sem væru til á sama tíma en gætu einhvern veginn aldrei hlaupið í takt... safnið sem stofnun með vinnureglur, skyldur og listamaðurinn sem sýningarstjóri með allt önnur vinnubrögð og áherslur í verklagi... læddist svo inn í kollinn á mér að það væri verið að innlima listamanninn í vinnuferlið – stofnunina... kannski til að brjóta upp einhvern furðulegan leik sem hefur fest í fari og enginn vill leika lengur... reglurnar algörlega úr sér gengnar og búið að spóla og spóla í sama farinu síðan hætt var að skrá íslensku listasöguna einhvern tímann eftir abstraktið... í svona 45 ár...

...ok, allt í lagi að vera með, prófa að láta innlima sig í kerfið, kannski bara kominn tími til... í október og nóvember var síðan mikið rætt um sýninguna og hugmyndirnar í kringum hana... okkar á milli og á fundum með fólki innanhúss... mikið reynt að skilgreina þann hóp listamanna sem að lokum voru með verk á sýningunni og þær hugmyndir sem einkenna hann... eiga þessir einstaklingar eitthvað annað sameiginlegt en að vera listamenn á aldrinum 25–37 ára af ákveðnu þjóðerni?...dregið í mengi... er þetta fólkið sem óttaðist ekkert, unglingarnir sem höfðu ekkert að berjast fyrir eða er einhverskonar sjúkleg nostalgía fyrir því liðna í loftinu? eftir mánaða millibilsástand gáfumst við upp á skilgreiningum með mengjum... þetta var í janúar 2006... það var eins og sú hugsun væri svo takmarkandi og svona flokkun í hópa yrði að sama leiknum og við vildum losna undan... um leið og við vorum búin að sleppa flokkunarkerfinu út úr hausnum á okkur og sýningin var komin með sínar eigin forsendur þá nálgaðist óvissan... þá kom tilfinningin að þetta væri í fyrsta skipti... maður hefur samt heyrt það svo oft... þetta er í fyrsta skipti sem þetta eða hitt er gert... þetta er alveg nýtt, þetta er stærra og meira... en tilfinningin var raunverulega þannig og þessi klisja mengaði hausinn á okkur svo öll orð vantaði... við höfum enga sögu til að festa okkur við, vitna í, bera okkur saman við... hún er ennþá óskráð í bútum út um allan bæ, í bleðlingum og tímaritsgreinum... inni í hausnum á fólki sem er farið að gleyma og endurskrifa fortíðina... stóra sagan hangir í lausu lofti... það er heldur ekki til neitt ákveðið samhengi og orð til að ræða hugmyndirnar sem við erum að reyna að koma frá okkur... við höfum öll lært að tala um myndlist í ólíkum löndum þar sem hver og einn lærir orðin upp á sitt einsdæmi á ólíkum tungumálum... er hægt að þýða samtalið yfir á íslensku og er samtalið raunverulega til? hvar liggur orðaforðinn og allar hugsanirnar um myndlistina?... er hægt að koma þeim til skila öðruvísi en með listfræðilegri analísu eða hinum pólnum, rómatískri sýn á sköpunarkraftinn inni í listamanninum?... hvað með samtalið?

### (Staðurinn – Leikurinn)

Mörgum orðum hent fram til að lýsa því hvernig safn okkur langaði að sjá verða að veruleika... vildum við safnið raunverulega í burtu og gera það að einhverju öðru en það er?... breyta því í annan stað?... kannski rannsóknarstofu, svið, torg, skyndibitastað, búðarglugga... það að listamenn framkvæmi einhverskonar rannsókn í efri sölum safnsins og aðrir leiki listir

sinar á sviði niðri við götuna, er það málið?... er hægt að gera safnið að nýlendu listamannsins og vonandi þar með áhorfandans en ekki bara hjálendu safnsins?... ekki safn um safnið sjálft og skrautfjöður fyrir Reykjavík heldur stað sem fjallar um listamennina sem sýna þar, gestina sem þangað koma og listina sjálfa... útópísk krafa og kannski rómantísk en samt raunveruleg og réttlát krafa fannst okkur... er ekki nauðsynlegt að smita áhorfandann af þessari þrá, gera hann sjúkan þannig að listin verði raunverulega til innan í hausnum á honum sjálfum þegar hann er inni í safninu og í framhaldi að hann hugsi skapandi og lifi skapandi?... er það raunhæfur möguleiki að listin geti orðið til í safninu sjálfu eða er það alltaf staður sem eingöngu setur upp, raðar, skrásetur, flokkar og sýnir list systematískt og með áherslu á kerfið frekar en að smita út frá sér hugmyndum?... okkur langaði allt í einu að safnið yrði eins og rafmagnstafla þar sem rafmagnið er listin og listin rafmagnið sem allt knýr... ljósavél til að lýsa upp hausinn... við vildum samt ekki týna traustinu sem fólk ber til stofnunarinnar... að öryggið springi ekki í allri listaspennunni... hljómar kannski eins og uppskrift að safni sem aðeins getur orðið til með orðum, á blaði eða inni í hausnum á manni...

...frá upphafi var greinilega hið ógeranlega, mistökin og krísan með sem félagar í leiknum sem við vildum leika... en það var reynt að taka þetta föstum tökum og skipt í lið og skipt með sér verkum... ábyrgðinni dreift á listamenn, sýningarstjórn, starfsfólk safnsins, ritstjórn og fræðslu... safnið var alltaf með í að búa til reglur fyrir leikinn... því hann verður að vera eitthvað annað en endalausar frímínútur... eða er það kannski líka takmark í sjálfu sér, skóli þar sem eru alltaf frímínútur, vinna þar sem maður er alltaf í sumarfríi, búð þar sem bannað er að borga?... er hægt að búa til stað sem má alls ekki vera til og er inni í sér í einhverskonar mótspyrnu við sjálfan sig?... því þannig upplifum við okkur... í endalausri krísu og mótspyrnu við okkur sjálf...

(Skilaboðin – Uppgjöfin)
Það tók okkur eitt ár að búa til sýningu og skrásetja hana með 11 listamönnum... endurhugsunin sem fór fram á safninu er nánast öll ennþá inni í hausnum á okkur og sumt komið út í þessari skrá... postillu postulanna... skrá yfir það sem hefði getað orðið að veruleika... samtal um drauma, hugmyndir, staðreyndir og vinnuferlið... ekki skráning á því sem er, heldur líka því sem hefði getað orðið... hérna er pósthús postulanna þar sem þeir koma skilaboðum frá sér... raunveruleikinn er sá að listin verður alltaf að hafa form... og safnið verður að sýna list... að fylla tómið, svipað því að fylla í eyðurnar eftir blakkátið, búa til minningarnar, spá í framtíðina... það er eins og formið taki alltaf yfir og innihaldið... innihaldið er bara skilið eftir í lausu lofti... það er óvissan sem listin byggist á... og núna er 22. ágúst og allt að falla á tíma... endirinn nálgast og hugmyndirnar farnar að hanga í lausu lofti á meðan veruleikinn er að taka yfir... safnið farið að spyrja sig hvort listamennirnir geti raunverulega aðlagast stofnuninni og listamennirnir að gefast upp á því að breyta safninu... óttinn við að mistakast er bara hluti af því að vera með í leiknum... hvað gerist þegar andspyrnan, viðnámið, uppþotið, bælingin, brennan og kveikjan sjálf er innlimuð í apparatið?... verður ekki bara uppgjöfin eftir?... hún er líka hluti af leiknum... þá verður til ástandið þegar endurskoðunin fer fram... þegar hlutirnir raunverulega opnast og endurraðast... viljum við ekki að list sé miðill hugsjóna, og safnið staður til að framkvæma breytingarnar?... er safnið kannski bókasafn þar sem maður fær ekki bækurnar lánaðar eða stelur þeim, heldur safn sem er ekki virkt nema maður láni því hausinn á sér?... að horfa á myndlist er alltaf skapandi ferli...
Unnar Örn Jónasson Auðarson

# Lýsingar

Ásdís Sif Gunnarsdóttir f.1976



Fantasía, ævintýralegt, draumur, sjálfsportrett, díva, drottning, að handan/af himnum ofan/í annarri vídd, impressionismi, ljós, blindandi, í lausu lofti, ofan í vatni, sökkva, fljóta, mistur, þoka, glitur, glaumur, glamúr, glundroði.
Innsetningar, myndbandsverk, gjörningar, ljósmyndir, skúlptúrar, hljóð.

Björk Guðnadóttir f.1969



Abstrakt, andlegt/trúarlegt, textíll, sauma saman, skræla, klippa, kroppa, kreista, toga, teygja á, breiða yfir, hylja, strjúka, fela, þungt vs létt, fast vs laust, pósitíft/negatíft, lint, þykkt, þunnt, gegnsætt, áferð, afstaða, standa andspænis, existensíalísk.
Skúlptúrar, innsetningar, teikningar, ljósmyndir.

Davíð Örn Halldórsson f.1976



Abstrakt, vélrænt vs lífrænt, síkadelík, flóð, trans, minni af hlutum/formum/hugsunum sem dúkka upp í málverkunum, óljós frásögn, súrrealísk, út fyrir rammann, á heimilishluti, borðplötur, hillur, fundna platta, lag ofan á lag, undirlag/haf, yfirborð/smásjá, notar ýmis efni (sprey, lakk, túss, olíu o.fl.), excess.
Málverk, teikningar.

Helgi Þórsson f.1975

Hversdagslegt vs ævintýralegt, dýr vs dvergar, síkadelík, gesturinn þátttakandi í verkinu, hann getur sett það af stað, kveikt á því, skapað stemminguna, listamaðurinn að gefa, bjóða, gjöf til gestsins, áfengi, bar,



diskó, Hawaii, súrrealískt, grúska, safna, breyta, skreyta, um of, yfir mörkin, excess, kitsch, træbal, trúarlegt, tónlist/hljóð/stílluppsteypa.
Innsetningar, skúlptúrar, ready made, tæki og tól/ljós/hljóðfæri/heimilishlutir.

Hrafnhildur Arnardóttir f.1969



Hár, garn, prjón, loðið, að vaxa, abstrakt, líkami, saga/minni, rómantík, rókókó, yfirborðsmennska, hégómi, farði, dauðinn, dramatík, sálarlíf/sálarflækjur, tilfinningar/tilfinningaflækjur, írónía, textíll vs skúlptúr, flétta, flækja.
Gjörningar, innsetningar, ljósmyndir, tví- og þrívíð verk.

Ingibjörg Magnadóttir f.1974



Guð, trúarlegt, andlegt, symbólík, táknkerfi, þekkt tákn, mystík, ofurdramatík, á mörkum leikhúss og myndlistar, nýta gjörningaformið, toga og teygja, dansa, grímur, bregða sér í líki, leika, klæði, fletta klæðum, að fela og að afhjúpa, anti konseptúal, expressionismi, predíka, prestur.
Gjörningar, skúlptúrar, málverk, hljóð, innsetningar, ljósmyndir.

Kristín Eiríksdóttir f.1981



Hrátt, skítugt, skera, skrifa, blóð, ljóð, ofbeldi, kynlíf, dekadans, dramatík, trúarlegt, táknrænt, síkadelík, brjóta niður, afbyggja, kaldhæðni, geðveiki, rústa, bömmer, myrkur, moody, þungur hnífur, harka, andóf, viðnám, andspyrna.
Gjörningar, teikningar, innsetningar og myndbandsverk.
Rithöfundur.

Magnús Árnason f.1977



Ógeð, slím, blautt
vs þurrt, líkami, innyfli,
svart, leikur,
að handan,
ofan í kjallara, geymsla,
í myrkrinu,
úr myrkrinu, eiginn heimur, innsýn í þann heim, kuflar, draugar, sendiboðar, tennur, fjaðrir, hamfletta, tjara, troða, rífa, brenna, skera upp, skapa nýtt, endurskapa, í felum, innskot, leiðir mann inní.
Skúlptúrar og myndbönd sem hafa þróast útí innsetningar og gjöminga, sviðsetningar, atburðir, stutt rof inní lítið brot af heimi hans.

Ragnar Kjartansson f.1976



Melankólía, sjálfshæðni, einmana,
stígur á stokk,
ópera, kántrí, riddari,
dauðinn,
trúbador, tröll, að
leika erkitýpur
melankólíunnar,
sjálfsportrett, sjálfsskoðun, sviðsljós, íronía, poppstjarna, skemmtikraftur, myndlist vs leikhús vs tónlist, langir gjörningar/sviðsetningar, taka marga daga, er viðvarandi ástand yfir sýningartíma, „omnipresens" myndlistarmannsins.
Innsetningar, gjörningar, tónlist, teikningar, málverk.

Sigga Björg Sigurðardóttir f.1977



Málverk,
teikningar, bæði
á veggi, loft og gólf,
animationverk,
karakterar, ofbeldi,
kynlíf, gubba, fæða,
samneyti, samtal
þeirra á milli í verkinu, eru frásögn, atburður, líf og dauði, uppá líf og dauða, viðnám, andspyrna, óþol, gagnvart umheiminum, karakterarnir eru búnir að missa vitið, geðveiki, sturlun, tryllingur, (samt eitthvað fyndnar).

Sirra Sigrún Sigurðardóttir f.1977

Líkaminn, fjölleikahús, sirkus, jafnvægi, skynjun, hættuástand, kveikja á skynfærum



áhorfandans, tengja,
hafa áhrif á líkama
og tilfinningasvið
áhorfandans, erótík,
litir, form, hreyfing,
hljóð, skapar eigið
kerfi, brothætt yfirborð,
komast undir, raska, himna.
Innsetningar, skúlptúrar, ljósmyndir, myndbandsverk.

Borðið (Brynhildur Pálsdóttir f.1979 og Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir f.1979)

Samband hlutar, hönnunar og eiganda, notagildi/hugmynd, huglægni, áhrifamáttur



hönnunar, andrúmsloft,
benda á, opna augu, skapa
ástand, setja ramma,
involvera, innbyrða,
bjóða til þátttöku,
hversdagurinn, fagna,
gleðja. Í þeirra augum er funksjón, notagildi, ekki einungis að brúka hlut til verks, heldur getur notagildið verið tilfinning sem brýst fram í sambandi eiganda við hlutinn sinn. Notagildi getur verið vakning, hún er huglæg og síðast en ekki síst áhrifamáttur.

Huginn Þór Arason
Daníel Karl Björnsson



BAK LAG
PRESTUR
GRIMUR
FJORÐ
ENDALEYSA
EN
MÉR LANGAR BARA AÐ
SÝNA Í HAFNARHÚSINU
GUÐ
ENDALEY

# POSTULAR ÓVISSU TÍMANS

Hrafnhildur Arnardóttir
Ingibjörg Magnadóttir
Kristín Eiríksdóttir
Davíð Örn Halldórsson
Sigga Björg Sigurðardóttir
Björk Guðnadóttir
Ásdís Sif Gunnarsdóttir
Magnús Árnason
Helgi Þórsson
Sirra Sigrún Sigurðardóttir
Ragnar Kjartansson

# ~~Hrafnhildur Arnardóttir~~

Hrafnhildur Arnardóttir og Oddný Eir hittust í Dandruff Space í New York í maí mánuði 2006, og ræddu um list og loðin landamæri.

Oddný: Geturðu lýst fyrir mér tillögunni þinni að verkinu þínu í Pakkhús sýningunni?

Hrafnhildur: Ég var búin að tala um að gera rangala sem maður gengur í gegnum og Huginn spurði um daginn hvernig ég sæi það fyrir mér, því hann hafði ekki alveg séð það fyrir sér! Þá var svo fyndið að í huga mér komu bara rústir og aftur rústir, en þegar ég gerði tillöguna hafði ég séð þetta fyrir mér sem miklu meira slikk og flott. Núna er þetta orðið að rúst þeirrar tillögu, kannski vegna örvæntingar um að koma öllu heila klabbinu til landsins! Verkið verður þá kannski bara rústir hugmynda! En svo finnst mér að það ætti frekar að byrja sem brotin hvelfing, eins og bútar af göngum sem hvorki byrja né enda. Áhorfandinn gengur inn í rústir af göngum, inn í vísi af göngum, inn í brot. En samt þarf að vera nógu mikið efni til að hann upplifi göng í gegnum leyfarnar af þeim. Þegar ég kom svo inn á safnið til að skoða staðsetningarmöguleika verksins, þá ákvað ég að setja verkið upp í göngunum sem þar eru nú þegar og sem leiða mig inn í efri sali sýningarinnar. Svo ætla ég að gera veggfóðurslegt myndverk og þá má nota það í aðra hluta safnsins til að tengja við tilfinninguna fyrir rústunum. Að hafa veggfóðrið í blettum, eins og þegar maður rífur veggfóður af, en það verður eftir á sumum stöðum.

O: Kannski eins og veggfóðrið sé eins og plástur á brotnu göngunum?

H: Já, og veki upp tilfinningu fyrir einhverju sem er aðeins misheppnað eða veikt. Mig langar líka til að nota mikið af hári og láta það flækjast að utan og inn í safnið, eins og skrímslisjurt sem vex ísmeygilega, viðbjóðslegt eða eins og krabbamein. Fyrir utan sérðu þá hárlufsur sem er búið að rigna á.

O: Eins og er alltaf í fjárhúsdyrum, lopaþæfa sem hefur safnast upp af kindunum sem ryðjast í gegn út í grasið?

H: Ég náttúrulega þekki ekki fjárhúsin svona náið en ég get vel ímyndað mér þessa búta af kindum út um allt nágrennið! Svo sé ég líka fyrir mér hreiður úr hári inni í verkinu fyrir áhorfandann að setjast í og þar gæti verið lítil hárhilla með völdum bókum sem tengjast hugmyndinni þar sem áhorfendur geta sest og slakað á eða gluggað í bókmenntimar. En hver heldurðu svo að vilji eiginlega setjast í hreiðrið? Minnir mig á Rainbow ryksuguna sem margir keyptu og seldist fyrir morðfjár því fólk gat ekki hugsað sér að lifa og sofa í eigin líkamsleifum og flösu, hún átti að losa okkur við allt ógeðið sem fylgir okkur.

O: En þú ert ekki bara að útata áhorfandann í flösu, þú ert að leiða hann inn á einhverja slóð, eða hvað?

H: Í hári er mikil saga, það tekur tíma að vaxa og getur verið heimild um einhverja mjög persónulega sögu, líkt og gömul tré eða klifurjurtir. Mig langar til að leiða áhorfandann inn á slóð sinnar eigin sögu. Og á þeirri leið eru leyfar af mörgu sem við kannski viljum síður kannast við, eða affall á hugsunum sem við þróuðum ekki áfram og gleymdum en getum núna tekið upp þráðinn. Ég hef stundum talað um hár sem "trash of thoughts" eða hár sem hugsanarusl.

O: Áhorfandinn fer þá inn í þinn heim, þinn háraheim, líkamlega heim og sér hugsanlega brot úr sjálfum sér þar?

H: Já, ég sé verkið sem einskonar taugakerfi þar sem safnið sjálft er líkaminn og áhorfendur rafmagnið, blóðkornin í æðakerfinu eða líkamlega traffíkin í húsinu. Með því að koma á safnið er áhorfandinn með lífgunartilraun á verkinu. Eins og hann skjóti rótum eða hreiðri um sig og spegli sig eða máti við sammannlega þætti sem við þurfum öll að díla við; hégóma, andlega upplifun eða vísindalega viðleitni, kosti og galla, lesti og dygðir. Mig langar til að verkið sé hlýtt í viðmóti en ýti samt við áhorfandanum, ýti undir einhverja meðvitund eða undirmeðvitund. Og verkið þarfnast áhorfandans eins og blóðstreymis og sálar, annars er það bara dautt og hræðilegt æxli, ruslahaugur, grafhýsi, gröf.

O: Ég hef alltaf tengt verkin þín við húmor, stundum sorg en trúðslega fegurð. Svo sagðirðu mér að þau kæmu stundum





illa við fólk og þau þættu vera vísun í útrýmingarbúðir og annan hrylling.

H: Ég þurfti að fara til Póllands til að fatta tenginguna við Auschwitz og nasisma því þar brást fólk við verkinu útfrá útrýmingarbúðunum, því hárið af Gyðingum var klippt af og því safnað saman og notað í vefnað. Ég nánast upplifði mig bjánalega að svo dramatísk og augljós tenging hefði ekki hvarflað að mér sjálfri af fyrra bragði.

O: Hefur þessi dramatíska tenging smitast eitthvað út í þína hugsun eða vinnu í framhaldinu?





**— Hverja?**

**Um leið veinaði Pétur aftur. Heikir sá, hvað það var. Eitt hár, það síðasta, hafði vafist um háls hans og strengt þar að eins og þaninn fiðlustrengur. Heikir náði ekki taki á því, Pétur var orðinn blár í framan, þegar þessi messuródd heyrðist aftur. Hárið missti takið og Heiki tókst að vefja því um hönd sér og rétta úr í sólskinið. Það hvarf — og þeir voru loks lausir við viðbjóðinn.**

**Pétur andaði léttara. — Hvaða ályktun getum við dregið?**

H: Já, hún bætir við einu sjónarhorni á það sem ég er að gera. Og tengist líka melankólíunni í mér og öðrum tilfinningum sem eru þarna einhvers staðar inni í manni eins og sektarkenndin, reiði og sorg. Og þótt ég hafi ekki haft kjark til að skoða Auschwitz þegar ég var síðast í Póllandi þá tengi ég mig að einhverju leyti þessu minni í verkinu mínu í Hafnarhúsinu og kannski verður það þá eins og minnismerki um horfinn hrylling eða eins og maður gangi inn í sára minningu.

O: Hvernig tengjast þessar tilfinningar hégómanum, tískunni og fegurðinni?

H: Hár er eins og tákn fyrir umhyggju okkar fyrir okkur sjálfum, og klipping á hári eða önnur viðureign við það og útlitið almennt er mjög oft samhliða leit okkar að hamingju, harmóníu og fegurð í lífinu. Það hefur alltaf verið litið á það sem algjöra niðurlægingu að raka hárið af fólki gegn vilja þess. Það er atlaga að einstaklingseðlinu og tilraun til að steypa alla í sama mót, stroka út sérkennin og þar með stroka út manneskjuna. Um leið er verið að stroka út fortíðina og persónlegan tíma hvers og eins.

O: Tími tilurðar eins verks getur líka verið langur og í brotum, hvað þá tími heillar samsýningar. Er ekki gallinn við samsýningar stundum sá að þar er reynt að smella einhverju saman upp á sniðuga hugmynd oft á nánast engum tíma í stað þess að leyfa sýningu að vaxa.

H: Það kom sér í raun vel að hún frestaðist fram í september! Þá fáum við þann tíma sem við þurfum og sýningin þarf örugglega þennan aukatíma til að það verði einhver spennandi gerjun í henni.

O: Kannski er styrkur sýningarinnar það sem í fljótu bragði virðist vera veikleiki hennar, allt vesenið?

H: Það gerist alltaf eitthvað mikilvægt í svona stympingum, böggli og bardússi sem fær mann til að endurskoða, yfirfara og komast niður á jörðina með hitt og þetta. Svo eru alltaf praktískir hlutir að þvælast fyrir manni í útópíu hugmyndabankans og gott að fá tíma til að viðra lausnir á þeim fram og til baka.





O: Sérðu áhorfandann fyrir þér á Pakkhús sýningunni?

H: Ég var einmitt að velta því fyrir mér hverju í ósköpunum mig langaði til að menn tengdust í verkinu mínu. Hvað það sé sem mig langi til að menn upplifi þegar þeir koma á sýninguna. Ég held að það sé einhver mannleg nánd, eitthvað líkamlegt faðmlag, þrúngið umhyggju og ástúð, en um leið fullt af einhverri tvíræðri tilfinningu. Eins og fólk sem manni þykir vænst um er oft með eitthvað óhreint í sínu pokahorni! Maður reynir að hreinsa í burtu skítinn, þrífa klósettið og sturtubotninn þegar von er á góðum gestum. Allir reyna að lifa með sínum ljótu hliðum, sínu "lo-fi" og reyna um leið að búa til eitthvað "hi-fi" flott til að koma fram í.

O: En maður gleymir svo oft að greiða sér eða er með hallærislegt hár þótt mann langi alveg til að vera flottur og í tískunni.

H: Já, og þótt til dæmis Rasta-hár sé í tísku í einhverri Buffalo Soldier reggístemningu, þá muna nú allir eftir manninum með kúkalega flókann í hárinu í Reykjavík. Hann var með þennan hrikalega hárhnoðra sinn óþveginn á að líta ár eftir ár og allir bara kúguðust.

O: Rústaði alveg rasta-tískunni á Íslandi!

H: Já, þar hittirðu naglann á höfuðið heimspekingur góður! Upp á eigin spýtur held ég að hann hafi rústað Roskilde tískunni í mörg ár hér á landi. En ef þú pælir í því, þá er hár alveg rosalega vandræðalegt fyrirbæri.

O: Ekki má gleyma hárinu í andlitinu.

H: Ég var að horfa á Fridu Kahlo um daginn með hennar flottu samvöxnu augabrýr. Ef hún hefði ekki markaðssett það sem kúl, þá hefði sennilega enginn gert það og þá þætti kannski engan veginn fagurt að vera þannig. Maður gengur inn og út úr mismunandi hármenningu, ég man þegar ég kom hingað til New York, þá fór ég eftir einhvern tíma að raka á mér leggina en hafði einhvern veginn ekkert pælt í því heima.

O: En nú eru nýir tímí á Íslandi og allir rakaðir og fínir.

H: Ég man þegar ég og vinur minn vorum nýkomin til New York og fórum á bar og afgreiðslukonan var með hár undir höndunum. Við hrópuðum húrra og júbbí því það er svo sjaldgæf sjón héma. Menn þykja bara virkilega vúlgar að vera með hár þar sem ekki er í tísku að vera með hár á sér.

O: Ég fór einu sinni á franska fegrunarstofu, því það slæddist með ókunnu tungunni að það væri nauðsynlegur þáttur í lífi sérhverrar nútímakonu að bregða sér á stofu af og til. Ég bað um andlitsvax en konan neitaði og sagði að ég væri ekki með nein hár. Ég sannfærði hana hins vegar um að ég væri eins og apaköttur í framan, hún bara sæi það ekki og þá fékk ég vaxmeðferð og var rauð og með útbrot í marga daga á eftir.

H: Ég sá á stöð þrettán um daginn þátt um úlfa-syndrómið og strák sem var alveg hárugur í framan og öll fjölskyldan hans líka. Hann langaði ekkert til að láta fjarlæga hárin en þurfti að fá sér vinnu og búa til peninga og fékk hvergi vinnu út af þessu, ekki einu sinni þar sem hann þurfti ekki að umgangast neitt fólk. Sjónvarpstökufólkið fylgdi honum




Shoplifter


*Hrafnsvængir*

finning. Þetta var svo gjörólíkt tungumál, að Pétur hélt að hann væri kominn í djöflaheima. En Heikir slapp, hárið missti tökin og féll máttlaust til jarðar.

Særingarnar hættu og um leið réðist hárið á Pétur. Það gerði ekki fleiri tilraunir til að stöðva Heiki.

Hann hafði enginn tíma til að hugsa um Pétur núna. Hann varð að sjá um sig sjálfur. Það var eina leiðin til að bjarga lífi hans.

Heikir lagði sig allan fram og allt í einu losnaði steinninn og hrundi úr múrnum og hentist drynjandi niður hlíðina.

Sólin var að koma upp í austri og inn um opið lagði birtu hennar og yl. Heikir andvarpaði af létti.

Hann réðst að Pétri, sem nú var umlukinn hári. Þræðirnir eða réttara sagt hárin voru farin að skerast gegnum fötin og inn í húðina á aumingja piltinum.

Heikir tók ekkert tillit til þess, hann dró hann að birtunni, tók undir hárið, sem lá um háls hans og sleit það laust, svo að hann hélt að hvert hár fylgdi með og henti því út um gatið á veggnum.

Það fór ekki af fúsum vilja, ó nei! Það sýndi slíkan mótþróa að þetta mistókst til hálfs og það þó að Heikir vissi vel, að hann fékk styrk annars staðar að.

Helmingur hársins lenti úti og það lá þarna á brúninni og Heikir hélt fyrst sér til mikillar skelfingar, að það sneríst við og kæmi aftur inn — en það var of seint: Sólin hafði ...




eftir og ráðlagði honum að raka sig og fara á sömu staði og sækja aftur um vinnu. Það var svo magnað að sjá hann raka sig, þetta var alveg ótrúlega mikið hár, en þeir gátu ekki rakað augnlokin svo hann var með lítil knyppi af hárum meðfram augunum!

O: Gat hann ekki verið með sólgleraugu?

H: Í mörgum vinnum má ekki vera með sólgleraugu. Og þetta var svo skrýtið að sjá hversu mikil fötlun þetta var.

O: Ég man eftir að hafa séð í franska sjónvarpinu þátt um konu sem var í nánast fullu starfi við að láta fjarlægja hárin á sér.

H: Og svo eru það karlmennirnir, kafloðnir með bringuhárin næstum í fléttum og hinir sem eru ekki með nein hár, ekki einu sinni skegg eins og indjánarnir. Þetta er einhver mannleg togstreita milli dýrafetisma og dýrafóbíu kannski.

O: En hvernig voru postularnir í pakkhúsinu á sínum tíma, voru þeir loðnir?

H: Þegar Huginn fór að tala um það við mig fyrst, þá helltust yfir mig myndir frá þessum tíma og tískan! Ég man eftir þessu sem einhverju í voða leyni og mér fannst ég vera týpa sem væri aldrei nógu kúl til að vera boðin. Þetta var eitthvað svo mikið elítudót, sjálfsagt flott hugsun á bak við það samt.

O: Þetta var flott en samt kannski eitthvað misheppnað fyrst enginn man eftir því.

H: Ja, mínar minningar eru eitthvað loðnar í sambandi við þetta fyrirbæri, ég fór í Tunglið eða eitthvað tengt, þegar þetta var orðið aðeins opnara.

O: Manstu eftir einhverjum sem var í þessu?

H: Þorsteinn Högni frændi minn og bróðir Ásdísar var dídjei og aðalgaurinn og svo fyndið að Ásdís litla systir hans sé í þessari sýningu núna. En í minningunni er þetta annars bara einhver óljós reif-stemning.

O: Manstu eftir diskinum sem ég fékk í jólagjöf: Teknó-trans-dans?

H: Hvort ég man, brjáluð jólagjöf, reif í skóinn. En ég skil ekki, man ekki, af hverju vorum við ekki alveg inni í þessu?

O: Þetta er tímabil þar sem maður var á tónleikum nánast á hverju kvöldi og við tengdumst alveg elektróníkinni og bassanum, ég heillaðist t.d. af öllu sem Hilmar Örn kom að.

H: Já, en maður var meira í Swans, og öðrum böndum sem voru svolítið þunglyndislegar, en ekki þessu "Happy go Lucky" sælu stemningu. Samt var ekkert því til fyrirstöðu að fara í þá átt nema að það fór kannski pínulítið í taugarnar á manni að einhverjir tækju þennan kúltúr og gerðu hann að sinni ímynd. Maður gat ekki gengið inn í þá ímynd, maður gat ekki tekið allan þann pakka.

O: Það er stundum svoleiðis á Íslandi að eitthvað fyrirbæri eða element festist í einhverri blöndu eða tengslum og maður þarf að hafa fyrir því að greina aftur í sundur. En talandi um pakka og tengsl, hvernig líst þér á þetta nýja Pakkhús?

H: Mér líst mjög vel á það og það er einhver gleði í gangi sem ég geng inn í og hefur

hressandi og jákvæð áhrif á mig. Maður hefur svo mikla þörf á að vinna í umhverfi þar sem maður fær að fara á flug. Mér finnst alveg frábært að fá þetta tækifæri til að safna saman elementum sem ég hef verið að vinna með og tengja þau saman í einu stóru verki. Mér finnst ég geta nálgast eigið verk út frá fleiri sjónarhornum í einu.

O: Hvað er það við þessa sýningu sem auðveldar þá nálgun?

H: Umgjörð hennar býður upp á að maður fái frið til að falla áreynslulaust inn í stærra persónulegra mengi sem myndlistarmaður. Vegna þess að forsendurnar eru opnar fyrir umræðu og svigrúm til vangaveltna meira en á svo mörgum öðrum samsýningum sem maður hefur tekið þátt í. Ég upplifi að ég hafi þarna eitthvað langþráð amöbufrelsi og ég upplifi mig velkomna.

O: Hvernig upplifir þú væntingarnar til þessarar sýningar og til þín sem postula nýrra tíma?



H: Ég bara upplifi það ekki. Ég tek mig alveg alvarlega og mjög alvarlega sem listamann en ég vil alls ekki taka mig hátíðlega. Eru ekki allar sýningar að reyna að taka einhvern púls? Síðan verður bara að líta aftur til að sjá hversu raunsætt það var. En það er mikilvægt að fá að sjá ólíkar kryddblöndur og ólíka útgangspunkta hjá ólíku fólki. Ég hef ekki löngun til að trúa á eina og óhagganlega niðurstöðu heldur flæði og síbreytileika veruleikans.

O: Á slíkur veruleiki heima á safni?

H: Þrátt fyrir þessar langanir hefur maður einhverja endalausa þörf til að kortleggja og finna út úr hlutunum, reyna að komast að niðurstöðu en fegurðin er sú að þegar maður heldur að maður sé kominn með eitthvað í hendurnar, einhverja niðurstöðu, þá kallar hún strax á stækkun mengisins. Safnið er bara frábær vinnustaður til að stoppa og skransa og detta á hausinn í háraflækjunni, hugsanaruglinu. Fær mann til að hægja aðeins á þessum hlaupum á eftir skottinu á sjálfum sér. Ég er að kortleggja eigin hugsanir, ég er að þenja ákveðna myndhugsun og það er gott að fá aðstöðu til þess og aðstöðu til bollalegginga um þá kortleggingu, um þær tímabundnu niðurstöður þangað til annað kemur í ljós. Þegar veður skipast í lofti.

O: Ertu að vinna með tíðarandann?

H: Ég er ekki að vinna með tíðarandann, eða jú, kannski. En ég er í tíðarandanum og eins og mér finnst mikilvægt að komast í burtu frá því sem kallast tíðarandi og ofurskilgreiningum á honum, sitja úti í skógi með uglunni minni í Póllandi, þá finnst mér ég samt alltaf verða að reyna að skilja það sem er í gangi í tímanum og spegla mig hiklaust í öllum mínum hégóma í því samhengi.







# ~~Ingibjörg Magnadóttir~~

Oddný og Huginn hittu Ingibjörgu Magnadóttur á Grillhúsi Guðmundar, gegnt Hafnarhúsinu 21. júlí 2006, og ræða um listina með hamborgara í hönd.

O: Sendir þú inn tillögu eða hvað?

I: Nei þið báðuð mig bara um að vera með í þessu.

H: Já það var svona meira umræðuferli á milli okkar. Mín tilfinning fyrir þessu er svolítið svona hvirfilbylur í miðju salarins niðri, sal A sem er lagður undir þessi performansverkefni. Í samræðum við Ingibjörgu upplifði ég svo hennar samstarfsverkefni við Kristínu Eiríks sem leikhúshvirfilbyl, stað sem þær útbúa og sem hverfist í kringum performans, það er að segja, þær útbúa einhvers konar svið sem hverfist utan um leikþátt eða performans, leikþátturinn verður til innan í sviðsmyndinni og leikmunimir eru innsetning en hvirfilbylurinn utan um þá. Hvað svo á eftir að fara fram þarna í miðju hvirfilbylsins er enn ráðgáta.

O: Hvernig finnst þér þessi lýsing?

I: Mér finnst náttúrulega [illegible] gaman þegar verið er að tala um mig, en [illegible] já, ég veit ekki...

H: Ég sá þetta fyrir mér einhvern veginn ljósblátt.

I: Ljósblátt?

H: Já ljósblá gold.

I: Nei nei...

H: Í alvöru, ég var með í hausnum [illegible] madonnuklæði, eins og Leonardo...

I: Madonnuklæði, vá en magnað! En já nei nei, það er ekkert svoleiðis. En kannski sérðu það svoleiðis [illegible]

H: Já ég veit ekki af hverju, þú hefur sennilega smitað mig af þessu...

O: Þú ert að biðja um það sem þú heldur að þær séu að gera en raunverulega er það algjör misskilningur og gott að hann skyldi koma upp núna. En sérð þú eitthvað svona álíka fyrir þér um sýninguna í heild eins og Huginn sér fyrir sér ykkar verk?

I: Já algjörlega.

O: Og hvað finnst þér það vera?

I: Oh, ég veit það ekki. Þetta er kannski svolítið poppað. Ég veit ykkur langar ekki að heyra það, en þetta er eins og kynning á okkur. Þið fáið líka vinnu og skapið ykkur vinnu með þessu. Ég veit ég er að taka allan kynþokka af þessu, ég segi líka alltaf allt sem mér finnst og særi alla. Ég er nefnilega eins og Ásrún Kristjánsdóttir og Steingrímur Eyfjörð, ég er þau bæði og líka Salvador Dalí og Picasso.

O: Ó, vá þvílíkt mix!

I: [illegible] Frida Kahlo. Nei það sem ég er að segja er að ég finn alveg rosalega mikla ást frá ykkur í þessu ferli. Þótt þið séuð að [illegible] ykkur [illegible] þá eruð þið í rauninni að gefa okkur alveg [illegible]alega mikið og þið fáið það til baka náttúrulega einhvern tíma.

[illegible] svona einhver andi eða [illegible] sem liggur til grundvallar og svo [illegible] upp á hana, finnst þér þú ganga inn í [illegible] t.d. við þetta nafn Pakkhús Postulanna, reiðið og dan[illegible]

I: Ég veit það ekki alveg, [illegible] að [illegible] það aðeins.

O: Mundir þú [illegible] að þú værir postuli? Af [illegible] postular svona sem þú nefndir?

I: Nei ég er prestur, ég er [illegible]

[illegible] hlóðin á postulanum, [illegible] Litorðu á þig þannig?

[illegible] ég er prestur. Ég er afrískur [illegible]prestur ef ég [illegible]

O: Og þú býrð til [illegible] þarna [illegible]

I: Já örugglega, ég hugsa að hún komi og hún er alveg tveir og hálfur metri á hæð og heldur alltaf svona fyrirlestra og kemur með mikilvægar upplýsingar til fólksins.

O: Er hún innblásin? Innblásin af einhverju æðra? Eða hvaðan koma þessar upplýsingar?

I: Hún er búin að labba alla eyðimörkina í Afríku og er innblásin Guði og bara öllu en hún er ekki svona trúarbragðakelling samt. Hún er bara að tala um það sem er alvöru. En hvað heitir aftur þessi sýning? Já, Pakkhús Postulanna...

O: Já og við höfum verið að pæla bæði í húsinu, staðnum og öllu því og líka bara í þessum postula, þessum listamönnum sem postulum og þeim sem telja sig vera postula...

I: Já ég er það örugglega því ef ég hefði ekki orðið myndlistarmaður þá hefði ég orðið þjónn eða prestur.

O: Þjónn?

I: Já eða prestur.

O: Hvernig þjónn?

I: Bara svona þjónn á veitingastað, ég er ekki að djóka það er náttúrulega masókistinn í mér. Svo jú ég passa örugglega inn í þetta.



O: Hverju finnst þér þú vera að þjóna núna sem listamaður?

I: Guði.

O: Ertu líka að þjóna safninu með því að taka þátt í sýningunni eða þeim sem skapa þér vinnu?

I: Nei.

O: En finnst þér listin sé stundum í þjónustu annarra en guðs?

I: Já þá er hún í þjónustu sín sjálfs, ég held að hún sé stundum að þjónusta sjálfa sig og fagið og egóið og hún getur verið að þjónusta allt í raun og veru en mér finnst hún eigi að þjónusta... oh hvað þetta eru erfiðar spurningar!

O: En hvernig finnst þér þú tengjast húsinu? Ertu einhver sem getur bara sett upp þinn pall fyrir prestinn hvar sem er eða finnst þér skipta máli að það sé í þessu húsi t.d. núna, hefur það einhver áhrif á þig?

I: Nei en mér finnst bara gaman að vera í þessari sýningu, mér finnst það gaman vegna þess að þetta er metnaðarfullt verkefni og það skiptir kannski máli fyrir sýninguna að ég sé þarna, þetta er ógeðslega egósentrískt en ég held [illegible] að það geri það.

H: Ekki spurning.

O: Fyndist þér þá leiðinlegt ef þetta yrði svolítið misheppnuð sýning?

I: Já mjög.

O: Þér persónulega?

I: Já ég hugsa það og auðvitað á maður í svona sýningu að hugsa um hag heildarinnar.

O: Fyndist þér þú vera ábyrg ef eitthvað mundi misheppnast og mundir þú þá vera á bömmer yfir að hafa verið með?

I: Nei ég hugsa nú ekki.

O: Eða fyndist þér sem þú hefðir kannski getað verið með eitthvað svona skemmtilegt fiff, að kvenpresturinn hefði getað komið oftar og reddað þessu?

I: Nei, nei, alls ekki, ég hugsa að ég mundi ekki hugsa það, en ég veit að vísu ekki alveg hvað ég mundi hugsa ef hún fengi ömurlega dóma og enginn kæmi og bara ojjbarasta!

O: Þið verðið dæmd sem floppkynslóðin, kynslóð sem tók sig rosalega hátíðlega sem postular en hafði svo ekkert að segja, ekkert að sýna...

H: Predikaði ekki neitt, miðlaði engu.

O: Gaf ekki neitt af sér.

I: Í hvaða stjörnumerki ertu Oddný?

O: Ég er steingeit.

I: Já ertu steingeit?

O: Já ég er steingeit og rotta.

I: Sú sem lifir það af, en ég er vog og tígrisdýr. Þú ert krabbi er það ekki?

H: Jú og dreki.

I: Og dreki já.

H: Hvenær uppgötvaðir þú að þú værir svona afrískur kvenprestur?

I: Hún kom fyrst fram í Leikhúsi listamanna og þá var hún bara brúða á priki og þá var ég búin að fá einn páfa í ASÍ, rétt áður en páfinn dó, hann var risastór alveg upp í loft, manstu ekki þar voru ljósbláar slæður, liturinn sem þú varst að tala um áðan og páfahattur...?



H: Já einmitt.

I: Allavega fyrst kom hann og síðan dó hann bara.

H: Af sjálfsdáðum eða var hann drepinn?

I: Nei hann bara dó af því hann var svo gamall, manstu það ekki?

H: Jú en ég hélt að þú værir að tala um páfann þinn.

I: Nei, nei en ég bara notaði svo tuskurnar í eitthvað annað. En fyrst var afríska bara brúða og þá var dómari sem var með hana og talaði fyrir hönd hennar og sagði eitthvað eins og: „maðurinn verður að elska annars brennur hann". En svo næst þegar ég kom með hana þá var ég bara hún.

O: Og þurfti engan biskup lengur?

I: Nei það var dómari.

O: Og er þá dómarinn farinn út af sviðinu?

I: Nei nú er hann kominn aftur, hann kemur aftur hingað.

O: Nú af hverju? Mér finnst það svolítið leiðinlegt.

I: En hann verður ekki alltaf með henni sko, það verða svo margir gjörningar.

O: En getur kannski verið gerð útför dómarans?

I: Nei hann verður að koma því að Offi mun leika dómarann og við munum láta hann lesa upp alla pistlana, ógeðslega reiður dómari og dæma og dæma og dæma Ísland alveg í klessu með hamar og bara dæma og dæma dæma.

O: Það er svolítið skemmtilega á skjön við eiginlega öll verkin uppi.

H: Algjörlega.

O: Af því við erum búin að vera að skoða mismunandi hætti á að taka yfir eitthvað eða vera með andóf og það að dæma og rífa sig er náttúrlega klassískt form og við erum að velta því fyrir okkur hvort það sé til eitthvað annað form sem hefur það í sér en er ekki eins augljóslega einhver dómur, og verkin uppi verða kannski meira í einhverjar slíkar áttir svo það verður gaman að hafa þessi mörgu plön saman...

I: Já af því að það sem ég er að pæla mest í myndlist núna eru bara tákn sem allir þekkja, ekkert dularfullt, ekkert undir eða bakvið, heldur bara fyrstu formin sem maður var að vinna með, egg og epli og svoleiðis. Að taka út þessa dulrænu og vinna bara með standarda og klassík, því mér finnst svo æðislegt að sjá sama atriðið bíómynd eftir bíómynd og finna að maður elskar alltaf þetta atriði, þegar konan er í ástarsorg og hún er að horfa á sjónvarpið og borða ís eða stekkur út í sundlaugina og syndir yfir og fer upp hinum megin og hristir hárið, þetta eru bara svona standardar sem ganga aftur og aftur og eru yndislegar klisjur og allt og ég bara nenni ekki að langar ekkert að vera gáfuð lengur, ég bara nenni því ekki því mér finnst það svo tilgangslaust.

O: En ertu ekki gáfuð að taka klisjurnar og nota þær?

I: Nú ég er alltaf gáfuð.








Yndislega lit.

djók

Persónulegt.



hægari með morgninum

Snýst í með morgninum.

EVOL FO DOG

GOD OF LOVE LOVE OF GOD

Bækurnar mínar

Guð ástarinnar

Það er nú þannig ég heiti ekki Alexandra.



Auður Haral



I: Nei, æ, þú veist hvað ég meina, að hætta að flækja...

O: Og hvernig er samræðan á milli þessa dómara og þarna prestsins kvenkyns? Hvaða klisja er það?

I: Þetta er eins og gjörningar sem við vorum með í Tjarnarbíói, þetta er allt aðgreint og kannski eins og lítið leikstykki. Það er síðan hægt að fabúlera endalaust um þessa tengingu á milli þessa kvenprests og svo dómarans og eitthvað bla bla en í mínum huga veit ég ekkert hver tengingin er á milli þeirra.

O: En þú leikur ekki dómarann, eða hvað?

I: Nei það er karlmaður.

O: En presturinn, dæmir hún líka?

I: Nei hún er rosa klár, hún er ekki... en hún samt boðar alveg eitthvað fagnaðarerindi.

O: Eitthvað sem hún sér?

I: Já og hefur heyrt um.

O: Og er það bara allskonar?

I: Já allskonar, alveg frá því að vera bara „Andrés Önd þvílík önd" yfir í „Öryggið er ..." hún segir bara allskonar, hún er alltaf með texta.

H: Einhvers [illegible]

I: Lögmál lífsins. Hún er mjög andleg, hún er spirituöl. Ég var einmitt að tala við hann [illegible] sagnfræðing, við vorum eitthvað að tala um trú á barnum og þá var hann að segja, af því að ég er alltaf svo á móti trúarbrögðum því þau eru ekki mín leið að guði. Minn guð er bara eins og ég vil hafa hann og ég hef stundum bara hætt við einhvern guð og sagt: Þú ert ekki nógu góður, þú ert svo refsandi og bara farðu í rass, ég bara finn nýjan guð og svoleiðis áfram, og þá var [illegible] að tala um einmitt þetta sem þú varst að segja líka að síðan byrjar einhver að boða eitthvað nýtt og þá kemur einhver hópur og úr því verða trúarbrögð. Ég var ekki búin að fatta þetta, ég var bara alveg í blindni bara með mína einkatrú! Og svo eru svo margir í þessum pælingum að það gætu bara myndast trúarbrögð í kringum þessar pælingar sem maður er í sjálfur...





O: Þetta er eins og Jesús sagði að þar sem tveir eða fleiri væru saman komnir í hans nafni væri hans andi yfir. Það er kannski svolítið róttækt í ljósi hugmyndarinnar um kirkjuna sem guðs hús...

I: Mér finnst frumkristnin vera falleg.

O: En af hverju finnst þér gott að tala um guð í myndlist? Af hverju geristu ekki bara...

I: Prestur? Veistu af hverju? Af því að ég fæddist listamaður.

O: Getur bara ekkert að því gert?

I: Þannig er það og mér finnst það ekki of merkilegt til að segja það eða of ómerkilegt til að segja það.

O: Já það er þinn farvegur...

I: Já en ég er ekkert alltaf að fjalla um guð. Ég var að gera performans um daginn og var þá að fjalla um að fjölga sjálfum sér. En mín veröld er ekki bara óefnið, hún er alveg jafn mikið efnið, þannig er minn heimur en ég er ekkert alltaf að tala um hann...

O: En hann er þarna, þú lifir í honum..?

I: Já.

O: Hann kemur einhvern veginn í gegn, hvort sem þú ert að tala um hann eða ekki?

I: Það breytir svo mikið lífssýninni ef þú trúir á eitthvað annað en bara þetta efni, það breytir svo lífssýninni og hefur áhrif á allt sem þú snertir, hvernig þú bregst við og hvernig þú höndlar alls konar hörmungar.

O: Það er svolítið fyndið að í undirbúningnum á þessari bók þá er spurningin um þetta andlega mjög nálæg og í öllum listaverkunum líka, þótt kannski enginn hafi ætlað sér þangað...

I: Já það er af því að ég held að allir þeir sem eru að leita og eru bara að pæla í þessu lífi þeir líta ekki framhjá þessu, þú veist ég bara get ekki litið framhjá því að þetta er bara endalaus mystería þetta líf og líka alveg jafn mikill andi í þessu efni...

O: Hvernig fyndist þér að þessi sýning yrði núna svona eins og spiritúal innlegg í samtímann?

I: Mér finnst að hún eigi að vera það, hún er það, auðvitað á hún að vera það. Raggi er ógeðslega trúaður, Ásdís er rosalega trúuð, Unnar er trúaður, ég er trúuð, Kristín er efasemdamanneskja en samt svolítið trúuð stundum...

H: Nei já mér líst bara mjög vel á það, mér finnst það frábært. Einfaldar allt. Ég meina það í alvörunni.

O: Já og það líka tengist svolítið reifinu, hvað getur þú rifjað upp frá þeim tíma? Manstu til dæmis eftir Pakkhúsi Postulanna?




I: Já ég man bara eftir að labba í háhæluðum skóm yfir Laugardalinn í snjó á leiðinni í reif uppi í Ármúla, ég man bara eitthvað svona sveitt andrúmsloft en ég var alltaf svo drukkin og undir áhrifum eiturlyfja að þetta er eitthvað sem ég man ekki alveg...

O: Það man enginn neitt.

H: Bara eitt stórt blakkát.

O: Já þessi sýning er kannski líka einhver svona sameiginleg viðleitni til að rifja upp eitthvað tímabil þar sem allir sem koma að þessari sýningu voru á mjög miklu mótunarskeiði, gamlir dansfélagar sameinast á upprifjunarfundi.

I: Á að spila reiftónlist á opnuninni? Teknóið var að byrja þarna, var það ekki?

H: Jú jú og acid house var að fæðast þarna.

I: Já akkúrat og það var svolítið skemmtilegt.

H: Og þú veist 303 og fleira svoleiðis...

I: Og Mæja býfluga...

H: Mæja bý hver gleymir nú henni?

O: Manstu eitthvað eftir þessum lögum sem voru þá?

I: Ég held það hafi verið mikið af broskollum og manstu Huginn eftir



peysunni sem þú áttir sem var
gaumum með ex yfir augunum
H: Já maður á ennþá smá af þe
I: Var það ekki reiflúkkið?
H: Jú, það var eitthvað svona á
táknkerfi í gangi í reifinu.
I: En hvað var maður að gera á
skóm á reifi? Ég var bara eitthv
og ekki í reiffötum, ég held ég h
líka með rússneska slæðu! Ég v
listamaður með rússnesku slæð
keypti ég mér síða kjóla í Skap
henni Jógu.
H: Einmitt, Kjallarinn.
I: Kjallarinn já, æi, ohh, ætliði no
þangað: „Manstu eftir E.T. og S
Philips tækinu" æ, nei, við skul
að rifja það allt upp, það fá bara
að fara þangað.
O: Nostalgía?
I: Já nostalgía.
O: En hver finnst þér vera mun
þarna í háhæluðu skónum í Ár
því sem þú varst að leita að þar
þú ert að gera núna í listinni eð
ert að leita að núna?
I: Oddný kemur bara með erfið
spurningar í heimi, bara eitthvað



rjónuð af
gum fötum.
veðið
aðhæluðum
ð svo úti
afi verið
r svo mikill
una og svo
ranum hjá
skuð að fara
máfólkinu og
m ekkert fara
allir nóg og oj
inn á þér
anum og
og því sem
því sem þú
stu
ð svona...

O: Æ, fyrirgefðu en þessi spurning var bara svo rosalega skýr fyrir mér rétt áðan, mér fannst einhvern veginn þetta vera alveg bara það sama einhvern veginn, ég meinti eitthvað þú veist maður er náttúrulega að leita þegar maður fer í eitthvað svona, maður er leitandi þótt það geti verið eitthvað svona félagslegt en ef þú ert að dansa heila nótt og undir áhrifum og eitthvað þá ertu að leita að einhverju...

I: Já einmitt, leita að strákum. Horfumst bara í augu við það!

O: Já, auðvitað er það oft kannski það eina. En ég spyr bara áfram að þessu þótt það sé svolítið ýtið og óþolandi en finnst þér vera einhver munur á þér sem leitandi sál undir áhrifum og þér sem leitandi listamannssál undir áhrifum guðs?

I: Allt í lagi, ég skal alveg svara þessu! Ég var alveg rosaleg sem unglingur, ég var með svo mikla þrá að ég var að springa, ég bara þráði svo heiminn og listina og allt, ég var með svo rosalega sterka tilfinningu inní mér sem varð að þrá og já mér fannst um daginn þegar kærastinn minn fór frá mér og fann sér nýja að ég yrði bara að vekja aftur upp gömlu þrána mína. Ég fór og skrifaði niður allt sem hafði haft áhrif á mig þegar ég var unglingur, fór og náði í allar bíómyndirnar sem höfðu haft áhrif á mig og bara vakti og horfði á þær allar.

H: Eins og hvað?

I: Eins og Henry & June og Betty Blue og Kokkurinn, þjófurinn.. Eða þið vitið þessar myndir þar sem ég var bara Betty Blue eða nei Anais Nin og allar þessar konur. Og ég er þær allar. Að vissu leyti er ég örugglega á nákvæmlega sama stað og ég vona það af því að í þessari þrá, þessari unglingaþrá, er maður held ég akkúrat í raunverulegum tengslum við eigin getu og það sem maður ætlar sér og heiminn og allt hitt...

H: Ostran og perlan?

I: Já já ég veit ekkert um það, hvað er það?

H: Já nei ekki ég heldur, er maður ekki alltaf að leita að perlunni?

I: Nei ég er að tala um svona að langa til að mála alveg risastóran vegg, mála allan veginn, þú veist þetta er svo brjálæðislegt, þetta var einhvernvegin svoleiðis og maður var svo graður í lífið.

O: En þegar þú horfðir aftur á þessar myndir þótt að þú sért ennþá Betty Blue, hefur það þá samt ekki aðeins breyst? Ég horfði á Óbærilegur léttleiki tilverunnar sem hafði haft mikil áhrif á mig...

I: Mig líka.

O: Og svo var ég eitthvað að sýna vini mínum í París þessa mynd og sagði honum að þetta væri alveg stórkostleg mynd en svo bara ýtti ég á play og gat ekki horft á hana, mér fannst hún svo hræðileg, en ég skildi samt alveg hvað það var sem hafði snert mig og þótti vænt um það en fann að ég var komin annað...

I: Já nákvæmlega, ég skil hvað þú átt við og jú auðvitað er maður annars staðar en þetta var bara svona þerapía hjá mér að vekja upp the dýrið. En nei að vísu ekki bara svoleiðis, því ég fór og keypti plakat af Betty og Tony í Scarface, því ég er líka mafíósi. Allt sem fer á toppinn og rústar sér þar og rústar einhvern veginn öllu.

O: En í myndlistinni? Þurfurðu að grafa einhvern upp í myndlistinni sem hafði haft þannig áhrif á þig?

I: Nei en ég fór að skoða nýja, eins og Fridu sem mér finnst vera svo vanmetin að ég gæti grátið, og ef maður skoðar málverkin sem hún var að gera, þá sér maður að þetta er alveg sama dótið og er verið að gera í dag, hún hefur haft svo brjáluð áhrif. Ég þoli ekki þessa menntun sem maður fékk uppi í Listaháskóla þar sem var bara ekkert talað um Picasso en bara spurt: Hvort fílarðu Duchamp eða Picasso? Og bara allir: Ég fíla Duchamp, bara Duchamp. Af hverju? Djöfulsins fáviti, nei grín.

O: Ég vissi það ekki, var bara stillt upp eins og Duran Duran og Wham, Picasso og Duchamp?

I: Nei það var bara ekkert talað um Picasso og aldrei talað um Fridu til dæmis og ekki heldur Salvador Dalí og þá. Þetta er uppeldið sem við fengum.

O: Æ, en leiðinlegt!

# Kristín Eiríksdóttir

Reif í bleytu.

Þetta er fjöldasamkoma, ég þekki flesta, einn kastar pipar í augu hinna, raðar glösum sem svo hrynja, nei það var annar, sumar hreyfingar eru eftirtektarverðari en aðrar, sem segir þó ekkert um einstaklinginn, hann gæti verið hver sem er, tvöfalt hæl hopp og því fylgir skaðlaust hrap, hlátur, hver sem er, þetta er fjöldasamkoma, panta drykki handa sér og vinum sínum, ætla aldrei heim, bylgjur í formi hljóðs eða hreyfinga skella á okkur, einsog stúka í öldu, einhver sem snýr að mér, andlitið slappt, handahreyfingarnar takmarkaðar af plássleysi, engin sérkenni ekkert, holdið rennur saman við hinna og í svipnum er ekkert markvert, litir bolanna, þetta er fjöldasamkoma, þegar skynjunin af sjálfri mér virðist hverfa verð ég hrædd en óttinn er betri en ekkert kúabjalla einhversstaðar, höggin þung, bank í dýnu, slepja í loftinu, hreyfingarnar þyrla svitanum, hann fær aldrei að leggjast, er raki ekki bleyta, og svo, einhver virðist skera sig úr en er ekki maður heldur snagi með rauðum







frakka, allir eru snagar með rauðum frökkum og síðasti sopinn veldur þyltu, innani, er ekki viss, loka augunum í von um svartamyrkur en ljósin og holdlitirnir halda áfram að snúast, gerlast, opna augun þá er eitt þessa andlita fast uppað mínu og ég uppgötva að líkami minn er ekki einn í fjöldanum heldur tveir, þekki ekki andlitið í svipan, það er of nálægt, og kemur nær, bráðnar saman við mitt og er blautt en þyrlar af því smáum dropum sem enginn veit hvar lenda, skyldum við vera einmana, hugsa ég og er tveir en þó enginn því allir eru ég og ég er allir, en viðurstyggilegt, hugsa ég en held áfram að sleikja ókunna andlitið salta án þess að opna munninn, vitundarlaust dýr, kannski kosmískur samruni, of holdlegt eða einmitt ekki, hið holdlega tengt subbulegum hugmyndum en þetta er ekkert slíkt, þetta er átakanlegt ekkert og heldur áfram eins langt og það nær, þarna í þvögunni, lóðrétt og hristumst og nötrum í engu, bylgjurnar skella á okkur, fagnaðarerindi, enginn veit hver hann er hér inni eða hvar, menn vilja losna við vitundina, vera dýr og þannig nötra ég tilfinningalaus upp við ókunna líkamann, og hugsa um dýr, antilópa, glansandi sveittur feldurinn og óargadýrið á eftir, ekkert kjaftæði, og finn þegar blotnar en svo er hann farinn, veit aldrei hver hann var, toga niður um mig pilsið, ljósin bletta á mér andlitið, steyti hnefann og kannski er hreyfing mín á þessu augnabliki eftirtektarverð, þó svo ég sem slík skipti engu, svo gerist allt þetta sem enginn man, og gerðist þess vegna aldrei, að reyna að segja sögur af því væri lygi, ekkert gerðist, og svo vakna ég einhversstaðar í vesturbænum og hlæ að fótleggjum mínum vegna þess að þeir eru svo marðir og skítugir einsog flækingsfætur í perluskóm með ökklaband og lít í spegilinn og hlæ, því andlitið er allt skakkt og þrútið einsog á fimmtugri sérrýekkju og ég hlæ og finn að þrátt fyrir allar misþyrmingarnar er skrokkurinn ungur og sterkur og þá vil ég meira, því það er ekki nógu gott, hann skal brotna, ekki meiri hlátur, finn vínskápinn í þessu húsi sem er konungshöll í vísindaskáldsögu, helli mér í glas og botna, lít út um gluggann og þar er sauðgrár mánudagur en í hjarta mér er enginn dagur nema sá sami, því hjá mér er alltaf sami dagur, sama stefnan, finn sofandi líkið af sjálfri mér og ber ekki á það nein kennsl, þekki það samt því ég þekki alla, í rauninni, veit það bara ekki alltaf, man það ekki alltaf og þá gerðist það ekki endilega, en samt, aðgát skal höfð, og ég yfirgef líkið, fer út til að storka miðvikudeginum eða sunnudeginum eða sama hvaða degi sem er, kápan og svo rauð lakktaska yfir arminn, klikkiklikk í dúlluskónum og trítla niður götuna, átta mig á að þetta er ekki vesturbærinn, hef enga hugmynd um hvar en hér er allt í greifa og baróna höllum og enn hlæ ég, þvælist með breiðgötum, hallirnar til tveggja átta, endist ekki lengi svona, ég vil neyta, annars hættir sagan, sagan þarf að brenna, gramsa í töskunni, finn sígarettur en engan kveikjara, hendi hræjum í þig, sný aftur, finn upprunann, hamast á bjöllunni þar til líkið kemur liðið niður og aflæsir, opnar, hvað sem það heitir, spyr hvað ég hafi verið að þvælast, ég veit það ekki geng að vínskápnum, drekk afstút, sérrý, sjáðu ég er sérrý



ekkja segi ég og hlæ en enginn annar, það er enginn annar, er ekki viss, kveiki í sígó svimar, hlæ, snerti leðrið sófans af áfergju, hversu lengi þarf þetta að halda áfram spyr ég en enginn svarar, leita en finn hvergi líkið, það er horfið, reyni að komast út, hleyp endalausa ganga en finn hvergi útganginn, sofna, vakna og þá er allt bronsað einsog það var, svona get ég haldið áfram að eilífu, man að hafa óskað þess í gáleysi að ég byggi alein í höll með vínskáp sem fylltist af sjálfum sér svo ég gæti fengið að drekka mig í hel í friði, hlæ, auðvitað eru svipir í veggjunum og einn þeirra nær að klekjast og líkamnast úr steypu í einskonar hold, skrímsli með góðlátleg augu kemur til mín og býr því miður ekki yfir tungumáli, en leiðinlegt, skrímslið er líka ég einsog allt hérna inni svo ég er því ósköp góð, en fer svo að leiðast þetta góðlátlega gón og reyni að stinga það af en það eltir mig eftir þessum endalausu göngum sem engar myndir prýða, þetta er allt farið að vera frekar leiðinlegt, finn vínskápinn og blanda mér drykk, skrímslið drekkur með, heldur tættum gumshöndum um glasið og svolgrar, en vökvinn rennur beint í gegn, í leðursófann myndast pollur, hlæ.

# ~~Davíð Örn Halldórsson~~

Huginn og Oddný ræddu við Davíð Örn uppi í risi í ReykjavíkurAkademíunni, 21. júlí 2006.

O: Þú sendir inn tillögu að verki fyrir sýninguna hér í Listasafni Reykjavíkur. Geturðu lýst henni?

D: Aðkoma mín að sýningunni er sú að ég hafði verið fenginn til að vinna bakgrunn fyrir fígúratífuna hjá Siggu. Í myndlist minni fæst ég við þætti á borð við inni/úti, náttúru og innanstokksmuni og mála á veggi og gólf, núna á gólfdúka því það má ekki mála beint á gólfið hér í Hafnarhúsinu. Reyndar eru uppi hugmyndir um að smíða pall á gólfið sem gengi upp að veggnum til að halda meiri nálægð veggjarins við gólfflötinn og við innsetninguna í heild sinni. Þegar ég hef málað á mottur sem lagðar eru á gólfið, eins og í Nýlistasafninu, hefur mér þótt áhugavert hversu hikandi áhorfendur eru við að stíga á þær. Minnir mann á hversu mikið fólk upplifir myndverk sem eitthvað viðkvæmt sem ekki má snerta.

O: En þú hefðir viljað að fólkið stigi á verkið?

D: Já, því mottur eru til þess.

H: Hafið þið Sigga unnið saman?

D: Nei, það höfum við aldrei beinlínis gert. Við skreyttum eitt brúðkaup saman hjá Ásatrúarfélaginu. Annars höfðum við lengi ætlað okkur að vinna verk saman, stóð jafnvel til að gera það í galleríi Kling og Bang en svo kom þessi sýningin hér í Hafnarhúsinu til.

H: Finnst ykkur það öðruvísi tilfinning að koma hingað inn?

D: Það er meira spennandi. Bæði er rýmið stærra og erfiðara að sjá fyrir sér hver lokaniðurstaðan verður þegar unnið er inni í rými með svo mörgum öðrum listamönnum. Okkur Siggu hefur svo oft verið bent á að við sækjum á svipuð mið í verkum okkar - þennan heim fantasíu, en Sigga er aðeins grárri en ég, sem er aftur litríkari og þessu þótti okkur spennandi að skeyta saman. Reyndar stóð til að vinna einnig vídeóverk saman en það kemur í ljós hvort af því verður.

H: Í samtali sem ég átti við Siggu nýverið var hún að lýsa staðsetningu hugmynda ykkar, eins og miðju sem þið færið ykkur svo út frá og í ýmsar áttir í rýminu. Hún lýsti þessu sem lífrænni frásögn sem

Auður eða
Grétc eða
Sólveig eða
Hulda eða



Fjórar myndir
þú ræður þeim eins
og þér sýnist en
helst allar á einni
opnu. Myndirnar
heita Auður, Gréta
Sólveig og Hulda. Ef þú gætir
sett nöfnin með einhverjum klunnalegum
fonti og hreinsað ~~þær~~ í kringum þær,
Engar línur, heldur að láta þær fljóta
á síðunni




teygir sig út frá ákveðnum kjarna og í ýmsa anga í rýminu. Hún talaði um þetta sem ýmsar sögur sem fléttast sundur og saman en þetta minnti mig nú líka á smjör eða sultu!

D: Já, hún hafði áhyggjur af því að það hefði gengið of langt með smjörsamlíkinguna, áleggið og brauðsneiðina og allt það.

H: Mér fannst þetta með smjörið þvert á móti binda þetta allt saman. Þessi þéttleiki sem er fyrir hendi í smjörinu, þegar búið er að strokka og strokka rjómann í ákveðið form. Eða sulta sem er búið að sjóða og hleypa.

D: Þetta er það sem er svo spennandi við verkefnið, að það skuli ekki vera fullmótað fyrirfram. Það kemur ekki í ljós fyrr en með samveru okkar Siggu hér í safninu hvort okkur tekst að skapa saman frásögn og spinna hér inn í rýmið. Okkur finnst samt ekkert endilega að það þurfi að vera samhengi á milli frásagna okkar tveggja, - og við höfum sagt að við séu tveir kóngar í okkar ríki. Engu að síður ætlum við að spinna saman í eina sögu sem áhorfandanum er síðan mjög frjálst að túlka með sínum hætti.

O: Kemur titill sýningarinnar Pakkhús postulana eitthvað að þessari frásögn sem þið hyggist spinna saman?

D: Nei, það er ekki eitthvað sem við höfum gefið okkur fyrirfram. Við höfum meira verið eins og ofan í skurði að grafa grunninn. Ég er mikið að fylla upp í rýmið núna, búa mér til hráefnið, framleiða verk sem síðan kemur í ljós hvernig eiga eftir að leggjast inn í þetta rými í Hafnarhúsinu.

O: Það kemur kannski með næstu sýningu að þessari lokinni?! Eða er það ekki annars oft þannig að eitthvað sem er að gerjast með þér við undirbúning tiltekinnar sýningar kemur ekki fram fyrr en í þeirri næstu á eftir?

D: Jú, það er einmitt oft þannig. Samhengi sem verður ljóst eftirá. En hvað varðar þennan svokallaða bakgrunn sem verður framlag mitt til þessa sameiginlega verkefnis, þá er ég að vinna með náttúrumyndir og veggfóður í eldhúsum. Mér finnst til dæmis mjög áhugavert að reyna að ráða í fólk eftir því hvernig það hengir myndir á veggina heima hjá sér. Ég geng að þessu verkefni sem ákveðinni samantekt á því sem ég hef verið að fást við

undanfarin ár. Þarna koma saman margar ólíkar hugmyndir sem verður spennandi að sjá hvernig eiga eftir að spila með hugmyndum og verkum Siggu. Við höfum aldrei mátað okkur saman áður.

O: Það á eftir að koma á óvart, eða er það ekki sterkur þáttur í tilurð verksins, það að þið skulið vera að feta ykkur í einhverjar áttir sem eiga ekki eftir að koma í ljós fyrr en við uppsetningu verksins?

D: Jú, einmitt. Og það er svolítið hættuleg nálgun, því kannski á þetta ekki eftir að ná saman á þeim tíma sem við höfum. Þetta verður allavega mikil vinna fram á síðustu stundu.

O: En er þessi áhætta samt ekki partur af verkinu?

D: Jú, jú, hún er það.

O: Þetta mögulega flopp?

D: Algjörlega. Það er nefnilega líka hættulegt að koma inn á safnið með gamla hugmynd, eitthvað sem við höfum gert áður. Við erum jú bæði að þróast sem myndlistarmenn og það sem við erum að



gera núna, og sjáum hvorugt á þessu stigi, er eins og næsta skref í ferlinu.

O: En það er kannski líka þetta með traustið sem segja má að sé gegnumgangandi við framkvæmd þessarar sýningar. Þið vinnið í trausti þess að þetta óvænta sem kemur fram, eftir allar samræðurnar og allan undirbúninginn, verði þess virði.

D: Þetta er þolraun á að minnsta kosti tvo vegu, því þessi vinna reynir á vinskap okkar og virðingu sem við berum fyrir hvort öðru, við höfum oft rætt gagnkvæma hrifningu á verkum hvort annars...

O: Og kannski verður það þá ekki framar rætt!

D: Já, kannski verður þetta bæði fyrsta og síðasta skiptið sem við vinnum saman en þetta verður þó allar götur makalaus tilraun. Eða kannski giftum við okkur...

O: Og þetta verk verður skraut fyrir ykkar eigin giftingu?

H: En þetta er kannski ekki síður þolraun fyrir safnið.

O: Þetta er þolraun fyrir safnstjóra og alla starfsmenn safnsins, aðstandendur sýningarinnar. Það að allir skuli vera að fara fram á svona mikið traust og frest. Listamaðurinn getur ekki gefið skýr svör um hver útkoma vinnu hans eigi eftir að verða, sýningarstjórarnir geta það ekki heldur og hvað þá safnstjórinn svo úr verður ein stór keðjuverkun margra hlekkja sem haldið er uppi á traustinu einu saman.

D: Eftir að hafa tekið þátt í fjölda samsýninga áður þá finnst mér það einmitt vera þessi áhætta sem verið er að taka hér sem er hvað áhugaverðasti þáttur þessarar sýningar. Allir eru að leggja eitthvað undir; mannorð og smekk o.s. frv. Svo verður þetta bara Floppið Stóra.

O: Spurning fyrir hvern það er leiðinlegast? Leiðinlegt auðvitað fyrir listamennina, fyrir sýningarstjórana og leiðinlegt fyrir safnstjórann Hafþór og svo safnið allt...

D: Er þetta fyrsta viðtalið sem fer inn á þessar brautir? Hvernig sem þetta fer verður þetta aldrei flopp fyrir okkur Siggu! Við gerum okkur grein fyrir að þetta verk þarf ekkert að virka.



Auður eða
Gréta eða
Sólveig eða
Hulda eða

Hún er í Glasgow og ég er hér og við erum ekki að horfa yfir öxlina á hvort öðru.

O: En fyndist ykkur það samt ekki skemmtilegra ef verkið virkaði?

D: Auðvitað, og það mun virka.

O: Já, þú veist það alveg?

D: Ég efast ekki um það.

O: Og hvað þýðir það að eitthvað virki?

D: Samskipti okkar myndi ég segja, fremur en myndlistin sjálf. Við erum einfaldlega geðgóð í kringum hvort annað. Sigga vann í næsta rými við mig í Klink og Bank og án þess að við værum farin að vinna saman þá áttum við alltaf svo góðar og áreynslulausar samræður um myndlist hvort annars. Ef við verðum dugleg og komum með nóg af verkum til uppsetningar hér í safninu þá er ég viss um að samstarfið á eftir að vera áreynslulaust og þægilegt. Við ætlum að fylla upp í eyðurnar sameiginlega og vinna svolítið beint á vegginn og þá fyrst hefst eiginlegt samstarf. Þá verður samruninn fullkomnaður. Og svo giftumst við!

H: En geturðu bent á eitthvað sem gæti hugsanlega átt eftir að verða að ágreiningsefni ykkar á milli?

D: Nei, og það undirstrikar það sem ég hef verið að segja. Það hversu erfitt er að ímynda sér að eitthvað slíkt eigi eftir að koma upp.

O: En nú er þetta mjög náið samstarf eins og þú lýsir því ...

D: Já og það þarf að vera mikið traust fyrir hendi.

O: En ég er líka að hugsa um að þú lýsir þessu svolítið eins og ástarsambandi og við gerð þessarar bókar fórum við líka svolítið inn á sömu rásir og maður fer inn á í ástarsamböndum, t.d. eins og þegar við lentum í endalausum bréfaskiptum, sem er í sjálfu sér mjög rómantískt, nema hvað það er ekki fullt af ást heldur fullt af list! En það var jafn náið og skrýtið að opna ferlið fyrir öðrum, og eins og í ástarsamböndum spurning hvort það þoli umgengnina við aðra eða þarfnist næðis í lengri tíma.

D: Það er rétt að þetta samstarf er svolítið eins og tilhugalíf. Þegar hún kemur frá Skotlandi með listina sína í farteskinu, þá fer allt að gerast. Þá förum við saman á Þingvelli! En þetta er góður punktur því nú verðum við að vinna í sama rými og Helgi og ætlum að dreifa úr okkur aðeins inn á Björk og hugsanlega Hrafnhildi líka, og þá kemur í ljós, án þess að maður vilji vera of óljós í tali núna, hvað gerist við þennan samruna allan. Við vitum alveg hvað okkur langar til að gera en svo þarf að miðla málum á milli okkar allra, okkar tveggja og síðan hinna sem eru með verk sín í námunda við okkar. Þetta er svo góður punktur með ástarsambandið sem virkar vel í fjarlægð en síðan þegar aðilarnir tveir mætast þá klikkar allt og bara spurt „hver ert þú?"

O: Já, og enginn tími til að svara en bara strax farið í fjölskylduboð.

D: Í fjölskylduboð með Helga, Björk, Hrafnhildi og Hafþóri safnstjóra sem kannski líst ekkert á sambandið!

O: Hvað varstu aftur að tala áðan um blaðið?

D: Ég var að lesa grein um Rosenberg-liðið í gömlu Mannlífsblaði. Partýstemningin, um umbreytt skemmtanalíf í Reykjavík, hvað allt hafi verið orðið leiðinlegt í skemmtanalífinu. Þar er talað um þessi Pakkhúspartý, partý sem ég náði aðeins í skottið á 14 ára gamall á djamminu, hvernig






svo sem á því stóð. Ég var mikið í kringum tónlistina, reifaði og dansaði mest sjálfur. Þetta var brjáluð bylting.

H: Hverju finnst þér þetta hafa helst breytt?

D: Maður getur auðvitað ekki borið það saman við það sem var áður af einhverri persónulegri reynslu því þetta var það fyrsta sem ég kynntist. Við það að lesa þessa grein og heyra fólk tala um þennan tíma, þá finnst mér eins og þetta hafi komið með útlönd til Íslands, einhvern heimsborgarabrag.

O: Hvernig manst þú eftir þessu?

D: Ég fór á tvö rútureif. Þú settist upp í rútu og vissir ekki neitt, og svo var keyrt um borgina og í annað skiptið farið í eitthvert iðnaðarhúsnæði í Vogunum og í hitt skiptið í húsnæði við bílasölu uppi á Höfða. Seinna fór ég nokkrum sinnum í svona ferðir út á land, 303 dæmið sem var beint afsprengi þessara fyrstu reifpartýja. Þetta var alveg brjálæðislega skemmtilegt og gaman að vera til. Fyrir utan hvað mér pjakknum þótti spennandi að fá að skemmta mér með eldra fólki, þá var bara svo spennandi að fá að taka þátt í einhverju sem hafði aldrei verið gert áður hér. Ekki að ég hafi haft nokkurn áhuga á að drekka brennivín eða neyta eiturlyfja, heldur bara að fá að vera með og heyra nýja tónlist og dansa og dansa.

O: Dansaðirðu bara alla nóttina?

D: Já.

O: Og hélst því áfram

D: Já, ég hef verið dansari síðan.

O: Ertu starfandi dansari í dag?

D: Já, ég er það! Nei, ég er svona smá dansari.

O: Hvað meinarðu með dansari, er dansari bara sá sem dansar?

D: Já, ég hef mjög gaman af því að dansa og dansa kannski ekki alveg eins og fólkið í kringum mig, ég dansa eftir eigin höfði. Án þess þó að þetta sé eins og einhver andleg leiðsla, þá líður mér bara mjög vel þegar ég dansa. Og ég veit hvenær ég vil dansa og hvenær ekki. Það er ekki nóg að það sé brennivín í glasi eða eitthvað slíkt.

O: Og hvar færð þú svo útrás fyrir þetta núna í skemmtanalífinu í Reykjavík?

D: Maður finnur sig á tónleikum, eða við rétta plötusnúða, ekki alltaf en það kemur yfir mann stundum.

H: Er eitthvað í þessari reifmenningu sem þér finnst hafa haft áhrif á hvernig þú vinnur í myndlistinni?

D: Ég veit það ekki ...

H: Eitthvað sem ...

O: Huginn að vona ...

H: Er það ekkert sérstakt?

D: Ég er ekki viss. Þú hefur verið að impra á þessu við mig en ég veit ekki hvort það er eitthvað sem ég get beinlínis bent á í því sambandi. Ef til vill má segja að það sé einhver yfirfærsla af dansreynslunni yfir í reynslu í myndlistinni. Maður tekur vel á móti öllum slysum og heldur áfram og

gerir sitt þangað til maður er orðinn sáttur. Kannski er það eitthvað sem tengir. Maður skissar ekki beint en heldur bara áfram að mála, spreyja og tússa þangað til maður er orðinn sáttur. Rétt eins og maður dansar þangað til maður er orðinn sáttur. Og fer heim sáttur.

O: Og ertu þá eins og í leiðslu þegar þú vinnur?

D: Já, það er svolítið þannig. Maður getur aldrei stólað á það en það getur gerst. Þá litur maður aftur daginn eftir og áttar sig á því. Eins og þegar ég var í Noregi í vinnustofu í hálft ár og var næturdýrið. Gekk heim í hús þegar fólk var að koma til vinnu á morgnana. Það var eitthvað sem ég stólaði þá á, að ég gæti verið þarna yfir nóttina og að eitthvað kæmi. En þú getur samt ekki reitt þig á það – það annaðhvort kemur eða ekki. Og það tekur rosalega á taugarnar þegar það kemur ekki og maður er að bíða eftir því.

O: Við höfum aðeins verið að tala um andlega reynslu í sambandi við reifið. Reiftjaldið þar sem verið er að magna upp einhver áhrif, eins og í trúarbrögðum þar sem verið er að undirbúa að eitthvað komi. Taka á móti einhverju.

D: Það felst fyrst og fremst í því að vinna við réttar aðstæður, í góðu umhverfi. Ég hlusta til dæmis alltaf á tónlist undir vinnu minni, finnst næstum vonlaust að vinna án tónlistar því þá verður þetta svo einmanalegt starf.

O: En í sambandi við dansinn þá lýstirðu þér svolítið eins og eyju í danshafinu.

D: Já maður dansar bara fyrir sjálfan sig og ekki við neinn.

O: Hvað finnst þér þá um orðið postuli í titli sýningarinnar? Sérð þú þig sem postula?

D: Nei, eða ég þyrfti að minnsta kosti að hugsa aðeins um það samhengi. Það er ekki eins og maður sé alltaf að bera eitthvað á borð fyrir fólk heldur er þetta frekar eins og losun fyrir mann sjálfan.

O: Við vorum að velta fyrir okkur listamönnum sem hafa verið settir í þetta hlutverk eða hafa sjálfir upplifað sig sem einhverskonar boðbera nýrra tíma, sem breyta hlutunum í kringum sig og miðla einhverju áfram. Í gegnum söguna hefur þetta oft verið mjög karlmiðað, tengt stórum egóum og maður veltir fyrir sér hvort það væru einhverjir nýir tímar þar sem fólk er meira að vinna saman og lítur síður á sig sem einstakling sem hafi eitthvað mikilvægt að segja. Sýn sem fólk hefur sameiginlega og fetar sig saman í átt að henni.

D: Án þess að maður sé að reyna að gera lífið auðveldara, þá er maður bara að reyna að koma þessu frá sér, fullnægja þörfinni sem maður hefur fyrir það. Svo getur verið spennandi að snúa aðeins upp þessa þörf með samstarfi við aðra. Að smitast af öðrum og innlima það inn í sína myndlist. En það er ekki eins og ég upplifi sjálfan mig sem það sterka rödd að ég verði að láta í mér heyra eða hafi einhverja þörf fyrir það. Bara að gera og vona það besta.

O: Hvernig sérðu þig sem hluta af þessari andstöðu við það sem áður hefur verið gert í safninu og verið er að setja þar fram?

D: Þetta er auðvitað smá naflaskoðun, en auðvitað setur maður sig alltaf í samhengi við fólk og hluti í kringum sig. Vill skera sig svolítið úr. Án þess að vera að boða einhverja byltingu vill maður að eftir sér sé tekið. En frekar að gera það á laumulegan hátt heldur en að hrópa. En þetta samstarf okkar Siggu kallar kannski á eitthvað nýtt. Umræðan heldur áfram á milli okkar og kallar kannski enn á eitthvað glænýtt. Ég vinn oft út frá titlum og oftar en ekki eru það titlar sem eru hálfgerðir einkabrandarar, enginn boðskapur, heldur smá skírskotanir í hluta málverksins eða sögur sem voru kannski ekki beint uppsprettan en endapunkturinn á málverkinu. Eitthvað sem hjálpar mér að loka því, þó að maður geti aldrei alveg lokað verkinu.

O: Svona einkahúmor sem tengist líka reifinu sem lokuðum heimi, en hvernig finnst þér þegar þessi einkahúmor er kominn inn á aðal listasafnið í Reykjavík?

D: Það er náttúrulega svolítil þversögn að setja svona jaðar inn á opinbera stofnun en það er vonandi árekstur sem verður ótrúlega spennandi. Og líkingin er fyrir hendi, þótt það sé kannski ekki það sama: Hópur af fólki sem kemur saman inni í tjaldi til að dansa saman og svo hópur af listamönnum inni á safni sem er að reyna að láta grasið vaxa! En mér finnst það einfaldlega bara gaman að sýna í Hafnarhúsinu.

# Sigga Björg Sigurðardóttir

Huginn og Oddný hittu Siggu Björgu á Næsta bar að kvöldi 15. ágúst 2006. Hún var nýkomin til landsins frá Glasgow og þau notfærðu sér hvað hún var nýlent til að ræða opinskátt um ástina og listina og síðan endaði kvöldið á Sirkús þar sem þau hittu umræddan Davíð.

Huginn: Sigga Björg er að vinna með Davíð og það var lagt til að þau myndu vinna í samvinnu. Það var kannski frekar óljóst hvernig þau myndu vinna þetta en maður sá fyrir sér, eins og þau hafa reyndar talað um sjálf, að Davíð yrði einhvers konar bakgrunnur og Sigga með sínar teikningar og málverk yrði forgrunnur. Svo myndi þetta tvinnast saman í gegnum salina og einhvern veginn tengja og líma sýninguna saman.

Oddný: Alla sýninguna?

H: Já það var tillagan en engin pressa! [illegible] í spjalli mínu við Siggu þá sagði hún að þetta yrði einhvers konar söguþráður eð[illegible] Og mér fannst það hljóma svo [illegible] og fór að hugsa um smjör, að þetta yrð[illegible]hvernveginn smurt á veggi og á loft líka, [illegible] Án þess að ég sé að fara út í að lýsa ver[illegible] hennar Siggu, eða ætti ég að gera það?

O: Já af hverju ekki?

H: Mér hafa alltaf fundist ve[illegible] hennar Siggu vera svo fyndin og [illegible] eitthvað samneyti eða samlíf [illegible] karaktera. Þeir [illegible] alltaf að drepa hv[illegible] [illegible] öðrum og þetta er ógeðslega brútal og nett sturlun í gangi og tryllingur. Mér finnst þetta vera eins og ópol fyrir einhverju. Það er stundum eins og þessir karakterar séu líka, í sínu samneyti og kynlífi og skringilegu lífi og ofbeldi, séu endilega af einhverju ákveðnu kyni og ekki með nein augu, allir hálfklæddir. Það vantar alltaf eitthvað á þá, eins og þeir séu vanskapaðir. Mér finnst svo fyndið að þeir séu kannski bara berir að ofan og í einum sokk.

O: Og af hverju finnst þér það svona gaman?

H: Því það gerir þessa karaktera heimilislega og þegar allir búa við skringilegar heimilisaðstæður þá verða þær alveg furðulega eðlilegar, þær eru normið og það gerir þetta svo kostulegt að maður bara fer að hlæja.



O: Hvað finnst þér um þessa [illegible]?

Sigga Björg: Mér finnst hún [illegible] fyndin og mér finnst hún alveg mei[illegible] alltaf gaman að [illegible] hvað [illegible] sjá út úr þessu, þetta eru svo ópla[illegible] svo sjá bara sum[illegible] fallegt út úr þeim en aðrir eitthvað hræ[illegible] ógeðslegt og kynferðislegt. En já, það er einhver vöntun hjá öllum karakterum, það er alveg rétt.

O: Þið lýsið annars vegar vöntun og hins vegar samlífi. Getur verið að þú sjálf sért í einhverjum skilningi vanskapaður listamaður, sem vantar eitthvað, og þess vegna sé samlíf með öðrum listamanni eins og Davíð svo hamingjuríkt?

S: Nei ég held að það sé alveg öfugt, því ég vinn eiginlega aldrei með öðrum, það er alveg nýtt. Það er svo erfitt að tala um þetta því ég teikna bara eitthvað og er alltaf að reyna að hugsa ekki. Hluti af því er að hafa ofan fyrir sjálfri sér, teikna bara og fylgja svo eftir einhverri innri þörf á að klæða þennan karakter í akkúrat þessi föt og fylgja því

eftir þótt það geti verið brútal. Við erum náttúrlega öll vansköpuð en pælingin hjá mér er ekki að hafa bakgrunninn myrkan. En það sem gerist er að þegar maður hættir að hugsa um hvað maður er að gera, þegar maður hættir að vera meðvitaður um það sem maður er að gera og leyfir sér að gera það fyrsta sem manni dettur í hug, þá bara kemur eitthvað svona út, allavega hjá mér.

O: Og þú gerir það markvisst, eða sumsé ómarkvisst markvisst, að hætta að hugsa?

S: Það er það eina sem er markvisst! Ég skyssa aldrei hugmynd heldur bara teikna og ég á alveg haug af teikningum.

H: Bara svona blossi og svo treystirðu á það?

O: Færðu hugmynd og teiknarðu svo, eða teiknarðu fyrst?

S: Ég fæ ekki hugmyndina á undan, ég byrja bara að teikna, geri bara einhverja hendi og svo kemur einhver karakter og þegar hann er kominn þá pæli ég í því hvað hann er að gera og hver sé þarna með honum og svo kemur einhver annar karakter inn og þá pæli ég í því hvað þeir eru að gera þarna saman. En ég veit í rauninni aldrei svarið.



O: Er tilhneiging til þess að fleiri safnist saman hjá þér og að það sé ákveðið samlíf?

S: Já það er svona einstaka sinnum sem það er bara einn karakter, eða nei það gerist reyndar svo[illegible] þá er hann í einhverju einsemdarmómenti.

H: Að bíta í sig eða eitthvað?

S: Já, að reyna að toga í sokkinn á sér eða eitthvað svona sjúklegt einstaklingsaugnablik. En oftast kemur einhver annar inn í myndina og eitthvað fer að gerist á milli þeirra.

O: Lifir þú í [illegible] heimi, verður þetta ekk[illegible]

S: Ég reyni að gera það, ég sef alltaf í herberginu sem ég er að vinna í og hengi allt upp strax og ég er búin með það, þá er allt alveg veggfóðrað af teikningum. Mér finnst mjög mikilvægt að geta horft á það sem ég er búin að gera.

H: Tínirðu þá kannski bara niður af veggnum þegar þú heldur sýningar?

S: Nei, ég nota eiginlega allt af veggnum, ég sker fyrst fullt af blöðum, svo teikna ég bara og sé frekar fljótlega ef það virkar ekki. Undir borði er bunki af því sem er ekki að virka, en allt sem fer uppá vegg það nota ég.

O: Geturðu nokkuð útskýrt hvað það þýðir að það virki ekki?

S: Ég held að það sé bara algjörlega sjónrænt.

O: Eru það heilu seríurnar sem virka ekki eða bara eitt og eitt blað og safnast svoleiðis í bunkann?

S: Það er bara eitt og eitt blað, þannig að það eru yfirleitt tveir bunkar í gangi. Ég veit ekki alveg hvað það er, annað hvort virkar ekki það sem er að gerast, er bara ekki nógu spennandi. Eða ég bara nenni því ekki, ég fæ leið á einhverjum karakter sem kemur.

O: En hinum sem fá að fara upp á vegginn kynnistu betur. Kalla þeir á hina sem bætast við?

S: Já, þeir sem koma nýir eru oft undir áhrifum af þeim sem ég er þegar búin að gera svo það myndast einhver sería. Það verður endurtekning á fatavali eða aðstæðum. En svo klára ég yfirleitt ekki fyrr en þetta er komið upp á vegg, þá kannski horfi ég á það rosalega lengi og ákveð hvort ég þarf að halda áfram.

O: Hvernig er með yfirfærsluna í annað rými, að taka karakterana út úr þínum heimi?

S: Ég átti alltaf í miklum vandræðum með að koma þessum heimi yfir í annað rými, búa til sýningu. En það er búin að vera mikil þjálfun fyrir mig og ég er enn að pæla í því.

O: Þú ert þá ekki þessi sem kemur á staðinn og raunverulega gerir þar mestu vinnuna?

S: Ég er yfirleitt búin að gera fullt af teikningum en svo kannski teikna ég líka á vegginn í rýminu.

O: Þú segist ekki hafa verið oft í samstarfi?

S: Jú jú, ég hef oft verið í samstarfi en ekki svona. Það hefur alltaf verið í performans en ekki í því að gera sama verkið.

O: Þetta er eitt verk sem þið eruð að vinna að?

S: Það verður eiginlega bara að koma í ljós en það á að vera þannig.

O: Svona kollaborasjón, samvinna?

S: Hugmyndin er að það líti þannig út, þótt við verðum búin að vinna það allt í sitthvoru lagi. Sú vinna verður á bak við verkið og svo málum við saman á veggina og kannski á gólfið. Davíð gerir bakgrunninn, rosalega mikið af munstrum og ég er með

forgrunninn. Hjá mér er alltaf hvítt á bak við, það er aldrei neinn bakgrunnur, ég veit ekki hvort það er vandamál.

O: Hvort það er vöntun?

S: Mér hefur oft fundist eitthvað vanta bak við teikningarnar mínar en ég er samt ekki tilbúin til að gera það sjálf.

O: Þá kemur Davíð eins og prins á hvíta hestinum og fyllir upp í!

S: Já, pælingin er einmitt að athuga hvort karakterarnir mínir geti búið í hans heimi og vita hvort þetta getur runnið saman.

H: Hvernig upplifir þú hans heim?

S: Hann er rosalega flottur og persónulegur, og litirnir! Maður getur alveg tapað sér í hverri mynd.

O: Þannig að þú ert alveg gagntekin af listinni hans, ertu líka svona hrifin af listamanninum?

S: Af Davíð? Hann er náttúrulega frábær snillingur.

O: Við Huginn erum með leyni[illegible] um að þetta verði kannski [illegible] brúðkaupsveislan ykkar.

S: Já, kannski verður þetta s[illegible] brúðkaupsveisla. Ég veit e[illegible]ort við tölum sama tungumálið dags da[illegible]a en það er einhver alveg ótrúlegur sk[illegible]gur á milli okkar, án þess að við getu[illegible]ndilega talað saman eða þekkjumst m[illegible] Það gerist bara í myndmálinu.

H: Er ekki einhver sturlu[illegible] hjá Davíð?

S: Algjör sturlun. Ég hel[illegible]nn taki hana meira út í lífinu, hjá mér [illegible]atíf sturlun en samt er hún sv[illegible]kur. Ég held að það séu allir með ei[illegible] sturlun en taka það út á mismunand[illegible]

O: Af hverju valdir þú myndlist [illegible]em farveg?

S: Ég hafði engan áhuga á myndlist, ég hafði bara áhuga á því að teikna og það hef ég alltaf gert. Þannig að það var ekkert annað sem kom til greina. Og kannski vegna þess að ég fæ útrás fyrir mitt rugl í teikningu þá halda menn að maður sé eitthvað meira ruglaður. Af því það er teikning og ruglið verður greinilegra í teikninguuni. En ef maður er vinna með eitthvað án þess að hugsa um niðurstöðuna eða útkomuna, þá bara kemur allt upp, allt sem maður er að hugsa. Þess vegna verður þetta kannski svona vandræðalegt og eins og þú segir heimilislegt, af því að þetta er í rauninni bara svo venjulegt.

O: En það kemur líka eitthvað annað í gegn?

S: Já, ég vona að ég geti komið sjálfri mér á óvart. En þegar ég fór að pæla mikið í hvað ég væri að gera þá virkaði það ekki og þess vegna fór ég að reyna að hugsa ekki. En svo er ég auðvitað búin að vera svo lengi í myndlistarskóla, frá því ég var lítil, það kemur mikið lært í gegn, það sjónræna sem maður er orðinn svo þjálfaður í því.

O: Hvað kveikti þessa hugmynd um að nota þessa ómeðvituðu nálgun?

S: Ég held að það hafi verið vonigði eða svekkelsi þegar ég var að reynað átta mig á hvað ég væri að gera. Mér fanst alltaf eins og ég ætti að gera skissur. Í því maður lærir að það sé mikilvægt að gerskissur og að síðan geri maður myndlistarverkið. En svo kveikti miklu meira í mér þ[illegible] sem ég gerði þegar ég var ekki að gera mennilegt myndlistarverk og sá að aðalviran mín var undirbúningsvinnan. Og þá fór[illegible] að gera bara það.

O: Nú gengur þessi sýning mið út á undirbúningsvinnu en svo fer [illegible] koma að því að fara inn í safnið, truflar þ[illegible] ekkert ferlið þitt að vera meðvituð um[illegible]essa miklu yfirfærslu yfir í opinbert safn? Sindum er eins og forsenda þess að get[illegible]hætt að hugsa um niðurstöðuna sé sú [illegible] hafa enga pressu á sér.



S: Já það truflar mig alltaf geðveikt mikið að hugsa um sýningu í vændum. Og það er alltaf erfitt að vera spontant þegar maður er kominn inn í sýningarsal. En það er samt það sem við ætlum að gera núna.
O: En þið undirbúið ekki samvinnuna, þið bara undirbúið ykkur, er það ekki annað?
S: Við erum búin að tala heilmikið um það hvað við ætlum að gera og hvernig við ætlum að gera það en það er aldrei eins og við löbbum út úr stúdíóinu hans Davíðs og séum komin með einhverja niðurstöðu. Það bara bætast við ný element. Og við ræðum líka mikið um praktíska hluti, hvaða gólfefni við ætlum að nota og við erum komin með nokkra punkta sem við erum sammála um. En við skrifum það ekki niður á blað og ég veit ekki hvort okkar byrjar, ég eða hann, það kemur bara í ljós. Við höfum einhverja tröllatrú á þessu hjá okkur, annars værum við ekkert að þessu. En við höfum aldrei unnið svona sameiginlegt verk áður.
O: Er þetta tilraun með þessa samvinnuaðferð?
S: Ég held að þetta sé meira bara traust heldur en aðferð eða tilraun. Þetta er ekki tilraun því við vitum að þetta virkar! Það er það eina sem við göngum út frá. Þetta er meira fullkomið traust, ég treysti Davíð fullkomlega, það sem hann gerir virkar bara einhvern veginn, svo sjáum við bara til hvað gerist því við erum alveg búin að ákveða að þetta virkar. Það er það eina sem við erum að ganga út frá.
O: Þið hvetjið og espið hvort annað upp, æsið upp?
H: Þið reynið ekki að stjórna hvort öðru?
S: Ekki neitt, við bara förum inn í það, rosalega skrýtið.
H: Eins og þið séuð að vefa?
S: Það er eins og við séum að vefa en það byggist ekki endilega á samtölum heldur einhverju bara myndlistarlegu.
O: Myndlistin er ykkar samræða?
S: Ég held að við séum bæði of myndrænt pælandi en ekki intelektúal, þannig að samtölin eru á einhverju öðru plani og snúast bara um sameiginlegan skilning. Ég held að við ættum í engum vandræðum með að gera sameiginlega mynd.
O: Finnst þér samneytið við Davíð hafa bein áhrif á teikninguna þína, sérðu sporin hans í myndmálinu?
S: Ég gæti örugglega svarað þessu ef við værum búin að vinna saman eitthvað lengur og í sama herbergi, en ég veit ekki hvernig ég get svarað þessu núna.
O: Það er ekki bara algjört grín að nota líkinguna frá ástarsambandinu þegar við erum að reyna að átta okkur á þessu vinnuferli ykkar. Því þetta er ekki samruni heldur sóló og síðan koma sólóin saman og búa til heim sem er ríkulegri eins og í góðu ástarsambandi, er það ekki?
S: Jú, mér finnst hrikalega flott að sjá það þannig. Þegar maður lofar því að vinna með einhverjum, er það eins og að lofa að giftast einhverjum, maður veit ekkert hvað gerist en loforðið byggist á trausti. Og þetta er algjörlega myndrænt traust.
O: En hefur þú aldrei ruglast á ástinni og listinni? Mér finnst stundum eins og þetta tvennt renni á einhverjum tímapunkti eftir sömu rásinni í líkamanum.
S: Ég veit ekki hvort ég hef ruglast. Það er svo erfitt að útskýra þetta.
O: Er kannski eins og losti sem myndast, í þeim skilningi að losti sé eitthvað þegar tvö ólík element renna saman?
S: Já algjörlega! Ef ég horfi á málverkin hans Davíðs þá bara fer um mig eitthvað ... Váááá! Mér finnst það svo hrikalega flott.
H: Leyniplottið!
O: Hvað er eiginlega með hann Davíð, af hverju er hann svona furðulega aðlaðandi?
S: Ég held að það sé eitthvað svona brjálæði og hömluleysi. Hann er alveg tær í því að vera til. Og ég held að hann bara geri allt í lífinu sem honum dettur í hug. En svo erum við líka bæði alveg rosalega vandræðalegt fólk, alltaf í einhverjum vandræðagangi.
O: Nú ertu líka búin að vera í samskiptum við Hugin og Daníel og við hugmyndina um nærveru hinna listamannanna í sýningunni. Hvaða áhrif hefur það haft á þig, hvernig upplifur þú það?
S: Mér finnst vera skilningur í gangi í þessari sýningu, það er ótrúlega fallegt andrúmsloft. Ég er nýkomin heim svo ég er ekki búin að hitta alla svo ég veit það ekki, en mér finnst vera í gangi

allsherjartraust og ég hef mjög góða tilfinningu fyrir þessu. Það eru allir í sama andrúmsloftinu.

O: Er það?

S: Nei, þetta er ekki svipað fólk en það er eitthvað svipað element í öllum. Nei, nei þetta er ekki líkt fólk.

O: Myndir þú geta sagt hvað það er, eða þið?

S: Það er erfitt þegar maður er inni í því sjálfur.

H: Já það er mjög erfitt.

O: En getið samt reynt?

H: Þetta er allt brjálaður vandræðagangur en samt er eitthvað ógeðslega sætt í gangi. Að vera vandræðalegur yfir einhverju sem maður er að gera í einrúmi og roðnar jafnvel yfir því en vill samt senda það áfram.

S: Þegar við Davíð hittumst, búin að gefa hvort öðru þessi stóru loforð um samvinnu, þá urðum við svo vandræðaleg og vissum ekkert um hvað við áttum að tala, fengum okkur bara annan bjór, eins og á stefnumóti.

H: Þið kannski vinnið eitthvað með þennan vandræðagang

S: Mér finnst svo margir sem eru tengdir þessari sýningu vera í endalausum vandræðagangi.

O: Já, í ár hefur verið krísa og vandræðagangur í safn- og sýningar[illegible] og fyndið að það skuli svo líka [illegible] listamennina!

H: Líkur sækir líkan heim! Svo koma[illegible] allir vandræðagemlingarnir [illegible] á safnið nærbuxnaenglarnir og allir [illegible] á nærbuxunum og einum sokki.

O: Og það er eins og vandræðagangurinn hlaðist upp og hætti aldrei en maður [illegible] að vona að nú sé honum lokið [illegible].

H: Hann er rosalega stór partur [illegible] sköpunarferli yfir höfuð [illegible] bara einn stór vandræðagangur. Yfir því að finna eitthvað, yfir að [illegible] því aftur, finna það svo og reyna að halda utan um það og fylgja öllu heim.

S: Er þetta ekki líka bara þessi kynslóð í Reykjavík sem er ógeðslega vandræðaleg, eða kannski ekki bara þessi kynslóð, heldur allir á Íslandi af því að þetta er svo lítið samfélag og maður er alltaf að hitta sama fólkið og maður veit aldrei nákvæmlega hversu vel maður þekkir þennan eða hinn. Svo hittir maður þennan á barnum og er ógeðslega vinalegur og allt svo gaman og svo bara einhver vandræðagangur daginn eftir.

O: Gæti þetta tengst minnissvertu Íslendinga? Svo eru menn yfirleitt í mörgum ólíkum töktum á Íslandi á sama tíma og kannski erfitt að muna í hvaða takti maður dansaði við hvern. Það væri auðveldara ef maður gengi alltaf í sama taktinum. Eða hvað segirðu um það Huginn að vera bæði myndlistarmaður og sýningarstjóri?

H: Það er mjög mikill vandræðagangur í því. Það sem skilur sýningarstjórann frá myndlistarmanninum er að sýningarstjórinn verður að fylgja þessu ferli heim og upp í rúm og þarf jafnvel að svæfa, á meðan myndlistarmaðurinn getur bara tekið leigubíl heim. Eða bara sleppt því að fara heim. En ég held að það sé ágætt sem sýningarstjóri að reyna að storka því að maður þurfi endilega að fylgja öllu eftir. Maður getur sett eitthvað upp, búið til einhverja byggingu en svo bara leyft því að [illegible]. Rúlla og skoppa.

O: [illegible] það praktíska, rúllar það vel?

H: [illegible] partur af vandræðagangi myndlistarmannsins er þetta praktíska.

O: Er það ekki [illegible] af því sem er áhugavert við þessa sýningu, þessi vandræðagangur yfir því að fara inn á opinbert safn sem verður að vera mjög praktískt ef það á að reka sig? En fórstu á Pakkhús postulanna?

H: Sleppur þú [illegible] dansinum?

S: Já það er það [illegible]. Og ég man þegar maður var að [illegible] fara niður í bæ, fara á tónleika, Prodigy, Underworld og svo áfram.

O: [illegible] myndlistinni þinni?

S: Já [illegible] er eins og einkapartý [illegible] hlusta ég alltaf á tónlist. Það er [illegible] brjáluð tónlist og ég hlusta á allt [illegible] ég er að vinna, fer [illegible] í [illegible] geðveiki. Það skiptir mig öllu máli hvaða tónlist ég hlusta á meðan ég vinn.

H: Tengist [illegible] transinum, að [illegible]?

S: Já, það hefur rosa mikið að gera með tónlist og [illegible] að spila hana mjög [illegible] og dansa og [illegible].

O: Og enginn vandræðagangur í transinum.

S: Nei, það er bara geðveikur



vandræðagangur að tala um það. En mér finnst svo gaman að dansa, það losar um vandræðaganginn.

O: Við ræddum um vandræðaganginn á Íslandi almennt, en þú ýjaðir líka að einhverjum extra vandræðagangi hjá þessu listafólki sem er í Pakkhúsinu, finnst þér það vera?

S: Það er erfitt að segja því ég hef ekki verið á hópfundunum og þekki ekki alla.

O: En heldur þú það Huginn?

H: Já, þau eru öll einhver svona dansfífl.

O: Allir á sýningunni eru í vandræðagangi þegar þeir fá ekki að dansa, er það?

H: Já, ég held það.

S: Ég held það líka.

H: Rosalega margir eru að treysta á það að geta sleppt sér í þessari sýningu.

O: Maður sér í anda að sleppa sér í einhverju tilraunarými eða í bílageymslu. Er þetta hús kannski eins og bílageymsla?

H: Þegar ég var þarna inni fyrir stuttu þá sá ég fyrir mér þessa gömlu hugsun um hlutlaust rými, dautt og hvítt. Er það ekki skrýtin hugmynd? Þegar ég spurði Danna hvað honum fyndist vera hlutlaust rými þá sagði hann kirkja. Mér fannst það mjög áhugavert svar því ég bjó í Vín þar sem barokkið lifir lengi og vel og arkitektúrlega séð þá er það mjög brútalt. Hins vegar getur verið mjög friðsælt [illegible] í kirkju [illegible] það tengist hugmyndinni [illegible] að vera friðsælu safni. Kannski er þetta óljós tenging, en þegar þú segir bílageymsla þá hugsaði ég með mér að það sé hlutlausara umhverfið í dag.

S: Það er miklu auðveldara að halda [illegible] reif í bílageymslu heldur en í kirkju.

O: Samt er eitthvað sem tengir [illegible] tvö rými saman. Kannski goðsögnin um andstæður [illegible] salurnar og stærðin [illegible]

H: Sú hugmynd að safn eigi að vera friðsæll staður [illegible] mjög [illegible] vera [illegible] staður [illegible] upplifir þú [illegible]



S: Sem eitthvað stórt sem gleypir mann. Eins og einhver sem er smá geðveikur og búinn að klæða sig í einhver „venjuleg" föt til að reyna að fela sig.

H: Einhver grímudansleikur í gangi og það eru eiginlega allir veggir falskir.

S: Af hverju er búið að klæða safnið í einhver sparíföt, búið að gera það að einhverju sem er ekki?

O: Kannski er það bara ekki í réttu tengslunum við tíðarandann akkúrat núna. Ætli það vilji samt ekki vera staður þar sem eitthvað gerist. Eins og kaffihús og sum heimili sem reyna að vera vettvangur samræðna.

H: Það getur bara vel verið sko. En safnið er rosalega sjaldan eða aldrei staðurinn þar sem myndlistin verður til, safnið er ekki þetta náttúrulega heimili fyrir list. En það er alltaf verið að reyna að búa til heimili til þess að hlutir fái að njóta sín, en ég held að rýmið verði aldrei aðskilið frá myndlistinni.

S: Ég held að það sé til staðar löngun til að það fari ekkert á milli mála að þetta sé listasafn, og kannski einhver hræðsla um að menn ruglist á því þetta minnir óneitanlega á bílageymslu. Mér finnst svolítið skrýtið að láta arkitekt komast í svona safn af því að list og arkitektúr er alveg tvennt ólíkt.

O: En hver ætti þá að sjá um það?

S: Ég veit það ekki, og ekki heldur listamenn.

O: En arkitektar þurfa ekki endilega að vera með arkitektúr er það nokkuð? Arkitektúr þarf ekki að vera signatúr.

H: Eins og Donald Judd var einu sinni að nautralisera staði en svo er bara þessi hreina hugmynd orðin að hans signatúri. Hugmyndin um minimalisma sem eitthvað hlutlaust finnst mér alveg sjúklega skrýtin.

O: Það er orðið svo ofhlaðið vakúm.

H: Það var frábært sem ég sá í Vín, á hönnunarsafni þar sem skipt er niður ákveðnum tímabilum í hönnunarsögu Austurríkis. Þar er einn salur tileinkaður barokki og á sínum tíma fékk safnið Donald Judd, Jenny Holtzer, Franz Graf og fleiri til að sýna á safninu og Judd fékk barokk-hlutann og það er geðveikt hvernig hann vinnur með það. Það er enn þann dag í dag mögnuð hugsun að barokk - kirkja geti verið á sama hlutlausa planinu og verk eftir Donald Judd.

~~Björk Guðnadóttir~~



[redacted]
(3 gluggar).

Oddný Eir hitti Björk Guðnadóttir í bakhergi í Hafnarhúsinu 17. júlí 2006, en Huginn var farinn út á land.

Geturðu byrjað á að rifja upp tillöguna þína sem þú sendir inn og hvernig hún hefur þróast, hvernig þú sérð verkið þitt inni í húsinu?

Já, ég fékk einmitt boð um að senda inn tillögu og þá var talað um að þetta væri einhverskonar yfirtaka og áhugi á því að vinna óhefðbundið inn í safnið, inn í rýmið og ég fór að hugsa út frá því og kíkti niður í safn og valdi mér sal sem mér fannst spennandi af því hann er svolítið undarlegur, mjög sérstakur, stórar súlur í litlum sal, það er D-salur, og hálfpartinn lokað fyrir [redacted] glugga sem maður sér samt móta fyrir. Hann er alveg hvítur, gólfið líka og það höfðaði til mín og líka eitthvað eins og aðeins andlegt þarna inni. Svo ég gerði tillögu um þennan sal. Spurði mig hvað hefði verið í þessum sal áður, hvað hefði verið gert hérna, því þetta er svolítið sérstakt rými og þá datt mér í hug að grúska í sögu hússins og vita hvað hefði verið hérna áður. Ég fór í Ljósmyndasafn Reykjavíkur og fann þar ofsalega fallega mynd sem var tekin akkúrat þarna í kringum þessar súlur. Tollafgreiðslan var þarna og þeir eru með fullt af boxum og kössum, innpakkaða í brúnan pappír með bandi utanum og þeir eru í fínum sloppum að vinna. Svo ég hugsaði um þessa innpökkun og að ég ætlaði að pakka inn salnum, klæða veggina og súlurnar og kannski skralla það af og reyna að vinna með það. Og þá var ég nú með í huga ávexti og grænmeti sem maður skrallar og líka flakaðan fisk og vildi hafa það með í tillögunni, en ég veit nú ekki hvernig það hefur þróast, það hefur hálfpartinn dottið út.

þrjá

Skrælar

En ferlinu er nú ekki lokið...

Já, maður er búinn að finna sér eitthvað akkúrat þarna en svo breytist það alltaf. Svo er líka annað sem ég ætlaði að gera en það var að nýta það sem væri til staðar í safninu, til dæmis óskilamunir og kannski pappírsdrasl en það virðist ekki vera neitt mikið af því, aðeins örfáir óskilamunir og þær sögðu að þótt það væri mikið um að vera í þessu húsi,



allskonar ráðstefnur og tónleikar og sýningar og allt mögulegt, þá væri fólk bara mjög duglegt að koma og sækja það sem það gleymir. Þá gekk það ekki. En það kom annað í staðinn, efni sem Josep Kosuth notaði á Kjarvalsstaðasýningunni sinni til að hylja ljósin því hann var svo ósáttur við þau því honum fannst þau vera of mikill skúlptúr í rýminu og lét þekja þau með óbleiktu lérefti sem ég fæ að endurnýta. Þetta er mikið efni og ég sé fyrir mér að geta unnið vel inn í rýmið. Svo staðan er þannig núna að ég sé fyrir mér að ég opni tvo af gluggunum sem eru í rýminu, saumi svona rör út frá þeim og sameini það síðan í stórt opið eitthvað eins og poka. Ljósið kemur inn í þennan poka og ég hafði einmitt fundið líka ljósmyndir af því þegar þeir eru að setja korn í svona stóra poka og kannski get ég notað þá tengingu eitthvað.

Einu sinni korn en núna bara ljós...

Já og það væri grunnurinn. Svo vildi ég vinna meira inn í það, sýna eins og inni í þessum poka. Þar langar mig til að vera með þessar ljósmyndir og annað efni sem ég myndi sniða utan um súlurnar og taka það svo í sundur og nota það sem fleti, fletja þrívíða sniðið út, leggja það niður og þá verður það eins og hálfgerð negatíva.

Þú ert þá að búa þér til nýjan sýningarsal, bæði tímalega og rýmislega?

Já, og þá er gaman að hugsa til þess að arkitektar breyttu húsinu frá því sem áður var og að núna sé verið að breyta því enn einu sinni, ég er að breyta og breyta...

Vegna þess að þér finnst salurinn erfiður, eða hvernig finnst þér að sýna í þessu húsi?

Sko, það er áhugavert af því það er skrýtið. En þetta er ansi dóminerandi og þungt hérna, og verður stundum agressíft umhverfi.

Þú ert þá kannski að snúa eitthvað á það?

Já, ég er kannski að mýkja það, gera það huggulegra. Eins og í tjaldi, manni líður alltaf vel þar, eins og einhver hjúpi mann.

Svo að yfirtaka þín er ekki aggressíf á aggressífu húsi?

Nei, maður skríður inn hérna og býr sér til hjúp, eða kannski ekki beint hjúp.

Finnst þér kannski að sýningin sé öll svoleiðis? Eða hvað er það þegar

mynd alltof

andstæðan sem var einhverntíma, sú að er ekki með hnefa á lofti?

Listasafn Reykjavíkur er náttúrulega ansi upphafið en samt finnst mér eins og það sé hægt að gera hvað sem er hérna og að allt sé leyfilegt.

Það þarf þá ekki að brjótast inn eða hvað?

Nei, nei, þetta er ekki íhaldsamt safn.

Hvernig skildirðu þá þessa pælingu um yfirtökuna?

Ég hélt í byrjun að það yrði meira unnið á stöðum í húsinu sem ekki virka.

En það var líka svoleiðis, því þegar þeir strákar komu hérna inn þá fannst þeim það ekki virka svo grunnþráin var að virkja rýmið...

Já, mér fannst það líka, en svo var talað um að við myndum vinna inn í salina en það yrði annar hópur sem myndi vinna í dauða rýminu og það eru hönnuðir. Og þá fór maður bara að hugsa sitt verk inn í salinn og bara reyna að fara í andstöðu við þetta hefðbundna upphengi og taka yfir salinn, meira eins og í innsetningu. Reyna að breyta honum og búa til nýtt rými þar.

En ef maður fer aðeins inn í rýmið þitt... úr gluggunum koma göng úr þessu efni sem Kosuth notaði til að hylja ljósin en þú ert að leiða ljós í gegnum sama efni...?

Já og þetta verður mikið unnið á staðnum og þar ætla ég að reyna að opna fyrir ýmislegt í því ferli. Ég er ekki búin að ákveða neitt núna um það.

Svo þú ætlar að gefa þér góðan tíma inni í salnum, safninu?

Já.

En er einhver stemmning eða kennd sem þú gengur inn í þegar þú byrjar að setja upp?

Já já. Það er nú einhver nostalgia sem ég er að skoða í þessum gömlu myndum, einhver fortíðarþrá eða hvernig góðar minningar geta verið umlykjandi og fylgt manni tilfinningalega. Eitthvað í þá átt...

En hvernig finnst þér reifið koma inn í þá stemmu, er pokinn kannski eins og illa uppsett reif-tjald...?

Það er góð spurning. Maður man eftir eins og Pakkhúsi postulanna og minningin um það er að tilheyra ákveðnum hópi. Eins og væri verið að bjóða manni á einhvern stað sem enginn vissi um, í leyni, og það var sport.

Og var þér boðið?

Já já, nokkrum sinnum. Maður sóttist eftir því að komast, vissi að það var eitthvað og fannst það spennandi.

Hvað varstu gömul þá?

Ég man það ekki, eitthvað kannski um tvítugt, og ég er þrjátíu og sex í dag.

Og fannst þér það skemmtilegt?

Já, maður var svo forvitinn og var að skoða en var ekki alveg inni í því...

Það er fyndið að þegar ég spyr þá man eiginlega enginn alveg eftir þessu en alla rámar í það og enginn virðist hafa verið neitt alveg inni í þessu, sem þó snerist um að vera inni og að þetta væri bara fyrir útvalda, en maður spyr sig hver hafi eiginlega og raunverulega verið inni í þessu alveg...

Allir hafa upplifað sig sem aðskotahlut, allir að stelast. Og þetta var mikið sport. En ekki alvöru yfirtaka, ekki verið að brjótast neins staðar inn, þeir hafa örugglega fengið leyfi fyrir þessu öllu.

Ekki eins og í útlöndum þar sem þetta var svolítið róttækt. En nú er annað tækifæri, reifið er víst að koma aftur segja þeir, ég fór á bar ellefu um helgina. Og Hugin langaði til að spyrja þig hvort reifið hefði kannski haft alveg grundvallaráhrif á þína myndlist...

Nei, ég myndi ekki segja það.

En sérðu einhvern anda sem var á þessum árum sem þú ert að vinna í?

Það er spurning hvort það er kannski þessi samvinna og hópamyndun þar sem listamenn ná saman í einhverju félagslegu líka. Mér finnst þessi sýning vera svolítið þannig, við hittumst í mat og förum á fundi og alla langar til að vinna vel saman, það er góður hópandi.

Og talandi um postulana, eru þeir í stefnulausum hópi og enginn erkipostuli eða forystusauður, ólíkt því sem oft hefur verið í listasögunni?

Já, ég hef oft hugsað um aðlögun í tengslum við þetta ferli. Að maður reyni að aðlagast einhverju, kannski því sem kemur upp í hendurnar á manni, og pæla þá í því hverjir séu möguleikar þess. Að leyfa hlutunum kannski að gerast af sjálfu



sér, að þeir verði út frá því sem er að gerjast í kringum mann.

Það er ótrúlegt ferli, eins og hálf sjálfrátt en um leið hafði það mikil áhrif á ferlið að þú sendir inn í það tillöguna þína.

Og strákarnir völdu kannski á endanum þær hugmyndir sem komu sér hjá þeirra tilmælum um tillögur um yfirtöku. Þeir völdu eitthvað annað en þeir báðu um. Og þá sem væru opnir fyrir því að aðlaga sig. Svo á endanum er ástandið svo opið að enginn veit hvað og allir hálfgert að bíða og sjá....

Já, margir af þessum listamönnum negla ekkert strax niður og eru spontant í vinnu sinni. Það er líka fyndið því það er ekki oft sem maður er beðinn um að koma með svona tillögu fyrirfram. Og maður var strax með mikla fyrirvara um að þetta gæti allt breyst mjög mikið og vildi alls ekki hengja sig alveg í það. Já, þetta er kannski svona organískur hópur.

Síðan er bókin líka svoleiðis og erfitt að festa niður í henni svo það organíska krefst líklega mikillar viðveru. Svo þótt þú lýsir ákveðnum léttleika í ferlinu, þá ertu örugglega búin að eyða miklum tíma í umræðu og pælingar er það ekki?

Jú, og mikið verið að hugsa og skoða og margt sem liggur að baki. Og það hefur áhrif þegar við hittumst og spjöllum á fundum. Þá opnast fyrir manni möguleikar á því að láta verkin flæða saman. Svo það er mikið breinstormað.

Það er líka alveg möguleiki að sýningin verði ekkert skemmtileg og bókin ekki heldur, en ég held samt að það sé líklegt að ferlið muni opna einhverja farvegi, búa til leiðir sem engan grunaði að væru til í byrjun.

Já, það er alveg ótrúlega gaman að fá að koma inn í þetta hús og fá að vinna inn í það svona frjálst. Það er ekki verið að panta hjá manni neitt ákveðið verk. Svo þetta er mikil áhætta.

Gefið mikið traust...

Og tekinn sjens á klúðri...

Getur verið að verkið þitt verði eitthvað um það kannski?

Já, það getur verið. Ég hef alltaf haft áhuga á einhverri stemmningu sem er brothætt, sem snýst um skynjun eða upplifun. Mér finnst skemmtilegt að skapa stemmningu eða skapa aðstæður þar sem áhorfandinn verður mjög upptekinn af eigin anda og fer að hlusta á sjálfan sig. Eins og ég hafi áhuga á að vekja það andlega í hverjum og einum. Benda á mikilvægi þess að búa til rými fyrir það.

Mér fannst áhugavert í tilraunum okkar varðandi bókina, hvernig við grófum okkur á milli, að eitthvað opnaðist á milli okkar með þessum tilraunum til ósjálfráðrar skriftar, og skildi það hver eins og hann vildi, og þá varð til rými fyrir þetta verkefni, sem enginn vissi kannski hvað fjallaði um. En leiðin varð allt í einu opin og mér finnst þú vera að gera það sama með þínu verki.

Já, algjörlega og að trúa því að það vaxi alltaf eitthvað úr því sem maður byrjar á. Ef maður bara byrjar, tekur af skarið. Leyfa því þá að verða til.

Og er það ekki róttækt miðað við hina karllægu nálgun sem lætur allt verða? Er það ekki róttæk trú?

Jú, maður treystir bara á sköpunarkraftinn og gleðina, að það verði eitthvað úr því.



Og þú treystir því líka að þetta hús hafi upp á eitthvað að bjóða, þótt það sé erfitt eða hvað?

Já, og nálgast andann í rýminu og trúi því að það sé einhver gamall andi hérna á milli veggja sem væri gaman að vekja upp.

Sem er flott hugmynd vegna umræðna um dauða rýmið, að þú umgengst dauða rýmið á fallegan hátt, eins og miðill sem miðlar því á annan hátt ...

Já, að ná sambandi við það sem var áður og bera virðingu fyrir því sem var gert hérna.

En hvernig kom þá fiskurinn inn í það?

Kannski vegna þess að þetta er við höfnina en annars hef ég ekki fundið út að það hafi verið nein fiskvinnsla hérna. En ég sá bara fyrir mér þetta skaf, að leita undir lögin og fannst það vera myndræn tenging við að skralla og flaka. En fiskurinn hefur ekki alveg fengið að blómstra ...

Kannski ferðu að reyna að grafa upp samhengi handa honum á þrjóskunni!

Já, því nú fer allt af stað í grúskinu, ég er ekki búin að grúska eins mikið og ég vildi ...

Finnur kannski eitthvað meira um tollhúsið og var þetta kannski líka pósthús? Ég sé fyrir mér bögglana hans Beuys ...

Ég hef einmitt skoðað hann og finnst hann vera mjög merkilegur myndlistarmaður. Og þetta með að klæða með filtinu höfðaði mjög sterkt til mín á mínum skólaárum.

Ég sá verk með hlöðum af filti um daginn og fattaði allt í einu að hann hefði líklega meðal annars verið að búa til stað fyrir eitthvað andlegt og ég fór að gráta ...

Já, honum var mjög umhugað um samfélagið og að lífið væri gott ...

Sérðu þig í anda fara út á götu að sópa eða gera eitthvað annað pólitískt?

Nei, ég held ekki. Ég skoðaði þær hliðar þegar ég var í skóla og þá var sterkur tendens að vinna pólitískt, beint, en ég komst að þeirri niðurstöðu að þá vildi ég frekar bara vinna beint í því, í samfélagslegri vinnu en ekki sem myndlistarmaður. Ég get allavega ekki farið þá leið. En maður vill að myndlistin styrki einhverja vitund, styrki manneskjuna einhvern veginn og að maður geti sett hlutina fram einhvern veginn á ská svo maður upplifi umhverfi sitt kannski á annan hátt, taki eftir hlutum sem maður myndi annars ekki gera. Ég held að það sé skapandi og hollt að lifa þannig að maður sé alltaf að reyna að sjá hlutina frá öðru sjónarhorni.

Ragnar ætlar að fá brot úr Hitlers-stúkunni úr einhverju Berlínarleikhúsi, en að vísu er það í takt við hugsanlegt flopp sýningarinnar að hann fær víst ekki stúkuna sjálfa heldur bara eitthvert rusl, brot úr henni og ætlar að gera eitthvað með það. Og þú færð ruslið, afganginn af verkinu hans Kossuth. Nú var Kossuth töluverður postuli og Hitler var líka boðandi og þið fáið afgangana frá postulunum ...

Já og ég er mjög þakklát fyrir það og hef lúmskt gaman af því að geta endurnýtt það á allt annan hátt. Hann er ofboðslegur konsept-listamaður en ég treysti meira bara á tilfinningarnar og hendurnar, að eitthvað gerist í þeim og að ég geti formað og gert eitthvað úr því.

Af hverju finnst þér gaman að fá draslið frá honum? Að fá allt þetta fína konsept hans í rusli eða var það kannski ekkert konsept að vilja hylja ljósin?

Nei, þetta var eiginlega hálfgert klúður hjá honum því hann setti þetta fyrir ljósin til að þau væru ekki í forgrunni í salnum, ekki dómínerandi, en við Íslendingar þekkjum salinn svo vel og erum orðin svo vön honum eins og hann er að það fyrsta sem við sáum þegar við komum þarna inn var þetta tjald og spurðum bara hvaða innsetning það væri. Enginn átti auðvitað að taka eftir því en bara skoða fína teppið hans! Það var aðeins flissað að því. Og maður hefur lúmskt gaman að svona mistökum, ekki að maður sé að gleðjast yfir því að hann hafi lent í vandræðum með þetta sjálfur. En mistök geta verið mjög gefandi.

Sérstaklega af því að það er oft svo mikið í lagt ...

Já, þetta er líka mjög mikið efni og á fyrirlestrinum hans spurði einhver hann út í þetta og hann varð svolítið

vandræðalegur. Það hlakkaði smá í manni að einhver svona á stalli gæti gert svona mistök. En hann áttaði sig náttúrulega ekki á því hversu vel við þekktum salinn.

Og svo við drögum þetta saman í fína listfræðilega niðurstöðu, má þá ekki segja að þú takir við efni úr mistökum konseptlistamanns og vinnir með það til að opna fyrir eitthvað annað í rústum konseptlistarinnar ...?

Jú, það mætti einmitt segja svoleiðis en svo finnst mér líka bara svo góð tilfinning að geta endurnýtt þetta efni sem hefur aldeilis kostað sitt, eins og hagsýn húsmóðir! Sem slík get ég leyft mér að gera mistök sem maður eins og Kossuth fannst greinilega erfitt að gera.

Heldurðu ekki að það sé gott fyrir svona opinbert safn [illegible] að fá einmitt inn í sig þá sem eru óhræddir við að gera mistök, en þá sem um leið leggja sig alla fram?

Jú, og maður vill gera mjög vel og spyr sig reglulega hvort maður vilji þetta og hitt svo kaósin er að einhverju leyti yfirveguð. Það er mikil lærdómsferð að lenda í erfiðleikum og þurfa að spá í það hvað fer inn og hvað út og leyfa tilfinningunni að ráða. Þetta verður rosalega gaman held ég og mér finnst það vera öryggi að vera í góðum hópi og finna stuðninginn frá öllum. Maður er að taka áhættu og maður gerir eitthvað sem manni finnst hafa misheppnast eða er allt öðruvísi en maður ímyndaði sér, þá held ég að það verði bara formlegt, áhugavert innan í þessu ferli. Og það er líka öryggi að vera innan í þessu húsi þar sem er traust.

Og hvað með dansinn?

Við höldum auðvitað parti og það verður dansað. Ég fór einhverntímann til jóga eða einhvers svona gúrús og það sem hún ráðlagði mér þegar ég var lasin og leið eitthvað illa var bara að fara að dansa. Ég átti að læknast við það svo ég fór í Afró-dans og hresstist öll við!





# Ásdís Sif Gunnarsdóttir

Oddný og Ásdís hittust í Hafnarhúsi 19. júlí 2006.

(Athugasemd frá afritara: Viðtalið einkennist af miklum hlátri svo vart var hægt að greina orðaskil í hlátursköstunum.)

Fyrst langar mig til að spyrja þig Ásdís hvað þú ert gömul.

29 ára.

Geturðu lýst aðeins hugmyndinni þinni, ég sá hana á sínum tíma en ég man ekki alveg og kannski hefur hún líka breyst eitthvað, geturðu rifjað hana upp og hvað þú ert að pæla núna?

Ja, það sem mér datt fyrst í hug og er svolítið ennþá er frumskógar-framtíðarstemmning og innsetning með fullt af sjónvörpum sem eru sprungin og svo varpar út um allt, og inn í, það er einhver svona tíma - atburðarás sem gerist inni í rýminu, sem er svona nokkrir kaflar úr einhvers konar framtíðarsýn, einhver svona framtíðarbíómynd, eins og eitthvað sem hefur gerst, en er líka einhverskonar minningarbrot úr einhverju sem hefur gerst. Helmingurinn af vídeóunum verður kominn á opnuninni en svo bætast við ný eftir opnun, og þau verða líka tekin upp eftir opnunina og bætast við verkið, eins og framhaldssaga af því sem er byrjað.

Þannig að það er ekki sama mynd á öllum sjónvörpunum, eða myndvörpunum, því að sjónvörpin eru sprenging eða hvað?

Sjónvörpin eru sprenging og það eru mismunandi myndir í vörpunum og sjónvörpunum svo kannski eru þetta svona 10 myndir sem maður sér á vörpunum og sjónvörpunum þegar maður labbar inn í rýmið.

En hvað var þetta með sápuóperuna sem ég heyrði þig tala um?

Já, af því að þetta verður tekið upp inni í rýminu, þá verður þetta svona eins og framhaldssápuópera.

Þannig að framtíðin er raunverulega til staðar í rýminu; hvernig afmarkar þú þá þetta rými?

Það er í rauninni ekki afmarkað af því að ég og Sirra erum í sama sal, það er allavega ekki planið að afmarka það.

Eruð þið í stóra salnum uppi?

Já, þetta er sameiginlegt rými og það var planið af því að við erum báðar með verk sem eiga að vera í myrkri og þá verður þetta meira eins og einn heimur.

Verður þitt í myrkri?

Já, alveg svona eins og dimmur ferhyrningur.

Og hvað er frumskógurinn, hvernig skynjar maður hann?

Það verða plöntur og gerviplöntur og eitthvað sem búið er að vaxa inn í sjónvörpin ...

Þegar þú varst beðin um tillöguna, þá varstu beðin um svona yfirtöku, en eins og þeir hafa sagt völdu þeir á endanum hugmyndir sem voru ekki eins og bein yfirtaka, ekki hnúar og hnífar, heldur eitthvað öðruvísi, og þú kemur þá fram með gróður og lúmskari yfirtöku, eða hvað?

Já, akkúrat, þetta verk verður rosalega svona overloaded, mikið af öllu, að labba inn í umhverfi, þegar maður kemur inn í þetta svæði, gengur inn í umhverfið, þá er eins og maður sé kominn inn í annan heim. Og svo er líka húmor í því, í þáttunum.

Í þáttunum?

Já, ég er aðeins byrjuð.

Og ert þú leikkonan?

Já, ég er leikkonan og fæ alls konar fólk til að leika líka. Þetta er svæðið svona ... Hrafn Gunnlaugsson, svona spontant upptökur og líka soundtrakkin sem hann notar í myndunum.








Hann er líka allur í fram[illegible]
Hrafn, með borgarskip[illegible]
og allt þetta. Þú kannsk[illegible]
varðandi [illegible]
hvernig [illegible] hægt að [illegible]

(Hlátur)

Hvaðan kemur þín framtíðarsýn, er þetta þín framtíðarsýn, eða hvaða sýn er þetta sem þú ert að sprengja upp?

Þetta er næstum því eins og framtíð versus fortíð, tengt kannski svona gömlum bíómyndum sem eru framtíðarbíómyndir, þar sem allir eru í svona rosa búningum og rosa skúlptúrar, þeir tengjast kannski skúlptúrum sem ég er búin að vera að gera. Þannig að kannski er þetta svolítið byggt á skúlptúrunum sem ég er búin að vera að gera, mér finnst eins og þeir tengist svona heimi

Þeir eru kannski svona props

Já, akkúrat

Þannig að þú ert kannski að fara í hringi, gera mynd um propsið?

Já, þetta byrjaði svolítið að fæðast í fyrra, þá var ég undir Eyjafjöllum í mánuð, þá var ég að gera fullt af skúlptúrum og búa til svona fantasíusögur, tengt inn á svona íslenskar sögur, eitthvað sem maður er búinn að vera að skynja.

Þannig að þú segir bara „jæja, nú er ég búin að gera props úr þessum framtíðarmyndum, og get þá alveg eins gert eina mynd, mína eigin, svona kannski eins og Hrafn hóf sinn feril?

Já, ég var að búa til eitthvert svona plan um fantasíuheim og svo bara fellur allt í einu allt inn í hann...

En finnst þér reif-heimurinn koma inn í þennan fantasíuheim? Huginn hefur rosalegan áhuga á að við rifjum upp hvað þið voruð að gera þegar reifið kom ... eða sem bróðir þinn Þorsteinn kom með í bakpokanum ...

Já ég var rosa inspireruð af því og fékk að vera með í því sem unglingur, algjört bliss og rosa skemmtilegt.

Hvað varstu gömul?

Ég var 14, 15, tókst að svindla mér svona inn á þetta.

Þannig að þú fórst á Pakkhús Postulanna?

Ég fór á svona event, ekki Postulana, en annan reif event og löggan barði á dyrnar og þá var lækkað í öllu.

Og dansaðirðu líka?

Já, ég dansaði alveg á fullu en þú?

Þessi tími er einhvern veginn blakkát, man allt óljóst, enda var kannski svo mikið að gera og erfitt að greina í sundur, maður var svo mikið að taka inn á þessum tíma.

En það virðist sem enginn muni vel eftir þessum tíma, en það koma jú upp myndir úr Tunglinu og annars staðar.

Já, var ekki einmitt fullt af svona að gerast á Tunglinu? Ég man allavega eftir því að það var flutt inn heil flugvél af breskum tónlistarmönnum og myndlistarmönnum, og það var alltaf svona myndlistartengt og þeir fengu líka gjörningalistamenn til að gera ýmislegt, gjörningar úti á götu, sjúkrabílar ...

Mætti jafnvel segja að myndlist hafi orðið fyrir áhrifum af þessu?

Já, það má alveg segja það, öll þessi freeflowing orka og já eitthvað ...

Já, hvað er það eiginlega meira, freeflowing orka og hvað ...?

Að upplifa event sem er eitthvað svona rosa mikið í kringum!

Og var þetta ekki eitthvað tengt framtíðinni, nýtt look, eins og framtíðarfígúrur í tjöldunum eða hvað?

Já, það er alveg satt, silfurgallar og allt það, og við vorum að tala um heimsendastemmningu áðan, hún tengist reifinu og ég er að pæla í henni í þessu verki, stemmning um að ekkert skipti máli...

Heimsendir er fyndin framtíðarsýn. Postular hafa einhverja sýn eða eitthvað sem þeir vilja miðla áfram, til framtíðarinnar og það er athyglisvert að velta því fyrir sér hvers konar postular þið eruð eða eruð ekki. Merking reifsins og tilgangur er miklu frekar að vera þarna saman og njóta áður en allt fer til helvítis eða hvað?

Já, og fagna eins og það sé ekkert á morgun ...

Eru það ekki spes postular?

(Hlátur)

Og varðandi yfirtöku postulanna á pakkhúsinu, þá er eins og enginn listamannanna komi og segi „nú tek ég yfir þetta helvítis hús", eða eins og hvorki mikil andstaða við fortíðina, ekki allavega á þennan klassíska hátt, né er heldur mikil framtíðarsýn, þannig að postulinn er svolítið sprengdur upp eða hvað?

Já, ætli það ekki.

En hins vegar er eitthvað alveg nýtt að gerast, hvað sem það nú er, einhver tengslamyndun við húsið sem er kannski pínulítið ný. Eða hvernig tengirðu þig húsinu í verkinu?

Mér finnst rosalega skemmtilegt að sýna hérna, og ég hef mikið pælt í þessu, af því að mér þykir mjög skemmtilegt að gera svona event fyrir utan söfn, úti en svo hugsaði ég með mér um daginn að svona söfn henti mér mjög vel, sérstaklega svona salir, þeir passa mér vel af því að ég er búin að gera svo mikið af videó-innsetningum. Ég er mjög spennt yfir því fá alveg það speis sem ég þarf, það er svo sjaldan sem maður fær svona speis til að láta þetta vera eins gott og það getur verið ....



Þú ætlar ekki að sprengja húsið utan af þér, sprengingarnar eru í einhverju öðru ... kannski svona innri sprengingar, sem er erfiðara að koma auga á?

Já akkúrat, ég held að það sé málið. Í dag þá er fólk meira að gera bara sín myndlistarverk frekar en að vera mikið í samtali við það sem er að gerast í dag, eða í samtali við fortíðina. Það er ekki mikil uppreisn í gangi, það er allt frekar svona rólegt.

Þannig að nú er þá kannski meiri tími til að bara vera, dvelja innan aðstæðnanna. Því það er mikil samræða í gangi annars staðar, t.d. á milli þín og sýningarstjórans og á milli listamannanna eða hvað?

Já, það er rétt og það er það sem mér finnst alveg brilljant við þessa sýningu.

Að það sé svona innri samræða?

Já, og fólk er líka á sömu bylgjulengd og virðist vera frekar sammála um hvað það er sem það vill gera, um að það vilji gera svona sýningu hérna, og um að það eigi að vera meiri kaós. Það er kannski samtal sýningarinnar við fortíðina.

Það eru í listheiminum og oft á svona söfnum miklar væntingar til svona stórra sýninga, væntingar um að þær brjóti blað og vísi fram á við. Er ekki erfitt að standa undir slíkum væntingum?

Jú, það er það.

En möguleikinn á að standa ekki undir væntingum er eins og orðinn hluti af ferlinu, finnst þér það létta eitthvað á?

Já, og mér finnst þetta eiginlega vera orðið skothelt! Sýningarstjórarnir eru hluti af sýningunni og þeir sjá um samræðuna við safnið og það tekur af okkur listamönnunum álagið af slíkum samræðum. Þetta eru því fullkomin skilyrði fyrir myndlistarmann að sýna í og okkur líður öllum eins og við séum ekki í því umhverfi sem við erum í ...

Þannig að þið getið þá kannski einbeitt ykkur bara að þessari innri samræðu í stað þess að vera í þreytandi umræðu um markmið og markhópa og allt það?

Já, akkúrat, ég þarf ekkert að spá í það, sem er alveg frábært, því ég held að það meiði listaverkið og sýningar þegar maður þarf að vera að pæla í því öllu líka, það hefur ekki jákvæð áhrif. Þetta er hins vegar alveg opið speis.

Nú ert þú búin að vera í nokkuð reglulegum samskiptum við strákana, er þá hugmyndin þín búin að fara í gegnum stig breytinga?

Já, en hún var samt mjög skýr sýnin mín strax í byrjun, sem er mjög skrýtið kannski, en ég held að það segi manni eitthvað um skilyrði sýningarinnar, því stundum þegar skilyrðin eru erfið er enginn svona skýrleiki í gangi.

Hvað gerist síðan þegar þú ferð tæknilega að eiga við kvikmyndavélina og halda áfram með ferlið?

Þegar ég hef verið að gera svona innsetningar hefur umgjörðin verið svipuð alveg frá upphafi og ekki mikið breyst þangað til ég fer að gera verkið sjálft, en þá fer yfirleitt eitthvað að breytast. Og ég hlakka mikið til að byrja og sjá hvað verður.

Þú ætlar að vera búin að gera myndirnar þegar þú færð salinn, er það ekki?

Jú, en ég ætla að hafa það svolítið opið, ég ætla að vera með einhverjar dagsetningar á meðan er opið, kannski 3 tíma á dag til að taka upp inni í innsetningunni og ég er með eitthvert handrit í byrjun. Ég ætla að gera handrit að nokkrum senum, það verða senur í mismunandi sjónvörpum og vörpum, en þetta verður ekki narratívt, maður sér bara kafla hér og þar ...

Kannski eins og ruglað kvikmyndaferli þar sem propsið er eini fasti punkturinn?

Já, þetta fannst mér svolítið málið. Eins og myndlistarmaður sem er að gera bíómynd sem verður aldrei bíómynd, heldur eitthvað annað, vídeóverk kannski. Mér finnst gaman að sýna það ferli, hvernig slík bíómynd verður til í einhverju abstrakt speis með fáum föstum punktum.

Heldurðu að það verði einhver dýr þarna, verður þetta eins og Eden í Hveragerði?

Já, einmitt svolítið eins og Eden! Það verður einhver nærvera af dýrum en maður sér þau ekki, hefur bara á tilfinningunni að þau séu þarna einhversstaðar.

Geturðu nokkuð lýst aftur fyrir mér hvernig þetta á að vera með framtíðarmyndina?

Ef maður hugsar um þetta sem framhaldssápuóperu, þá sér maður á opnuninni kannski 5 þætti, 2 í sjónvapi, 3 í myndvörpum, og svo yrði aftur tekið upp eftir opnunina, framhald af því sem er á opnuninni.



Þannig að þetta er lifandi stúdíó sem er komið þarna upp í safnumhverfinu og er innri afþreying þess, sjálfu sér nægt, framleiðir sína eigin sápuóperu. Getur það rímað við það sem við sögðum áðan, að samræðan sé á einhvern hátt innhverf, ekki í þeim skilningi að hún sé lokuð heldur frekar að hún sé í öðrum takti? Það er margt sem við eigum eftir að tala um í listum, og nauðsynlegt að fá næði til að pæla kannski aftur í hvaða efni við erum með, hvað við erum að hugsa og skynja og ekki rjúka alltaf strax út í samræðu um hlutverk og tilgang listarinnar. Í þessari sýningu er eins og maður eigi að geta dvalið aðeins við einhverja sýn, sína eigin og annarra en ekki fengið á diski einhverja „yfirlits-framtíðarsýn".

Já, fyndið, maður fær engar yfirlýsingar út úr þessu!

En hvað þá?

Mér líður oft eins og maður sé að spá einhverju, maður sé með einhverja sýn og svo gerist það, maður hefur innsýn eða spá um eitthvað ... Já, það eru allir að sjá eitthvað, en allir eitthvað ólíkt og það er mjög flott hvað, virðast vera mismunandi tegundir af tjáningu uppi og niðri á safninu.

En hvaða sýn er það sem mögulega kemur út úr sprengdu sjónvörpunum? Þú ert með leifar af framtíðarmyndum, props og húmor, er það kannski gamla framtíðarsýnin komin í þrot?

Já, komin í þrot, upphaf og endir hennar, fortíð og framtíð.

Og samt er verkið engin yfirlýsing um að allt sé komið í þrot, eða hvað? Það er þarna nýtt líf og frumskógur ...

Já, eitthvað sem er alltaf í gangi en er samt líka búið. En maður er búinn að hugsa svo oft að allt sé búið og að ekkert nýtt sé að gerast, en samt heldur það alltaf áfram...

Nú bjóstu bæði í Los Angels og New York og varst í tengslum við „það sem var nýtt að gerast"m hvernig fannst þér að vera í því?

Mér fannst það mjög skemmtilegt upp að vissu marki, maður átti í mörgum áhugaverðum umræðum og samtölum um það allt saman og tímana. Ég fékk eiginlega meira út úr því í New York því þar var meira af skemmtilegum pælingum í gangi og tengdar fræðunum en úti í Los Angeles var allt meira svona loftkennt.

Varstu meðvitaðri um þig sem listamann í New York?

Maður var meira tengdur við jörðina í New York, í L.A. meira fljótandi.

Hafðirðu meira andrými í L.A. til að verða til?

Já, en kannski aðeins of mikið, maður vissi eiginlega ekki hvar maður átti að byrja, það var endalaust speis, sem var svolítið skrýtið.

En skiptir það þig máli að vera meðvituð um hvar þú ert og hvers konar listamaður?

Já, algjörlega, og það er eins og maður hafi farið í gegnum það allt en svo eins og hent því frá sér og muni núna ekki alveg að hverju maður komst, eins og maður sé í dálitlu blakkáti á Íslandi, kemur heim og fer dálítið úr samhengi eða inn í eitthvað annað samhengi og það er dálítið magnað.

Kannski jafnvel bara meira eftir óbeinum leiðum, hugsanatengslum. Það hafa ekki beinlínis verið svona hrein og bein samtöl á milli fólks, hvað það er að fara að gera og hvernig það tengist, það er mikla meira í huganum sem myndast einhver heildarsýn.

Þú hefur ekki þurft að gefa nákvæma tæknilega útlistun á hvernig þetta muni vera hjá þér en þér er alveg treyst fyrir því að það muni eitthvað gott gerast. Og þú treystir þér líka og segir að það verði einhver heildarsýn!

Já, algjörlega og þetta er alveg magnað traust. Maður er einhvern veginn ekkert að efast ...

Ertu búin að þjálfa upp slíkt traust á því að ein sýn muni skarast á áhugaverðan hátt við aðra?



Já, ég held að traust sé mikil þjálfun. En ég hef reyndar ekki pælt í því hvort mín sýn muni skarast inn í sýnir annarra, það er bara eitthvað sem ég trúi að muni gerast, að þegar allt er komið upp að þá verði það. En ef það gerist ekki en verður allt aðskilið, þá er það líka í lagi. En ég held einhvern veginn ef maður hikar þá sé allt í einu kominn möguleiki á að það verði ekki eins og maður vill hafa það, en ef maður bara ákveður að svona skuli það ganga upp, þá geri það það!

Labba yfir vatnið bara í algeru trausti!? Það er athyglisvert að allir þessir ungu listamenn vaði bara beint út í opinn dauðann, tíminn styttist og enginn búinn að gera verkin en segja hvað þetta verði stórkostlegt og gaman að þessu!

Já, það er magnað hvað það er mikið, traustið!

Eins og tillögurnar hjá öllum voru óskiljanlegar!

Já, það er merkilegt með svona tillögur, það er eins og maður haldi alltaf að maður sé bara að skálda eitthvað og þær séu algjört rugl, en svo helst einhvern veginn það sem maður setur niður á blað alveg í gegn.

Skiptir samhengið þig miklu máli núna, hverjir aðrir eru með í sýningunni og allt það?

Já, mér finnst það breyta rosalega miklu! Svona samsýningar eru alltaf á einhvern hátt eins og einn hugur og það skiptir máli að það sé samræða á milli og að verkin lyfti hvert öðru upp. Og ég hef tilfinninguna á að það gerist í þessari sýningu, því mér finnst eins og það séu tengingar alls staðar.

Tengingarnar koma fram og myndast í samtölum en líka eftir óbeinum leiðum eða hvað?

**Hvaðan kemur það?**

Það sem maður setur fyrst niður á blað kemur þegar maður leyfir sér alveg að ímynda sér eitthvað, óraunveruleg fantasía sem kemur upp í hausinn. Svo setur maður hana niður á blað og bara hlær og heldur að það verði ekkert úr þessu. Eins og verkið hans Ragga, fyrst hélt maður að það væri bara einhver draumur, en svo er einhver fylgni.

**Þarftu þá að fara inn í það og fylgja?**

Já, og ef allir tala um það og halda áfram að tala um það verður það með tímanum eitthvað raunverulegt.

**Er eitthvað úr draumum þínum sem nærir þetta ferli?**

Já, það er eitthvað úr draumum og ég hef gert verk sem eru beint úr draumum, eða þessu ástandi á milli svefns og vöku. Svo fór ég á námskeið hjá Marinu Abramowich og þar átti maður að gera ekki neitt, ekkert borða, ekki drekka vatn, ekki reykja en bara fá hugmyndir. Það kom fullt af hugmyndum en manni leið alltaf eins og það væri bara bull. En ef maður er góður listamaður þá getur maður látið hvaða hugmynd sem er verða að einhverju. Ég hef stundum pælt í því að hugmyndir eru ekki aðalmálið.

**En væri ekki erfiðara fyrir þig að fylgja ruglinu í Ragnari eða hans hugmynd?**

Jú, hugmyndin þarf að koma frá manni sjálfum til að maður nenni að framkvæma hana. Stundum sér maður aðra gera það sem maður sjálfur hafði fengið hugmynd um, eða maður hefur fylgt eftir hugmyndum annarra, en þá er eins og þær eigi ekki við mann, það virkar ekki eins vel.

**En auðvitað hljóta hugmyndir alltaf að smitast á milli og kannski erfitt að greina upprunann. Bað Marina ykkur um að skrifa hugmyndirnar sem þið fenguð niður á blað?**

Já, við teiknuðum og skrifuðum allt niður. Svo fórum við yfir það allt saman eftir 3 daga þegar loksins mátti tala og allir útskýrðu sínar hugmyndir en svo þurfti maður að velja þrjár úr til að fylgja.

**Fékkstu margar hugmyndir?**

Já, ég fékk heilan bunka, það var algjört flæði. Ég fylgdi eftir því að vera fréttakona, opnunin var í kirkju og ég var svona mjög extrovert fréttakona í mjög nánum og persónulegum viðtölum sem svo hljómuðu um alla kirkjuna. Það voru aðrar hugmyndir sem ég ætlaði að fylgja og fannst betri en þessi var sú sem eitthvað varð úr.

**Varð umræða um það af hverju þessi var valin?**

Nei, það bara fóru allir að gera sitt, það var aldrei meiri umræða og svo bara jógaæfingar. Þetta var rosalega skemmtilegt og áhugavert en það fylgdi eiginlega enginn þessum reglum, það sprungu allir einhvern tímann.

**Hefurðu notað þessa aðferð síðar?**

Nei, ég hef nefnilega aldrei gert það, en mig hefur oft langað til að gera það.

**Þetta er kannski aðferð sem oft hefur verið notuð í gegnum tíðina, eða einhverjar álíka, að fara í trans og dansa, taka inn eiturlyf...?**

Já, og maður fór líka að sjá einhverjar sýnir þarna.

**Kannski var verið að reyna þetta líka í reifinu. Þegar strákarnir fóru að tala um það við mig var ég á Ítalíu að horfa á gömul veggmálverk af fæðingartjöldum og þau minntu mig á sirkustjöld en líka reiftjöldin. Tjöld þar sem eitthvað gerist, eitthvað fæðist, kannski einhver sýn ...**

Og þessi sýning er opið space.

Ég er nú reyndar byrjuð! Meira að segja þessi sýning úti á Gróttu sem ég tók þátt í núna um daginn, ég notaði hana svolítið sem undirbúning fyrir þessa sýningu. Svo þetta er allt farið í gang.

**Þessi löngun til að lykta eftir því hvað er í gangi, endalausir litlir ping pong leikir og tengingar, er þetta hluti af því hvernig þú vilt vinna? Lærðirðu það úti í Ameríku?**

Ég held að ég hafi pottþétt þjálfast upp í því þar og haldið svo áfram að þróa með mér þessa vinnuaðferð.

**Hvernig var þetta þar?**

Ég fékk alls konar svörun frá mismunandi kennurum og það hafði áhrif á þessa vinnuaðferð. Það að vita ekki alveg, en treysta einhverju og fylgja því eftir. Það voru nokkrir sem komu inn sátt og öryggi hjá mér.

**En kemur ekki upp svona panik eða hræðslukast sem ógnar þessu öryggi? Myndi þér ekki þykja leiðinlegt af þessi sýning yrði misheppnuð?**

Jú, manni fyndist það alveg hræðilegt, en ég trúi bara ekki að það geti orðið! Og það er alveg magnað, af því að maður ber ekki ábyrgð. Í Gróttusýningunni leið mér eins og



ég bæri ábyrgð og var þess vegna hrædd en núna er þeirri hræðslu alveg haldið fyrir utan mig og ég ber enga ábyrgð nema á mér. Og ég er alveg viss um að þetta verður rosa fínt. Og það er enginn í neinni samkeppni og það er svo skemmtilegt. Það eina sem gæti misheppnast væri tilraun einhvers til að vera bestur!

Og hvað sem verður þá stendur sýningin eftir sem traustsyfirlýsing!

Já, og hún gæti orðið að einhverskonar stund sannleikans þar sem allir viðurkenna að þeir hefðu alveg getað gert betur, því manni finnst alveg oft að margt hjá manni sé flopp en ég held að þessi sýning í heild geti ekki orðið slöpp eða leiðinleg. Þegar maður er búinn að vera myndlistarmaður í einhvern tíma þá langar mann til að tala sinni röddu og segja sitt og það er svo gott að það sé ekkert verið að þvinga mann til að ganga inn í eitthvert „sameiginlegt verk", ég er alveg búin að fá nóg af því.

Er kannski búið að drepa sýninguna sem slíka samsýningu í huganum margoft svo núna hafið þið engu að tapa?

Það sem maður gerir er bara málið og það verður það hvað sem maður gerir. Ég hef ekkert pælt í áhorfandanum eða hvað fólki á eftir að finnast. Í bili er maður bara svo ánægður með að fá frið og traust til að gera sitt og það verður aðalatriðið.

Ætlar ekki bróðir þinn að mæta?

Hann hlýtur að mæta og honum finnst þetta fyndið. Hann hefur sagt mér margt skemmtilegt um myndlistarhliðina á Pakkhúsi postulanna sem var og það er ýmislegt sem ég hafði aldrei heyrt um og sem fáir muna. Það eru rosalega fáar myndir frá þessum tíma en hann man alveg eftir þessu.

Já, það er skrýtið og eiginlega ekkert á netinu og Unnar fann bara eina grein í tímariti eða tvær og Huginn finnur hvergi lógóin!

Já, þetta er eiginlega allt bara posterar í einhverjum kössum.



# Magnús Árnason

Huginn og Oddný hittu Magnús Árnason [illegible] í lok júlí og ræddu um myrkur og meistara. Samræðan varð mjög löng og andrúmsloftið svo þrungið einhverju mögnuðu að það gleymdist að fara út af safninu svo öryggiskerfið fór í gang. En öryggisverðirnir komu ekki fyrr en löngu síðar, alveg freðnir af fjöllum, en þeir sömu sjá um öryggisleit við landamærin.

Oddný: Mig langar til að biðja þig að lýsa þinni tillögu og því hvernig hún hefur þróast eða hvort hún hefur þróast og hvernig þú sjáir verkið núna fyrir þér í rýminu?

Magnús: Hún er auðvitað búin að þróast eitthvað, það gerist iðulega. En þetta voru svo margar spurningar, geturðu ekki bara komið með eina í einu?

O: Jú, þá spyr ég bara svona, getur þú lýst verkinu?

M: Í tillögunni var ég að koma mér hjá því að vera með tillögu og var lýsing á því af hverju ég gæti ekki verið með hreina og klára tillögu.

O: Hver var sú lýsing, skýring?

M: Að ég vinni yfirleitt beint inni í rými og að hugmyndin breytist svo hratt, sé á svo mikilli ferð að það sé eiginlega ekki hægt að koma með einhverja skýra tillögu hálfu ári áður. Ég lýsti því bara af hverju ég gæti ekki verið með tillögu um hvítan marmarahest á stöpli.

O: Nú bíða listamennirnir enn fyrir utan og ekki búið að opna safnið, geturðu þá eitthvað frekar lýst verkinu núna eða því sem þú ímyndar þér eða finnst að þú munir gera?

M: Ja, svona einhvern veginn kannski. Ég verð með gjörning og innsetningu tilheyrandi honum fremst í A-salnum, römmuðum inn af fjórum súlum. Ég er búinn að tileinka mér það rými og þar verð ég með einhverja bólu hangandi í loftinu og úr henni koma einhverjir þræðir sem einhver aðili mun væntanlega hafa með að gera.

O: Einhver aðili, áttu þá við embættismann?

M: Já, kannski. Nei, ég meina performansaðilann.

O: Ert þú ekki þessi aðili?

M: Nei, alls ekki.

O: Og grunar þig ekkert hver hann gæti verið?

M: Hann er vanur að birtast bara og láta allt í einu sjá sig.

O: Svo þú vinnur með óvissu elementið í [illegible]

M: Nei, ekki beint.

O: En þú bíður og bíður eftir því að einhver gefi sig fram.

M: Nei nei, það er ekkert þannig. Ég veit alveg hver þetta er.

O: Vilt bara ekki segja það?

M: Nei. Hann mætir bara þegar hann mætir. Hann er ekki fæddur enn þá.

O: Er það karakter? Steinaríki, jurtaríki, dýraríki?

M: Já.

O: Og hvað nærir hann í fæðingarferlinu?

M: Hvað meinarðu? Kaffi og sígarettur.

O: Hefurðu gert einhverjar tilraunir á sjálfum þér á meðgöngunni?

M: Ekki efnatilraunir, en með sjálfan mig. Þeir fundu upp þetta frábæra orð „Performative installation" eða gjörningaleg innsetning og í slíku fyrirbæri fæðist allt á sama stað. Karakterinn, heimurinn hans og leikmunirnir sem skilgreina hans stað.

O: Meðgönguferlið er þá innan í sýningunni, það er sýningin?

M: Já, ferlið er núna en vinnuferlinu verður lokið.

O: Æ, ég ruglast alveg, þetta eru eiginlega þrír tímar: Undirbúningsferlið núna, vinnuferlið innan í rýminu og síðan gjörningaferlið í sýningunni. Á mesta vinnan sér stað í tíma tvö hjá þér?

M: Nú er ég líka pínkuponsu lost.

O: Þú segir að hann og heimurinn hans fæðist á sama tíma, en á hvaða tíma, hvar?

M: Heimurinn er náttúrulega búinn að vera í vinnslu í nokkur ár, sjálfur stóri heimurinn. En þetta verður bara bútur af honum, angi út úr honum. Stóri heimurinn er ekki til sýnis en bara sýnd lítil mengi úr honum.

H: Geturðu púslað sýningunum saman í einhverja sögu eða heild?

M: Nei, þótt þær séu hluti af sömu sögunni.

O: Og þú vilt ekkert skrifa bara söguna af stóra heiminum eða segja hana sí svona, er það?

M: Nei, stækkar bara og heimurinn alltaf að bætast í hann.

O: Það er þá ekki hægt að lýsa honum í neinni heild, hann er ekki í heild?

M: Hann er algjörlega kaótískur. Ég er ekki að vinna með strúktúrheim með reglum.





O: Er einhver stemning í honum sem þú getur samt lýst? Ef þú ímyndar þér að þú sért gamall og minnislaus maður á listasafni og sért leiddur á milli ólíkra listheima og þar á meðal um þinn frá því þú varst ungur, hverju gætirðu þá ráðið að væri þinn listheimur?

M: Hvernig myndi ég muna það? Það er náttúrulega bara einhver ákveðinn myndheimur, eða frásögn, útlit, efni eða handbragð sem maður hefur skapað sér eins og allir myndlistarmenn gera.

O: En geturðu lýst þínu einstaka handbragði? Ég veit að þetta er ómöguleg spurning.

M: Það er myrkur. Og heimur minn er líka að einhverju leyti lífrænn.

O: Finnst þér þú hafa tekið hann í arf einhvers staðar frá?

M: Ég veit það ekki. Ekki beint í arf. Heimurinn er búinn til úr svo mismunandi straumum sem koma inn og það fer eftir því hvar maður hefur verið, hvað maður hefur gert. Og mér finnst bara mjög þægilegt að vera í myrkri. Sitja í myrkri og hlusta á tónlist. Ef ég er einn heima þá slekk ég á öllu. Svo er það náttúrulega bara Ísland með öllum sínum skrýmslasögum og draugasögum, að vera úti á landi í myrkri, stormi og byl.

O: Ekki myrkfælinn?

M: Nei

O: En þú myndir ekki vilja vera blindur samt, í algjöru einkamyrkri, þú vilt búa þér til myrkur?

M: Ég held það séu ekki margir sem vilja vera blindir! En ég hef oft spáð í það hvað maður myndi gera ef maður þyrfti að velja á milli þess að verða blindur og heyrnarlaus. Ég myndi held ég velja að verða blindur.

O: Athyglisvert að vera myndlistarmaður og velja frekar vera blindur.

M: Það er bara örugglega svo erfitt að heyra ekki neitt. Að sjá en með engu í.

O: Hvernig finnst þér tilhugsunin um að vinna í þessu húsi?

M: Bara fín. Ekkert öðruvísi en í öðru húsi. Maður tekur bara afstöðu til rýmisins þar sem er búið að planta manni, að öðru leyti skiptir það ekki máli. Súlurnar í rýminu þar sem ég verð eru bara þarna.

O: Þú virkjar það þá ekki, velur það ekki, ekki frekar en þú velur að vera blindur?

M: Virkja hvað?

O: Ekki á landsvísu allavega.

M: Það er ekkert leiðinlegra en fjórir hvítir veggir svo mér finnst fínt ef það er eitthvað annað.

O: En tekurðu hina listamennina eitthvað inn í myndina? Hvernig virkar þú í svona samlífi?

M: Ágætlega þakka þér fyrir! Þeir eru bara þarna og eru að vinna að sínu. Mitt rými verður á einhvern hátt afmarkað, það verður einskismannsland á milli.

O: Gerirðu mikið af því að hugsa um myndlist og vinnuferlið við sýningar[illegible] og slíkt?

M: Ég skil ekki hvað þú [illegible]

O: Þú ert með þennan [illegible] hatt, hvaðan kemur hann?

M: Þessi hattur kem[illegible] sjóarahúfa.

O: Veistu hvað hún [illegible] spádómshúfa?

M: Nei, en hattar hafa [illegible] minn frá því ég var lítill. Ég sv[illegible] heim. Mér finnst ég óklæddur ef ég er ekki með hatt. Þá vantar eitthvað.

O: Margir postular eru með hatta. Jesús var að vísu bara með þyrnikórónu.

H: Andy Warhol bara með hárkollu.

O: Hver eru tengsl þín við postulana í myndlistinni?

M: Ég hef nú bara ekkert spáð í það og spái yfirhöfuð lítið í svona hluti.

O: Jæja, þá er nú tilefni til þess núna!

M: Ég sé nú samt litla tengingu á milli hattsins míns og postulapælinga.

O: En finnst þér flott að mönnum liggi eitthvað á hjarta sem myndlistarmönnum? Liggur þér eitthvað á hjarta?

M: Mér liggur ekkert mikið á hjarta og ég vil segja sem minnst. Ég vil að verkið segi ekkert beint út.

O: Það getur samt talað til áhorfandans, þótt það séu engin skilaboð, bara eitthvað út úr myrkrinu?

M: Ég er ekki að koma neinu á framfæri beint. Ég byggi það sem ég geri samt á einhverju sem ég hef fyrir mig og það skiptir engu máli hvað ég var að hugsa, mitt krot á blöð.

O: En hlýtur samt ekki að anda af verkunum einhverju?

M: Jú, það eru einhver element, sem eru kannski ekki neitt en eru samt eitthvað, sem bara kemur. En mér finnst pólitísk list bara vera leiðinleg og ömurlegur þessi áróður um að myndlistin eigi að breyta heiminum.

O: Þú ert þarna samt með hattinn og ert móðir karakteranna og eitthvað gengur þér til. Þú ert mættur [illegible] sýninguna og þig langar til að menn stígi frá einskismannslandinu yfir í þinn heim, er það ekki?

M: Jú auðvitað því maður er búinn að velja þessa leið og vill að heimurinn stækki og fólk sjái hann.

O: Hvað ertu að gera með þér til heimunum, hvaða myrkri?

M: Það er svo gaman að geta haft þau áhrif á fólk að það fái einhver hughrif af myrkrinu. Að það sé upplifun að koma inn í það. Það að geta haft einhver hughrif á áhorfanda og verða þess valdandi að eitthvað gerist innra með honum og kalli á svörun hans, það er mjög magnað.

O: Heturðu upplifað að þetta virki ekki, að hafa ekki hughrif?

M: Ég hef verið svo mikið inni í þessu þegar ég er að performera að ég hef ekki getað staðið fyrir utan og dæmt um það.

O: En finnurðu það ekki?

M: Jú, en oft er ég samt í einhverjum búningi og sé ekki neitt eða heyri ekki neitt, dottinn í einhvern allt annan heim og það er ekkert þarna lengur. Stundum rata ég ekki um rýmið, með stóra grímu og allur málaður í framan, hökti um svæðið eins og dúkka sem er stjórnað af einhverjum spastískum á myrku karnivali.

O: Áhorfandinn [illegible] og listamaðurinn [illegible] og kannski ekkert nema [illegible]

M: Það er ekki kolniðamyrkur! Það er gott að sjá eitthvað. En samt ekki of mikið.

O: En sérðu þær? [illegible]

H: [illegible]

M[redacted]

[redacted]afi

[redacted].

M/O: Í minnismyrkri.

[redacted]

M[redacted]



O: Hvernig er hnefinn?

M: Svona...og svona ...í reifinu... en þetta er Jón Leifs! Hiti, sviti og keyrsla.

H: Er ekki eitthvað trúarelement í dauðarokki?

M: Það er dýrkun.

O: Dýrkun á hverju?

[redacted]

M: Hvítblæði í öllu þessu svarta. Fyndið að segja í öllu þessu svarta því þetta er allt svo ljúft fólk, orðnir pabbar og afar og drekka ávaxtate! En samt ennþá að safna hári.

O: Hrafnhildur varð fyrir áhrifum af hárinu í þungarokkinu og það mun vaxa hérna á sýningunni. Ætlarðu að fá þér þungarokkshúfu með hári niðrúr?

H: Eins og Ruud Gullit-húfurnar voru!

M: Nýjasta nýtt er Jón Ásgeir-húfan, sítt að aftan í teygju!

Talið berst til Vínar eftir pásu.



M: Það eru ótrúleg tengsl á milli Íslands og Vínar, einhver leynileg undirgöng sem ekki oft er talað um. Það byrjaði með Dieter Roth sem flutti inn Hermann Nitsch og upp frá því fór Nýlistargengið að gera Íslandssymfóníuna, þau fóru til Austurríkis og tóku upp í kastalanum og gáfu út allar þessar plötur. Svo var Franz mikið hérna og núna eru fullt af íslenskum myndlistarmönnum í Vín.

O: Hvernig postuli var Franz Graf, kennari ykkar í Vín?

M: Fólk safnaðist í kringum hann án þess að hann vildi það. Hann var að vísu alltaf með einhverja útvalda í kringum sig en allir hinir bara söfnuðust að honum og dýrkuðu hann. Hann var ekki mikið í samskiptum við þetta fólk. Ef maður vildi vera í samskiptum við hann þá þurfti maður að bera sig eftir því. Þora að fara inn á skrifstofu og tala við hann. Og það þorðu það ekki margir.

H: Hann hefur goðsögulegan stimpil á sér í borginni. Menn spyrja með dulúð: Ertu í Franz Graf bekknum og hvernig er hann?

M: Það var litið á bekkinn hans sem bara algjört rugl. En það var mesta fjörið og orkan í þeim bekk.

O: Hvað gerði hann til þess?

M: Hann er góður vinur minn og ég get kannski ekki sagt til um það hlutlaust hvað hann gerði fyrir bekkinn. En á tímabili, þegar fyrrverandi ástkona hans var að kenna með honum, þá voru eldglæringar í bekknum. Og fólkið sem hann valdi var fólk sem enginn annar í skólanum hefði valið inn. Aðallega útlendingar, alls staðar að úr heiminum og margir að gera bara eitthvað rugl. Hann fílaði það.

H: Það var ein heyrnarlaus þegar ég kom í bekkinn. Kínversk og heyrnarlaus og alltaf með túlk.

M: Hann hlýtur að hafa fílað það alveg í tætlur!

O: Hvernig myndlist gerði hún?

H: Hún var svolítið mikið í Kína og var að vinna sig út úr því bákni og þeim táknum.

O: Hvernig talaði hann við hana?

H: Eins og hann gerir, í eins atkvæðisorðum, aðdáunarorðum. Maður heyrði hann aldrei vera eitthvað efins eða með blendna tilfinningu, það var alltaf annaðhvort eða. Einu sinni var ég að útskýra eitthvað

verkefni fyrir og hann sagði alltaf að það væri alveg frábært og að við yrðum að framkvæma það og svo sagði hann bara: Þetta er allt í vinnslu og út með þig. Hann sagði bara eina setningu um hvað hann teldi að ég væri að gera og vinna með en það tók næsta kennara þrjá klukkutíma í löngu spjalli að komast að sömu niðurstöðu. Hann hafði einhvern veginn þetta vald í sér að geta sagt hvort eitthvað væri fallegt eða ekki.

O: Og kannski ekkert hægt að rökræða um það?

M: Hann var samt opinn fyrir gjörsamlega öllu. Það voru níutíu manns í bekknum frá öllum heimsálfum - hann langaði svo til að hleypa öllum sem vildu inn í skólann af því að hann hafði sjálfur ekki komist inn í neinn skóla þegar hann var útlendingur. Og fólk var að gera mjög misjafna hluti, ég man eftir stelpu sem málaði bara bleik blóm og hann sagði bara alltaf: Frábært! Fallegt!

O: Var eitthvað sem honum fannst ekki frábært?

M: Ég veit það ekki, kannski fór það aðeins eftir skapinu sem hann var í. Stundum var allt alveg ómurlegt. En hann vildi bara að það væri einhver gerjun í bekknum. Hann sagði að bekkurinn væri prófessor alveg eins og hann og einu sinni gerði hann Ófeig sem átti leið hjá að prófessor og við lugum því að hann væri prófessor frá Danmörku og svo endaði á því að allir í bekknum voru alltaf að biðja hann um að koma og kíkja á verkin sín. Franz fannst það alveg frábært. Hann var svo kaótískur og eins og graftarbóla sem bíður eftir að vera kreist. En núna er búið að bola honum burt út úr skólanum.

O: Hvað er hann að gera núna? Er hann enn með hjörð í kringum sig?

M: Það er alltaf einhver sem passar upp á hann svo hann geti verið aðeins ábyrgðarlaus í lífinu.

O: Fólk sem vinnur þá líka með honum?

M: Nei, þar er hann alltaf með allt á hreinu. Og hann nennti ekki alltaf að vinna með fólki og vera endalaust að ræða um verkefnin og röfla, þá missti hann stundum algjörlega þolinmæðina og vildi bara fara af stað. Fara að gera eitthvað, láta eitthvað gerast.

O: Vannstu eitthvað með honum?

M: Ekkert þannig. Þegar maður fór í heimsókn til hans - og heima hjá honum voru haugr af dóti, þá fékk maður yfir sig fimmtíu geisladiska, tíu myndir og bækur og hann sýndi manni plötu sem Beuys gerði og allar Dieter Roth plöturnar og alls konar drasl. Sumt alveg fáránlegt eins og einhverjar sýrubíómyndir frá 1960 og alveg ótrúlega óléttuklámmynd.

H: Þessi umræða hjá honum um klám og fegurð var alveg ótrúleg.

M: Hann kemur úr umhverfi þar sem allt var prófað til að búa til myndlist.

O: Tilraunaeldhús myndlistarinnar? Svo mengið hans um myndlist hefur verið ansi bólgið?

M: Ég held að það sé gjörsamlega óendanlegt mengi fyrir honum og maður var mjög velkominn inn í það.

H: Hann var svo ótrúlega góður í að ýta á on og off takana á algjörlega réttu augnablikunum. Hann hafði hæfileika til að virkja einhverja orku í bekknum, espa hana upp og halda öllu í brjálaðri kaótík en slökkva svo algjörlega á rétta tímapunktinum. Og allt hafði það merkingu í glóbal myndlistarsamhengi.

O: Ég fór einu sinni í Lacaniska sálgreiningu í París og aðferðin gengur meðal annars út á að slökkva og segja: Hættum hér í dag. Og þá á maður að fara út en allt í gerjast í hausnum á manni.

H: Einu sinni sagði hann ekki stopp í tvo daga og allt var orðið brjálað í hávaða og málverkum og þessu og hinu og allir ofan í öllum en þá allt í einu sagði hann bara: Nú er þetta búið, nú lokum við þessu. En svo er hann alltaf að halda smá áfram og breyta á sínum sýningum og gefa verk út úr sýningunni. Gallerístanum fannst skrýtið þegar hann kom daginn eftir og þá var bara eitt verkanna horfið úr sýningunni. Hann kenndi manni aðeins að pæla í því af hverju væri mikilvægt að sýning hangi uppi fyrst allt pústið í dag er sett á opnunina?

O: En ef sýningin er alltaf að breytast, þá kallar það á áhorfandann aftur og aftur. Eins og við ætlum að gefa út áframhald á Póstillunni á meðan á sýningunni stendur.

M: En ef ekkert gerist á meðaá sýningunni stendur og enginkemur eins og á Kúbu þar sem var alltaf iað hvort sem var, þá er alveg eins gottð hafa bara eina uppákomu á opnun. Ég ófaði það einu sinni og það var fínt.

O: Hvernig var Franz klæddurþegar han kom á opnanir?

H: Mjög venjulega klæddur eitt sem ég tók eftir og það var lyklakippahans. Ég hef aldrei séð svona stóra lykkippu með eins mörgum lyklum.

M: Örugglega nokkrir tugir lya og hann þekkti hvern einn og einasta kil og var alltaf með kippuna á sér.

O: Smá valdatákn.

M: Nei, frekar óöryggi, hræðslvið að týna þeim ekki.

[redacted]

O: Ekkert andóf í því?

[redacted]

M: Ég held að það sé meira ei og hrekkur heldur en andóf. Ég held að sið geti alveg skolfið þegar koma þanð inn myndlistarmenn sem þykjast ki vita neitt hvað þeir ætla að fara aðera eða gefa ekkert upp og yppa öxlurMér finnst það fyndið en samt skiptir þaðig engu máli, mig langar ekki neitt til segja: Nú skulum við rústa þeim. Vinargamir sem

við töluðum um áðan voru í því að rústa. Maður gerir það ekki svo auðveldlega núna.

O: Hafiði áhuga á að sýna í opinberu rými?

M: Mér er alveg sama hvar myndlist er, ég nenni ekki að spá í það.

H: Það virðist vera tilhneiging hjá þér að fara út úr menginu sem þú ert settur í. Á Grasrót fórstu upp á þak, í Berlín fórstu ofan í kjallara. Er þetta kannski eitthvað andóf gagnvart því að vera í hópi?

M: Mér finnst mjög gott að vera aðeins út úr og rýmið sem hentar mér er alltaf út úr. [redacted]

H: Þú hugsar mikið um rýmið?

M: [illegible]

H: Í Klíng og Bang breyttir þú rýminu algerlega, reyndir að afmá þá staðreynd að maður væri í Klíng og Bang.

M: [illegible]

O: Rýmið [illegible]

M: Það er hluti af heiminum [illegible]

eitthvað ákveðið rými. Ég er mjög hrifinn af off-speisum. Ég var með vinnustofu í þröngum bílskúr, bara eins og í holu, en ég sýndi þar og það fannst mér mjög gott. Síðan var ég í Dvergnum. [redacted]. Ég sé mig ekki fyrir mér á hvítum stöpli. Það verður að vera eitthvað samhengi, einhver virkni. Kannski sér enginn þessa virkni en ég sé hana sem lífæðar sem tengjast í verkinu.

H: Þú sagðir mér að þér fyndist óþægilegt að fólk kæmi á vinnustofuna þína, af hverju er það?

M: Mér finnst það óþægilegt og vil ekki að neinn sjái hvernig það sem ég geri er búið [illegible]

O: Áhorfandinn [illegible]

M: [illegible]

O: [illegible]

M: Nei ég held ekki. Hlutirnir koma út úr [illegible]



# Helgi Þórsson




Unnar og Huginn ræða við Helga Þórsson [illegible] á Vesturgötu, klukkan er ellefu um kvöld og Helgi ný kominn úr 8 tíma keyrslu frá Austurlandi en Oddný gat ekki tekið þátt í spjalli af því að hún er farin hina leiðina austur.

Unnar: Geturðu kannski byrjað á að lýsa verkinu?

Helgi: Ég er ekkert byrjaður á því.

Huginn: Geturðu kannski farið aðeins yfir tillöguna sem þú sendir okkur fyrst manstu? Svona hvaða sýn þú hafðir á þetta þá?

HÞ: Já, þá, nei, ég notaði hana eiginlega í aðra sýningu.

H: Já, einmitt þú gerðir það þarna í Kling og Bang?

HÞ: Já, ég gerði það, það voru engar djúpar pælingar á bak við neitt þar.

U: Geturðu lýst aðdraganda þeirrar sýningar fyrir okkur?

HÞ: Ég var að búa til umslag fyrir hljómsveitina Evil Madness, það voru einhverjar teikningar, dót og fígúrur sem ég var að gera á þetta umslag og var að vinna þetta í fótósjopp. Sú vinna var fyrir framan mig þegar ég fór að gera tillöguna og ég ákvað bara að nota hana, en svo breytti ég einhverju af þessum teikningum í þrívíða hluti, því það var meira í áttina að þeirri stemningu sem ég var að reyna að ná í gegn.

U: Hvað hét sú sýning?

HÞ: Hún hét ekki neitt, en þeir settu nafnið Helgi Þórsson á skrána. Ég var með einhverja titla í huga en það var bara allt svo tilgerðarlegt.

U: Geturðu samt nefnt einhvern titil?

HÞ: Æ, ég man ekki hvað það var, eitthvað um einhverja mannapa...

U: Það voru á sýningunni einskonar teikningar eða málverk á veggjunum og síðan smíðaður skúlptúr, var það ekki?

HÞ: Já, tveir skúlptúrar og eitt málverk, þetta var eiginlega trúarlegt eða frumbyggjatrúarlegt, eitthvað svona tribal, með smá diskó ívafi.

H: Træbal diskó?

HÞ: Já, en samt var ekkert mikið diskó í því og munstrin ekkert voðalega træbal sem ég notaði. Ég var bara að prófa að taka eitthvað litið, einhver munstur og dót sem maður






getur auðveldlega gert í tölvunni, og reyna að gera það stórt, ég var að búa til skapalón og fikta svo eitthvað við það. Munstrin komu út frá vinnunni við þetta umslag sem ég gerði og átti að passa við tónlistina, meira heldur en að vera einhver sýning. En allar þessar teikningar sem ég geri eru svolítið sækadelískar, ég veit ekki hvernig það byrjaði eiginlega, er bara eitthvað í manni...

U: Og þú þaktir veggina með þessu munstri?

HÞ: Já, en samt hefði ég getað þakið þá miklu betur, ég sé það eftir á og það er eiginlega stefnan fyrir sýninguna í Hafnarhúsinu að halda áfram með það og reyna að taka það aðeins meira yfir strikið og blanda síðan einhverjum öðrum hlutum sem eiga kannski ekkert heima með því. Ég er með fullt af orgelum og drasli úti í Hollandi og kannski get ég notað þau eitthvað. Svo er ég líka með einhvern elg, svona fondú-elg og mig langar svolítið til að nota hann, hann hefur ekki fengið þá athygli sem hann á skilið finnst mér, ég hef ekkert notað hann mikið hingað til.

H: Já, elgur sem virkar svona eins og fondúpottur, er það ekki?

HÞ: Jú, það er hægt að matreiða í honum fondú, svo er diskur sem snýst, svona snúningsdiskur sem maður setur mat á. Ég notaði þetta fyrir performans fyrst og þá var vídeóskermur sem á sást hvað ég var að kokka, eins og innan í elgnum. Ég var að búa til heitt kakó og þetta fondú...

U: Var það ostafondú?

HÞ: Já, og við vorum tveir, við áttum að tala báðir en hinn talaði bara, talaði út í eitt og ég sagði ekki orð.

H: Hver var hinn með þér í þessum performans?

HÞ: Hann heitir Frank en ég man það samt ekki alveg...

H: Einhver félagi þinn frá Hollandi?

HÞ: Nei, ég þekkti hann eiginlega ekkert rosalega vel.

U: En elgurinn, stendur hann fyrir eitthvað, afhverju elgur?

HÞ: Nei, hann stendur í rauninni ekki fyrir neitt. Ég var í Frakklandi á einhverjum svissneskum fondú-veitingastað og sat undir elg og fannst það frábært, elgshaus er svo rosalega stór, klikkað stór en ég hef aldrei séð elg í návígi nema þarna og ég hélt þess vegna að elgir væru frá Sviss. Svo langaði mig bara að búa til svona svissneskan elg með fondú inn í, það var þannig sem það þróaðist. Svo þegar ég var búinn að gera hann var mér sagt að það væru engir elgir í Sviss, þetta var einhver misskilningur. Mér fannst það bara fyndið og hausinn minn heitir Sviss Fondú-hús.

H: En svo eru fleiri dýr sem hafa stoppað hjá þér, rækjan meðal annarra...

HÞ: Já, það er kokteilrækja en hún stendur núna í stúdíóinu úti í Hollandi, ég skildi hana bara eftir.

H: Er hún ekki tengd við einhvern mekanisma?

HÞ: Ljósin í augunum á henni snúast bara og það er svolítið flottur effekt, meira svona eins og hún sé að synda eða á hreyfingu, ef hún er í rými þar sem að maður sér ljósið. Ég var beðinn um að vera með skreytingar fyrir tónleika í sjónvarpinu og ég átti að sjá um að gera eitthvað umhverfi og þá datt mér í hug að búa til eitthvað sem væri með ljósum í, eitthvað kvikindi, en svo var þetta allt svo óþægilegt því að það var svo lágt til lofts þannig að halinn á rækjunni var alltaf út um allt svo hún þurfti alltaf að beygja sig, hún var í hausnum á áhorfendunum því þetta var alveg beint fyrir framan sviðið.

U: Kokteilpartýið og kokteilrækjan, rækjukokteillinn...

H: Svo er líka þvottabjörn, eða hvað heitir það, björn sem rýkur úr hausnum á?

HÞ: Já, svona villisvín, ég man nú ekkert hvað ég var að pæla þar, það er svo langt síðan ég bjó það til, það var aðallega bara af því að ég var með einhverja reykvél.

U: Varðst að smíða utan um reykinn, smíða utan um græjuna. Langar þig eitthvað að tala um tengsl þín við tónlist? Skipta þau tengsl einhverju máli fyrir þig, eru þau inspirasjón eða hluti af öðrum heimi?

He: Já, tónlistin sem ég er að gera og myndlistin hafa einhvern veginn ekki náð að tengjast mikið saman.

U: En þú ert ennþá að gera tónlist?

HÞ: Já, þetta hafa verið alltaf svona tveir heimar sem... En ég verð fyrir áhrifum af tónlist þegar ég er að gera myndlist, eins og í Roy Orbison-verkinu, en það var bara af því að ég var eitthvað að hlusta á Roy Orbison í stúdíóinu á meðan ég var að vinna.

U: Er það í fyrsta skipti sem það er svona bein tenging við tónlist í verkinu?

HÞ: Nei, nei, ég er líka búinn að búa til Johnny Cash og hann er á leiðinni á brettinu. Ég kallaði hann síðan aldrei Johnny Cash, hann var svo ljótur, þetta er bara svona kúreki. Hann verður kannski á sýningunni, ég veit það samt ekki, því kannski ef maður er með Roy Orbison og einhver orgel og allt það dót og svo Johnny, þá kannski verður það eitthvert þema og þarf þá að vera alveg sér, nema maður blandi því saman í eina súpu. Kannski býður það líka upp á möguleika ef maður er með þessi orgel og getur kannski fengið einhvern til að spila á þau, gera einhverja uppákomu þarna, ég veit það ekki, ég er allavega ekkert voðalega góður að spila á þetta sjálfur. Annars þegar ég var með þessi orgel fyrst þá var fólk alveg stanslaust á þeim og mig langaði eiginlega bara að slökkva á þeim.

U: Var fólk alltaf að spila á þau?

HÞ: Ég hélt að enginn myndi þora að fikta, en þetta var svona interaktív sýning og fólk hefur kannski komið með því hugarfari að það mætti taka þátt í verkinu, enda var mitt verk þannig. Það voru nokkur orgel og eitt orgelið var með fullt af tökkum og þú gast kveikt á ljósum og spilað.

H: Maður hefur nú séð svona orgel og það er eitthvað rosalega aðlandi við þau og mann langar til að fikta í þeim...

HÞ: Jú, þannig er það hjá mér allavega.

H: Með öllum skreytingunum og öllu sem því tengist, hvernig þú setur þau fram, maður verður alveg æstur í skreytingarnar, þetta verður svona skreytingaæsingur.

HÞ: Já, það getur verið, svipað og með skemmtarann, því fleiri takkar því meira langar mann að fikta í honum.

U: Gjafir til áhorfandans er eitthvað sem kemur aftur og aftur fyrir í verkunum þínum, heldurðu að þú verðir með einhverja gjöf núna? Þú nefndir fondúið og svo er það dvergurinn með bakkann eða álfurinn...

HÞ: Nei, þetta var nú bara svona smá tímabil með álfinn. En það getur verið að maður verði með eitthvað svoleiðis, allavega á opnuninni. En ég veit ekki með brennivínið, það er svo dýrt spaug. En það er nú eitthvert brennivín eftir á brettunum sem eru að koma send, ég held að það sé einhver risaviskíflaska ofan í einum kassanum og smá lögg í henni.

H: Smygl jafnvel?

HÞ: Það verður kannski allt tekið í tollinum.

U: Hugmyndin um barinn, verður hún eitthvað áfram núna?

HÞ: Ja, ég veit það ekki alveg, ég er sko svolítið að reyna að losna við hann af því að ég nenni ekki að festast alltaf í einhverju svona bar-hlutverki.

U: Nei, ég skil en hvernig sástu þennan bar fyrir þér í upphafi ?

HÞ: Þetta byrjaði með því að ég gerði svona ferðabar, sem var svona ferðataska sem maður opnaði og þá var strönd og pálmatré og ljós, þannig að maður þurfti eiginlega ekkert að fara neitt, maður gat bara verið heima hjá sér. Svo byrjaði fólk að biðja mig um þessa bari þannig ég festist í því. Og svo er voðalega auðvelt að fá fólk til þess að líka við mann ef maður er með fullt af brennivíni.

U: Fólki líður þá oftast betur.

HÞ: Já, en svo finnst mér líka bara voða gaman að gefa fólki eitthvað.

U: En það myndast líka ákveðin stemning við það. Ímyndum okkur bar sem safn, það aðtaka einhvern stað sem fólki líður vel á, allavega á einhverjum tímapunkti, og færa hann annað og að þá ósjálfrátt líði manni betur þar, eða hvað?

HÞ: Já, það er líka það og ég hef ábyggilega verið að gera það líka fyrir sjálfan mig því að þá þurfti ég ekkert að standa þarna við eitthvert listaverk og vera að tala um það, en gat bara verið að búa til kokteila, gera eitthvað annað.

U: En hvering sérðu barinn? Við erum búin að tala aðeins um hugmyndina um líkn, það að hjálpa fólki...

HÞ: Já, en það er nú bara til að fresta vandamálinu, brennivínið, er það ekki?

U: Er það bara til að freista, brennivínið?

HÞ: Já, nei, til að fresta. Manni líður þá vel í smá tíma en svo er maður að drepast daginn eftir.

U: Já einmitt, svona kvikk fix bara.

HÞ: Já.

U: En það er kannski líka eins og einhver sér heimur eða getur bar ekki verið eins og kirkja?

HÞ: Jú, kannski og það getur líka verið eins og trúarupplifun að vera fullur.

U: Já, maður kemst allavega í annarlegt ástand.

HÞ: Já.

H: Eitt sem þú sagðir í einu samtali sem við áttum þar sem ég var að reyna að útskýra fyrir þér þessar hugmyndir sem Finna og Brynhildur eru með. Þú sagðir svolítið skemmtilegt sem hefur verið að gerast, að þetta sé orðin einhver diskó-kirkju-stemning!

HÞ: Já, það sem þú sagðir mér frá hljómaði þannig! Og kannski verður það þannig þegar ég fer að blanda træbal trúarstemningu við einhvern bar!

H: Þessi trúarlega upplifun tengist líka reifinu sem við erum búin að vera að ræða, hefur þú einhverjar skoðanir á reifinu?

HÞ: Já ég hef farið á einhver svona reif í Holland, þar sem er engin glamúrstemning, bara svartklætt fólk sem er meira eins og einhver her. Það er eitthvað rosalega skrítin sena. Tónlistin miklu harðari og klæðnaðurinn ekki neitt svona strandar neitt, heldur svartur hermannagalli og svo bara rosaleg eiturlyfjaneysla.

H: Kemur þetta gabbatekknó þaðan?

HÞ: Nei, það er svolítið annað, það er íþróttagalli og meira skinhead útlit, skinheadarar í íþróttagöllum. Fyrst var það rakað undir og tagl, stelpurnar voru alltaf þannig, og eru enn þá. Þær eru til enn þá í dag þessar týpur, þetta var alveg ákveðið útlit og allir í ákveðnum merkjum, íþróttagallinn varð að vera einhver Ástralíuíþróttagalli og merkjasnobb í því.

U: Ákveðinn fasismi...

HÞ: Já, þetta byrjaði út frá einhverjum fótboltabullum í Rotterdam.

U: En manstu eitthvað eftir þessu reifi héðan? Frá Íslandi?

HÞ: Nei, eiginlega ekki neitt.

U: Þú hafðir kannski engan sérstakan áhuga á því?

HÞ: Nei, ég hafði eiginlega bara engan áhuga á þessu, þetta var bara eitthvert píkupopp fyrir mér.

U: Og manst kannski ekkert eftir þessu fyrirbæri Pakkhúsi postulanna á sínum tíma?

HÞ: Nei.

U: Manstu bara eftir þessu sem einhverju svona popp-drasli?

difficult to read when → binded ??

annarlegt

tali sem við
að útskýra
Finna og
Svolítið
gerast,
kirkju-

rá hljómaði
þannig þegar
nningu við

ist líka
a að ræða,
ifinu?
na reif í
úrstemnning,
eins
osalega
ðari og
randar neitt,
svo bara

aðan?
, það er
d útlit,
Fyrst
telpurnar
þá.
ar týpur,
og allir í
allinn varð
tagalli og

verjum

su reiði

takan áhuga

engan
itthvert

r þessu
sínum tíma?

einhverju



HÞ: Já, [illegible] var bara drasl og svo var líka eitthv[illegible]arokk í gangi [illegible] það ekki á svip[illegible] tíma? [illegible] svona frekar bara hallæris[illegible] mér finnst sumt af [illegible] dauðarokki allavega [illegible] en [illegible]

U: Hef[illegible] þú eitthvað [illegible]?

HÞ: [illegible] um [illegible] ekkert að pæla í þessu.

H: En Hafnarhúsið sem bygging eða einhver ákveðinn heimur til þess að fara inn í, [illegible] í því?

HÞ: Já, en ég veit ekki, þessi söfn eru alltaf voða erfið, mann langar alltaf til að þau séu einhver annar staður. Þið eruð að tala um að setja allt á hvolf en það er samt voðalega erfitt en fínt að reyna það og sjá hvað kemur út úr því. Kannski kemur einhver skemmtileg sýning út úr því.

U: Já, heldurðu að það sé hægt?

HÞ: Nei, ekki nema kannski að gera það annars staðar bara!

U: Heldurðu að þú viljir samt vera með í þessari sýningu í Hafnarhúsinu?

HÞ: Já, auðvitað, ég nenni ekkert að vera með þetta heima hjá mér.

U: En ókei, hugsum okkur að þú sért núna þarna í Hafnarhúsinu og sért að fara að setja upp sýninguna, þá ertu samt að búa svona til þinn stað þarna inni, er það ekki?

HÞ: Jú, um leið og þið voruð búnir að bjóða mér þetta horn, þá var ég einhvern veginn með það í hausnum og reyndi að finna eitthvað þangað inn en er ekkert byrjaður að gera nein ný verk til að setja þarna, ég kem bara þarna inn með helling af og þarf þá að ákveða þar hvað ég nota og hvað ekki. Ég vil ekki fara að plana alltof mikið...



U: En það verður eitthvað svona framhald, mér finnst þú oft vinna einhvern veginn á svipaðan hátt?

HÞ: Já, það verða engar stórbreytingar. Ég á líka svolítið erfitt með að sleppa tökum af einhverjum hlutum og vil bara sýna þá aftur svo stundum þarf ég bara að henda hlutunum...

H: Til þess að þeir dúkki ekki aftur upp?

HÞ: Já því ef ég finn eitthvað þá bara segi ég: ég ætti nú að sýna þetta aftur...

H: Ertu svona safnari í þér?

HÞ: Já þetta er einhver svona söfnunarárátta.

H: Já, og getur verið að þú safnir líka að þér einhverjum svona munstrum og þess háttar?

HÞ: Já, ég er svolítið í því.

H: Ert hrifinn af efnum og þannig?

HÞ: Já, og það er eiginlega komið til vegna þess að kærastan var í tískuhönnun og ég var alltaf að þvælast með henni í þessum efnavörubúðum og þá var ég alltaf áður en ég vissi af búinn að finna 3–4 rúllur til að taka með mér. Svo ég er kominn með lager af einhverjum efnum en ég hef ekkert mikið notað þau. Ég var að hugsa um að gera svona bútasaum fyrir þessa sýningu, prófa að búa til svona veggteppi, en ég veit það ekki ...





þú notir
nota áður?
a verk eða
kannski á allt
að taka með

er
an að vera
una...
aðeins við...
ar mjög
bara ekkert
við með það
ræddur við

uga á

einu
verk sem ég
tvað annað

verkum

g hef aldrei
t hann. Ég
em ég á og
nann og svo
gögn. Og
Ég hef aldrei
bari
ra að kaupa
?
emning í því
ra svona

tt líka svona

ent element
i alveg
kissa upp
mt ekki
ð gera?
að ákveða
vil einhver

m, þ
öndu

na eins
hvort ég

þá. En stundum hef ég ekki gengið nógu langt í því að gera bara meira á staðnum, held aftur af mér í staðinn fyrir að láta bara allt flakka.

U: Ætlarðu að halda aftur af þér núna?

HÞ: Ég ætla að reyna að láta bara allt flakka og hætta ekki fyrr en mér finnst þetta vera... Ég vil helst að þetta verði svona yfir strikið einhvern veginn, en ég veit það ekki...

H: Þú vilt kannski bæta einhverju við svona 3 vikum eftir opnunina?

HÞ: Ég hef oft hugsað á opnunum að það vanti eitthvað, en ég hef samt yfirleitt ekki bætt miklu við. Í Norræna húsinu bætti ég einhverju smá drasli við en það voru engar stórvægilegar breytingar. Samt var sá sem tók myndirnar svo pirraður þegar hann kom og alltaf búið að breyta einhverju og hann varð alltaf að taka fleiri og fleiri myndir.

U: En er það ekki eðlilegur hluti af ferlinu ef útkoman er ekki ákveðin eða stöðluð?

HÞ: Fólk býst náttúrulega við því þegar það kemur á opnunina að sýningin sé tilbúin.

U: En tengist sú hugmynd eða þær væntingar ekki bara ákveðinni tegund af myndlist?

HÞ: Jú, jú og mér finnst flott að halda bara áfram, eins og Pétur og Helgi Örn, þeir voru með sýningu á Kjarvalsstöðum þar sem þeir voru að nota húsið eins og eitthvert verkstæði, þeir voru að smíða kassa og eitthvað fyrir Listasafn Íslands og bara notuðu aðstöðuna. Mér fannst það helvíti flott, svo voru þessir kassar alltaf þarna inni á sýningunni, voru náttúrulega hluti af sýningunni, þeir voru bara að taka að sér verkefni í leiðinni!

U: Nákvæmlega og á ákveðnum tímapunkti kom upp sú hugmynd að Safnið yrði ekki bara staður þar sem er sýnd list heldur staður þar sem myndlist verður til á, eins og vinnustofa. Fyndist þér það vera áhugaverð hugmynd?

HÞ: Já, en ég held ég myndi þá allavega vinna þar eftir lokun, ég myndi ekki vilja vera eins og einhver sýnisgripur.

U: Nei, ekki vera sjálfur á staðnum.

HÞ: Mér finnst allt í lagi að vera að vinna á vinnustofu fyrir framan annað fólk en ég myndi ekki vilja vera á safni eins og einhver sýningargripur, mér myndi finnast það óþægilegt.





# ~~Sirra Sigrún Sigurðardóttir~~

Huginn, Sirra og Oddný settust niður í bakherbergi bókasafnsins í Hafnarhúsinu í júlí 2006 og fengu sér sjúss af blómadropum og reyndu að rifja upp listina að lifa...

O: Geturðu, og þú Huginn kannski, rifjað upp í sameiningu hvernig tillagan þín er, hvernig hún lítur út. Það væri gaman að heyra tvær versjónir af henni.

H. Á ég að byrja ?

S. Já, byrja þú!

H: Tillagan hennar Sirru er einhverskonar risastór plasthimna, doldið ólögulegt formið á henni og ég upplifði verkið kannski sem einhverskonar frumu eða vita. Maður upplifir verkið svolítið sem einhverskonar innri lífveru eða einmitt eins og vita. Innan í plasthimnunni er svo vídeóverk sem snýst og það brotnar á einhverskonar speglum, speglaformi sem er sett undir myndvarpann, þannig að vídeóið kastast innan formsins, innanfrumunnar og endurkastast þannig út einsog viti...

O: Já, þannig að vitinn er frekar í endurkastinu?

H: Ha? Já, vitinn er frekar í endurkastinu en formið er svolítið eins og fruma. Mér fannst að þetta ætti að vera lífrænt verk, einhverskonar líkami.

O: Hvað finnst þér um þessa útleggingu, Sirra?

S: Jú, jú, hún er bara fín, en varðandi formið á þessu, þá er það eins og hvolf og það skiptir miklu máli fyrir mig að þetta sé ekki strúktúr. Ég ætla að reyna að gera þetta þannig að það haldi því ekkert uppi. Efnið verður ógeðslega létt, það helst eiginlega bara uppi af sjálfu sér og kannski verður líka nógu mikill hiti frá græjunum til að það haldist uppi.

O: Er þá mikið loft í verkinu, hiti eða blástur?

S: Þetta er alveg rosalega þunnt plastefni og þegar maður er með alveg 40 fermetra af því og gerir bara eitthvað svona upp í loft með það, þá er það alveg hálfa mínútu að fara niður, eða meira.

O: Af hverju finnst þér gaman að hafa svoleiðis efni?



S: Að hafa engan strúktúr? Af því að grunnhugmyndin sem ég kom með í upphafi, í tillögunni, var um þessa þrjá heima, safnið, sýningarrýmið í því og svo listamaðurinn og hans veruleiki, heimurinn sem hann er með inni í sér og svo það sem er á milli sem er listin sjálf eða verkin sjálf. Þau eru samræðan á milli hlutanna. Fyrir mér er það þessi himna - ég er fegin að þú notaðir það orð því ég var svolítið feimin við það, en sú himna er á milli tveggja heima, safnsins og sköpunarferlisins.

O: Hvað gerðist ef himnan væri í strúktúr, hvað er við það sem þér finnst ekki ganga?

S: Ég er búin að prófa að setja verk upp þar sem ég nota grind, en mér fannst hún vera fyrir því hún var svo mikil í sjálfu sér. En svo getur verið að ég þurfi að notast við eitthvað en þá allavega ekki með þungum og miklum burði í, bara eitthvað sem rétt heldur uppi svo ekki falli saman.

H: Það er já eitthvað mjög áhugavert við svona þunnt lag...

S: Ég er búin að leita og leita að efni sem virka og það sem ég fann er ekki alveg gegnsætt, svolítið hvítt í því og grípur ljósið þannig að vídeóvörpunin verður glansandi, mjög skýr.

O : Er himnan þá líka skjár eða varpast bara af skjánum á hana?

S: Já.

O : Og hvað er í vídeóverkinu?

S: Það er ekki alveg ákveðið. Ég er búin að gera eitt vídeó en það verða tvö sem snúast í hringi á sama tíma. Annað er svona eins og maður gerði sem krakki, labbaði með prik á girðingu og hljóðið sem kemur úr því er svona pirrandi hljóð eins og hefðbundin kínversk leikhústónlist. Mjög há hljóð en líka önnur hljóð, því girðingin sem ég var að labba í kringum var með mjög óreglulegt form, þannig að maður var alltaf að lenda á einhverskonar hornbitum sem búa til öðruvísi hljóð og takturinn breytist líka alltaf þegar maður þarf að klofa yfir eitthvað. Og hljóðið breytist líka. Þetta er vídeóið sem ég er búin að vinna og svo langar mig að vinna annað sem væri meira tengt akróbata-veröldinni, eða sirkusnum...

H: Það er eitthvað sem kemur oft fyrir hjá þér, svona akróbat...

S: Já.

O: Er búið að vera mikið um ping-pong á milli þín og sýningarstjóranna?

S: Ekkert mikið, ég hef bara látið þá vita ef eitthvað breytist af því að ég er búin að vera að prófa mig áfram. En tillagan hefur ekki breyst í grunninn, hún er bara að verða meira og meira mjúk. Ég er ánægð með það því þá losna ég við arkitektúr safnsins. Þegar ég byrjaði fyrst þá var vinnan ofsalega tengd arkitektúrnum hérna inni og ég hékk alveg í því. Þessar massífu súlur sem setja mann í eitthvað hólf og ekki hægt að ganga um safnið og þykjast ekki sjá þær, maður verður aðeins að staldra við, setja sig í stellingar. Fyrst var verkið þannig og inni í þessu hólfi en svo er það búið að losna upp og orðið miklu meira eins og lífrænt form.

O: Fannst þér þú þurfa að taka rýmið í þessu húsi meira inn í myndina heldur en yfirleitt þegar þú vinnur?

Speglastrú
er varpað v





Speglastrúktúr sem snýst í hringi, á hann er varpað vídeó sem speglast út á tjaldið.

óreglulegt
að lenda
búa til
t líka alltaf
thvað. Og
það sem ég
g að vinna
bata-
fyrir hjá
-pong á
þá vita
búin að
an hefur
ra að verða
ð með það
ssins. Þegar
lega tengd
ékk alveg
tja mann
nga um
ður verður
ellingar.
þessu hólfi
g orðið
mið í þessu
en yfirleitt

S: Ég geri það alltaf, en mér finnst þetta hús vera alveg sérstaklega erfitt...

O: Hvernig?

S: Þetta ofsalega erfitt hús, því það er svo dóminerandi, maður sér það aftur og aftur þegar maður kemur hérna á sýningar, og ég hugsaði með mér um daginn: Hvernig verður þetta eftir 20 ár, verða þá listamennirnir ennþá að vinna í kringum þennan strúktúr? Sem er í sjálfu sér kannski allt í lagi...

O: Fannst þér það þá líka vera spennandi áskorun að sýna hér?

S: Jú, jú, það er auðvitað mikil áskorun.

O: Og hvernig sérðu þessa sýningu inni í húsinu og innan í listaheiminum á Íslandi? Hvernig sérðu þitt verk í þessu samhengi? Nú lýsirðu ákveðnu samlífi verks og húss í gegnum þessa himnu, þú lýsir ákveðinni andstöðu en líka mýkt, getur verið að það sé eins og allegóría um tengsl þín við fyrirbærið safn?

S: Já, algjörlega.

O: Og hvernig eru þau þá?

S: Ég held þau spretti út frá upplifun um að þetta sé svolítið erfitt ferli. Mér finnst það ekkert endilega vera minn staður að vera að fara að sýna í Listasafni Reykjavíkur í Hafnarhúsinu. Þegar mér var boðið að gera tillögu þá upplifði ég mig sem litla listamanninn. Svo að verkið er líka einhvern veginn eins og hjúpur í kringum mig og þá fer ég ekki alla leið inn í safnið. Samt er ég að ýta veggjunum frá mér.

O: En þú ert hvorki að konfrontera það né að gera við það málamiðlun, þú bara ert þarna, eða hvað?

S: Ja, maður er alltaf bara að gera sitt og mér finnst verkin ekki alveg eiga heima hérna inni svo ef ég kæmi bara og stillti upp einhverju dóti þá myndi það tapa lífinu sínu þar með. En innan í tjaldinu verða skuggamyndir á hreyfingu, auk vídeóanna, og fullt af lífi.

O: Í pælingunum um yfirtökuna komu upp mjög lifrænar myndir af hýslinum og sníkjudýrinu og líka myndir af vampírunni og óboðna gestinum, jafnvel nauðgaranum. Hvernig eru þín tengsl í því ljósi?

S: Af því strúktúrinn er þannig, þá fer ljósið í gegnum efnið og verðast um allan salinn eins og vitalaus. Hugsunin var alltaf sú að myndin myndi smita út fyrir þessa himnu, en ekki sem eitthvað lesanlegt, heldur bara eins og eftirmynd af eftirmyndinni.

O: Svo þín tengsl eru lúmsk, fíngerð, kvenleg að einhverju leyti eða hvað?

S: Já, ég myndi aldrei gera bara eitthvert pönk, vera með læti eða brjóta safnið, það er ekki minn stíll.

H: Enginn pönkari? Enginn skemmdarvargur?





S: Ja, ég myndi nú alveg vilja brjóta gólfið bara til að geta sett eitthvað þar ofan í.
O: Myndirðu vilja það?
S: Já, kannski, en þá bara til að geta komið einhverju fyrir almennilega, festa það vel en ekki til að skemma.
O: Bara til að bæta sýninguna? Þú myndir kannski líka stinga upp á að setja bara eina súlu í viðbót?
S: Já, ég vildi raunar setja margar súlur í viðbót til að breyta þessu í svona musteri með súlnagöngum. En þá er maður náttúrulega bara farinn að vinna með arkitektúrinn.
O: En hinn endinn á spurningunni, um sýninguna sjálfa, hvernig þú sérð hana eða sást hana þegar þú ákvaðst að vera með?
S: Eitt sem ég sé er að það sé kannski kominn einhver nýr tími hér í safninu, vonandi. Ég sé einhverjar breytingar framundan hjá þessu safni. Þetta hefur verið svona svolítið stefnulaust hérna síðustu árin og það þarf náttúrulega að skoða þessa stofnun og setja niður hvert hlutverk hennar er hérna í borginni. Hvernig og hvaða part af menningarkökunni þetta hús ætlar að taka. Ég veit ekki alveg fyrir hvern þetta hús er.
O: Alla og engan kannski?
H: Félagsheimilið?
S: Já, það eru sýningar hérna um borgarskipulag, sýningar með gömlum ljósmyndum og svo einhverjir topp listamenn og allt blandast þetta saman...
O: En gæti slík blanda ekki verið jákvæð í sjálfu sér?
S: Jú, en það er alveg feikimikið af öðrum stöðum sem eru að þjóna slíku og gætu til dæmis verið með sýningar um borgarskipulag. Af hverju ekki að fókusera á góðar myndlistarsýningar hér? En ég veit það ekki, sjálfsagt fyndist manni það líka vera eitthvað skrýtið ef væri komin einhver rosa stefna hérna. En það er svoleiðis með þessar stofnanir að maður getur alltaf verið að pota eitthvað í þær og gagnrýna þær.
O: Kannski er það bæði styrkleiki svona opinbers safns og veikleiki að vilja gera eitthvað rosalegt og krísan þar af leiðandi eðlilegt ástand þar. En hvernig sérð þú sýninguna Huginn, sem sýningarstjóri?
H: Svona sýningar eru ekki svo oft á dagskrá, þær detta inn öðruhvoru og þá eru líka væntingarnar til þeirra alveg rosalegar. Þessi sýning kom á óvart fannst mér og mér finnst eins og hún eigi að marka nýtt upphaf.
O: Hvernig líður þér að vera ung og upprennandi listakona sem tekur þátt í þessu?
S: Mér finnst [illegible] það bara frábært að þeir skuli hafa boðið mér að skila inn tillögu, það var ekki sjálfgefið því það er svo mikið af frábærum upprennandi listamönnum hérna á Íslandi, mikið af góðu fólki. En ég held þeir hafi bara valið fólk en þeir héldu að myndu virka saman í góðri sýningu. Ég upplifi mig ekki sem neitt betri neitt...
O: Nei, já þetta var eiginlega alveg ómöguleg spurning, en ég er að velta fyrir mér hvernig þér líði í þessum anda okkar menningar þegar er verið að veðja á einhverja tiltekna og leggja allt traust á þá sem björtustu vonina. Upplifirðu slíkt sem pressu eða sem jákvæða hvatningu eða hvernig ?
S: Hver býr þessar væntingar til?
H: Ja, það er nú það...
S: Ég held það séu ekki listasöfnin sjálf heldur fjölmiðlarnir og það sem er í kring. Er það ekki?
O: Ég veit það ekki, en mig grunar nú að listasöfnin gætu tekið þátt í því að einhverju leyti.
S: Jú, jú, auðvitað líka...
O: Sú spurning leiðir okkur að postulanum

verkamappa.doc



í pakkhúsinu. Samkvæmt orðsifjum er postuli sá sem fer með eitthvað áfram, einhver skilaboð frá einhverjum, bara eins og pósturinn. Pósthús postulanna hefði líka verið flott nafn. Þegar maður horfir á þá sem virðast hafa verið að fara með eitthvað áfram og var í mun að sem flestir tækju þátt í því, þá sér maður mest karlmenn í myndlistinni. Joseph Beuys átti erindi og setti á sig hattinn. Hann smitaði út frá sér og lýsti sér og listamönnum almennt sem sonum sólarinnar með Jesú sem fyrirmynd hinnar algjöru umbreytingar hugsanaháttanns og Dieter Roth var kannski að einhverju leyti svona sonur líka... En hvað með dæturnar? Hafa þær ekki upplifað sig í þessu hlutverki, eða eru þær síður settar í það? Og nú eru líka tímar þessara kalla svolítið búnir og spurning hvað sé núna í gangi...

S: Ég veit það ekki. En ég held að þetta sé svolítið það sem maður hefur verið að vinna með síðustu árin í gallerii Kling og Bang og Klink og Bank í hópaflinu sem er þar. Ég held að sé eitthvað svona postuladæmi í gangi þar. Maður er ekki að gera neitt annað en að vera myndlistarmaður og það er náttúrulega ekki alveg heilbrigt af því að allt manns líf er einhvern veginn bara undirlagt. Og þarna finnur maður fyrir sameiginlegum anda hjá fullt af fólki og trú á að þetta sé nauðsynlegt starf sem menn eru að sinna. Þótt allir séu kannski bara að trítla í sína átt þá er einhver sameiginleg og sterk orka.

O: Eitthvað erindi eða stemning sem enginn veit hver er, en lifa samt í því?

S: Já, og það er ekki bara um að segja frá einhverju sem einstaklingur. En í sögunni er alltaf dregin upp svona skýr lína og sett á stalla.

O: Einmitt! Kannski hafa alltaf verið svona hreyfingar undir niðri, þótt þess sjái ekki endilega stað í pakkhúsum sögunnar. En þó eru kannski meiri forsendur fyrir því núna að afbyggja signatúrinn sem eins einstaklings...

S: Já, og konur eru náttúrulega að koma sterkar inn í myndina og búnar að vera að því í einhvern tíma. En tími Beuys og þessara karla var bara karlatími og svo passar það að þegar konurnar koma inn þá er tími risanafnanna búinn! Því það er einhver munur, þótt það séu auðvitað til konur sem eru postular.

O: Kannski hinir nýju postular, sem hafa sitt einstaka erindi en vinna samt mikið með öðrum. Mér dettur Björk í hug sem postuli á Íslandi. Og Gabríela hefur kannski líka sett sig í slíkar stellingar...

H: Já, það eru kannksi einna helst þær...

O: Annars já, þá er þetta flóknara en svo að maður geti bent í austur og vestur. En Sirra, manstu eftir tímanum þegar Pakkhús postulanna var upp á sitt besta?

H : Hvar varst þú á gullaldarárunum?

S: Ég var rosa ung, ég var 12 ára 1989. En það er samt rosa ár, maður man það alveg og ég fór þá einmitt í Spútnik og keypti mér fyrstu rifnu gallabuxurnar mínar. Ég er náttúrulega alin upp úti á landi, á Selfossi og var í sveit á sumrin og ekki stödd í alveg sama veruleika og krakkarnir úr borginni. Svo fór ég með buxurnar í sveitina, rosa ánægð, en þegar ég fann þær viku seinna þá var amma búin að bæta þær allar og gera þær voðalega fínar! Svo ég náði ekkert í þennan dans fyrr en löngu síðar. Þá bjó ég í Danmörku og þar var allt tryllt í reifinu og ég var snaróð í það.

H: Alltaf að dansa með snuð í bandi og flautu um hálsinn?

S: Alltaf að dansa með eitthvað svona neon dæmi um hálsinn. Þetta var kannski samt eitthvað öðruvísi en hér, því þarna var þetta svona risa risa, nokkur þúsund manns kannski. Samt bara í einhverjum skemmum úti í sveit, engin klósett og ekki neitt.

O: Gæti ekki himnan þín verið misheppnað reifitjald uppi í sveit á Íslandi?

S: Jú, eða tjald eftir einhverja útihátíðina. Það er tjald. En líka eins og gróðurhús. Ég hugsaði það einhverntíma sem gróðurhús.

O: Heimagróðurhús?

S: Já, af því að allir hlutirnir sem ég þarf og nota er í því, allur minn heimur.

O: Ertu að vernda það, hlúa að því?

H: En svo er himnan sjálf svo varnarlaus líka, svo rosalega viðkvæm.

O: Huginn er að benda þér á að fá kannski frekar svarta plastpoka...

H: Og láta almennilega stálgrind undir það!

O: Þú ert að setja þinn viðkvæma heim í skjól undir einhverju enn viðkvæmara...

S: En verkið sem að ég gerði í den Haag...

H: Sem þetta verk byggist svolítið á...

S: Það var tilraun til að útfæra tæknihliðina,



stærðfræðiformúlu. Þú setur einhverja stærð inn og svo aðra og þá gjörbreytist dæmið, þetta er svona leikur. Og mér finnst gaman að nota aftur og aftur sömu táknin af því að þegar maður setur svo eitthvað annað með þá er það bara orðið allt annað en í hinu verkinu, þótt það sé samt nákvæmlega sami hlutinn. Þetta eru svona rannsóknir.

O: Hvaðan koma stærðirnar, táknin, myndmálið, hvernig hefurðu búið þér til þinn myndheim?

S: Hann bara skríður einvernveginn áfram. Af því að mér finnst gott að vinna með staði þá kannski kemur eitthvað nýtt inn þaðan í hvert sinn. Líka aðstæður, tæknilegar aðstæður geta ýtt einhverju elementi inn í verkin og breytt öðrum. Og þá koma hugmyndirnar. Þá finnst manni það tengjast hinu eða þessu og finnst að það tákni þessa hugsun eða tilfinningu og þannig raðast það bara saman. En vinnan á síðustu árum hefur stjórnast mikið af tæknilegu brölti, hvernig maður kemst frá einum stað til annars í tækninni. Því mér finnst videóið alveg stórkostlegt en það á ekki við mig að segja sögu. Ég er alltaf feimin við frásögnina. Ég fer á milljón myndlistarsýningar og finnst leiðinlegt að setjast niður og horfa á eitthvað videó, mér finnst það vera svo mikil krafa til mín sem áhorfanda og þá kröfu vil ég ekki gera til minna gesta. Svo það er mikil áskorun að gera videó sem er ekki þannig og ég leik mér með tæknina og nota líka myndvarpana sem opna fyrir ótrúlega marga möguleika. Það er hægt að láta skúlptúrinn og videóið til dæmis verða að sama hlutnum, eins og eitt geti ekki lifað af án hins.

O: Þú ert að búa til einhvern tengslavef, á milli?

S: Það er það sem er spennandi við myndlist, líka út frá þessum jafnvægis-pælingum um að láta hlutina tala saman. Ef einhver hlutur er sentímetrum of langt frá hinum hlutnum þá er hann hættur að tala við hinn og það finnst mér spennandi. Og þetta eru bara hreinar og klárar myndlistarpælingar en samt svo svipað því þegar fólk er að skrifa texta og með því að klippa eitthvað í burtu þá fer allt í einu eitthvað að virka, að flæða.

O: Vá, hvað verður gaman að sjá þig færa til himnuna [illegible] upp og þá alveg í tengslum við [illegible]

S: Maður sér það aldrei fyrr en maður fer að vinna á staðnum. Stærðin á til dæmis eftir að skipta miklu máli. Kannski verður það bara pínulítið og eins og, æ ég veit ekki hvað...

H: Eins og heili, er þetta einhver heili?

O: Eða sveppur, sáuð þið ekki sveppinn í sjónvarpinu í gær? Það fannst einhver sveppur sem hefur bara fundist einu eða tvisvar áður á Íslandi og sveppurinn sjálfur er niðri en það sem maður sér er bara gróið eða hvað það heitir, fræið...

H: Kynfærðið en samt er hatturinn...

S: Var hann stór?

O: Já, alveg ógeðslega stór og blæs út til að lifa af, kannski fara verkin þín að vaxa um allt safnið, inn á skrifstofunum og alls staðar.

S: Mér finnst ljósið vera alveg nóg smit og ég hugsaði það alltaf sem smit. Eins og þegar ég er með þessa diskókúlur og allt hitt, þá smitast ljósið yfir í hin verkin, einhver tilfinning sem lekur úr mínu verki yfir í öll hin í kring.



# Ragnar Kjartansson

Oddný og Unnar fá sér hafragraut með Ragnari í sólinni á Hressó þann 1. ágúst 2006 og svo skríða þau inn á bókasafn Hafnarhússins og setja bandið í gang og Oddný hellir óvart hálfri flösku af agamemmon blómadropum á tungu Ragnars.

O: Mig langar að biðja þig um að segja okkur frá þinni upphaflegu hugmynd og hvernig hún hefur þróast eða breyst.

R: Já, þetta þróaðist einmitt út frá því að ég er beðinn um að vera í þessu hérna rými og þá er þetta svona eins og að gera einhverskonar verk sem verður síðan performans eða þannig séð. Þannig að þetta er í rauninni bæði innsetning og gjörningur. Og þetta verk einhvern veginn datt bara í hausinn á manni. Um það leyti sem byrjað var að tala um þessa sýningu þá var ég í Berlín og hitti þar Helga Björns nokkurn, hinn eina sanna Helga Björns sem er að opna leikhús í Berlín og það leikhús var byggt 1911 og svo endurbyggt af nasistunum í kringum 1941 í upphafi stríðsins og hefur ekkert breyst síðan, fyrr en að Helgi Björns er að fara að breyta því, sem er náttúrulega mjög flott.

O: Einn síns liðs?

R: Nei, líka Nonni Tryggva sem gerði Foxtrott og síðan einhverjir þýskir athafnamenn og þeir eru að breyta þessu, þetta verður eitthvað geðveikt eitthvað leikhús. En þar sem sagt var rifin stúka sem var sérhönnuð fyrir Adolf Hitler og hann elskaði þetta leikhús, þetta var svona hálfgert kabarettleikhús og hann vildi náttúrulega horfa á eitthvað létt, þetta voru svona vínaróperettur.

U: Átti sem sagt að rífa út þessa stúku, var verið að endurbyggja allt frá grunni?

R: Já, verið að endurbyggja leikhúsið og þá fannst mér svo tilvalið að fá þessa stúku sem efnivið í verkið af því að þetta er allt hlaðið af einhverjum mega symbólisma, þú veist leikhússtúkan hans Hitlers þar sem að hann fór til að slappa af úr sínu eigin martraðarsjói, slappa af og horfa á óperettur!

O: Eru til myndir af þessari stúku eins og hún var?

R: Já, það eru til myndir af þessu, ég þarf eiginlega að redda því, það er til mynd af honum í stúkunni sko.

O: Nú?

R: Það væri ekkert vitlaust að redda því

O: Nei, það væri ekkert vitlaust.

R: Og mér finnst bara svo gaman að hlutum, og hef oft unnið með rými sem eiga sér sögu, og þá verður það svona eins og rammi utan um verkin mín hleður þau... Eins og ég var þarna undir Eyjafjöllum í svona gömlu leikhúsi sem var svona gamalt samkomuhús og það einhvernvegin hlóð verkin mín orku einhvernvegin eða skilurðu mig? Og þessi saga hlýtur að hlaða verkið einhverri orku, þetta sem er í raun og veru bara rusl.



O: Já, þú fékkst í rauninni bara brotin af þessu?

R: Já, þessu var í rauninni bara rústað eða nei, það var verið að rífa þetta og þá bara brrr því það var byggt svo illa sko!

O: Já, var það? Ætluðu þeir að reyna að ná þessu í heilu lagi?

R: Já, en bara um leið og var settur einn hamar í þetta þá bara brrrr ...

U: Hrundi allt?

R: Já, þeir voru náttúrulega bara að smíða skriðdreka og höfðu ekki efni á að gera þetta vel og þess vegna er þetta allt úr ógeðslega lélegu efni og það var svolítið flott, þú veist, bara eins og í þakinu var bara eitthvað bárujárn sem var bara málað gullitað, leit út rosa einræðislegt en var bara svona ódýr leikmynd!

O: Ja hérna, og hvernig ætlarðu að flytja þetta til landsins?

R: Ég ætla bara að flytja þetta með skipi til landsins, það er bara að fara í skip eftir helgina.

O: Og hvað ætlarðu svo að gera, sérðu eitthvað fyrir þér hvernig þú ætlar að taka á móti þessu?

R: Ég held ég ætli að gera svona... af því verkið er eins og organískt inni í






1947
...Führerloge byggd...


2006
...Führerloge rifinn...



sýningunni sko, þá held ég að það byrji bara í hrúgu og verði síðan að verkinu og svo að performansinum.

U: Þannig að þú sérð fyrir þér að þú komir í raun bara með efnið inn og vinnir svo úr því á meðan á sýningunni stendur eða hvað?

R: Já, mér finnst það einhvern veginn vera málið af því að þetta rými er þannig að það á að vera einhvern veginn lifandi.

O: En kannski svolítið gaman að hrúgan verði komin.

R: Já, hrúgan verður sko komin.

O: Helduðu að hún verði svolítið dularfull? Þú talaðir um orkuna...

R: Já það er einhver rosalega orka í þessu og ég er bara svolítið hræddur við þetta af því að þetta er náttúrulega alveg... og svo skil ég ekki alveg þegar ég spyr mig af hverju maður er að gera þetta, því þú veist þetta náttúrulega kemur út eins og einhver svona hrifning.

O: Já, en er ekki það sem heillar menn við Hitler og þannig menn, allur massinn af ástríðunni og hryllingnum?

R: Jú, ég var einmitt að hlusta á eitthvað viðtal við Bukowski þar sem hann var að tala um samskipti og það að drepa snillinginn og hann bara sagði eitthvað „já í framtíðinni verður allt svo auðvelt, það verða bara upplýsingar og upplýsingar og þá verða engir snillingar til, það verður enginn Charles Bukowski eða Adolf Hitler." Mér fannst það svolítið flott hjá honum, en mér finnst það já, tengjast einhverju svona yfirgengilega illu og hrifningingarstaðurinn er einhversstaðar í kringum það.

O: Já, hefur þú ekki líka áhuga á svona áru, áru snillingsins eða svona sterkum tilfinningum sem eru kominn í einn punkt, einn stað?

R: Jú einmitt sérstaklega svona sterkum tilfinningum sem eru komnar í einhvern hlut, eins og þetta sem er bara eitthvað drasl en sem er hlaðið einhverri illsku finnst manni. Og ég held einmitt að hrifningin sé bara eins og hrifningin af Drakúla þið vitið, þetta er svona hrifningin af því að þetta er vondasti maðurinn og þetta er eins og einhver svona popp memorabilia frá vondasta manninum þið vitið.

U: Já, líka svolítið áhugavert eins og með Drakúla eða Frankenstein sem er eitthvað svona vont en samt líka gott einhvers staðar. Það er ekki bara vont því maður getur líka fundið eitthvað gott sem síðan breytist í eitthvað hræðilegt, eins og Dr. Jakel og Mr. Hyde.

R: Já, einmitt, því það sem er svo áhugavert við Adolf Hitler er að hann er einhver svona viðkvæmur listamaður sem breytist í þetta monster.

O: En það finnst mér eiginlega vera það hryllilegasta, vegna þess að maður getur alltaf fundið til alveg ótrúlegrar samúðar með svona mönnum, Hitler er ekkert einsdæmi það eru náttúrulega margir menn eins og hann eða ekki eins og hann en hafa þessa sömu tegund af borderline sækópatíu, og maður finnur ekki bara til samúðar heldur líka oft hrifningar þegar maður nálgast einhverja alveg tæra geðveiki, hún er heillandi.

U: Já, nákvæmlega eins og það sem þú varst að ræða áðan þarna með landnámsmennina, tenginguna við það...

R: Já, leikritið þarna um Skallagrímsson sem Benni Erlings er með...

U: Já, einmitt, þar er líka skálog stríðsmaðurinn í sama manm...

R: Já, Egill Skallagrímsson einmitt svona karakter, þessi viðkvæ listamaður sem er einmitt þar sinnum í bókinni að tala við þunglyr stúlkur og hjálpa þeim og síðan er h bara að myrða börn. Hann er brútal rðingi en svo elskum við öll Egil Skallimsson, manni er kennt að elska har„Hann var hetja hann drap fyrsta mnn sinn þegar hann var bara sjö ára nall"!

O: Ótrúlega flott hjá Benedikt a leikrit!

U: Mér finnst áhugavert ef þerð saman verkið þitt í félagshelinu undir Eyjafjöllum þar sem að þú t yfir staðinn og verkið þitt núna sem þú ert að flytja staðinn inn á sag ert að búa til einhvern stað þar og nski líka svið. Hugmyndin um sviðið í báðum verkum og svo stúkan...

R: Já, þetta er svolítið svona y og yang verk, því félagsheimilið var sar sem byggðist á jákvæðri orku og eta frá sama tímabili í sögunni. Þá var á lítli öll þessi jákvæða ungmennisorka semr síðan ógeðslega skyld þessum nasa.

U: Komin af sama grunni líka.

R: Komin af sama grunni, já. Oar var eitthvað svo ofboðslega jákvagangi, þetta var húsið sem að einhveunglingar í sveitinni byggðu sjálfir.

U: Félagsheimili, hvað heitir þ'

R: Dagsbrún það var ótrúlega flandi hvað þetta var allt fallegt og póetisk síðan er þetta bara látið drabbast niðu allir að horfa á sjónvarpið og enginn nir að gera neitt í sveitinni lengur.

O: En þú ert að koma með eittð inn í húsið og sagðir áðan að þú vilika taka

iog
m...
inmitt
a
var sinnum
r stúlkur
n bara að
ðingi en
ímsson,
„Hann
minn sinn
nall"!
a leikrit!
perð
línu undir
t yfir
sem þú
g ert að
nnski líka
í báðum

g og yang
ar sem
a frá sama
di öll þessi
r síðan
a.

þar var
gangi,
unglingar í

landi hvað
n síðan er
allir að
nir að gera

að inn í
líka taka






inn í þín verk einhverja sögu af þeim stað þar sem þú gerir verkin. Nú ertu að koma inn í þetta hús hérna, ertu kominn með einhverja tilfinningu fyrir því?

R: Nei, maður hefur náttúrulega rosalega litla tilfinningu fyrir þessu húsi, tilfinningin fyrir þessu húsi er einhvern veginn svona... Ég er mjög hræddur við svona, ég hef alltaf forðast það að vera í galleríi eða einhverju svona white space, nema ég var með Magga þarna í ASÍ, en það hús er ekki alveg svona white space dæmi.

U: Þar er sagan í húsinu.

R: Og þótt sé líka saga í þessu hérna húsi þá er samt einhvern veginn white space tilfinning að koma hérna inn.

U: Finnst þér sagan kannski þurrkast út með arkitektúrnum sem er hérna núna?

R: Já einmitt hún hefur alveg þurrkast út eða ég veit það ekki...

O: En talandi einmitt um fasisma og allt það, mætti kannski segja að arkitektúrinn væri svolítið í þá átt?

U: Ég held að þetta hús hafi kannski verið byggt á sama tíma líka, einhvers staðar í kringum svona 1940.

O: Það er enginn hippismi í honum...

R: Já, einmitt það er eins og að koma inn í gasklefa að koma inn í þetta hús.

U: Að einhverju leyti.

R: Já, kannski er þetta ómeðvituð tilvísun í það. En mér finnst þetta bara töff hús.

O: Töff?

R: Já, mér finnst það töff, mér finnst það ekki eitthvað leiðinlegt, mér finnst svolítið töff hvað það er eitthvað kalt og ljótt, eða ekki ljótt heldur en þið vitið, það er alltaf svolítið eins og að koma inn í grafhvelfingu og mér finnst það alltaf svolítið flott þegar sú tilfinning er komin inn í listasöfn, eins



og í Listasafni Einars Jónssonar þar sem þú kemur inn í algjöra grafhvelfingu.

U: Það er málið!

O: Já, en af hverju ertu þá hræddur við það?

R: Nei, ja, af því að það sem ég hef alltaf verið hræddur við er þetta white space eða það og þess vegna hef ég alltaf verið á einhverjum stöðum eða notað eitthvað sem verður eins og rammi utan um verkin. Verkin mín hlaðast meiri spennu við að vera á einverjum stað eða tengjast einhverju eins og mér finnst þau fá meiri spennu við að vera í þessum í Dagsbrún eða Hitlersstúkunni.

U: Umhverfið raunverulega gefur þeim ákveðna þyngd.

O: Nú ertu þá kominn með margar vöggur, þú ert inni í Hitlersstúkunni og Hitlersstúkan

er inni í grafhvelfingunni eða inni gasklefanum, eða hvað?

R: Já, akkúrat!

U: En hvað sérðu fyrir þér að þú gerir í stúkunni? Ef maður hugsar um það sem þú hefur gert áður, þá er oft þessi endurtekning og líka söngur og einhver kannski tragedía, ekki endilega mistök en eitthvað sem var gott en verður slæmt eins og í ástarsöngvum, eitthvað eins og sorg. Sérðu eitthvað svoleiðis fyrir þér hérna?

R: Já, ég sé í rauninni fyrir mér eitthvað svona, eins og svona ... Æ, það er ógeðslega skrýtið hvað það er ógeðslega erfitt að segja hvað maður sér fyrir sér! En svo er það alltaf einhvern veginn og maður heldur kannski að það sé ekki hægt að fara inn í það en svo er það alltaf eitthvað...

U: Já, nákvæmlega, en geturðu lýst fyrir okkur performansferlinu í svona verki hjá þér, geturðu kannski tekið eitthvað dæmi?

R. Já, sem dæmi þá er það eiginlega alltaf þannig að ég geri fyrst einhverja innsetningu, síðan ákveð ég einhvern veginn hvernig gjörningurinn verður inni í henni eftir á.

U: Þú vinnur líka með þessar gömlu aðferðir, þú hefur unnið með teikninguna og...

R: Hef unnið með teikningu og skúlptúr og leikhús eða eins og leikmynd. Og það verður náttúrulega einhver leikmynd inni í þessum sal.

O: Fyrst ætlarðu bara að hafa hrúguna en ætlarðu svo að reyna að gera eitthvað fínt úr henni?

R: Já, mig langar til að það verði til einhver skúlptúr.

U: Eitthvert umhverfi? Og sérðu fyrir þér að þú sért þá raunverulega að vinna inni í rýminu á meðan sýningin er?

R: Já.

U: Þannig að þegar sýningin opnar þarna 1. september, þá hefurðu efnið tilbúið á staðnum.

R. Já, og ég sé það fyrir mér sem einhvers konar performans, performansinn er vinnan sko, eða ekki bara vinna heldur einhvers konar helgiathöfn, ritual.

U: Og eins og staðan er núna þá verða raunverulega þessi þrjú umhverfi þarna niðri í sal A, það ert þú og það er Maggi og það eru Imma og Kristín.

R: Já, og skemmtilegt hvað þetta verður örugglega mjög ólíkt í eðli sínu.

O: Þarna verður afríski kvenpresturinn og svo Hitler sem er svona svarti engillinn, svarti postulinn, rosalegur prestur og boðandi með ofboðslega löngun til að láta sína framtíðarsýn verða að veruleika. Það er sjaldan sem að einhverjir svona geðveikir menn fá svona mikið vald til að láta hugsýn sína verða að veruleika.

R: Já, einmitt.

O: Getur þú kannski pælt aðeins í hvað þér finnst um þessa sýn og listamanninn sem hafandi einhverja svona sýn, lítur þú á þig sem postula?

R: Nei, alls ekki en kannski er það einhver svona symbólismi í þessu með viðkvæma listamanninn sem gerist postuli sem er svona heillandi. Hvað hann er í raun og veru hættulegur en samt heillandi. Það er ógeðslega skrýtið en þetta verk verður óhjákvæmilega ógeðslega mikið um Hitler.

U: En það er samt ekkert sem minnir á hann í verkinu.

R: Nei, það er nefnilega ekkert sem minnir á hann en maður fer alltaf að hugsa um hann, þú veist þótt maður vilji það ekki þá bara einhvern veginn...

U: Já, það er eitt sem mig langar að ræða líka og það er að hérna í þessum performönsum sem þú hefur gert þá ertu alltaf með þessa endurtekningu sem er svona eins og mantra og það er ákveðin aðferð sem postulinn notar til þess að koma skilaboðunum frá sér. Hann eins og dáleiðir, hann endurtekur alltaf aftur og aftur þannig að maður endar á að taka það inn og svo festist það í hausnum á manni. Hvernig sérðu fyrir þér að þessi predikunaraðferð tengist þínum performönsum?

R: Já, það er eitthvað með möntruelementið sem tengist. Í mínum performönsum þá hefur hingað til alltaf verið stefna hjá mér að búa til einhverja spennu með tímanum og með endurtekningunni. Ef það er endurtekið nógu oft þá verður það mystýskt og mér finnst það heillandi.

O: Það hleður utan á sig.

R: Að láta hlutina hlaða utan á sig af því að eins og Goddur var að skrifa um þá er það gullgerðarlist þegar er verið að búa til þetta mikla listræna, búa til mystík, sem er búið til úr engu. En samt er náttúrulega einhver tilfinning í hjartanu sem maður býr hana til úr. Hún stækkar og stækkar og verður að einhverju með því að endurtaka hana.

U: Geturðu aðeins sagt frá verkinu sem var uppi á Nýló? Þar sem þú söngst aftur og aftur...

R: Já, þá söng ég aftur og aftur „Why do I keep on hurting you", þú veist af hverju er ég alltaf að særa þig...

U: Samt var það einhvern veginn aldrei eins...

R: Melódían er alltaf eins en þegar hann endurtók það svona oft þá fór maður að heyra eitthvað annað út úr því.

O: Hvaða hann var það sem söng?

R: Gaurinn sem söng? Það var bara, ég held það hafi bara verið ég!

O: Þú sagðir hann!

U: Mér finnst áhugavert að nota sjálfan sig í sinni list. Finnst þér skilaboðin koma frá þér eða koma þau frá einhverjum öðrum? Auðvitað er það alltaf maður sjálfur en ég meina það þarf ekkert endilega að vera maður sjálfur...

R. Það þarf ekkert endilega að vera sko, oft er það líka þannig að maður má alveg vera einhver karakter líka, maður má alveg vera til dæmis afríkanski kvenpresturinn ef maður vill...

O: Nei, Ragnar þú mátt það ekki á þessari sýningu, það er annar það!

R. En jú ég ætla að vera hann líka! Djöfull væri það kúl, bara „ég líka", af hverju gerir maður ekki svoleiðis verk?

O: Vera sá síðasti sem setur upp sitt verk á samsýningunni og gera bara nákvæmlega eins og hinir í hinu horninu!

R: Verk í andanum „flæði hugmynda"!

U: Mér finnst það rosalega áhugavert af því að sem listamaður þarf maður ekkert endilega að nota sjálfan sig...

R. Nei, kannski er það bæði eitthvað svona sjálfsævisögulegt að nota sjálfan sig og líka bara hentugra, ég myndi bara ekki nenna að fá einhvern annan, það yrði alltof dýrt og alltof mikið vesen.

U: En þú hefur nú samt gert það...

R: Já, ég hef nú samt gert það og í raun finnst mér það að mörgu leyti meira spennandi...

U: En það þýðir alveg eitthvað ákveðið að nota sjálfan sig, þá ertu eins og tæki eða hljóðfæri sem þú getur lært að stilla...

O: Þú ert nú búin að fá æfingu líka í rokkinu og það er mjög valdamikil staða að vera rokkstjarna, er það ekki?

R: Jú, og það er ákveðið kikk.

O: Heldurðu að sé mesta kikkið að vera Hitler, svo rokkstjarna og síðan myndlistarmaður?

R: Já, ætli það ekki!

O: Þú hlýtur að vera að pæla rosalega mikið í svona valdi og kikki?

R: Já, ég held það og ég er líka alltaf að lesa einhverjar ævisögur valdamanna...

O: Já eins og þú varst að segja áðan með Jón Sigurðsson og gyllinguna?

R: Já, gyllingin.

O: Ferðu kannski að fá einhvern annan í performansana þannig að þú haldir gyllingunni í fjarlægð?

R. Já, kannski er kominn tími á það, að nota sjálfan sig er allavega ekkert mottó. En mér finnst bara í grunninn svo gaman að performera og gera performansa.

O: En finnst þér gaman að vera í listaheiminum?

R: Já, mér finnst það mjög töff og gaman, ég var einmitt í algjöru hamingjublissi þegar við vorum í listamannaboði á Seyðisfirði hjá Tuma og Ráðhildi og þar voru bara listamenn og ég sagði bara „djöfull er þetta töff"!

O: Leikurðu þér að þessum heimi eða í þessum heimi?

R: Já, mér finnst það stemning að fara á opnanir eða boð eða inn í þennan heim, þá verður maður að fara í listamannaleikinn og mér finnst það gaman. Það er annað mál með vini manns í þessum heimi, það er annað.

O: En mörgum listamönnum finnst þessi valdastrúktúr og þessi heimur bara vera þrúgandi og truflandi og finna jafnvel til vanmáttar eða leiðinda gagnvart honum. En það er nú annað með gosann þig?

R: Já, af því að hann er algjörlega óumflýjanlegur þessi valdastrúktúr, og hann er í öllu, þótt maður væri í fangelsi þá væri maður í geðveikum valdastrúktúr þar, það er alls staðar einhver eldgamall valdastrúktúr sem maður kemst ekki út úr.

O: Og ef þú sérð sjálfan þig sem listafígúru inni í þessum heimi...?

R: Ég sé bara eitthvað peð og finnst það gaman og frekar bara ágætt sko.

U: En losnar maður kannski undan strúktúrnum ef maður verður einhver annar karakter, getur maður þá frekar leikið sér að strúktúrnum?

R: Ég held það sé fyrst og fremst mikilvægt að taka þennan strúktúr ekki alvarlega.

O: Vera bara glaður og kátur inni í honum, eða hvað?

R: Já, bara svona nokkuð glaður, þótt maður sé náttúrulega bitur og reiður eins og hver einasti sannur listamaður, þá svona tek ég hann ekki það alvarlega þennan strúktúr. En samt náttúrulega tekur maður það alvarlega því maður vill náttúrulega vera ríkur og frægur, komast langt í þessum valdastrúktúr. Mann langar auðvitað til þess að taka hina í fangelsinu í rassinn!

U: Nauðgarinn mættur.

O: Þannig að þú skilur kannski þá á einhvern hátt þessa miklu þrá Hitlers?

R. Já, algjörlega.

O: Nei ég meina upp að einhverju marki, þið þurfið ekkert að vera samferða mjög langt á leið...

R: Nei, ekki mjög langt! En ég held að það hafi allir, eða nú tala ég bara fyrir sjálfan mig, þessa löngun til þess að verða einhver ógeðslega flottur og valdamikill.

U: Er hægt að hugsa sér það sem einhverja grunnlöngun?

R: Já, ég held það.

O: En hvaða þrá er það eiginlega? Sá sem kemst í þá stöðu að geta miðlað einhverju og haft áhrif á aðra, af einhverjum ástæðum, hlýtur að spyrja sig hverju hann eigi að miðla, eða hvað?

R: Hvað er það annað en egóið sem mann langar að miðla? Eða jú, einhver sýn, manns sýn á lífið, en það er bara egóið held ég.

O: Er sýnin þá bara leið fyrir egóið að komast hærra í valdastrúktúrnum?

U: Ég sé allt í einu fyrir mér performansana þína sem við vorum að ræða um áðan. Þar er alltaf einhver manneskja, stundum þú og stundum einhver annar, að endurtaka eitthvað um eitthvað sem hefur mistekist

og er drama og á einhvern hátt mannlegt og mér finnst eins og sé verið að miðla þar einhverju...

O: Verið að gefa af sér á fullu, þú ert svona rokkstjarna sem gefur allt.

R: Já, maður verður að gefa allt sko ef maður ætlar að komast til valda!

O: Þetta er svona trikk sem þú ert búinn að finna út? Blessaður fáðu þér meiri blómadropa.

U: Hvar fékkstu þessa dropa?

R: Nei, auðvitað hefur maður þessa sýn og langar að gefa af sér.

O: Þessa hvaða sýn?

R: Hún er svolítið kannski eins og Tjekov á tilveruna: Það er sársaukafullt og fallegt að vera manneskja eða einhver svona léttleiki og líka óendanleg sorg. Það er kannski það sem ég er að miðla.

O: Finnst þér þá listin þín á einhvern hátt vera læknandi?

R: Já, mér finnst hún vera læknandi.

O: Heilun eins og Bubbi sagði?

R: Já, hún er náttúrulega læknandi, hún lyftir manni á æðra plan og það er náttúrulega það sem maður vonar að listin manns geti búið til fyrir áhorfandann, hið æðsta lista-kikk er að fara bara ahhh úr út líkamanum eitt sekúndubrot. Performansinn er mjög asnalegt form í sambandi við það, þú ert mjög meðvitaður áhorfandi gjörnings og erfitt að komast út úr líkamanum sem áhorfandi.

U: En þú getur samt gleymt þér og fests í transi í einhverja smá stund sem áhorfandi.

R: Já, og kannski er einmitt þess vegna sem uppbygging performansins er í endurtekningu, til að losna við meðvitundina áhorfnandans um að hann sé að horfa á performans. Að fá fram frekar eitthvað póetískt eins og þegar maður er að horfa á málverk. Þú gleymir að þú ert að horfa á performans því hann er alveg statískur og ekkert að gerast og þá geti náðst þetta andartak.

U: Og þú ert raunverulega þá bara að byggja svið fyrir þá augnabliksupplifun? Maður getur líka séð þetta fyrir sér sem rannsóknarstofu þar sem þú setur upp græjur til að búa til gull eða dóp...

R: Já, akkúrat, reynir að búa til eitthvað dóp.

O: Já, og þá mætti segja, til að reyna að bjarga þér úr klónum á Hitler, að hann hefði ekki leyft sér slíka tilraunamennsku, eða að vísu jú, hann var að gera stóra tilraun með mannskepnur og manngildið en aðferðin byggðist ekki á opinni spurn heldur vissu um að þetta væri besta leiðin að því marki sem kallaðist lokalausn, lokaupplausn. Sú pólitík sem að hann stóð fyrir var sú sem reyndi að draga skýrustu línuna að markmiðunum og leiðin skipti engu máli, var bara bein lína á korti og reynt að hylma yfir um skítuga leiðina, brenna heimildirnar um hana...

R: Ef það er eitthvað sem maður trúir á þá er það mannkærleikur. Ég bara trúi á kærleikann. Blómadroparnir eru greinilega að virka hérna! Nei, í alvöru, ég gæti sko aldrei verið Hitler.

O: En ef þú fengir svo mikið vald eins og hann þá kannski værirðu ekki í betri aðstöðu til að miðla þessum kærleik sem þú trúir á?

R: Ég mundi þá verða svona eins og, muniði ekki þegar Chaplin varð Hitler í Einræðisherranum, ég mundi verða svoleiðis Hitler, svona góður Hitler.

O: Fífa-Hitler?

R: Já.

U: Ertu kominn með titil á verkið? Ætlarðu að kalla það eitthvað sem tengist Hitler?

R: Nei, ég er einmitt í vandræðum með þetta því tilfinningin er svo ógeðslega mikið um hann og mig langar ekkert endilega að áhorfandinn finni líka fyrir þeirri tilfinningu. Í hausnum á mér heitir þetta bara Stúka Hitlers. Mig langar ekki að það sé eina upplifunin.

O: Þá er það eins og ofhlaðið í sjálfu sér og lokar á annað í stað þess að opna, eða hvað?

R: Já, það verður alltof ofhlaðið í sjálfu sér, þú þarft bara að segja H-orðið og þá er allt einhvern veginn skilið og þá bara dssss

O: Fljótfengið fix?

U: Þá þarf að tala um eitthvað annað...

R: Já, ég var að hugsa um þetta augnablik í Chaplin sem er svo ógeðslega flott, þegar einhver sem lítur alveg eins og út og Hitler og stendur í sömu sporum og hefur völd en miðlar þeim svo til góðs. Það er svo sjúklega fallegt. Fantasía. Og Daníel sendi mér mynd af Lee sem hún tók af sér sjálf í baðkarinu hans Hitlers í íbúðinni hans í Munchen, rétt eftir stríðið. Þetta er alveg geðveik mynd af þessari fallegu amerísku súrrealistakonu í baðinu hans Hitlers!



U: Svo var ég allt í einu að hugsa um að Hitler er auðvitað mesti lúser allra tíma.

R: Hann er tákngerfingur þessarar máttsýki listamannsins sem langar svo til að miðla einhverri sýn en svo bara misheppnast það eins rosalega og það getur misheppnast.

U: Stærsta flugið og mesta fallið, pólitískt séð.

O: En hvernig hefði hann orðið sem listamaður, ef hann hefði sett allan kraftinn í einhvern listrænan performans, það hefði verið svolítið sniðugt.

R: Málverkin hans eru rosalega realískar myndir af byggingum og rústum og það eru engar manneskjur í þeim!

U: Ef við tölum aðeins um rústir, þú varst með performans í félagsheimilinu Dagsbrún sem er einhverskonar rústir og núna ertu með rústir af þessari stúku. Það sem er búið að vera. Eins og gamla skilgreiningin á Íslandssögunni þar sem landnámið er gullöldin og svo bara hnignun og rústir og síðan endurreisn. Dagsbrún er rústir...

R: Eftir einhverja gullöld og rústirnar af stúkunni eru af svartholi, eins og rúst af svartholi.

O: Á sýningunni er Hrafnhildur svo með rúst af hégómanum og hippanum og Björk með rúst af konseptlistinni svo þetta er orðið að...

R: Rústasýningu!

O: Já, eða kannski endurreisnarsýningu?

U: Fornleifasýning.

R: Ég man það núna að mig langaði alltaf til að vera fornleifafræðingur. Og nú er stúkan komin alla leið yfir hafið...

O: Rímar dálítið við þarna „Beinin heim" og „Handritin heim". Við Íslendingar fengum ekki allt sem við vildum heim en fengum í staðinn leikhússtúku Hitlers!

R: Þið vitið að Hitler sagði alltaf þegar það dó einhver hershöfðingi eða einhver svona

hátt settur hjá honum, þá sagði hann alltaf bara „Deyr fé deyja frændur". En það er eins og listin sé afsökun til að grúska á skapandi hátt í þessu sem er alveg geðveikt hryllilegt.

U: En þetta tímabil sem við erum líka búin að vera að rannsaka sem fyrirbæri er náttúrulega þetta Pakkhús postulanna sem var í gangi á sínum tíma en er að einhverju leyti búið að tapa.

O: Við erum í rústunum á því líka, í því pakkhúsi.

R: Sko, þetta er sú kynslóð sem maður horfði upp til en var of lítill til að vera með. Þetta var rosalega töff og mann langaði rosalega til að vera með í Pakkhúsi postulanna. Þetta var svo ógeðslega töff útlendinga eitthvað og maður var fyrir utan Tunglið og ekki séns að komast þangað inn.

O: Þannig að þú fórst ekki á neitt svona?

R: Nei, ég fór ekki.

U: En reifið er að einhverju leyti búið að tapa núna.

R. Já, það tapaði því það var svo kreatívt og jákvætt í eðli sínu, bara eitthvað „Hei, tökum okkur saman og gerum eitthvað skemmtilegt", eða eitthvað svona sam- sem tapaði síðan náttúrulega fyrir markaðslögmálunum eins og allt gott, heyr heyr. Núna eru bara, eifarnar af því á Íbíza og Ministry of Sound, E-pillur og kynlíf en ekki þetta skapandi afl sem það var, það tapaði fyrir vímunni og kynlífinu.

O: En þegar það kom yfir hafið til Íslands, eins og stúkan, þá hafði það þegar aðra merkingu, var kannski smá rúst, eða hvað?

R: Já, allt önnur merking, í Bretlandi gekk þetta út á að komast út úr gráum raunveruleikanum en hér var þetta eins og ljósbjarmi frá útlöndum.

O: Já, og gekk kannski svolítið út á að stúka af, ekki bara að búa til eitthvað sam- eða hvað?

U: Þú ert með og þú ert ekki með rétta passann.

R: Já einmitt ég man að ég og vinur minn reyndum að komast í eitthvað partý og þóttumst vera Gary og Nigel stílistar fyrir DJ frá London en það fattaðist. Já, ég held að þetta hafi verið andstaða við pönkið sem var miklu opnara. En þetta var fyrir manni eitthvað svona exklúsíft ljós sem maður komst ekki inn í en var alveg ótrúlega heillandi og maður hélt að þetta væri bara skemmtilegasta líf í heimi að vera á reifi og vera töff. Og þess vegna er það líka symbólískt að þessi sýning heiti eftir þessu fyrirbæri og að enginn sem sýnir hafi almennilega verið inni í því. Svo finnst mér það líka mjög fyndið að vera búin að vera stóran hluta undirbúningstímans í símanum við Helga Björns að redda stúku Hitlers. Það er hinn eini sanni performans og þarna er komið goðið frá níunda áratugnum, ég elskaði Helga Björns á þessum tíma og stóð á torginu og grét yfir „Mér finnst rigningin góð." Og það er einhver veruleg hippaendurreisn í því að vera í sambandi við hann út af þessu verki.

O: Talandi um tónleika, vitiði nokkuð hvað handahreyfingar postulanna þýða, sumir puttar svona og aðrir svona? Og þungarokkið með svona handahreyfingar og reifið með aðrar...

R: Já, vá, talandi um reif og nasisma þá fór ég einu sinni á reif í Þýskalandi og þá vorum við í Trabant að hita upp fyrir Gus Gus þegar þeir voru að Dj-a á einhverju svona reifi og það var í einhverju risastóru dómi.

U: Bara eins og í kirkju?

R: Já, bara eins og kirkju, tvisvar sinnum stærra en Laugardalshöllin, stærsta sem ég hef á ævi minni séð og allir Þjóðverjarnir gerðu eitthvað merki með höndunum, það var reif-merki, en var mjög svastikulegt og allir í reifflötum, í háum skóm með fjólublátt hár og rosa taktur sem bylgjaðist um svæðið og þessi magnaða sefjun í loftinu og hræddi mann svolítið en var líka ógeðslega töff.

U: Og nú getur þú komið töff inn á opnunina, eða ætlarðu ekki að reyna það?

R: Já, nei, ég get það ekki því ég missi af opnuninnni, ég verð úti í Noregi, en ömurlegt! Eins og líf mitt, maður horfði girndaraugum á Pakkhús postulanna inn um gluggann og svo þegar maður var orðinn nógu gamall þá var það búið að vera og nú er maður í Osló á opnuninni og svo þegar maður kemur þá verða allir orðnir þreyttir á þessari stemningu.

O: Sorglegt.

R: Já, sorglegt!



Kondu að Dansa....





Sýruhús / Sýruvereymsla



Imyndunarafl
Imyndun
hugarburður

delusion

Sjálfblekking
blekking
sjónir
sýn
tálmynd/
Sjónhverfing/ Hugarbur
skynvilla
no entity

Fantasy
illusion
figment
phantasy
phantasm

# ~~POSTULAR~~
# ~~OPINBERS~~
# ~~VETTVANGS~~

~~viðtal við Soffíu,~~
~~síðan Hafþór,~~
~~síðan Lóu~~
~~og svo við Fee.~~

# Soffía Karlsdóttir

Daníel, Oddný og Huginn hittu Soffíu Karlsdóttur í kaffistofu Hafnarhússins þann 16. ágúst 2006 og ræddu við hana um peningamál Pakkhússins og kynningarmál í listasögunni. Afritari viðtals ruglaðist ítrekað á karlmannsröddunum enda töluðu sýningarstjórarnir nánast einum rómi frammi fyrir kynningarstjóranum.

Oddný: Þú ert búin að vera í miklum samskiptum við aðstandendur þessarar sýningar frá upphafi og enn meira undanfarna daga þegar samræðan er bara látlaust í gangi um allt. Geturðu lýst þeim samræðugrundvelli og þínu hlutverki í sambandi við þessa sýningu?

Soffía: Það er mjög mismunandi hvernig ég kem inn í sýningar. Ég kem óvenju snemma að þessari sýningu vegna þess að hún skiptir sköpum fyrir stefnumótun hússins. Kynningarstjóri kemur mikið að ímyndarmálum og nú er Hafþór að boða nýja stefnu hér í Hafnarhúsinu og á Kjarvalsstöðum. Þessi sýning skiptir því miklu máli. Ég leitaðist sjálf mjög eftir því að fylgjast með frá upphafi og taka þátt í því ferli og fylgjast með starfi hönnuðanna Finnu og Brynhildar hérna niðri í anddyri, því það er raunar mitt umráðasvæði.

O: Þar tengist safnið áhorfandanum og kynnir sig fyrir honum?

S: Já, það má segja það. Spurningin um það hvernig safnið tekur á móti áhorfandanum skiptir mjög miklu máli og hvernig safnið kemur fyrir. Á afgreiðsluborðinu má t.d. bara vera efni sem tengist Listasafni Reykjavíkur á einn eða annan hátt. Um daginn var þar bunki með auglýsingum frá Grillhúsi Guðmundar en hann var fjarlægður snarlega!

O: Hver er þinn bakgrunnur, hvernig kemur þú að starfi safnsins og ímynd þess?

S: Ég hef starfað lengi að markaðsmálum og er sjálf menntuð í listum, ekki myndlist heldur tónlist. Ég hef starfað mjög mikið á menningarsviðinu bæði í Óperunni og hjá Reykjavík - menningarborg Evrópu árið 2000, sat í stjórn Óperunnar, sit í stjórn Vetrarhátíðar og þetta er einhver svona baktería sem maður losnar ekki við. Ég reyndi að snúa mér að öðru eftir að ég lauk rekstrar- og viðskiptafræðinámi hjá Endurmenntun HÍ. Ég rata bara alltaf aftur í þennan menningargeira og er nú að leggja lokahönd á meistararitgerð í menningarstjórnun. Ég var ráðin hér sem markaðs- og kynningarstjóri árið 2000 og ímynd safnsins er hluti af mínu starfssviði.

O: Felst þá starf þitt hér í ímyndasköpun og markaðssetningu hennar, eða hvað?

S: Já, og kynningarmálum. Markaðs- og kynningarmál eru oft sett undir sama hattinn og svo hef ég líka verið mikið í að leita eftir samstarfsaðilum, finna styrki fyrir safnið, sjá um að leigja út húsið og yfirleitt að sjá um samskipti safnsins út á við.

Huginn/Daníel: Þú ert þá samningaviðræðumaður safnsins?

O: Hefurðu átt í samningaviðræðum við þessa tvo sýningarstjóra?

S: Nei, ég er nú svo heppin að ég þarf aldrei að eiga í peningasamningaviðræðum við listamennina, ég díla meira við fyrirtækin! Samningar við listamennina heyrir undir sýningardeildina og Fee er deildarstjóri sýningardeildar svo það er hennar svið.

O: En skarast þessi svið ekki, ertu til dæmis ekki komin út í samskipti við sýningarstjórn þessarar sýningar?

S: Jú, það er rétt og ég hef kannski aldrei verið jafn tengd inn í sýningu eins og þessa.Samskiptin við sýningarstjórnina er mjög svo forvitnileg.

H/D: Við erum alltaf að draga fólkið á skrifstofunni inn í ferlið.

S: Þið hafið gert svo miklar kröfur um að þetta ferli væri í flæði og þið væruð hluti af okkur starfsfólkinu. Sem betur fer hafið þið getað verið mikið hérna á staðnum og það hefur skapað þessar skemmtilegu og opnu samræður. En yfirleitt hitti ég varla sýningarstjórana nema í kaffi.

O: Þetta er orðið eins og íslenskt sveitaheimili , allir að hlaupa í skarðið og sjá um allt saman!

S: Já, stemningin hefur þróast í þá átt undanfarið.
H/D: Slá túnið og baka brauðið á sama tíma. En þú ert nú líka komin á bólakaf í þessa sýningu í gegnum Finnu og Brynhildi, í gegnum starfið með þeim, er það ekki?
S: Þetta er í fyrsta skipti sem hluti af starfi sýningarstjóra er að teygja anga sýningarinnar svona út fyrir alla sýningarsalina. Það skiptir mig þá máli því það rými sem er verið að vinna með þarf ég að leigja út og ráðstafa, það er hluti af peningaöfluninni sem heyrir undir mitt starfssvið.
O: En eru þá hönnuðirnir beinlínis komnir yfir á þitt umráðasvæði?
S: Jám nei nei, alls ekki.
O: Ég meina það ekki í neikvæðum skilningi heldur að þær séu að vinna með ímyndina og samskipti safnsins út á við sem þú hefur hingað til gert meira sjálf.
S: Einmitt, eitt af því sem er svo fallegt við þessa sýningu er, að hún nær að kollvarpa öllu því sem hefur verið gert hingað til. Það hefur oft verið rætt fram og til baka að gera eitthvað við skyggnið hérna fyrir utan, en það hefur hingað til verið eins og heilagt í mínum huga og mér hefur fundist það vera tákn safnsins sem ekki mætti hrófla við, í mesta lagi mætti varpa mynd á það. Þess vegna fannst mér hugmynd hönnuðanna um að klæða skyggnið tímabundið að utan til að vinna markvisst með táknmynd safnsins, vera alveg upplögð og tímabær.
H/D: Finnst þér þá kannski vera frelsandi að vinna með þeim?
S: Algjörlega og í takt við þær hugmyndir sem hafa verið á reiki alveg frá því að safnið var opnað, Hugmyndin um að breyta starfsemi Hafnarhússins og gera það að samtímalistasafni í takt við þá þróun sem hefur átt sér stað erlendis. En svo varð ekkert úr því og húsið hér var bara eins og framhald af Kjarvalsstöðum.
H/D: Þetta er tilvistarkreppa.
S: Ég held að núna sé bara komið að því að horfast í augu við hana. Það eru rúm 6 ár síðan safnið opnaði og nú er nauðsynlegt fyrir safnið að taka afstöðu, það vissi enginn hvernig átti að taka þessu safni í upphafi. En nú er þetta orðið gott svona og það eru frábær tímamót til uppgjörs og breytinga.
O: Má þá segja að á einhvern hátt hafi þessi eilífi vandræðagangur í undirbúningi Pakkhúss sýningarinnar knúið safnið til að svara einhverjum lykilspurningum
S: Já, ég held það.
H/D: Þeim hefur meira svona verið ýtt undir teppið hingað til, eða hvað?
S: Já, og ég held að einmitt með því að keyra þetta bara í gegn núna, svolítið án þess að hugsa of mikið um það fyrirfram, þá sé eitthvað nýtt að gerast. Kannski er það líka eina leiðin. Eftir að hafa horft á skissur og teikningar og verið á ótal hugmyndafundum þá finnst mér ég vera farin að sjá fyrir mér hvernig upplifun sýningin býður upp á. En þegar sýningunni lýkur og við strippum húsið aftur, tökum alla gulu segldúkana af súlunum og skyggnið verður aftur hvítt og venjulegt, gangstéttin tóm og afgreiðslukonurnar farnar aftur á bak við afgreiðsluborðið, þá þurfum við að vera búin að taka afstöðu til þess hvert næsta skref verður. Það ræðst mest af því hvernig Pakkhús breytingarnar virka.
O: En hafa þá ekki myndast einhverjar nýjar tengingar á safninu og í samskiptum þess, einhverjar nýjar leiðir eða rásir sem hægt er að virkja á nýjan leik?
S: Þessar breytingar eru bara gerðar fyrir eina sýningu og þetta er ákveðin tilraun til að sjá hvernig tekst til að kollvarpa öllu, en við vitum ekki hvort við notum okkur hugmyndirnar áfram eða hvað verður.
O: Verður þá ekki bara búið að opna fyrir möguleikann á að kollvarpa æ ofan í æ?
S: Jú, en hvernig við kollvörpum er enn á huldu.
H/D: Það endar með því að allar innréttingar verða á hjólum!
S: Hluti af starfi sýningarstjóra er að setja svip á safnið, andlitið á það.
H/D: Sýningarsalirnir eru kannski það venjulegasta í þessu safni en það er allt ferlið við að komast inn í það sem er magnað og mest krefjandi að takast á við. Okkur finnst að þessi inngangа megi ekki gleymast.
S: Hún er mjög dóminerandi.
H/D: Í öllum byggingum sem maður fer inn í, er það inngangurinn sem gefur tóninn um það sem koma skal.

O: Hingað til hefur þú kannski ekki verið að setja upp þitt eigið jólaskraut við innganginn til að slá einhvern tón sem þú telur réttan, því þú ert í starfi hjá hinu opinbera og samkvæmt hefð er þinn signatúr ekki sýnilegur. En er ekki spurning hvort þitt hlutverk sé að breytast núna, hvort hér eftir verðir þú í tengslum við allar sýningar til að reyna að virkja innganginn?

S: Það getur vel verið, en það hefur ekki verið rætt hingað til. Það sem er í deiglunni núna varðandi innganginn er að flytja kaffiteríuna þangað niður og þar á líka að koma búð. Við erum búin að standa í ströngum samningaviðræðum vegna þessara flutninga og ég vona að þeir geti orðið fyrir áramót. Það er hluti af þessari þróun og ég vona að í framhaldi af því muni afgreiðslan breytast. En við búum við fjárskort og getum ekki gefið út það sem við viljum, við getum ekki keypt vörur og erum því líka í tilvistarkreppu hvað það varðar.

O: Er safnið fjársvelt af hinu opinbera?

S: Já, það er það svo sannarlega. Við fáum alls ekki næga peninga frá borginni, það liggur í augum uppi og hver sem er getur skrifað undir það sem eitthvað kynnir sér málin. Við gætum gert svo miklu fleira ef við þyrftum ekki alltaf að vera á bremsunni í útgáfumálum, kynningarmálum og bara allri okkar starfsemi. Okkur langar til að gera svo margt en getum aldrei farið alla leið.

O: Af því að þið eruð í þessari aðstöðu, þessari sóttkví ef svo má segja, þá kemur umræðan um markhóp gjarnan upp. Geturðu útskýrt aðeins þetta fyrirbæri, markhópur?

S: Ég hef sagt að markhópur Listasafns Reykjavíkur sé í raun og veru allir landsmenn. Það er oft erfitt að afmarka markhópinn en kannanir hafa sýnt að þeir sem mest sækja söfn eru konur á aldrinum 30 til 50 ára sem búa í hverfum 101 og 107. Verkefni mitt er að átta mig á því til hvaða hóps sýning höfðar og reyna að stýra markaðssetningu og kynningum í þá átt. Við fáum til dæmis um tíu þúsund nemendur á hverju ári og okkar er að gera sýningarnar aðgengilegar fyrir þá.

O: Á þá orðið markhópur bæði við um þá sem safnið nær til og líka um þann hóp sem það vill ná til, eða setja mark sitt á?

S: Já, og það má segja að í víðum skilningi viljum við höfða til allra en svo sjáum við að ákveðin sýning muni frekar höfða til einhvers tiltekins hóps og reynum þá að beina kynningu á henni í þá átt. Við erum með yfir tuttugu sýningar á ári sem eru afar ólíkar og hver og ein sýning á sér sinn markhóp svo í raun gæti markhópur safnsins í víðari skilningi verið allir.

H/D: En eruð þið ekki að breyta markhópnum með þessari nýju stefnumótun í Hafnarhúsinu?

S: Jú, klárlega og það liggur alveg ljóst fyrir að hér verður reynt að höfða til ungs fólks, fólks á þrítugs og fertugsaldri, jafnvel aðeins yngra fólks, háskólafólks, menntafólks. Það er í rauninni sá hópur sem við vonumst til að fá hingað inn og bjóða upp á það nýjasta sem er að gerast í listum.

O: Að yfir árið fái allir eitthvað fyrir sinn snúð?

S: Já, því þótt við höfum þennan ákveðna markhóp í huga varðandi Hafnarhúsið þá erum við líka og verðum heimili Errós. Svo þetta er aldrei alveg svart-hvítt mengi.

O: Talandi um Erró, ég held að Huginn og Daníel hafi einmitt langað að gefa Hafnarhúsinu Pakkhús sýninguna.

H/D: Já, það var meiningin og við erum tilbúnir að skrifa undir það!

S: Guð minn góður!

H/D: Það væri samt frábært!

S: Ég er ekki viss um að öllum fyndist það. Hvar ætti að geyma hana?

O: Falleg gjöf, hermdargjöf!

S: Ég held að Pakkhús postulanna verði sýning sem fólk á eftir að vísa til sem tímamóta í íslenskri myndlistarsögu. Það er auðvitað mjög stórt upp í sig tekið á þessum tímapunkti.

H/D: Áttarðu þig á því að þetta eru algengustu væntingar til samsýninga hér á landi, að þetta verði byltingin, hallarbyltingin?

S: En þetta er hallarbylting, það er ekki á hverjum degi sem slík sýning er í opinberu safni.

H/D: Nei, svo sem ekki, allavega ekki svona meðvitað.

S: Líka vegna þess hversu ungir margir listamannanna eru, ég hafði ekki einu sinni heyrt á suma minnst áður en þeir komu hingað inn til að gera samning!

O: Það er spurning hvort það verði einhver bylting út á við, hvort byltingin verði kannski bara í höllinni innan húss en nái ekki að bylta neinu öðru.

S: Kannski engu út á við, en samt held ég að þessi sýning valdi einhverjum straumhvörfum eins og Gullströndin andar á sínum tíma. Það er sýning sem fólk vitnar enn í. Þar voru listamenn sem enginn vissi af, en eru komnir alveg upp á yfirborðið í dag og eru að gera virkilega góða hluti sem engan gat órað fyrir á þeim tíma, í kringum 1983.

H/D: Þú ert þá að horfa fram í tímann, til langframa?

S: Ég er að horfa til framtíðar. Já, og ég vona að þessi sýning verði einskonar varða í myndlistarsögunni. Miðað við þær sýningar sem ég hef komið að, og þær eru ófáar, þá stendur þessi upp úr. Ég man ekki eftir neinni sýningu sem hefur umturnað safninu svona gersamlega og allri starfseminni.

H/D: Upplifirðu þetta raunverulega svona?

S: Já, algjörlega og mér finnst allir mjög meðvitaðir um þetta.

H/D: Við skríðum bara eins og sýklar inn á þetta safn og höfum enga heildarsýn á því sem er að gerast.

S: Það er allavega skýrt í mínum huga að það hefur engin sýning verið tekin svona langt.

H/D: Það er svo skrýtin upplifun að vera í þessu völundarhúsi en eins og í öllum völundarhúsum þá lærir maður að rata. Hvort umhverfið er að aðlagast manni, eða maður því, er gáta.

O: Þetta er greinilega gagnkvæmt uppbrots- og aðlögunarferli.

H/D: Þetta er 9 mánaða ferli.

S: 9 mánaða meðganga, barn í brók!

H/D: Er þessi tími tilviljun?

S: Kannski meðvituð tilviljun!

O: Á tímabili vorum við orðin svo upptekin af þeirri hugmynd að eftir allt saman yrði þetta flopp og þótt þetta ferli innan í kerfinu sé búið að vera rosalega lærdómsríkt og mikil upplifun fyrir alla sem hafa tekið þátt í því, þá nær það ekki endilega að smita út frá sér til áhorfandans.

H/D: Andvana fæðing?

S: Ég hef alveg fengið mín óttaköst út af þeim möguleika að þetta verði bara eitthvað sem fólki finnist hafa verið gert áður. En ég hef samt trú á að þetta eigi eftir að hreyfa við fólki.

H/D: Það á allavega eftir að skapa einhverja umræðu, eða vonandi allavega það.

S: Ég held að það sé alveg ljóst að þetta verður enginn blokk-böster, eða fjörtíu þúsund manns eins og hjá Ólafi Elíassyni. Hann kom hingað rétt á eftir sýningunni í Tate Modern í London þar sem hann varð heimsfrægur. Það var mjög gott fyrir safnið að fá að sýna hann strax í kjölfarið. Enda hefur aðsóknin aldrei verið neitt í líkingu við þá.

H/D: Kynntirðu sýninguna ekki líka alveg rosalega?

S: Nei, ég kynnti hana ekki meira en aðrar sýningar. Munurinn var bara sá að í stað þess að þurfa að ganga á eftir fjölmiðlafólki að koma á uppákomur og sinna okkur, þá þurftu menn að standa í biðröð til að geta náð tali af Ólafi. Ég þurfti þess vegna ekki að gera mikið.

O: Það hefði kannksi verið sniðugt markaðstrikk að fara með Pakkhús postulanna fyrst til Singapúr, fá Fee til að redda því, slá í gegn þar og koma svo hingað í kjölfarið?

S: Nákvæmlega, þú verður ekki frægur á Íslandi fyrr en þú ert búinn að meika það í útlöndum.

O: Var svolítið spennufall eftir að Ólafur fór út af safninu?

S: Já, og það má segja að það hafi ekki verið neinn toppur eftir það.

O: Eruð þið alltaf að leita að þessum toppum?

S: Já, en við bara getum ekki leyft okkur að hafa svona toppa aftur, af því höfum ekki fjárhagslegt bolmagn til þess. Það myndi allavega fara með alla peninga ársins í eina uppákomu.

O: Er ekki alltaf spurning hvort eigi að elta stjörnurnar eða reyna að fóðra listalífið í borginni?
S: Við höfum oft rætt þetta og spurt okkur hvort við eigum að gera fáar góðar sýningar eða margar hálf góðar. Ég held að allir í safninu séu sammála um að einbeita sér að færri sýningum og góðum. Þegar ég byrjaði hér þá voru um 30 sýningar á ári, í öllum húsum Listasafns Reykjavíkur. Núna eru sýningarnar tæplega 20.
H/D: En hvert er raunverulegt hlutverk safnsins sem stökkpallur fyrir listamennina sjálfa?
S: Við erum fyrst og fremst þjónustustofnun fyrir Reykvíkinga og aðra gesti, en auðvitað er það stórkostlegt að geta stuðlað að frægð, frama og velgengni listamanna, það er í raun bara aukabónus fyrir okkur sem vinnum hér. Svo má ekki gleyma aðalhlutverki safnsins sem er að safna, miðla og vernda listaverkaeign Reykjavíkurborgar.
O: Þú kemur úr tónlistinni. Hvernig myndir þú lýsa sýningu Ólafs Elíassonar, sem tónverki eða tónlist?
S: Eins og skemmtilegu dægurlagi sem grípur mann, hrífur mann með sér án þess að maður fái nokkuð við það ráðið, maður fer bara að syngja með.
O: Hvernig ímyndar þú þér þá Pakkhús sýninguna, ef þú lýsir henni sem tónlist?
S: Algjörlega sem samtímatónlist, skrifaða af íslensku tónskáldi, t.d. Snorra Sigfúsi Birgissyni. Tónlist sem þarf að leggja sig fram við að skilja.
O: Er hún ómstríð?
S: Hún er ekki klassísk og hún líður ekki inn í eyrun eins og rómantík. Ég hugsa að þessi sýning verði ómstríð og að þú þurfir að hafa fyrir því að meðtaka hana. Eins og á tónleikum þegar verið er að leika nútímatónverk og maður verður að hlusta á virkan hátt með endurkasti hugsunarinnar.
O: Og svo er það dansinn.
H/D: Það er verið að bjóða upp í dans.
S: Já, þetta verður alls ekki óþægilegt, þetta verður þvert á móti skemmtilegt, ögrandi.

# Hafþór Yngvason

*Huginn og Oddný ræddu við Hafþór í bakherbergi á bókasafninu í Hafnarhúsinu, í byrjun ágúst, 2006. Mig langar til að byrja á því að biðja þig Hafþór um að segja frá tilurð þess að þú biður þá Hugin, Unnar og Daníel um að koma inn í safnið.*

H: Þegar ég kem hingað heim til Íslands fyrir tæpu ári síðan og tek við starfi safnstjóra eftir 20 ára dvöl í Bandaríkjunum, þá átta ég mig á því að hér eru komnar fram heilu kynslóðirnar af listafólki sem ég þekki ekki. Listamenn sem hafa lokið námi frá listaskólum og starfað um nokkurt skeið að listsköpun, mótað sína eigin rödd og sýn í myndlist og haldið sýningar á verkum sínum. Þegar ég fer utan til Bandaríkjanna 25 ára gamall þá eru ungu listamennirnir á aldur við Guðmund Odd, en nú teljast þeir til reyndari listamanna á miðjum ferli sínum! Ég áttaði mig á því að síðan [illegible] var hafa í raun komið fram 3 og jafnvel 4 kynslóðir virkra myndlistamanna á Íslandi. Ég lagði því upp með það í starfi mínu að safnið skyldi þjóna öllum þessum mismunandi kynslóðum núlifandi listamanna sem væru virkir í sýningarhaldi og að safnið skyldi ásamt öðru leitast við að koma til móts við sýningargesti sem vildu fylgjast með því nýjasta í íslenskri myndlist. Listasafn Reykjavíkur hefur yfir að ráða þremur safnabyggingum og þar af tveimur stórum söfnum, Kjarvalsstöðum og Hafnarhúsinu. Ég ákvað að koma upp þeirri stefnu að Kjarvalsstaðir þjónuðu vandaðri hefðbundnari list en að Hafnarhúsið fengi skýrara hlutverk sem samtímalistamiðstöð, þar sem teknar eru meiri áhættur í sýningarhaldi og leitast við að varpa ljósi á þá myndlist sem er í gerjun hverju sinni. Það eru ekki endilega yngstu listamennirnir sem um er að ræða heldur listamenn á öllum aldri sem eru að ögra listformum, feta nýja leiðir, taka áhættu. Þetta eru svonefndir framúrstefnulistamenn (avant - garde) listamenn sem eru ekki einungis að vinna markvisst að því að ná valdi á ákveðnum miðli, til dæmis í málverki, heldur listamenn sem leitast jafnframt við að útvíkka listhugtakið og vinna með það í sjálfu sér. Ég áttaði mig á því að besta leiðin til að fá þessar raddir inn í safnið væri að leita til listafólks af þessari nýju kynslóð og það var svo í gegnum Guðmund Odd sem ég setti mig í samband við þá Huginn og Daníel. Og ég man vel eftir fyrsta fundinum þar sem við vorum kynntir.

*O: Hvernig var hann?*

H: Það var dálítið merkilegur fundur þegar ég horfi til baka. Þetta var á síðustu vikunum sem Klink og Bank var starfrækt og ég gekk þarna um húsið í Brautarholtinu og áttaði mig á að þarna var að finna öðruvísi orku, annan kraft, vinnuaðferðir sem voru ólíkar þeim sem ég hafði átt að venjast allt frá því að ég fór að starfa innan myndlistarinnar um 1980 og kynntist Nýlistsafninu, sem þá var nýstofnað, og gallerii Suðurgötu 7, en það var tilraunavettvangur myndlistarinnar á þeim tíma. Í Klink og Bank voru nú aðrir hlutir að gerast og mig langaði að fá smjörþefinn af þeirri starfsemi inn í Hafnarhúsið. Hugmyndin var sú að þessi sýning markaði upphaf sýningarhalds míns sem safnstjóra Listasafns Reykjavíkur og að sýningin fæli í sér stefnuyfirlýsingu af minni hálfu. Hér inn á safnið er því að koma ný kynslóð og enginn þeirra listamanna sem verk eiga á sýningunni hefur áður sýnt í Hafnarhúsinu og safnið á ekki verk eftir þessa listamenn. Ég vildi að sýningin væri sett saman af einhverjum sem tilheyrði þessum hópi listamanna, fólki sem lifði og hrærðist í þessum heimi, þekkti og væri í takt við hugmyndir og vinnuaðferðir listamannanna. Að sýningin væri unnin frá þessum kjarna í stað þess að ég kæmi og glefsaði í hugmyndirnar utan frá. Ég lagði því upp með að sýningin væri unnin í eins miklu frelsi frá hendi safnsins og mögulegt væri. Að hugmyndin kæmi frá sýningarstjórunum og að þeir

fengju að þróa hana sjálfstætt án þess að hugmyndum væri ritstýrt eða gerðar við þær athugasemdir í hverju skrefi.

O: Þú sýnir sýningarstjórunum raunverulega algjört traust, eða eins mikið og þú mögulega getur í þínu embætti?

H: Einmitt, og þeir eru traustsins verðir trúi ég, allt sem ég hef séð og fylgst með í vinnuferlinu hefur mér fundist vera flott. Allt frá glímunni við hugmyndir sem settar hafa verið fram og síðan ef til vill endurskoðaðar, vali á listamönnunum og samstarfinu við þá, til síðast en ekki síst alls þessa óvænta sem upp kemur þegar unnið er að stórum sýningum sem þessari. Allt hefur þetta verið einkar vel leyst af hendi sýningarstjóranna og í raun kom það okkur sem vinnum hér á safninu nokkuð á óvart. Það virðist því hafa gengið mjög vel upp að vinna sýninguna svona innan frá.

O: En hvernig var þá þessi fyrsti fundur ykkar í Klink og Bank? Hvað baðst þú þá um að gera?

H: Bara um það að stýra sýningu. Að taka safnið eins alvarlega og hægt væri, að hér væri ekki á ferðinni alternative space á borð við það sem listamenn settu sjálfir á laggirnar í Nýlistasafninu á sínum tíma heldur safn í hefðbundinni merkingu þess orðs. Það þyrfti því að hugsa um hvað þetta orð safn merkir um leið og þeir tækju að sér hlutverk sýningarstjórans. Það sem ég rak mig á þá þegar, er að hér á Íslandi er lítil hefð fyrir sýningarstjórnun og lítill skilningur á því í hverju starf sýningarstjóra er fólgið. Það er sjaldgæft hér á Íslandi að sýningarstjóri setji algerlega saman sýningar frá grunni og að unnið sé virkilega með tilteknar hugmyndir frá grunni. Það er eins og að sýningarstjórnunin hafi meira falist í að velja saman einhver verk, sjá svo um að þau séu komin í hús fyrir opnun og séu tryggð.

O: Er þá kannski komin fram þörf fyrir sýningarstjórnun sem virkjar samræðu á milli verka mismunandi listamanna, þar sem sýningarstjórinn er einhverskonar miðill á milli safns, verka og listamanna?

H: Hin evrópska skilgreining á orðinu sýningarstjóri, curator, og á starfinu er mjög ólík bandarísku skilgreiningunni. Með nokkurri einföldun má segja að í Evrópu sé sýningarstjórinn í raun nokkurs konar safnvörður, eða sem í Bandaríkjunum væri kallaður „curator of collections" sem hefur umsjón með tiltekinni listaverkaeign safns, heldur utan um hana og vinnur svo sýningar úr safneigninni. Í Bandaríkjunum er sýningarstjóri hins vegar sá sem fylgist vel með því sem gerist í listheiminum, heimsækir vinnustofur og skoðar ótal sýningar til að átta sig á þróun og viðfangsefnum listamanna hverju sinni og setur svo saman sýningar með þeim verkum og áherslum sem honum þykja áhugaverðar og einkennandi þá stundina. Þessar sýningar geta verið hluti af ákveðinni markaðsetningu af hálfu viðkomndi safna, sýningarsala og gallería, en það hefur einmitt verið gagnrýnt af Evrópumönnum. En það sem ég átti við hér áðan þegar ég var að tala um skort á faglegri sýningarstjórn á Íslandi, er að það þarf að vinna sýningar frá grunni og taka þá vinnu alvarlega. Og af því sem ég hef séð af hugmyndum listamannanna og hvernig þeir eru valdir saman, þá sýnist mér það vera að gerast. Það voru ekki bara valdir ellefu listamenn án þess að vinna síðan úr því. Verk þeirra tengjast innbyrðis og þá kannski meira sjónrænt en út frá ákveðinni hugmyndafræði.

O: Mér finnst athyglisvert að fylgjast með undirbúningi sýningarinnar, hvernig í fyrstu ýmsar hugmyndir voru reifaðar og þróaðar en hvernig svo þurfti að setja þær allar til hliðar á ákveðnum tímapunkti til að eins og vinna sýninguna meira út frá innsæi eða ég veit ekki hverju. Útkoman kom því kannski öllum sem höfðu tekið þátt í þessari hugmyndamótun á óvart. Samræðan hélt síðan áfram og styrkti smám saman sýn aðstandendanna á margbrotgnum tengingum...

H: Ég held að það sé merki um góða sýningarstjórnun að bregðast við því sem listamennirnir gera í stað þess að fylgja eftir einhverri fastmótaðri hugmynd frá upphafi til enda. Hugmyndir byggjast stundum á lestri á erlendum lista-tímaritum, þegar menn þykjast við það koma auga á einhver einkenni í samtímalist sem endilega verði að vinna með. Kannski sjá menn mikið unnið með klæði og föt og vilja taka á því.

Síðan er farið af stað með samsýningu og kemur í ljós að verkin ganga út á eitthvað allt annað en lagt hafði verið af stað með í upphafi. Þá þarf að hafa hugrekki til að breyta um stefnu og aðlagast því sem á daginn hefur komið.

O: Þetta minnir kannski dálítið á rannsóknarferli í fræðum, sem þú nú þekkir, þar sem þú kemur fram með tilgátu í upphafi og þarft síðan endalaust að vera að laga hana að rannsókninni, ögra henni eða jafnvel umbreyta henni.

H: Já, þessi vinna er dálítið vísindaleg.

O: Og sýningarstjórinn þá kannski orðinn að tilraunafræðingi? En hér áðan sagðirðu að þú hefðir beðið sýningarstjórana um að taka safnið alvarlega sem slíkt, gætirðu kannski aðeins skilgreint þennan mun sem er á safni og tilraunakenndari sýningarrýmum sem ekki eru á vegum hins opinbera? Hversu miklu máli skiptir munurinn á þessu tvennu í þessu tilfelli, þar sem hér er á ferðinni mjög róttæk sýning af hálfu safnsins?

H: Í fyrsta lagi er það hvernig staðið er að vali á listamönnum. Við lögðum áherslu á það við þá Daníel og Hugin, sem báðir höfðu verið mjög virkir í starfsemi Klink og Bank, að þeir veldu ekki bara góða vini sína úr þeim hópi eða settu saman Klink og Bank sýningu í Listasafni Reykjavíkur, heldur að listamennirnir væru valdir af vel skilgreindum og rökstuddum ástæðum. Við vildum að vinnuaðferðir þeirra væru faglegar og að þeir myndu vega og meta hvers vegna einn listamaður yrði fyrir valinu fremur en annar og velta fyrir sér áhorfandanum og hver það er sem sér sýninguna. Eru það aðrir listamenn í sama hópi eða þarf að uppfylla skyldur gagnvart almenningi, veita áhugafólki um samtímamyndlist aðgang að þeirri gerjun sem er að eiga sér stað?

O: Ertu að minna þá á að þetta er opinbert safn?

H: Þetta er opinbert safn og það er verið að segja öllum almenningi að hér séu á ferðinni listamenn sem vert er að fylgjast með um þessar mundir. Sýningarstjórarnir þurfa að hafa í huga að hér eiga sér stað samræður við annan hóp fólks. Því fer fjarri að verið sé að segja að þetta séu einu listamennirnir sem vert er að fylgjast með í dag. Við erum hins vegar í fullri alvöru að benda á að hér eru á ferðinni listamenn sem eiga erindi við allan almenning og með því er auðvitað sett mikil ábyrgð í hendur sýningarstjóranna. Það er því kannski ekki skrýtið að allir séu að fara á taugum nú þegar styttist í opnun! (Hlátur).

O: Hér blandast saman óreiða og ábyrgð. Og það virðist sem sýningarstjórarnir hafi brugðist við þessari ábyrgð með því að gerast ábyrgðarfullir, ég segi ekki alvarlegir, en næstum því. Það virðist síðan hafa gert listamönnunum kleift að koma til leiks með ákveðinn léttleika í verkum sínum. Á tímabili hugsaði maður með sér að þetta gæti farið illa ef þrýstingurinn um að sýningin ætti að brjóta blað og verða í minnum höfð myndi smitast yfir í listamennina sem þá myndu fara á taugum og lamast, þangað til á síðustu stundu að þeir kæmu með einhverjar skyndilausnir.

H: Þetta er einmitt eitt af því sem rætt var á þessum fyrsta fundi og þá hafði Goddur, sem er oft svo vitur og er sjálfur alltaf að hugsa um listina og leitast við að skilgreina hana og skilja upp á nýtt, yfir þann vísdóm að það mætti alls ekki nálgast þessa sýningu sem einhverja nýja SÚM sýningu, en ef það yrði þá bara kæmi það í ljós eftirá. Þú býrð ekki til þannig sýningu fyrirfram. ~~Þú biður ekki um þannig sýningu, þú pantar ekki svoleiðis sýningu?)~~ Það er ekki hægt að gera þá kröfu til ungra listamanna í dag að þeir komi fram sem einhver svörun eða samsvörun við listsköpun sem fór fram fyrir 30 árum. Kannski brýtur þessi sýning blað í íslenskri listasögu en við getum ekki vitað það fyrr en hún er löngu afstaðin.

O: Hugmyndin um floppið kemur hér mjög sterkt inn eða hvað?

H: Listamenn lifa stöðugt í möguleika floppsins.

O: Og er það ef til vill eitthvað sem þú leitast við að virkja í þínu starfi, að lifa í möguleika floppsins?

H: Nei!

O: Ég á við hvort þú persónulega setjir á þig þá pressu í starfi þínu að hver sýning sé áhugaverð og mikilvæg ?

H: Ja, sjáðu til, málið er tvíþætt. Þú getur ekki gert þá kröfu til listamannsins að hann vinni tímamótaverk fyrir einhverja

tiltekna sýningu. Það sem þú getur hins vegar gert er að sjá til þess að listamaðurinn hafi þá fjármuni og þær aðstæður sem hann þarf til að geta gert það sem hann ætlar sér að gera. Ég ímynda mér að þegar ungir listamenn setja upp verk á eigin vegum, þá séu þeir oft að búa til módel af því verki sem þeir vildu gera ef þeir hefðu ráð og aðstæður til. Hér var því hugmyndin sú að listamennirnir fengju nægilega fjármuni til að gera verkið sem þeir vildu gera, en ekki bara módelið. Þannig að hér er verið að búa til tækifæri fyrir listamennina til að slík sköpun geti farið fram, án þess þó að sett sé fram krafa um eitthvað óviðjafnanlegt. Hinsvegar held ég að sýningarstjórar eigi alltaf að reyna að gera hina einu sönnu sýningu. Hver sýning er einstakt tækifæri. Ef hún floppar þá er ekki hægt að leiðrétta það, segja afsakið og opna svo sýningu skömmu síðar með sömu verkum aftur, í breyttri mynd.

O: Þessi ábyrgð hins opinbera sýningarvettvangs gagnvart áhorfandanum er mikil og krafa gerð um einhverskonar áreiðanleika, eða hvað?

H: Safnið verður að vera áreiðanlegt. Fólk verður að hafa það á tilfinningunni þegar það fer í Listasafn Reykjavíkur að það sjái þar eitthvað sem er þess virði að sjá. Að áhorfandinn njóti rjómans af því sem er að gerast á hverjum tíma.

O: En mætti ekki allt eins hugsa sér að safnið leitaði fanga í einhverju sem er eitthvað allt annað en rjóminn af því sem er að gerast? Ég set spurn við þessa hugmynd um rjómann og skyldu hins opinbera safns í því sambandi. Er hægt að ganga að því vísu að safn eigi að sýna rjóma?

H: Ég er auðvitað meðvitaður um umræður innan listarinnar um það hvað séu gæði og hvað ekki. Um viðtekin gildi og svokallaða kyndilbera fagurfræðilegra gilda og gagnrýni á slík viðmið. En ég held að ef er ekki settur einhver stuðull og unnið að því að nálgast hann markvisst og stöðugt, þá standi safnið ekki undir nafni og missa vægi sitt.

O: Mér þykja þessi orð þín engu að síður fela í sér ákveðna mótsögn sem er spennandi og skapandi. Þú vilt fá eitthvað sem er vandað og vilt að sýningarstjórarnir taki safnið alvarlega og hlutverk sitt en um leið er beiðni þín til þeirra mjög opin og felur í sér traust til manna sem engin trygging er fyrir að þeir standi undir. Þeir eru ekki menntaðir listfræðingar eða í tengslum við landbúnaðinn og ef til vill ekki best til þess fallnir að sjá hvar rjóminn rennur því þeir eru sjálfir innan í flæði hans...

H: Þetta er góður punktur. Ég veit ekki hvort það svarar nokkru en kannski á ská, en mikinn hluta starfsferils míns hef ég unnið með list í almenningsrými. Það er nokkuð erfitt starfssvið þar sem oft koma upp ósanngjarnar kröfur til listamanna af hálfu kaupandans, byggðar á því sem talið er að fólk vilji almennt sjá eða jafnvel á því hvaða er talið vera besta efnið í verkið. List í almenningsrými er keypt fyrirfram af listamanninum og án vitneskju um hver endanleg niðurstaða vinnu hans verður og því kemur oft upp mikil hræðsla um að menn séu að kaupa köttinn í sekknum. En í starfi mínu hef ég alltaf leitast við að styðja listamanninn og treysta því að hugmyndir hans séu þess virði að fyrir þeim sé barist. Ég held að þetta traust sé mjög mikilvægt í listheiminum.

O: Þetta traust sem þú lýsir felur í sér að þú ert ekki að skipa fyrir og boða hvernig sýningin skuli verða heldur vakir yfir verkefninu og leitast við að fá fram það besta, kannski eins og ljósmóðir, eða hvað?

H: Án þess að verða of heimspekilegur þá er þetta já, kannski eins og Sókrates lýsti starfi sínu sem samblandi af starfi ljósmóður og broddflugu. Þú vakir yfir hugmyndalegri gerjun um leið og þú potar aðeins í hana. Og þetta kemur líka inn á mikilvægi samræðunnar, eins og við töluðum um áðan, og það að kalla eftir sjónarmiðum viðmælenda.

O: Er ekki athyglisvert í þessu samhengi að hugsa til þess að í fyrri hluta samræðna Platóns var hann að þróa samræðuaðferð byggð á óvissunni og sú aðferð byggðist að stórum hluta á því að treysta engu öðru?

H: Já, þetta gengur allt út á traustið og sjálfstraustið. Sókrates átti í samræðum við samferðafólk sitt í trausti þess að þeir væru fullkomlega hreinskilnir í svörum sínum og hann sjálfur lagði ekki traust sitt á neitt nema samræðuna sjálfa. Þótt ég hafi ekki átt í beinum samræðum við listamennina sem sýna í Pakkhúsinu, þá treysti ég því að það sé í gangi samræða á milli þeirra og safnsins. Og ef þú ætlar að gera sýningu um list í samtímanum þá verður þú líka að treysta því að listamennirnir sem í hlut eiga séu verðugir fulltrúar samtímalistarinnar. Að treysta því að þeir séu á einhvern hátt að fást við samtímann. Og listamennirnir þurfa sömuleiðis að starfa í trausti þess að þeir séu að tjá samtíma sinn með einhverju móti.

O: Þú lýsir listamanninum sem sönnum fulltrúa og mér finnst það koma heim og saman við hugmyndina um postulann sem þann sem hefur einhverja sýn, hefur einhverju að miðla til annarra. En hvaða sýn er á sýningunni? Samtímans eða sýn á samtímann? Þú ert postuli því þú hefur þína tilteknu sýn, þú ræðir við sýningarstjóranna sem eru líka postular sem ræða við listamennina og biðja þá um að koma með sína sýn. Hvaða sýn er þetta þá?

H: Ég held að punkturinn sé sá að við erum öll postular en það er ekkert guðspjall! Við erum ekki að reyna að breiða út guðspjallið en við erum hins vegar að vekja athygli á tilteknum postulum. Þar er núningspunktur sýningarinnar.

O: Það er rosalegur punktur! En hvað gerist þegar er ekkert guðspjall?

H: Þá opnast allt! Og já vá, þetta tengist svo mörgu í heimspekinni, Emerson og svo mörgu sem væri svo gaman að ræða...

O: Já. En hvernig finnst þér þessi postulahefð í myndlistinni vera? Í samræðum við listamennina hefur komið fram að engan þeirra virðist langa til að eiga í beinum samræðum við samfélagið eða ræða beint um samtímann á pólitískan hátt og því velti ég því fyrir mér hvort væri runninn tími annars konar postula í list...

H: Þetta er allt önnur kynslóð... Ég veit ekki hvort hér eru á ferðinni listamenn sem sjá sig sem hirðingja eða postula...

Huginn: Ég held að það sé tvískipt á þessari sýningu. Sumir segja stoltir frá því að þeir séu postular og jafnvel prestar en aðrir eru kannski feimnir. O: En það liggur öllum allavega rosalega mikið á hjarta.

Huginn: Sigga Björg sagði mér frá því þegar hún og Ásdís Sif voru að tala saman í síma og Ásdís var þá að vinna að sýningunni Eiland og var við upptökur úti í Gróttu. Sigga hringir og Ásdís svarar og Sigga heyrir í roki og krium og þær spjalla dágóða stund þangað til Sigga spyr hvar Ásdís sé og hvað hún sé eiginlega að gera. Ásdís svarar að hún sé stödd með gullkórónu úti í Gróttu við að taka upp verk og var svo undrandi á því að vegfarendur og verkamenn á svæðinu væru alltaf að trufla sig þar sem hún stæði þarna í fullum skrúða við upptökur. En maður getur líka ímyndað sér hvað verkamennirnir voru undrandi á því að sjá hana þarna í fullu skrúða úti í skurði! Mér finnst þetta lýsa svo vel ástríðu listamannanna sem ganga svo algerlega inn í verk sín og aðstæður sem þeir skapa að þeir undrast fremur viðbrögð þeirra sem telja eitthvað athugavert við athafnir þeirra heldur en sínar eigin athafnir!

H: Þetta eru listamenn sem sinna listsköpun algerlega út frá sínum eigin forsendum.

H: Popptónlistarmenn hafa kannski meiri áhrif á samtímann en myndlistarmenn en það síðasta sem þú getur tekið frá listamönnunum er þessi trú þeirra á það sem þeir eru að gera og segja. Og þú tekur heldur ekki frá þeim sannfæringuna um hvað það er sem skiptir máli og hvað sé list. Í þeirri sannfæringu er fólgið mikið vald.

O: Svo koma kannski sýningar- og safnstjórar og segja: Já gott og vel, þér finnst þetta skipta rosalegu máli en þetta er samt hundleiðinlegt og við nennum ekki að hafa það með. Hvaða vald hefur listamaðurinn þá?

H: Það er vald af allt annarri tegund. Auðvitað getum við þaggað niður í listamanni eða að minnsta kosti ekki gefið honum tækifæri hér í safninu, en

það er allt annars eðlis en þetta vald listamannsins til að vera sjálfum sér samkvæmur og sjálfum sér trúr. Það er það vald sem gerir þá að postulum, það að þeir skuli velja að leita inn á við, skoða sjálfa sig og tala af sannfæringu. Þetta er ekki neinn expressjónismi heldur eins og Wittgenstein sagði: „My spade is turned". Á sama tíma kemur upp spurningin um það hvort listamaðurinn þurfi að loka sig frá áreiti í umhverfinu til að vera trúr sér sjálfum eða að bregðast við umhverfi sínu. Mér hefur sýnst að það sé ekki mjög algengt að íslenskir listamenn svari umhverfi sínu virkilega og beint.

O: Listamenn hafa margir brugðist beint við og mótmælt virkjanaáætlunum og framkvæmdum. En svo við höldum áfram með sannfæringuna og andófið, er það þá kannski bara nóg andóf að koma inn á opinbert safn sem á sér langa sögu og vera með þessa miklu sannfæringu en taka sig eða einhvern boðskap um leið ekki hátíðlega? Nietzsche talaði um að lifa í alvöru barns að leik og menn hafa löngum leitað til fíflsins sem siglir á fíflaskipinu í ólgusjónum á innsæinu. Ég get alveg séð þig koma siglandi að utan, inn í safnið, með eitthvað í farteskinu sem enginn hér veit almennilega hvað er og hver þú ert. Þú ert umvafinn óvissunni en þarft um leið að svara opinberum kröfum um ábyrgð.

H: Ég er, held ég, í einhverjum skilningi ekki ólíkur listamanninum, að því leyti sem ég reyni að halda í þessa ákveðnu óvissu. Ég hef ítrekað orðið fyrir því að fólk mótar sér mjög ákveðna skoðun á því hvað það er sem ég stend fyrir, án þess að hafa nokkrar forsendur til þess. Ég reyni þess vegna að halda því eins opnu og ég get hvar áhugasvið mitt liggur. Auðvitað verð ég að marka stefnu en ég vil ekki gera það með útilokunaraðferðinni.

O: Það hlýtur að vera mikil áskorun!

H: Ég er mjög hrifinn af hugmyndinni um samræðurnar sem grunn fyrir þessa sýningu. Því samræðan felur í sér svo skapandi óvissu þegar þú veist ekki hvað sá sem þú ræðir við mun segja. Þegar þú veist það er samræðunni lokið, þá er ekkert eftir.

# Ólöf K. Sigurðardóttir

Huginn og Oddný hittu Ólöfu þann 26. júlí 2006 og þau fóru á Vínbarinn og ræddu þar saman í nokkra klukkutíma.

O: Nú ert þú, Ólöf, safnið að einhverju leyti, þú hefur verið vitni að þessu ferli öllu, undirbúningi sýningarinnar, geturðu gefið okkur smá skýrslu?

ÓKS: Ég er nú ekki stofnunin, en jú, ég er hluti af henni.

O: Geturðu sem slík lýst tengslunum á milli stofnunarinnar og sýningarinnar?

ÓKS: Það sem skiptir miklu máli í þessu tiltekna ferli er, að listamennirnir sem eru valdir af sýningarstjórunum eru með alveg ákveðið rými í huga, sem er Hafnarhúsið og það er ekkert einfalt mál. Hafnarhúsið er ekki hlutlaust og einfalt, heldur hefur það ákveðið orðspor og rýmið sjálft er krefjandi. Myndlistarmennirnir ganga til móts við rýmið sem áskorun, það er bara þannig. Þeir myndu tapa fyrir rýminu ef þeir gætu ekki unnið með það. Þetta er partur af því sem hefur verið að gerast á síðustu áratugum, samtímalistasöfn eru hönnuð af metnaðarfullum arkitektum sem eru að reisa hof utan um myndlistina. Arkitektúrinn er orðinn svo stórfenglegur og mikill að myndlistarmennirnir sjálfir þurfa að taka sérstaklega mikið á, til þess að verkin virki í rýminu. Þá á ég við innsetningar eins og þær sem hér eru á ferðinni. Ef við bökkum aðeins í tíma og hugsum um þá sýningu sem hefur verið mest umtöluð í þessu safni, sem er sýning Ólafs Elíassonar, Frost Activity, þá voru í því tilfelli átök við A-sal, sem er afar erfitt rými, en það voru átök sem heppnuðust vel. Ólafur náði að virkja salinn og vinna með arkitektúrinn þannig að hans verk varð meira en bara innsetning í arkitektúr. En þetta er partur af því sem myndlistarmenn samtímans hafa þurft að kljást við og hefur áhrif á það hvernig þeir vinna.

O: Kannski hefur þetta ástand verið í listum í langan tíma, en finnst þér eins og þessi meðvitund sé eða þurfi að vera eitthvað extra mikil í viðureigninni við Hafnarhúsið?

ÓKS: Ég held að hún þurfi að vera til staðar í viðureign við allan krefjandi arkitektúr.

O: Er það óhjákvæmilegt? Hafa hingað til allir listamenn safnsins haft þessa meðvitund? Er þessi sýning algerlega í framhaldi við þessa glímu, eða hefur hún einhverja sérstöðu fyrst eitt af markmiðum hennar er að kljást við sjálft safnið?

ÓKS: Þessi sýning er náttúrlega algjörlega í framhaldi við fyrri sýningar, en samt sem áður. Nú hefur verið tekin meðvituð ákvörðun innan safnsins um að breyta áherslum í Hafnarhúsinu, gera Hafnarhúsið að vettvangi fyrir tilraunir, ekki bara að flytja inn í Hafnarhúsið verk sem eru búin til fyrir hvaða rými sem er. Þessi átök hljóta því að skila sér í verkunum.

O: Það skilar sér í öllu ferlinu. Það hefur komið í ljós að tilraunamennskan felst ekki síst í ferlinu sjálfu og öllum praktísku tengslunum, sem hafa greinilega verið mikilvægur skóli fyrir þig, Hugin og okkur öll.

ÓKS: Ertu þá að tala um stefnumót myndlistarmannanna við stofnunina?

O: Já.

ÓKS: Ég hugsa að það geti mjög vel verið. Það eru ekki mörg söfn á Íslandi sem vinna eins og þetta safn gerir. Þetta er eitt stærsta safnið á landinu og með mesta umfangið, setur upp flestar sýningar. Sýningar sem settar eru upp, eru yfirleitt verk samtímalistamanna af þessari ungu kynslóð og fólki sem er nálægt þeirri kynslóð í aldri, oft verk listamanna sem fást við rýmið og búa til verk sem hugsuð eru fyrir hverja sýningu fyrir sig. Þessar sýningar hljóta að gera miklar kröfur um samstarf við stofnunina. Við förum í vinnustofuheimsóknir, en það eru bara mjög fáar vinnustofur hjá yngri listamönnum. Fólk vinnur varla á vinnustofum lengur, það vinnur fyrir hverja og eina sýningu en á ekki tilbúin verk sem hægt er að draga fram úr hillum eða rekkum. Vinnustofuheimsóknir eru því oft hjá eldri kynslóð listamanna. Ekki það að við veljum það sérstaklega, annað stendur hreinlega ekki til boða. Heldurðu að þetta sé rangt?

H: Kannski ekki út frá ykkur, en hvað meinarðu með því að listamenn á okkar aldri séu ekki með vinnustofur?

ÓKS: Ja, maður skoðar möppur af verkum yngri listamanna, skoðar þau á sýningum en getur ekki farið í rekka eða á stað þar sem verkin þeirra eru geymd eða uppsett.

Verk þeirra eru ekkert uppsett nema í sýningarrými.

O: Þau eru ekki með pakkhús á sínum vegum, eða hvað?

H: Nei, þau eru því miður ekki með nein pakkhús! En ertu Ólöf að meina að við vinnum beinlínis fyrir sýningar, í stað þess að sitja og vinna í ákveðnum fasa?

ÓKS: Ég er ekki að segja að fólk vinni ekki, ef það er ekki með sýningu í gangi. Einungis það að lokaafurðin verður ekki til nema rýmið sé fyrir hendi. Í Hafnarhúsinu er mjög krefjandi rými, eitthvert mest krefjandi myndlistarrými á Íslandi.

O: Já, það er það alveg örugglega, og ekki bara út af rýminu, heldur líka út af stofnuninni. Þetta er jú opinber stofnun. Ég held raunar að það sé rangt að stilla yngri kynslóðinni upp sem andstæðu þeirra eldri hvað vinnustofur varðar, er ekki bara málið að sumir listamenn nýta sér fleira en eitt rými í vinnuferlinu. Kaffistofan er t.d. gott dæmi um það. Flestir myndlistarmenn vilja þó sjálfsagt hafa einhvern samastað, einhvers konar vinnustofu og góða geymslu, eða hvað?

ÓKS: Jú, en það sem er í mjög mörgum tilfellum ólíkt því sem áður var er, að til þess að verkið verði til þarf sýningarrýmið að vera til staðar.

O: Ungt fólk - þvílík leiðinda alhæfing að tala um ungt fólk og eldra fólk!- en allavega. Hjá mörgum listamönnum í dag er það ekki álitið vera fyrir utan vinnuferlið að hitta fólk og skapa tengsl og vinna með sýningarstjórum heldur hluti af því. Eins og í þessu ferli er alveg gríðarlega mikil vinna sem felst í því bara að vera að tala við Hugin, Huginn við ykkur og Huginn við safnið. Vinnan á sér stað á mörgum sviðum samtímis, eða hvað?

ÓKS: Já, og það sem er líka mikilvægt í þessu samhengi er að sýningarstjórarnir koma til samstarfs við safnið og velja það sem útgangspunkt. Það er ekki hlutlaust, hvorki sem rými né stofnun. Það er ekki eins og sýningarstjórarnir velji að verkin eigi að fjalla um íslenska náttúru eða veður og vinda, sálarlíf mannsins eða eitthvað annað þema. Þeir bókstaflega tala um safnið sem stofnun og umgjörð. Hugmyndirnar hafa auðvitað þróast, en fyrst þegar þeir komu að ræða við okkur var mjög skýr áhugi á stofnuninni. Stofnuninni utan um myndlistina og sá áhugi hefur mótað þetta samtal. Vonandi mun það líka móta samtal stofnunarinnar við gestina, sem fer af stað þegar sýningin er komin upp. Safn eins og Listasafn Reykjavíkur hefur fjölbreyttan hóp gesta, sem er langt frá því að vera einsleitur hópur.

O: Nú er vaxandi áhugi á safnamenningu og stofnanagerð. Er ekki líklegt að margir hafi áhuga á þessum pælingum, þessum tengslum?

ÓKS: Úti í samfélaginu?

O: Já, og gestir á sýningunni.

ÓKS: Jú, ég get alveg séð fyrir mér einhverja samræðu um þessi samskipti. Við höfum sýnt verk sem velta upp þessum hugmyndum. Gesturinn hefur þá alltaf verið settur í stöðu eins og t.d. „þú ert sá sem er verið að fjalla um". Í raun og veru er oft verið að fjalla um gestinn þegar verið er að fjalla um stofnunina. Það eru tveir hlutir sem verða ekki auðveldlega aðskildir.

O: En hvernig mundir þú útskýra í því sambandi pælinguna um markhópinn?

H: Er hægt að tala um markhóp?

ÓKS: Ég held að það sé alveg hægt að tala um markhóp. Ég held að yngra fólk í myndlist hafi áhuga á Hafnarhúsinu sem umgjörð utan um myndlist. Yngra fólk er vanara krefjandi arkitektúr, en líka þeir sem hafa áhuga á umhverfi og hönnun. Í þennan hóp er líka hægt að setja þá sem hafa gengið í gegnum þá síu að brjóta niður allar hugmyndir um það hvaða form list eigi að hafa.

O: En er ekki líka verið að tala við þá sem eru virkir í myndlistarlegu samhengi, ekki endilega bara þá ungu? Þeir sem hafa ekki gengið í gegnum "síuna" gætu fengið innsýn í annan hugsunarhátt með þessari sýningu?

ÓKS: Jú, alveg klárlega. Mér finnst mjög gott að það sé svolítið skýr sýn og skýr yfirlýsing varðandi þessa sýningu. Hafnarhúsið á að vera tilraunakenndur staður og sýningin á að ögra þessu umhverfi, þar með áhorfandanum. Ég held að fólk hafi áhuga á því að láta ögra sér. Við þurfum ekkert að vera hrædd við það og fólk er síður en svo hrætt við ögrun.

O: Hvaða ögrun er í gangi? Enginn er með hnefann á lofti, eða hvað?

ÓKS: Nei, sýningin er heldur ekki mjög pólitísk, en hún er rýmisleg og tengist upplifun. Ég sé það allavega þannig að ögrunin sé rýmisleg og felist líka í vinnubrögðum. Þetta er spurning um form- og efnisval.

O: Gætir þú farið aðeins lengra inn í þessa ögrun? Það er líklega engin tilviljun að þessir ungu menn eru fengnir af safninu til að gera þetta. Þeir hafa verið að vinna á óhefðbundinn hátt og eru ekki enn búnir að festa bát sinn neins staðar. Eru enn á einhverri óútreiknanlegri siglingu, eða hvað?

ÓKS: Ég hugsa að það skipti máli að safnið fái fingur á yngra fólki. Safnið er á ákveðin hátt rótgróin stofnun sem á auðvelt með að kynna til sögunnar fólk sem þegar er búið að vinna sér inn einhverja plúsa. Þú gengur ekki inn á safn beint úr skólanum og sýnir. Nú er vilji fyrir því að Hafnarhúsið verði með fingur á púlsi samtímans og því þarf að byggja upp tengsl við yngri myndlistarmenn. Auðvitað er hægt að gera það með einhverjum milliliðum, en best er að gera það milliliðalaust. Sýningarstjórarnir voru fyrirferðarmiklir í því öfluga starfi sem átt hefur sér stað síðustu tvö ár, og því lá beint við að tengjast þeim krafti beint.

O: Það hlýtur að vera dálítið erfitt, eða skrítið, að tengjast listamönnum, eða hvað?

ÓKS: Veistu, ég held að það sé ekki erfitt. Íslenskir myndlistarmenn hafa verið gerendur og mótendur í gegnum árin. Þeir hafa verið fagmennirnir. Ef við bara horfum yfir stofnanavæðinguna, þá sjáum við að það eru myndlistarmenn sem hafa til dæmis umsagnarrétt og hina svokölluðu fagþekkingu. Þetta endurspeglar bara hver staða myndlistarmanna hefur verið í íslenskum listaheimi. Ég er ekki að setja út á þetta, bara að segja að svona hefur þetta verið hérlendis. Ástæðan er líklega sú að fagþekking hefur verið af skornum skammti.

O: Er það kannski veikleiki og styrkleiki íslensks myndlistarlífs?

H: Já, ég held það tvímælalaust.

ÓKS: Ég held að það hafi mótað svolítið það hvernig íslenskir myndlistarmenn hafa þurft að vinna. Þeir hafa þurft að vera sínir eigin sýningarstjórar, eigin gallerístar og sitt eigið stofnanabakland.

O: Ætli það sé þá erfitt fyrir sýningarstjóra að vinna með íslenskum myndlistarmönnum. Ætli íslenskir myndlistarmenn láti illa að stjórn?

ÓKS: Kannski er fullmikið sagt að það sé erfitt. Íslenskir myndlistarmenn eru vanir að stýra eigin sýningum, hvaða verk eru sýnd og hvar þau eru staðsett. Þeir eru kannski ekki vanir að vinna með fólki sem vill taka þessa stjórn og kannski sortera verkin þeirra og sýna í samhengi sem þeir hefðu ekki kosið við fyrstu sýn.

O: Við erum kannski á tímamótum í íslenskri menningu þar sem ritstjórn og sýningarstjórn er í endurskoðun. Líklega er samvinnan öll í endurskoðun, eða hvað?.

ÓKS: Já, menn þurfa að átta sig á nýjum hlutverkum. T.d. áttu þeir strákar erfitt með að átta sig á hver gegndi hvaða hlutverki á safninu.

O: Viltu kannski, eða þið bæði, lýsa aðeins fyrir mér hvernig þetta var? Ef við lítum aftur til baka.

ÓKS: Safnstjórinn tók fyrstu skrefin og kom með þessa menn inn á borð og mótaði ferlið með þeim. Þeir völdu síðan listamenn sem boðið var að senda inn tillögur að verkum og að lokum voru þátttakendur á sýningunni valdir . Þetta er ekki oft gert hér á Íslandi, en mjög oft gert alþjóðlega, það er að bjóða fólki að senda inn tillögur, senda inn hugmyndir sem síðan er valið úr.

O: Það var voðalega fáum boðið að taka þátt, og þegar búið að velja mikið þegar endanlega valið átti sér stað. Hlýtur að vera skrýtið að biðja 12 manns að senda inn tillögur og þurfa að hafna helmingnum?

ÓKS: Það er mjög skrítið.

O: Manstu þegar ég hitti þig í Hafnarstrætinu og þú varst við það að fá taugaáfall?

H: Hvenær var það?! Já, þetta var erfitt og við fórum kannski að einhverju leyti á móti öllu því sem við vorum búin að leggja fram. En svo ég tali út frá sjálfum mér, þá finnst mér mikilvægt að leggja eitthvað fram og vera ekki hræddur við að lenda í vanda í valinu.

O: Að vera ekki hræddur við að lenda í mótsögn við sjálfan þig sem sýningarstjóri?

H: Já, og vera ekki hræddur við að ganga inn í ferli sem er alls ekki línulegt og er einhvern

O: Huginn, það er komið að þér að leiða inn í reifið!

H: Hjálpa ykkur að finna reifið! En það er annað, í öllum þessum hugmyndum um andóf, þá er einhver skýrasta mynd andófs að afhausa hænu. Hin almenna hugsun um andóf er einhvers konar pönk. Pönk var skýrasta mynd andófs en reif hins vegar hefur ótrúlega lúmskt andófsyfirbragð. Það er menningarafkimi sem er eflaust lokaður fyrir mörgu fólki og í dag er reif menningin löngu komin út í samfélagið. Í fyrsta lagi í gegnum tónlist og kannksi líka í gegnum myndlist og tísku. Það er hins vegar eitt í reifinu sem mér finnst mjög áhugavert en hefur ekki komið nógu mikið fram og það er að reifið hefur allt annan sameiningarboðskap en pönkið. Pönk hefur sýnilegan óvin og andófið er gegn sýnilegum óvin. Hnefinn er mjög áberandi og jafnvel eins og það sé verið að kýla þig í framan. Það hverfur hins vegar í reifinu, algjörlega. Það er enginn hnefi framan í heldur bara hendur upp í loft.

O: Í dansinum.

H: Reif snýst náttúrlega svo ótrúlega mikið um tónlist og án þess að vera of mikið að tala um þa,ð þá, ef maður horfir og skoðar reif tísku og hvernig þetta fyrirbæri byrjaði, þá tengist reifið miklu frekar einhvers konar hippaboðskap og miklu meiri gleði heldur en var í pönkinu. Það sem mér finnst svolítið áhugavert er að það er sýnilegt í öllu yfirborðinu, í því hvernig gleðin er sett fram og ef maður ræðir við og les og fer í grunninn á þessum textum um reifið, sögum um reif og hlustar á þessa tónlist þá er þarna miklu meira pönk en er í pönkinu sjálfu. Tölvur og nýjasta tækni er öll notuð og óþekkt tækni leidd inn í tónlistina. En það er eins og það sé erfitt að taka þátt í því vegna þess að það kemur ekki fram sem hreyfing með neinum mjög afgerandi hætti.

O: Kannski er auðveldara að taka þátt í því sem hefur skilgreindan óvin.

H: Já, en svo voru mjög pólitískar aðferðir notaðar í reifhreyfingum og inntakið er líka í raun pólitískt. Það er yfirbragðið sem er meira félagslegt. En á Íslandi var það öðruvísi. Það er svolítið fyndið að í Bretlandi, Hollandi og í Þýskalandi sem voru eins og mótunarstaðir þessarar menningar, þá var það rosalegt mál að taka yfir yfirgefna staði, dauða hluti samfélagsins og gefa þeim líf. Markmiðið var að koma fólki saman og dansa. Þaðan koma líka ýmsar trúarlegar tengingar sem við höfum rætt.

ÓKS: Hvaða tímabil ertu að tala um? Ég er að reyna að staðsetja mig í tíma.

H: Reiftónlist hefst út úr diskóinu. Upp úr 1983 fer það af stað að strippa diskótónlist niður í bassa, trommur og rappið hefst á þessum sama tíma, með mixer og tvo plötusnúða. Að strippa af allan óþarfa og halda bítinu gangandi. Þá fer svo þessi bolti að rúlla, frá Chicago og Detroit sem enn í dag eru brútal iðnaðarborgir. Detroit er svarta borgin í Ameríku með mikinn bílaiðnað, fátækrahverfi. Þetta færðist svo yfir til Hollands og Belgíu og þar var rosaleg útungunarstöð og svo hafa Þjóðverjar alveg rosalega sögu í elektrónískri tónlist.

ÓKS: En þú ert að tala um frelsi. Eitthvað sem er sjálfsprottið, ákveðið frelsi skapandi einstaklinga sem nýtur sín í þessu umhverfi. Ef við förum til dagsins í dag, velti ég því fyrir mér hvort skapandi frelsi sé ekki á einhvern hátt stofnanavætt? Klink og Bank er búið til þar sem listamenn hafa aðstöðu. Það er auðmaður sem stendur á bak við það og hann stýrir því í rauninni. Það er búin til heimildamynd um fyribærið og hún er að miklu leyti um bakhjarlinn og aðra sem lögðu fé í verkefnið. Svo kemur frelsi ungra myndlistarmanna til að vinna tímamótasýningu og það er gert innan rammans. Við erum einhvern veginn búin að sætta okkur svo við allar byltingar. Það er gæðastimpill á safni að það ögri sjálfu sér. Og það er heiðursmerki fyrir auðmann að hann styrki það sem er kallað byltingarkennt eða nýtt. Nýjungin og andófið er eftirsóknarvert. Þeir sem vilja njóta lýðhylli sækjast eftir nýjungum og vilja leggja allt í sölurnar til að tengjast andófi. Hvað erum við þá búin að gera við nýjungar og andóf?

O: Þetta finnst mér koma aðeins inn á ónæmiskerfið. Kerfið og ónæmiskerfið. Það er búið að mynda ónæmi gagnvart ákveðnu áreiti sem kemur inn í kerfið að utan, ónæmiskerfið er búið að aðlaga sig. Svo lifum við á tímum þar sem ein helsta ógrun

læknavísindanna eru sjálfsofnæmissjúkdómar, þar sem ónæmiskerfið hefur engan raunverulegan óvin.

ÓKS: Maður fer í rauninni að eyða sjálfum sér! Þegar ég var að koma að hitta ykkur, þá fór ég að hugsa um andófið eins og líkþorn. Ég sit hér og hugsa, mikið finn ég til í þessu líkþorni. En ég sit hérna og þið sjáið ekki líkþornið, finnið ekkert fyrir því, ég virka alveg er kannski pínulítið óróleg, en það er alveg sama, ég virka. Er þessi sýning kannski einhvers konar líkþorn?

Mikill hlátur

H: Nú þornuðu menn oft upp í reifinu!

O: Uppþornaðir líkamar, þar fór andófið fyrir lítið.

H: Of mikil þátttaka. Safnið þarf að passa sig á því! Ef við heimfærum þetta yfir á íslenskt samfélag sem var að byggjast upp á þessum tíma. Ísland opnast, verður með í stóra markaðs kapítalismanum, útrásin, allur þessi gígantíski uppgangur.

ÓKS: Þegar við ákváðum að við þyrftum ekki að sækja menningarstrauma út, miklu frekar að senda þá út.

H: Áhugavert að andófið byggi kannski að einhverju leyti á því að eiga raunverulegan óvin sem þarf að afmá eða keppast við og hver er munurinn á útrás og innrás? Hver er raunverulegur óvinur í íslensku samfélagi í dag?

O: Það virðist vera hægt að millifæra óvinalógíkina frá einum tíma til annars á frekar einfaldan hátt og það er mjög spennandi pæling. Sérfræðingar í kalda stríðinu og óvininum, eins og Condoleezza Rice, hafa t.d. ekki misst vinnuna á þessum nýjum tímum þótt óvinurinn sé dreifðari og enemílógían í krísu.

ÓKS: Hver er óvinur myndlistarmanna?

H: Þetta er mjög góð spurning.

O: Hugmyndin um óvininn er helsti óvinur okkar í dag. Bæði pólitískt og myndlistarlega séð líka. En við lifum á óvissutímum og erum endalaust að vinna úr gömlum höftum og fordómum en þurfum samt alls ekki að stilla upp andstæðum og hlaða á andstæðupörin án þess að velta upp forsendum þeirrar hleðslu.

ÓKS: En við erum alltaf að tala frá okkar menningarafkima, en svo er fullt af fólki sem stendur fyrir utan hann, er það hugsanlegur óvinur? Verðum við ekki að halda áfram að fara í gegnum eigin afstöðu og hugsa um safnið sem stað sem mótar menningarsöguna og hefur áhrif á það hvernig menningin þróast. Þótt sumum finnist það ekkert koma sér við.

H: Það er erfitt að hugsa til þess.

ÓKS: Það eru margir sem standa fyrir utan rammann. Á Íslandi er ramminn þó stór og svo mörgum sem finnst þeir tilheyra og eiga heimtingu á að tilheyra, svo þessi andstaða er ekki skýr hérna. Við erum menningarlega einsleit þjóð. Oftast þegar kemur upp einhver almennileg spurning eða umræða um stofnun eins og þetta safn, þá snýst hún um peninga, ekki menningu, kjarna eða hugmyndir.

O: Það er líka spurning hvort kominn sé tími til að hætta að reyna að útskýra endalaust þetta með peninga fyrir þeim sem einungis spyrja um það. Syngja bara á móti „hvar eru peningarnir mínir?".

H: Ólöf, hvar eru peningarnir mínir?

ÓKS: Markmið þessa safns er að fá stærri hóp inn, en á þá staði sem eru merktir eru „underground". Nú er ég í beinni samræðu við fólk sem kemur inn á safnið og það samtal er ótrúlega gefandi, ekki bara fyrir stofnunina, heldur líka fyrir þá sem koma, því þessi menningarafkimi fæst við spurningar sem skipta máli.

H: Mér fannst Ólöf aðeins vera að tala undir rós, ýja að því að okkar markmið sé bara, æ ég veit ekki hvað, bara.

O: Ástríðufullt.

H: Já, og það eru sviptingar og mikið í gangi. Þessi ákveðna stofnanaást sem við erum haldnir er ekki bara þátttaka í einhverju vélrænu ferli. Vald stofnana er blessunarlega aðeins minna hérna heldur en víða erlendis en samt er það mikið og erfitt, en okkar ómeðvitaða markmið er kannski að særa ást safnsins fram. Með daðri, með flörti.

ÓKS: Særa ástina fram?

H: Listin er sæðið, sæðisgjafinn í þessu ferli.

ÓKS: Auðvitað er ástin partur af þessu ferli og safnið er í ástarsambandi við listamennina og allir að gæla við hugmyndina um að gera nýja hluti. En sumum söfnum finnst slíkt ekki vera sitt hlutverk og setja sig á stall, enda er þetta áhætta.

H: En hver er þörf íslenskrar myndlistar? Nú er búið að stofna kynningarmiðstöð fyrir íslenska list erlendis en hver sinnir því að

kynna íslenska list hér heima, hver hlúir að því? Er ekki þörf fyrir einhvern sjóð, eitthvað batterí sem fjármagnar og ýtir undir verkefni hérna heima. Þetta er auðvitað hápólitísk spurning og kannski er það ekki endilega hlutverk safnsins.

ÓKS: Jú, það er einmitt hlutverk þessara safna að endurspegla íslenska myndlist eins og hún er hverju sinni, burtséð frá .

O: Ekki bara endurspegla, heldur skapa, eða hvað?

ÓKS: Þetta er alveg lykilatriði: Er það hlutverk safna að vera í sköpun?

O: Já, eins og þú hefur talað hingað til þá finnst mér þú í mótsögn við sjálfa þig þegar þú segir endurspeglun.

ÓKS: Ég er ekki að mótmæla þér.

O: Mér finnst þú hafa sagt hingað til, að þetta sé á einhvern hátt skapandi stofnun.

ÓKS: Nákvæmlega. Það er það sem við höfum verið að segja. Í samtímanum eru söfnin orðin að stöðum sem ekki taka við fullunnum verkum heldur eru vettvangur þar sem verk verða til. Þau skapa aðstöðu og fjárhagslegan grunn til þess að verk geti orðið til. Það er það sem samtíminn er að gera og í þann farveg hafa verk samtímamyndlistarmanna farið. Í samtímanum eru söfn orðin ennþá valdameiri en þau voru, þegar þau voru bara staðir þar sem tekið var við verkum sem myndlistarmenn gerðu á sínum vinnustofum, á sínum vettvangi. Nú eru söfn oft vettvangur sem ákveður hvaða myndlistaverk verða til og hvaða myndlistaverk verða ekki til.

H: Er það gott eða er það slæmt?

ÓKS: Það er raunverulegt.

H: Það er raunverulegt, en það breytir því ekki að maður veltir því fyrir sér hvert sé vald safnanna og hvert sé vald myndlistarmannsins.

O: Þótt safnið sé þessi vettvangur, og myndlistarmenn geti komið þangað inn og fundið sér farveg með því að endurvirkja hann hverju sinni, þá er ekki þar með sagt að safnið hafi vald yfir því hvað verður til, eða hvað?

ÓKS: Jú, því safnið velur. Það velur myndlistarmennina, sýningarstjórana og ákveður hvað á að setja stórar fjárhæðir í tiltekin verkefni. Safnið er orðið svo miklu valdameira. Tökum sem dæmi Sól Ólafs Elíassonar í Tate Modern. Þar er það er rýmið og fjármagnið sem skiptir öllu máli. Verkið er að sjálfsögðu sköpunarverk listamannsins, hans hugmynd og útfærsla, en það er safnsins að velja hverjir fá það frábæra tækifæri að kljást við þetta rými og fá það fjármagn sem þarf til að kljást við það.

H: Einmitt einmitt einmitt einmitt!

ÓKS: Hverjir eru það sem móta myndlist samtímans?! Nú söfnin!

O: En hvað er þá safn? Eru listamennirnir orðnir hluti af safninu?

H: Þú sagðir að Frost Activity væri best heppnaðasta sýning safnsins. Hvernig dreifðist valdið á milli ykkar og Ólafs?

O: Ótrúlega góð spurning!

ÓKS: Hann hafði fullkomið vald yfir sínu sköpunarverki. Hann hafði ákveðinn fjárhagsramma sem safnið setti og safnið bar fjárhagslega ábyrgð á framleiðslunni. Við tölum um þetta sem vel heppnaða sýningu. Og eitt af því sem var gott var að fólk kom og upplifði og fékk mikið út úr heimsókninni í safnið. Margir sáu innsetningu í fyrsta skipti og fengu fræðslu um þá tegund verka. Út frá fræðslumarkmiðum safnsins var þetta því mjög vel heppnað. En það var eitthvað sem Ólafur Elíasson var ekkert að spá í. Hans hugsun kom þessari útkomu ekkert við. En við höfum skyldur við svo marga aðra en listamanninn.

O: En hvernig var samstarfsferlið? Var það líka svona vel heppnað?

ÓKS: Já, en það var ekki eins náið samstarf og við sýningarstjóra Pakkhússins. Þeir hafa leyft sér að velta upp spurningum sem lúta að viðmóti safnins við gesti, og alls kyns spurningum um daglegan rekstur hafa komið upp í umræðunni við þá.

O: Hvernig fannst þér þegar Pakkhús sýningarstjórarnir byrjuðu að tala um að safnið virkaði ekki?

ÓKS: Ótrúlega mikil endurtekning. En mér fannst endurtekningin fín og gaman að fá inn á safnið myndlistarmenn í samvinnu sem láta sig það einhverju varða hvernig safnið tekur á móti gestum, tekur á móti áhorfandanum.

O: Er það ekki málið, hvernig við tökum á móti gestum?

# Fee Quay

Oddný hitti Fee Quay sýningarstjóra Listasafns Reykjavíkur á kaffistofu Hafnarhússins í byrjun ágúst 2006 og þær ræddu um skipulag, skjalasöfn, tímaskyn og framtíðarsýn í samtímalistasöfnum.

O: Hvert er þitt hlutverk hér í húsinu og hver er þáttur þinn í Pakkhús sýningunni?

F: Ég er deildarstjóri sýningardeildar og sé um allt sem tengist sýningunni, smáatriði varðandi flutninga og framkvæmd eða allt sem er ósýnilegt í tilurð svona sýningar.

O: Eins og kom fram í spjallinu við Hafþór þá er sýningarstjórans að vera ósýnilegur hvíslari.

F: Það er eitt af hlutverkunum, en starfið er á mörgum plönum samtímis. Í þessu tilfelli er hlutverk mitt að fylgjast með sýningarstjórunum, þeim Hugin og Daníel, og ég hef tekið þá afstöðu að vera bara róleg! Mér finnst að sýning eigi að þróast sjálf í lifandi ferli og ég reyni að setja eins miklar undirstöður og ég get undir vöxtinn, eða kannski er það frekar eins og að setja tjald yfir grindina svo þar spretti betur.

O. Þú gætir stjórnað meira en hefur tekið þá afstöðu að gefa eftir í þesssari sýningu, eða hvað?

F: Já, stundum stjórnast ég meira í sýningum, en núna finnst mér betra að halla mér meira aftur og horfa.

O: Og hvað sérðu?

F: Það er rosalega margt í gangi en stundum vantar upp á samskiptin. Stundum hugsar bara hver um sitt svið en spyr sig ekki spurninga um hin sviðin og þetta á við um alla sem koma að ferlinu, listamennina og safnstjórnina.

O: En nú virðist sem sýningarstjórarnir hafi tekið á sig að vera á milli ykkar og listamannanna svo það hafa ekki verið mikil bein samskipti ykkar við sýnendurna.

F: Já, en þeir hafa þó verið í samskiptum við mig. En ég er stundum ekki viss hvað Huginn hefur sagt listamönnunum og hvaða upplýsingar þeir hafa fengið. En þá er bara að finna út úr því!

O: Það veldur þá misskilningi?

F: Já, en það getur bara verið gaman. Það hefur skapað spennu, en ég held líka að listamenn geti ekki unnið án pressu. Án krísu gerist ekki neitt.

O: Þitt hlutverk er þá að búa til krísu og ýta á. Bæði Huginn og Daníel eru listamenn og svolítið uppi í skýjum stundum?

F: Já, en þannig verður vinnan skemmtilegri og alltaf eitthvað sem kemur manni á óvart! Og það eru alltaf til lausnir á öllu.

O: Mér hefur fundist það lærdómsríkt að vinna með þessum ungu mönnum því þeir hafa einhverja alveg aðdáunarverða ró í sér, eitthvert æðruleysi sem slagar kannski stundum út í kæruleysi.

F: Það er ekki bara vegna þess að þeir eru ungir. Þetta er þeirra leið til að virka innan í svona kerfi.

O: Heldurðu að flestir listamenn myndu virka svona?

F: Nei, það eru til listamenn sem eru mjög skipulagðir.

O: En er ekki fallegt að sjá hvað þeir eru að reyna að vera skipulagðir á sinn hátt?

F: Jú, og þeir eru skipulagðir, en bara öðruvísi! Þeir vinna eftir einhverju kerfi sem maður hefur ekki kynnst í viðskiptaheimi listarinnar hingað til!

O: Það er þá aldeilis sniðugt fyrir safnið að fá að vinna með þeim!

F: Svona sýning kemur alltaf í ljós undir lokin. Ég lít á tillögurnar sem drög sem eiga eftir að breytast. Sumir listamenn eru mjög faglegir og framkvæma það sem þeir ætluðu, en aðrir bara geta ekki gert það.

O: Myndirðu segja að þessi munur stafi af skorti á fagmennsku, eða snýst það um eitthvað annað?

F: Þeir sem ná langt í listaheiminum eru yfirleitt mjög skipulagðir. Þeir geta lagt fram áætlun löngu áður en sýning opnar. En núna rétt fyrir opnun þá veit ég ekkert hvað mun gerast. Ég held að þetta muni ganga. Ég hef sett upp sýningar á einum degi. Og þetta er stórt tækifæri fyrir listamennina og þeir bera auðvitað ábyrgð á sjálfum sér.

O: Þeirra mál ef þeir klúðra því. Þú ert búin að sleppa takinu, eða hvað?

F: Fyrir löngu síðan. Ég er búin að skipuleggja eins og ég get og minni bara á tímamörkin. Og ég held að svona sýning geti ekki floppað alveg. Flopp getur verið flott. En hættan er frekar sú að sýningar verði meðalmennskunni að bráð. Það eru svo margar sýningar þannig. En maður lærir þá bara af reynslunni.

O: Nú varstu bæði sýningarstjóri í Singapúr og í New York, geturðu borið saman listaheimana þar við þann íslenska hvað varðar skipulag og kerfi?

F: Í Singapúr er safnastarfið allt mjög skipulagt. Samkvæmt alþjóðlegum árangursstöðlum hefur Singapúrsafnið níu þúsund árangurspunkta hvað varðar skrifstofuhald og þjónustu.

O: Hversu marga punkta heldurðu að Huginn og Daníel fengju?

F: Það er allt önnur vinnumenning hér og íslensk fyrirtæki fara ekki einu sinni í svona mat, bara alþjóðleg fyrirtæki. En öll bréf sem maður skrifaði fyrir hönd stofnunarinnar í Singapúr þurfti að merkja samkvæmt alþjóðlegu tilvísanakerfi.

O: Eru þá skjalasöfnin vel gerð í Singapúr?

F: Já, mjög vel. Og nú langar okkur til að koma upp góðu skjalasafni hér í Listasafni Reykjavíkur.

O: Já, það er ekki í mjög góðum málum hér, er það nokkuð?

F: Nei, skipulagið er mjög á reiki hér í skjalasafnsmálunum. En það er mjög mikilvægt fyrir samtímalistasafn að halda vel utan um öll gögn, sérstaklega nú á tímum þar sem magnið af upplýsingunum er þvílíkt að það flæðir yfir öll mörk. Hér er bara stór haugur sem er að litlu leyti skráður.

O: Þyrfti ekki manneskju í fullt starf til að koma skipan á þetta og einhverja hugsun?

F: Jú, og ekki bara nemanda í sumarstarf, heldur bókasafnsfræðing með menntun á slíku sviði.

O: Hvernig finnst þér sú hugmynd að þessi sýningarskrá sé hluti af sýningunni, en ekki bara heimild um hana?

F: Sú pæling höfðar til mín og mér finnst hún vera í takt við nýja tíma í samtímalistum. Að verkin séu ekki bara sýnd, heldur hugmyndirnar líka.

O: En ef við höldum áfram með samanburðinn, hvernig er New York í skipulagsmálunum?

F: New York er mjög skipulögð hvað listaheiminn varðar en á annan hátt en Singapúr. Í Singapúr er lögð megináhersla á daglega umsýslu og viðskipti, en í New York er meiri áhersla á viðskipti við listaheiminn og lögfræðilegu hliðina. Pólitíkin í Singapúr skiptir meira máli en listin, en í New York er listin framar allri pólitík á söfnunum. Á söfnum í Singapúr er fyrst og fremst hugsað um það að reyna að gera listamanninum kerfið aðgengilegt og aðstoða hann við samningagerð og praktísk mál. Söfn í Singapúr vinna samkvæmt mjög ströngum bandarískum og evrópskum stöðlum um geymsluskilyrði og sýningarskilyrði. Þeir staðlar eru mjög strangir, t.d. um staðsetningu kaffiteríunnar því matarlykt má ekki komast yfir í verkin. Loftræstikerfi á kaffihúsi og í sýningarsal eru því mjög ólík.

O: Í Singapúr er þá kannski meira hugsað um framtíðina, um rými framtíðarinnar, um að verkin endist og að geymslurnar séu góðar. Er önnur tímahugsun í menningunni þar?

F: Já, og það tók mig dálítinn tíma að róast eftir að ég kom hingað. Og líka að komast inn í hugsunina og samfélagið. Það var hins vegar ekkert mál að koma til New York. En varðandi sýningu eins og Pakkhús postulanna, þá myndi hún ekkert koma kerfinu í Singapúr í opna skjöldu, þar er nokkuð framsækið listalíf með nýjum tvíæringum og öðru. Og þar er til staðar þekking á mjög ólíkum vinnubrögðum og á annarri afstöðu til skipulags og tíma en þar gengur og gerist venjulega.

O: Hvernig myndir þú lýsa íslenskri afstöðu og vinnubrögðum fyrir sýningarstjórn í Singapúr ef Pakkhús postulanna ætti að vera sett upp þar?

F: Ég myndi taka fram að hér lægju engar staðfestingar fyrir, fyrr en á síðustu mínútu. Það er auðvitað mjög óþægilegt fyrir annað kerfi að mæta slíkum vinnubrögðum. En þetta er bara svona

hérna, eins og veðrið og það þýðir ekki annað en að klæða sig í samræmi við það.

O: Hvernig sérð þú safnið í tengslum við nýja framtíðarsýn?

F: Mér finnst að safn, sérstaklega listasafn eigi að sýna samtímalist og að það eigi ekki að snúast bara um listaverkin, málverkið, skúlptúrana eða innsetningarnar, heldur jafnframt um hugmyndirnar að baki og tengsl þeirra við samtímann og mannlífið.

O: Er þá safn kannski staður til að rannsaka þau tengsl?

F: Safn er staður þar sem saman koma viðfangsefni og samfélag, án þess að það sé pólitískt eða beinlínis akademískt. 19. aldar málarar vörpuðu ljósi á samtímann, endurspegluðu samfélagið sem þeir bjuggu í, en nútímalistamenn fjalla frekar um stöðu sína sem listamenn og verkin endurspegla það að einhverju leyti. Í báðum tilvikum er um endurspeglun að ræða og ég tel að hún sé mjög mikilvæg á hverjum tíma.

O: En er eingöngu um endurspeglun að ræða, hefur listin ekkert skilyrðandi afl í sér, skapandi afl hvað varðar veruleikann? Þetta eru náttúrulega allt gamlar spurningar!

F: Endurspeglun á sér stað með margvíslegum hætti, en mörg verk gera það samt á sama hátt í dag og á 19.öld. Þeir listamenn sem ná að gera það á þann hátt að heimurinn taki eftir því, geta þá haldið áfram og það er kannski ekki tilviljun að svo margir myndlistarmenn nota sér tónlist og kvikmyndaform, af því að þeir miðlar endurspegla samtímastrauma á þann hátt sem menn vilja í dag. Ég held að safn sé staður þar sem ekki eingöngu er hægt að geyma og sýna verk, heldur verði að vera hægt að miðla þar hugmyndum á mjög ólíka vegu, með mörgum miðlum í einu. Söfn standa frammi fyrir mjög ögrandi spurningum í þessu sambandi, spurningum sem varða hlutverk þeirra og stöðu.

O: Nú er verið að tala um að fá fleiri inn á söfnin. Finnst þér að samtímalistasöfn eigi að vera í samræðu við stóran hóp?

F: Þetta er mjög viðkvæmt mál og eitt af því sem söfn sem vilja sýna samtímalist verða að takast á við. Á Íslandi hefur það enn ekki verið gert á markvissan hátt, enda eru söfnin hér svo fá. Staða nútímalistasafna annars staðar, til dæmis í New York eða í Evrópu þar sem slík söfn eru mörg, er skýrari og hlutverk þeirra afmarkað, á meðan söfnin hér verða að teygja sig yfir svo stórt svið. Þess vegna er kannski óljósara í hvaða átt þau stefna.

O: Liggur þá í hlutarins eðli að söfn hér á landi séu í þessari mótsögn?

F: Já, og það er ögrandi staða. Hafnarhúsið ætlar núna í fyrsta skipti að reyna að framfylgja stefnu sem samtímalistasafn og við eigum bara eftir að sjá hvernig það mun ganga. Pakkhúsið verður fyrsta sýningin í nýrri stefnu svo þú sérð nú hversu mikilvæg sú sýning verður í nýrri stefnumótun.

O: Já, alveg rétt!

F: Hafðirðu aldrei heyrt um það?

O: Jú, og ég held að það hafi sett mark sitt mjög sterklega á allt ferlið, á krísuna.

F: Krísan er nauðsynleg til að eitthvað nýtt geti orðið. Og ef ekki er hægt að hafa neitt nýtt á safninu, þá er það líklega ekki rétti vettvangurinn fyrir samtímalist.


BRUNNURS
HANDA UNNARI, NEW YORK, 17. feb. 06
HVELFINGAR SKYNJUNARINNAR
DES - HÚS : ILMUR
DES - HÚS : ILMUR . ILM - H
Einstakt spírall , man
ávalur -
oval.
ával
Dia Art Foundation


kaffihús 31 janúar 2006
5 min.
SF COFFEE CUP DECALS
$1.00
Kann ad Dansa....
CONTRAST
HYLJA
HJÚPA
NATNSLITA VEGGI..
STÁL
MÁLA VEGGINA Í LIT
VALD
SVART - HVÍTT
ENGIR GLUGGAR
EKKER SÚREFNI
ENGIN DAGSBIRTA
ÓNÁTTÚRULEGT
TRAUST
MYRKUR
FJÓLUBLÁTT
OFBELDI
DEVISES CHOISIES
RESIST
hardcore

~~PAKKHÚS~~
~~SAMRÆÐUNNAR,~~

~~Þar er fyrst viðtal við~~
~~Finnu og Brynhildi~~
~~og síðan við Ármann.~~

# ~~Guðfinna Mjöll Magnúsdóttir & Br~~

Oddný fór heim til Hugins og Finnu á sunnudagsmorgni og hitti þar líka Brynhildi. Þar var drukkið heimalagað birki- og blóðbergste, farið yfir skissur og hugmyndir Finnu og Brynhildar um aðgang og umhverfi sýningarinnar og tekist aðeins á um hugmyndirnar.

Finna: Við erum búnar að vera að bera saman kirkjur og hvernig staður kirkjur eru fyrir fólk og svo aftur á móti allan þennan reif–trans dans og allt það. Okkur finnst eiginlega transinn vera orðinn lykillinn að því sem við erum að fara að gera. Kirkjur eru í rauninni staður til þess að fara í trans og kirkjur eru millibil á milli hins jarðneska lífs og himnaríkis. Kaþólskar kirkjur eru bara gerðar ómannlegar til þess að fólki líði eins og það sér ekki lengur á jörðinni heldur í annarri vídd. Eins er með trans–menninguna á níunda áratugnum, þegar reifdansinn var við lýði, þá var fólk líka að sækjast eftir því að vera í annarri vídd. Hér erum við með eina mynd þar sem verið er að útskýra hvernig alsæla, sem var aðal efnið á þessum tíma, hefur áhrif á líkamann, efnafræðilega séð. Okkur langar að spyrja sömu spurningar en um listina: Hvernig hefur listin áhrif á líkamann? Listasafn er staður þar sem fólk getur farið í trans, áhorfandinn er þar algjörlega ótengdur hinum raunverulega hversdagsleika, kominn inn í nýja vídd.

Brynhildur: Myndlistin á, finnst okkur, að hafa áhrif á líkamann og setja áhorfendur í trans og það sem við erum að gera er að hjálpa fólki að setja sig í þessar stellingar þar sem að við erum að vinna með inngang og aðkomu gesta.

Oddný: Finnst ykkur það sem sagt jákvætt að kirkja og listasafn séu eins og í öðrum heimi?

F: Þú færð næstum því óhugnanlega tilfinningu í kaþólskri kirkju af því að þær eru svo yfirþyrmandi og ómannlegar en það sem við gerum verður ekki kaþólskur heimur. Það sem við erum að skoða er upplifun fólks þegar það gengur inn í annan heim. Við höldum ekki í bókstaflegri merkingu að fólk fari í trans út frá því sem við erum að fara að hanna, en okkur finnst bara áhugavert að hugsa um þessa staði þar sem að fólk kúplar sig algjörlega frá einhverju og setur sig inn í aðrar stellingar og við höldum að þá fari einhver efnaskipti í líkamanum af stað.

O: Þegar maður horfir á þessi mynd „how art affects your body", þá sé ég líka líkamann sem safnið, eins og safnið sé sjúklingur með líkama sem virkar ekki en listamenn og áhorfendur reyna að lækna.

F: Algjörlega, og við hugsum um safnið sem einhvern sem þarf að segja: Komdu í heimsókn til mín!






O: Og menn mæta á sjúkrahúsið með After Eight og vínber...

F: Blóm og kransar vinsamlegast þegnir, það koma einmitt margir með blóm á opnanir!

B: En safnið er með þennan erfiða inngang, hurð sem virkar ekki vel og fólk gengur oft framhjá eða hittir ekki alveg á hurðina. Þetta er eins og leynihurð sem opnast stundum og stundum ekki. Þess vegna langar okkur til að byggja inngang utan á safninu svo þú sért kominn inn á safnið um leið og þú gengur fram hjá því.

F: Já, ósjálfrátt ertu bara kominn inn með því að ganga á gagnstéttinni. Safnið er ekki með neitt torg fyrir framan sig en með því að byggja inngang fyrir utan, þá verður gangstéttin hluti af safninu, og gangandi vegfarendur á Tryggvagötunni eru þá komnir inn en ákveða svo bara sjálfir hvort þeir vilja beygja alveg inn, eða láta sér nægja að vera fyrir utan.

O: Þannig að safnið er þar með að krækja í, lokka eða bjóða inn í sig.

B: Við lítum á safnið sem manneskju sem er að bjóða fólki í heimsókn og þá finnst okkur áhugavert að safnið tali við fólkið úti á götu, að það sé texti þar sem segir „Velkominn inn" eða eitthvað svoleiðis.



# ~~...nhildur Pálsdóttir~~




O: Eitthvað [illegible] eða dauðurlegt?
F: [illegible] en okkur langar allavega að safnið tali við fólk.
B: Okkur langar að byggja utan á skyggnið hvelfingu. Hugmyndin er að hafa einn lit utan á og annan lit innan á og kannski einhverja lýsingu þannig að það verði ljós og nýr litur, svona bjarmi, þegar maður gengur inn...
B: ...og hreinsast, maður er að fara inn í nýja vídd með því að fara í gegn.
O: Við erum að lýsa skýli hérna fyrir framan safnið, það sem leiðir á milli, svona millistaður. Undirbúningur fyrir einhverja umbreytingu, svona eins og var í öllum serimóníum, í kirkjum öll sakramentin.
F: Já, þegar fólk gengur í gegn og inn þá má það fá þessa tilfinningu um að hreinsast og léttast.
O: Kannski verða rónar bæjarins alltaf að koma þarna í smá hreinsun.
B: Já, standa þarna undir og láta sig hreinsast.
F: Þetta gæti auðvitað orðið vandamál með alla skemmtistaðina í kring.
O: Er búið að leyfa ykkur að gera þetta?
B: Hafþór er allavega að tala við byggingafulltrúa og við allar þessar opinberu nefndir til að fá leyfi fyrir þessu.
O: En þetta verður tímabundið, eða hvað?
F: Þetta er allt bara tímabundið, efnið verður segl og timbur.
O: Svolítið eins og tjald, svona lítið reif-tjald fyrir utan?
F: Kirkjulegt reiftjald.
O: Jæja, að næstu mynd, þá er maður kominn inn.
F: Það er einhver vandræðaleiki sem á sér stað þarna fyrir framan afgreiðsluborðið.
B: Verið að reyna að selja eitthvað en samt er ekki. Hvað er í hillunum? Hvað kostar inn? Hvað er í boði?
F: Bæði gestir og starfsfólk upplifa þennan vandræðagang, fólk er ekki sérstaklega boðið velkomið með umhverfinu, heildin er ekki sérstaklega bjóðandi. Það er ekki alveg búið að ákveða hver ímyndin er og ef maður er ekki öruggur með ímynd sína þá er maður ekki með mikið sjálfsöryggi til að bjóða neitt.
O: En er það ekki yndislegt tækifæri fyrir ykkur að fá að taka þátt í að skapa þessa ímynd og heppilegt að hún sé ekki niðurnegld?
F: Jú, einmitt og þá fórum við að hugsa um að eitt aðalvandamál myndlistarsafna væri hvað almenningur er óöruggur gagnvart myndlist. Að skilja út á hvað hún gengur.
B: Kannski eru líka ákveðnir fordómar og neikvæðni á báða bóga, bæði er að það vantar meiri fræðslu en líka það að í myndlist er hægt að gera svo margt, að margir eru hræddir um að það sé einfaldlega verið að gera grín að þeim.
O: Þið lýsið vandræðagangi á báða bóga, stofnuninni sem óöruggri með sína ímynd og gestinum líka sem óöruggum?
F: Já, við getum auðvitað ekkert alhæft en ég held að margir séu svona óöruggir. Og við fórum í framhaldi af þessu að skoða staði sem fólk byrjaði að stunda á níunda áratungum. Þá urðu skyndibitastaðir fyrst partur af okkar menningu en í dag eru þeir stór hluti af henni. Við skoðuðum hvernig vörur eru kynntar þar, allt sett skýrt fram og boðið án hiks í ljósakössum: Borgari með kók og frönskum og bananasplitt í eftirrétt á tilboði.
O: Ég verð nú samt að segja að þegar ég fer inn á svona staði þá finnst mér þessi tilboð aldrei mjög hjálpleg, og ekki einu sinni skýr.
F: Þú ert bara ekki nógu vön að fara á svona staði!
O: Mér finnst held ég auðveldara að rata í listasafninu!
B: Hugmyndin er sú, að áhorfandinn komi inn á skyndibitastaðinn eða í ísbúðina og að valið sé þá strax fyrir framan hann. Hann getur þá sagt: Mig langar ekki í þetta, mér finnst það ekki gott, ég ætla bara að fá þetta.
F: Við erum að taka nokkur element úr þessum heimi, við erum ekki að fara að búa til skyndibitastað. Það eina sem við erum að taka út úr skyndibitastaðnum er þessi ljósakassi. Við erum bara að taka þetta eina element úr þessum heimi og nýta okkur það við kynningur á myndlistarmönnunum: Hver og einn fær sinn ramma í ljósakassanum og það verður einhvers konar undirbúningar fyrir þá sem hafa aldrei áður séð list þessa fólks.

O: Þið eruð að koma á móts við áhorfandann, þið eruð að hjálpa honum. Þið eruð að nota neyslumódel og takið neyslulógíkina með, þar sem áhorfandinn fær nákvæmlega það sem hann vill, án mikillar áhættu og sparar tíma og vesen. Gæti sú lógík þó ekki verið tvíræð frammi fyrir listinni?

F: Við erum bara að búa til myndlistar-matseðil og vonum að gesturinn sé tilbúnari að fara inn á sýninguna þegar hann er búinn að fá svona móttökur, smá kynningu. Og okkur finnst áhugavert að prófa að kynna myndlist á þennan hátt.

O: Þið eruð ekki að troða neinni hamborgarastemmningu inn á safnið, miklu heldur að nálgast áhorfandann á bjóðandi hátt, án hroka.

B: Algjörlega og þetta er líka vísun í steindu gluggana í kirkjunum þar sem postularnir eru á gluggunum og þeir eru að segja söguna, þeir eru matseðillinn. Í kirkjunni líturðu upp í gluggana og lest í myndirnar af postulunum. Myndlistarmennirnir miðla einhverju til okkar og við erum að gefa þeim stað eins og postulum í kirkjugluggum.

O: En maður horfir upp í gluggana og er oft ekki alveg viss um hvað myndirnar þýða, veit til dæmis ekki hvað allar ólíku handahreyfingarnar þýða, puttarnir.

B: Þessir gluggar voru upphaflega út af því að fólk kunni ekki að lesa og allt varð að koma fram í mynd. Það hafði enginn lesið Biblíuna, en sá þarna Jóhannes skírara ljóslifandi og gat upplifað söguna.

O: Þið eruð að gera hvort tveggja í senn, helga þetta safn og afhelga það. Opna helgidóminn.

F: Þú kemst á annað stig þegar þetta tvennt mætist og verður bara að Pakkhúsi postulanna!

B: Við erum að breyta þessu listasafni í Pakkhús postulanna, þetta er ekki lengur Listasafn Reykjavíkur, þetta er eitthvað annað, það er kominn nýr staður þarna við höfnina.

O: Kannski gott fyrir safnið að fá að vera bara eitthvað annað í smá stund. En hvert förum við svo?

F: Þarna er afgreiðsluborðið þar sem safnið talar við gestina. Starfsfólk afgreiðslunnar er andlit safnsins eða rödd þess og okkur finnst að þar mætti vera miklu meiri samræða í gangi og skemmtilegri samskipti og okkur finnst líka mikilvægt að þegar fólk borgar sig inn fái það einhveja orku sem heldur því gangandi.

B: Þegar þú kaupir þér miða þá fáir þú einn lítinn ís sem þú ferð með inn á safnið eða einhverja smá orku og eitthvað kalt til að hressa þig aðeins við.

F: Þú varst að tala um afhelgun, stundum fer fólk að hvísla inn á safni og veit ekki alveg hvernig það á að haga sé. En ef það er fullur salur af fólki að borða ís og skoða myndlist þá í fyrsta lagi hefur það úthald í það og einbeitingu að koma inn í þannig sal. Við það breytist stemmningin.

O: Verður þetta þá tenging safnsins við Kolaportið?

B: Að fara á listasafn er afþreying, margir fara í bíltúr og kaupa sér ís og það er þeirra afþreying og ís er fallegur hlutur því það er svo mikil gleði í honum.

O: Og lekur náttúrulega og klessist.

F: Þetta er hlutur sem þú hefur enga stjórn á.

O: Talandi um þennan trans og allt það, ef manni finnst það ekki mjög hressandi og gleðilegt að fá sér ís heldur bara áminning um magaverk, væri þá kannski hægt að fá blómadropa eða eitthvað annað hressandi nesti?

F: Kannski verður þetta birki-ís.

O: Nú ætlið þið að búa til ísinn?

F: Já, þetta verður mjög í anda íslenskra lækningajurta og við rekum matar-hönnunarfyrirtæki sem heitir Borðið.

B: Við höfum mikinn áhuga á að hanna mat, að láta mat breyta, gera eitthvað fyrir fólk.

O: Með því að láta áhorfandann horfa og borða á sama tíma þá eruð þið kannski að minna á að með því að horfa á list, þá fari eitthvað í gegn, eitthvað sem maður meltir og umbreytir í eitthvað annað og persónulegt?

F: Já, þá fer ferli af stað og við erum að flýta fyrir því ferli, setja efnaskipti af stað sem eiga að örva skilningarvitin.

B: Síðan skapar þetta líka samskipti á milli gesta og starfsfólks, gesturinn fær afhentan ís og það myndar samskipti.

























O: Það stimplar hann inn og ekki bara með peningum, eða hvað?

B: Er ekki alltaf gaman að fá eitthvað gefins? Ég held að öllum finnist það.

O: Mér finnst eins og þið séuð eins og litlar stelpur að fatta upp á þessu og vilja vera svona góðar við gestina. Nú fer fólk að þyrpast inn á safnið til að fá ís og listin smyglast þá inn með ísnum, áhorfandinn smitast af listinni í kaupbæti.

F: En beitan væri náttúrulega aldrei sett þarna inn nema hún hefði tilgang.

O: Annan tilgang en að veiða?

F: Já, hann hefur þann tilgang að koma upplifunarferlinu af stað. Til að skapa samskipti er afgreiðslan gerð að áningarstað. Það verða sæti uppi á afgreiðsluborðinu þar sem fólk getur sest og skoðað bókina og spáð og spjallað við starfsfólkið.

O: Og afreiðslufólkið hugsar bara með sér: Guð minn góður ætlar þessi ekki að fara að drífa sig?

F: Ósjálfrátt verða samskipti sem þróast ómeðvitað án þess að fólk þurfi endilega að ræða um eitthvað. Svo er þetta líka smá hásæti, gestinum er gefinn ákveðin virðingarstaða. Ímyndaðu þér bara að sjá fólk sitja uppi á afgreiðsluborðinu!

O: En er það endilega virðingarstaða að fá að setjast upp á borð hjá gestgjafa sínum? Og haldiði að menn fái eitthvað kikk út úr því? Eins og safnið sé fullorðna fólkið að segja við börnin að nú megi þau gera allt.

F: Við erum bara hönnuðir og við erum að reyna að búa til umhverfi sem hvetur til samskipta. Og í rauninni snýst þetta alltaf um gestinn í samskiptum við þetta safn.

O: Ég er svo leiðinleg að taka þetta út frá neikvæðninni, en getur nokkuð verið að þið séuð, sem þá getur líka bara verið jákvætt, að gera ráð fyrir að gesturinn sé barnalegur?

F: Það eru nokkrir hópar sem koma inn á þetta safn og við erum kannski að reyna að fá fólk sem venjulega kemur ekki til að taka þátt af því að það er í rauninni afskaplega þröngur hópur af fólki sem kemur inn á söfn og mér finnst það frekar sorgleg staðreynd. En við erum að búa til annað andrúmsloft og fyrir fleiri.

O: Mig langar að forvitnast meira um hvaða andi það er. Það er einhvers konar trans- og umbreytingarandi, frelsisandi, og snýst kannski um að komast undan boðum og bönnum, eða hvað?

B: Til þess að upplifa myndlistina þá þarftu kannski að sleppa. Fólk er kannski ekki nægilega tilbúið að leyfa myndlistinni að koma til sín. Það þarf að taka burtu fordóma og kannski með því að sjá afgreiðsluborð með stólum og ís, þá brotnar allt niður og hægt að byrja upp á nýtt.

O: Ótrúlega flott! Og svo eru menn búnir að vera að rembast við að brjótast undan venjunum með andlegri íhugun, eiturlyfjum eða einhverju öðru og þið bara reddið því með litlu leynitrixi: Ísnum!

F: Þetta er líka bara ákveðin stemning og ambíans. Umræður um myndlist eru oft þvingaðar ég er ekki að segja að ís opni einhverja máltaug en þetta er líka spurning um viðmót. Pakkhús postulanna býður gesti sína velkomna og það viðmót mótar það í hvaða stellingar þú setur þig til að halda áfram inn í Pakkhúsið.

O: Er þetta svolítið eins og ef Lína Langsokkur fengi Moderna Museet í Stokkhólmi til umráða?

B: Þetta hús fær mann til að vilja umbylta einhverju. Þessi langa saga, úthugsaði arkitektúr, stál sem vísar í skip, parketlagað gólf, þykk steypa...

F: Frábær arkitektúr að mörgu leyti en um leið setur hann fólk í mjög ákveðnar stellingar

Huginn: Mér finnst þetta stundum eins og dauðastjarnan í Star Wars, heimili Svarthöfða.

O: Listamennirnir hafa sagt að þeim finnist gott að þið verðið búnar að breyta húsinu þegar þeir koma þangað inn til að sýna. Þeir sýna þá í öðru húsi.

F: Já, við verðum vonandi búnar að búa Pakkhús postulanna til þarna inni. En þetta er ekki eitthvað sem er varanlegt, þetta er bara fyrir þessa einu sýningu. Ef við værum að vinna eitthvað sem ætti að vera varanlegt þá væri það framkvæmt öðruvísi þó að það væru nákvæmlega sömu þættir sem við værum að vinna með. Við erum ráðnar af sýningarstjórum og það eru þeir sem biðja okkur að vinna með ákveðna þætti, þótt þeir hafi ekki sett nein skilyrði.

O: Hefðuð þið verið til í að hanna kaffistofuna í leiðinni?

F: Já, það var upphaflega eitt af því sem var lagt til að yrði gert fyrir þessa sýningu en síðan var hætt við það. Það átti upphaflega að vera Pakkhús kaffihús en svo ákvað safnið að færa kaffistofuna alfarið. Okkur hefði auðvitað þótt það mjög spennandi að fá að takast á við það verkefni.

O: Viltu vera svo vænn að rétta mér blómadropana Huginn? Við höfum gefið viðmælendum blómadropa, kannski eitthvað í anda ís-hugmyndarinnar, en þetta voru gamlar birgðir af mínum dropum.

F: Fyrir hvað eru þessir blómadropar?

H: Agrimony helps you communicate your true meanings rather than hide them behind a cheerful face!

O: Gott fyrir safnið.

B: Já, glerveggurinn í afgreiðslunni, sem er í rauninni eina samskiptatæki safnsins þar sem kemur fram hvað er í öllum sölunum, okkur langar að líma yfir hann. Setja þar líffræðilegt upplýsingakort þannig að áhorfandinn geti fræðst svolítið um eigin líkama.

F: Um það hvað fer af stað þegar horft er á myndlist, hvaða stöðvar það eru sem fara þá að vinna og hvað það er sem veldur því að fólk hefur áhuga á myndlist eða fer á safn til að njóta listar. Við ætlum að tala við lækni og biðja hann um að hjálpa okkur við að skýra þessa gátu.

O: Væri ekki ráð að tala líka við miðil, mundi hann ekki vita sumt í þessu betur en læknar? Þið gætuð skroppið niður í sálarrannsóknafélag og hitt Þórberg.

F: Jú, kannski líka. Maður hefur séð þegar verið er að útskýra nákvæmlega hvaða taugar fara af stað þegar maður verður ástfanginn. Þá slökknar á allri gagnrýnni hugsun og umbunarstöðin fer alveg á fullt, þá fljúgi fiðrildi í maganum því maður er alltaf að fá svo mikið hrós frá þeim sem maður er skotinn í og verður fullur af einhverju yfirdrifnu sjálfsöryggi. Þá er talað um blinda ást og áhugavert að vita hvað gerist í myndlistinni.

O: Að áhorfandinn blindist við sýnina kannski. Tengist kannski líka minnisleysinu.

B: Spurning hvort gagnrýnin hugsun virkjast eitthvað líka við að horfa á myndlist.

F: Myndlist getur valdið svo mismunandi tilfinningum og við erum bara að leiða áhorfandann inn á þá braut að eitthvað sé að fara að gerast hjá honum, líkamlegt eða sálrænt.

O: Eins og fólk sé að fara að taka þátt í einhverri tilraun?

F: Já, og okkur langar til að fólk sé meðvitað um hvað er mikið að gerast, að það sé allt á fullu.

O: Og ísinn að leka, fer út um allt, allt fer af stað, ísinn og listin.

H: Engin stjórn, bara stjórnlaust ferli.

F: Þannig að við erum búnar að útskýra í grunnatriðum fyrir þér afgreiðsluna núna.

O: Þetta er ótrúlega flott afgreiðsla, ef afgreiðsla er rétta orðið, kannski frekar móttaka.

B: Svo er líka vifta eða stórar viftukrónur til að hreinsa loftið, þannig að fólk situr og les bókina og hárið fer af stað og menn fá súrefni og borða ís.

O: En gaman að hafa þetta í bókinni, allar tillögurnar!

F: Svo vorum við líka að hugsa um heita potta um allt safnið, svona samræðupottar, en það er ekki víst að þeir verði að veruleika.

O: Alveg ótrúlega skemmtilegt að menn setjist í litlar sellur eða mengi og fara bara að tala um listina og míní-málþing á hverjum degi en ekki bara á menningarnótt og öðrum stórhátíðum!

B: Á hefðbundnum söfnum eru oft leðurbekkir og fólk sest einhvern veginn bak í bak en um leið og þú sest í pottinn og það er einhver á móti þér, þá gerist eitthvað, augnkontaktur.

O: Þetta er flott hugmynd!

F: Síðan megum við ekki gleyma hugmyndinni um bókabílinn, þá átti hver myndlistarmaður að vera með eina hillu þar sem hann gat verið með bækur sem annað hvort hafa inspírerað hann eða á einhvern hátt haft áhrif á hann. Og líka tónlist og kvikmyndir. Það val getur nú sagt margt um listamanninn, bakgrunn hans.

B: Okkur langar til að búa til bókasafn tengt sýningunni.

O: Pakkhús bókasafn í bíl?

F: Upprunalega hugmyndin var að vera með marga bíla á svæðinu og inni í portinu, af því að það sem er í portinu þarf að vera færanlegt. Þá héldum við að s ngin mætti taka til portsins. Þá hef getað verið kaffibílar, afgreiðslubílar og sv essi bókabíll sem einhver af safninu gæti s n keyrt um í, kannski heim eftir vinnu g þar gætu menn komið og kíkt á efnið. B nn yrði allur skreyttur með tilvísunum í sý guna. Svo var líka ein hugmyndin að ha til málþing og leiðsagnir um sýninguna ú m bæinn í einhvers konar rútu.

O: Já, ég man eftir þessu, þet voru háleitar hugmyndir!

B: Þá myndi Pakkhúss bíllinn ða rútuna, keyra um borgina og stoppa k nski fyrir utan Bónus í Grafarvogi og ve þar hluti af sýningunni.

O: Virkja úthverfin eins og í r nu! En væri ekki líka hugmynd að hafa út funa sem við vorum að tala um, innan mingunni og gefa út viðbótarefni við Po luna á meðan á sýningunni stendur. að hafa hana í bókabílnum?

H: Þarna er hún bara komin á ílum, ekki spurning!

O: Með litlu dreifimiðunum og lum litlu pésunum sem við ætlum að g út.

H: Aðdáendabréf og ný viðtöl, emmtilegir vinklar sem gætu átt samastað bílnum?

O: Væri hægt að hafa ljósritun inni í bílnum?

B: Já já, það má alveg og allt a gerast í bílnum sem keyrir um borgina.

O: Og dreyfir póst-póst-póstil ni. Orði dagsins!

F: Svo er eitt sem okkur langaði að tala um í byrjun en það er í sambandi vi innganginn. Sitthvoru megin við safnið eru tvær stórar stofnanir, Borgarbókasafnið og Kolaportið og svo virðist sem tengslin á milli staðanna séu ekki mjög virk. Okkur langaði því til að hafa annan inngang í Listasafnið á veggnum sem er gegnt Kolaportinu svo gæti myndast flæði á milli þessara staða.

B: Það er náttúrulega gífurlegur fjöldi sem fer í Kolaportið hverja einustu helgi það er svolítið sorglegt að það fólk komi ekki líka á safnið.




F: Ef við horfum á safnið sem manneskju þá er hún bara með einar dyr opnar en í húsinu eru fullt af öðrum dyrum sem hingað til hafa verið lokaðar.

O: Hvers vegna ekki að opna og treysta flæðinu?

F: Eina sem maður þarf þá að finna er hvernig fólk er leitt að afgreiðslunni en mér finnst það vera partur af tilrauninni. vandamálið er að okkur langaði að sjálfsögðu að hafa portið mjög virkt og áhugavert en það er erfið staða sem safnið er sett í að þurfa að hafa portið sem aðaltekjulind sína. Það þarf því að láta útleigu á portinu ganga fram fyrir sýningar.

B: Ein hugmynd í lokin en hún er um afsláttarmiðana sem væru auglýsingar í blöðum. Menn gætu þá klippt þá út og fengið afslátt, boðið með sér á sýningu eða fengið frítt fyrir fjölskylduna ef það safnar nógu mörgum miðum.

F: Afsláttur af myndlist!

O: En þarf að ítreka tengsl myndlistar við peninga á þann hátt? Er ekki nóg af bílum og list og sölugalleríum?

B: Þetta snýst kannski frekar um aðgang, að komast inn, það kostar 500 kall inn og maður er ekkert að henda 500 köllum. Það er mikil breyting núna að það sé ókeypis inn á Listasafn Íslands og aðsóknin hefur aukist mikið, þú ert að borga 500 kall og þá ætlarðu að fá eitthvað fyrir þennan 500 kall og þá er alveg gott að setja þetta í afsláttarmiða!

F: Kannski verið að gefa fleirum tækifæri á að koma, ef þú ert með stóra fjölskyldu þá skiptir 500 kalla aðgangur máli. Það er bara verið að gefa afslátt af þessari upplifun.

O: Listin til barnafólksins?

B: Svo verður þetta líka í formi dreifimiða, svona í anda þessa tímabils þegar þessi reif voru bara auglýst með einhverjum flæjerum, þar sem stóð bara einhver úti á horni og dreifði.

O: Er safnið til í að setja svona auglýsingar og vera með afslátt?

B: Mjög til í það.

F: Þetta eru allt hugmyndir sem við höfum fengið samþykki fyrir hjá safninu en nú er bara spurning hvað peningarnir megna að koma þessu langt á leið.

# ~~Ármann Agnarsson~~

Unnar og Oddný funda með Ármanni Agnarssyni, hönnuði bókarinnar, í eldhúsi á Nönnugötu í lok júlí 2006 og veiða hann svo inn á band úti í garði. Unnar leggst í hengirúmið og þau spjalla um forsendur hönnunarinnar, hugmyndir varðandi útgáfuna og stöðu mála þegar styttist í prentun.

Á: Þetta er allt að fara til helvítis!

O: Er það?

Á: Nei, mér líst ótrúlega vel á þetta, en þetta er geðveiki, ég veit ekki alveg hvað ég á að segja.

U: Maður verður að vinna heimavinnuna sína!

Á: Já, og allir að skila á réttum tíma!

O: Ef maður hefði nú bara áttað sig á því hvað þessi viðtöl og úrvinnsla þeirra tekur langan tíma! Það erfiðasta í ferlinu er að finna einhvern sem nennir að skrá þessar löngu samræður upp af böndunum. Allir sem taka það að sér af elskulegheitum, vinir okkar og vinkonur, eru alveg búin á því eftir smá tíma. Þetta krefst svo sérstakrar tegundar af einbeitingu og svo er spurning hvað þeim verður borgað fyrir. Svo er það textavinnslan, sem fyrir rúmar hundrað síður hefði helst þurft að taka hálft ár. Uppsetning og hönnun annað hálft ár.

Á: Nei, nei, ég held við náum alveg að gera þetta. Við bara gerum það.

O: Leggjum nótt við dag. Horfumst í augu við óraunsæið.

Á: Í byrjun var ég hræddur um að róðurinn yrði of þungur, af því að allir hefðu á endanum svo miklar skoðanir á hönnuninni og uppsetningunni. Fyrst segja allir; „gerðu bara eins og þér sýnist", en svo hafa allir þúsund skoðanir á öllu. Og þar sem þetta er allt unnið í lýðræðinu og flæðinu hjá ykkur, þá sá ég fyrir mér einhverja endalausa flækju.

U: Svo yrðir þú bara skammaður fyrir of flækingslega útkomu. Það er svo auðvelt að kenna einhverjum um.

Á: Í fyrsta skeytinu sem ég fékk var útskýrt hvernig við myndum öll vinna þetta saman og ég lagði saman ellefu listamenn og ritstjóra og fékk út geðveiki. En núna er ég bara farinn að fíla þetta rugl og ætla að taka það inn í myndina í öllu mínu vinnuferli. Annars myndi ég líka bara fara yfir um af stressi.

O: Mér fannst svo ótrúlega fyndið að heyra í þér röddina fyrst þegar þú hringdir í mig til að vita hver staðan væri. Þú ritskoðaðir sjálfur allar spurningarnar þínar til að vera nú ekki að ýta á og eyðileggja flæðið, en um leið vildirðu bara segja að þig langaði svo til að efnið færi að koma.

Á: Þá var ég bara að bíða og er enn að bíða. Þótt það sé alveg fullt að gerast líka, í kollinum á mér og hjá okkur öllum. En þessi vinna er ótrúlega ólík því sem ég hélt að hún yrði.

U: Hvernig hélstu að hún yrði?

Á: Ég veit það ekki. En þegar ég fékk bréfið og var beðinn um að hanna þessa bók, þá hugsaði ég með mér hvað þetta væri ógeðslega flott. Að ég myndi gefa þessu allan tíma í heimi og reyna að gera meistaraverk með ykkur fyrir Listasafn Reykjavíkur. Mér fannst svo gaman að fá að taka þátt í þessu.

O: Var þetta þegar við komum heim frá Galtarvita innblásin og útblásin?

Á: Já, en núna, tveimur mánuðum síðar, er þetta orðinn algjör hrærigrautur og algjört flopp í sjálfu sér, en mér hefur skilist að þannig verði það bara að vera. Og ég bara fíla það.

O: Þú hefur þá gefist upp á meistaraverkinu?

Á: Já, og ég held að það skipti líka tilurð þessarar bókar miklu máli að ekki sé litið á hana sem hugsanlegt meistaraverk, vegna þess að hún fjallar, finnst mér, um það að vera ekki meistaraverk og verður það líka örugglega ekki!

O: Í gamla skilningnum á orðinu meistaraverk, þá er það verk eftir einhvern listamann eða handverksmann, og þú ert nú hvort tveggja. Í þeim skilningi, þá er það dómur um einhverja snilld. Hvernig finnst þér að losna undan meistarverkinu í þessum tvenna skilningi? Í fyrsta lagi þar sem þú gerir þessa bók ekki einn og berð ekki ábyrgð á henni nema að sumu leyti og í öðru lagi vegna þess að enginn er að bíða eftir neinu snilldarverki, það er ekki lengur inni í myndinni?





Á: Ég held að það hafi beinlínis áhrif á vinnulag mitt, að vera laus undan meistaraverkinu. Það hefur líka áhrif á hugmyndirnar sem ég fæ. Mér líður eins og hluti af löngu ferli sem er enn í fullum gangi og ég get leyft mér að láta hugmyndirnar gerjast, en um leið að slá af einhverjum kröfum. Ég veit að listamennirnir verða mjög tortryggnir á það sem ég geri við þeirra innlegg, teikningar og dót og mér finnst gott að hugsa til þess að geta sagt þeim að það séu ekki forsendur fyrir því að hafa of miklar áhyggjur af því!

O: En þarftu ekki að eiga við þitt eigið egó og við hræðsluna um að þú leggir mannorð þitt og hönnunarheiður að veði?

Á: Nei, nei.

U: Ja, bara að standa undir nafninu snillingur, en þannig varstu kynntur. Við vorum sannfærð um að þegar við gæfum þér gott stöff, þá myndir þú setja gyllinguna á það.

O: Og umbreyta því, samkvæmt Goddi þá geturðu umbreytt vatni í vín.

Á: Þetta fór nú alveg fram hjá mér, sem betur fer! Mér þykir fyrir því, en ég held að þetta verði alls engin gullbók. Þótt hún gæti orðið spennandi tilraun til að umbreyta einhverju í eitthvað annað!

O: Til að umhverfa lifandi samræðu í bók á skömmum tíma. Alltof skömmum tíma?

Á: Eina sem gæti komið í veg fyrir að það verði hægt er, ef listamennirnir verða óánægðir með uppsetninguna og ef safnið sættir sig ekki heldur við hana.

O: Auðvitað væri það leiðinlegt og auðvitað verðum við að virða þeirra innlegg og setja það í eins gott samhengi og hægt er. En þetta verður aldrei bara kynningarrit, heldur eitthvað allt annað. Kannski frekar tilraun til að opna fyrir frekari samræðu, og jú, kannski kynning á ákveðinni nálgun, er það ekki?

Á: Jú, ég er sammála því. Að einhverju leyti er það rosalega krefjandi því maður þarf að hugsa svo mikið, en svo er það líka léttir því þessi skilyrðislausa skyldurækni við vilja allra hlutaðeigandi er svolítið erfið. Sérstaklega þegar þeir koma ekki með athugasemdir við uppsetninguna fyrr en daginn fyrir prentun!

U: Það er mjög athyglisvert að velta því fyrir sér hvenær verk verður að öðru verki þegar verið er að vinna með það.



O: Þú færð ekki bara efni í hendur, heldur færðu líka spurninguna um það hvað sé verk og hvað þessi bók sé. Er ekki gaman að þurfa að svara svoleiðis spurningum, ekki með orðum heldur með höndunum?

Á: Jú, það er mjög áhugaverð aðferð. En nú er ágúst og mér finnst þessi bók alls ekki vera fædd enn þá. Mér finnst svo rosalega langt í land.

U: Ég sé hana engan veginn fyrir mér. Ég er að vona að þú sjáir hana einhvers staðar í hugskoti fyrir þér. Ég treysti þér algerlega fyrir því og mér finnst ég ekki þurfa að hafa neinar áhyggjur af því.

Á: Þessi bók verður til í lögum. Hún kemur smátt og smátt í ljós. Ég fæ nýtt efni, les það og bæti því inn í heildina og þá fæðist eitthvað nýtt ofan á hitt og breytir heildarmyndinni. En ég er samt með grunn sem ég geng út frá, því ég verð líka að hugsa um tímann og það sem er gerlegt miðað við prenttilboðið og peningana og allt það.

O: Ræður praktíkin ekki á endanum mjög miklu? Er kannski hægt að hafa það að konsepti að gera það besta úr, eða hvað?

U: Jú, það er sígilt konsept. Maður má bara ekki detta ofan í einhvern fátækrastíl samt. Eða eitthvað fúsk, er það nokkuð?

O: Ég held að það sé engin hætta á því núna. Af því við erum öll að gera eins vel og við getum. En auðvitað fær maður reglulega sjokk yfir eigin óraunsæi. Án þess myndi svo sem ekkert gerast í lífinu. Manstu hvað okkur fannst þetta vera komið langt á leið og vera í hendi eftir Galtarvitaferðina?

U: Þetta er allt hjá okkur, í þessum haug, og við verðum bara að vinna úr því án þess að panikera.

Á: Skemmtilegast yrði náttúrulega ef enginn fengi að sjá bókina, ekki einu sinni þið, fyrr en á opnuninni. En það verður náttúrlega alltaf að vera einhver sem samþykkir, eða hvað?

U: Mér finnst mjög gaman og mikil þerapía að vita, að þú ýtir bara á prenttakkann þegar þér finnst vera komið gott.

Á: Fyrst hugmyndin var að setja bókina saman í lögum, og bæta, við en án þess að hafa einhverja fyrirfram ákvarðaða heildarmynd í huga, þá verður maður líklega bara að ákveða að einhvern tímann sé komið gott.

O: Mér finnst það vera mjög flott hugmynd að láta engan sjá lokaútgáfu fyrr en á opnun. Eins og hin verkin á sýningunni. Og þessi grundvallar afstaða þín um að láta lögin skilyrða vinnuferlið, finnst mér alveg stórkostleg.

Á: Ég upplifi líka að það sé svo margt í þessum grauti, mörg krydd og gott hráefni, en það kemst ekki nema lítill hluti þess til skila á endanum í bókinni.

O: Það sem verður eftir, verður þá kannski gefið út eftir opnunina! Öll þessi samræða sem er undirbúin og þarf bara að ýta á upptöku. Og jú, að vísu að skrá og laga. Það er svolítið erfitt að hætta, mann langar alltaf til að halda áfram og áfram. Mér finnst að einhverju leyti erfitt að loka, þótt maður þrái líka heitt að þessu fari að ljúka. Vinur minn, sem er geðlæknir, heldur því fram að ég sé haldin aðskilnaðarkvíða.

Á: Mér leið líka svona gagnvart þessu verki, en ég losnaði alveg undan því þegar Huginn fór að tala um að við gætum bara haldið áfram næstu tólf mánuði. Kannski var hann að grínast, en ég fékk alveg hroll og sá fyrir mér hvernig Goddur myndi fagna því og fresta öllu til að þenja hugmyndina enn meira út. Ég hugsaði bara: Nei, andskotinn, ég bara leggst í þetta og klára það!

O: Þetta þarfnast líka svo mikillar viðveru, eitt lítið verk, sérstaklega þegar það er í svona flóknum tengslum við heila sýningu og öll verkin þar og listamennina og safnið og allt. Ég held að á endanum þá verði það voða lítið annað en þessi tengsl. En það er kannski ekkert svo lítið að biðja um.

Á: Ég hef ekki góða reynslu af því að fresta svona verkefnum. Það getur auðvitað verið léttir og lausn á tímapressunni og getur leyft einhverju sem þarf að gerjast betur að gera það í friði. En reynslan hefur kennt mér að oftar en ekki þá dettur suðan niður og ekkert gerist.

O: En þá er það hugmyndin um viðbótarútgáfuna, póst-postilluna. Mér finnst hún enn þá vera góð, svo fremi sem þetta eftir á, sé ekki löngu eftir á, heldur á meðan á sýningunni stendur. Kannski væri líka hægt að tengja það við fjölmiðla og aðrar útgáfur.

U: Já, það er rosalega spennandi að halda áfram og hafa virka útgáfu á sýningartímanum, og við verðum bara að gera það! Höldum tombólu og reddum smá monní-pening.

A: Þið eruð bara að búa til afsökun fyrir því að gera þessa bók ekki eins og þið vilduð og vísa bara í meistarverkið sem er alveg á leiðinni!

U: Það er viss hætta á að það gerist. En sú áhætta er samt, held ég, hluti af þessu ferli, og kannski forsenda þess að hægt sé að vinna þetta svona sameiginlega.

O: Já, allir að baka bollur saman. Hvernig var eldhús hugmyndin þín aftur, Árni?

Á: Ég sá bókina fyrir mér sem það sem gerist á bak við í eldhúsinu. Þar sem enginn sér, það sem enginn vill sjá, þar sem er meiri skítur og sóðaskapur. Mér fannst það kallast á við hugmyndir Finnu og Brynhildar um matseðlana. Þegar þú kemur inn, þá er allt svo fallegt og freistandi, en svo er bara allt í hári á bak við og ekkert hárnet. Djúpsteikingarfitan lekandi út um allt og að það sé katalógurinn. Það tengist líka þessum hrærigraut í ferlinu ykkar.

U: Við erum algjörir drullukökumeistarar!

Á: Svo finnst mér líka gaman að hugsa um þetta eins og uppskrift sem gengur á milli manna í fjölskyldu. Hver og einn eldar eftir henni og bætir við einhverju kryddi, krotar út á spássíuna smá betrumbót. Það kemur líka út frá hugmyndinni um öll lögin, leyjerana.

U: Þessi tilraunamennska, það er eldhúsið í sinni bestu mynd!

O: Og svo fallegt að sjá fyrir sér uppskriftarblöðin fara á milli!

Á: Ég sé fyrir mér hvernig verða fingraför allra á prófförkinni. En ég veit ekki alveg hvort það virkar í praxis. Einhvern veginn finnst mér núna, eins og það sé allt í lagi þótt sumar hugmyndirnar virki ekki alveg. Ég er nánast farinn að hugsa með mér að það verði jafnvel í lagi að lesa textann ekki allan yfir.

O: Stopp nú stýrimann! Yfirlesturinn er göfugasta starfið. En ég er auðvitað hrædd um að ekki náist að lesa textann eins vel yfir og þyrfti, á þessum stutta tíma. En þá mun það valda mér sársauka í hvert sinn sem ég opna bókina. Það er svo fyndið að í opnu og gagnvirku ferli og flæði þá er samt hver og einn með sitt sérsvið sem hann langar svo til að sinna vel. Hlúa að fram á ögurstundu. Þú






myndir kannski verða miður þín ef liturinn væri ekki alveg rétt tónaður og einhverjum öðrum finnst leturgerðin aðalmálið.

U: Prentunin skiptir nú miklu máli.

Á:Við hefðum kannski átt að fá prentsmiðjuna til liðs við okkur miklu fyrr. Biðja þá um að taka þátt í tilraunastarfinu með okkur.

O: Eru þeir ekki til í neitt svoleiðis?

Á: Þeir eru mjög góðir og sjálfsagt væru þeir til í það, en þeir vita ekki hvort vélarnar höndla það! Vélin gerir allt frá a-ö, og því vita þeir ekki hvort vélin höndli að fara bara hálfa leið og sleppa svo restinni.

O: Af því að þú varst að pæla hvort við ættum að fá að sjá í saumana og sleppa kápunni?

Á: Já, þeir vita ekki hvort það gengur upp í nýju vélunum. Þær bara fara í gang, og ding dong prent og svo binding og kápa og ekkert hægt að rjúfa prentferlið eða breyta því. Ef maður biður um að það sé ekki kápa þá stoppar vélin og kemur villuboð á hana! Þeir gætu auðvitað handgert þetta, en ég er viss um að við höfum ekki nægt fjármagn til þess.

O: Væri ekki hægt að setja á kápu og rífa hana svo bara af? Hafa eina bók án kápu, en láta kápuna vera með, utan um allar litlu viðbæturnar sem safnast saman á meðan á sýningunni stendur?

Á: Þú kemur þá tuttugu sinnum á sýninguna, færð stimpil í hvert sinn eins og verðlaun?

U: Og allir listamennirnir verða búnir að gefa út smá efni í viðbót, lítinn miða sem bætist í bókina, post-postilluna þangað til hún fyllist.

Á: Eða nýta kápuna bara í eitthvað annað, þurfum við ekki að prenta boðskort líka? Getur kápan ekki verið boðskort ?

U: Það er einmitt eitthvað sem við eigum eftir að ræða. Boða annan fund með Hugin og Daníel.

Á: En af hverju notum við ekki bara efnið sem er til í búnkum hjá okkur? Allar skyssurnar, skipulagslistana, bréfin, myndirnar og allt það sem verður á endanum utanveltu í ferlinu. Við hljótum að eiga efni í tvöþúsund boðskort, þetta er svo mikill búnki og banki.

U: Hrikalega góð hugmynd! Ég hringi í strákana.

Smá bið og Ármann og Oddný fá sér vatnsmelónu á meðan Unnar hringir.

U: Nú rúllar þetta! Daníel er strax búinn að redda handsilkiþrykki á hverja skyssu fyrir sig. Á orginalana beint! Ég talaði líka við Hugin og hann er alveg himinlifandi. Nú eru þessi tvö ferli, bókin og sýningin, algerlega gift!

O: Og þriðja ferlið, sem er áhorfandinn, er opnað með boði um þátttöku í hinum tveimur!

Á: Ekkert boðskort verður eins, og gesturinn hefur í höndunum hlutabréf í baklandi sýningarinnar og útgáfunnar!

O: Og þótt áhorfandanum finnist kannski meira um vert að eiga annars konar hlutabréf þá er þetta svo fræðilega fallegur hringur: Bakland alls þessa starfs okkar er lostinn, ástin og listin í tengslum við áhorfandann. Og nú er gesturinn/áhorfandinn kominn með boðskort um bakland baklandsins og það er ástarbréf! Hugmyndin um boðskortið er borin undir safnið. Henni er vel tekið og hún samþykkt.

En svo kemur í ljós að handgerðu silkiþrykks ástarbréfin passa illa í hin opinberu umslög og hætta er á að safnið sé að snobba niður fyrir sig. Að þykjast vera grasrótarsýningarrými ef umslögunum er sleppt og handþrykkt snifsi borin út um bæ. En lostinn er oft mestur þegar næstum næst að tengja ólík element og ástarbréfið verður sent út síðar.




Krossferð - Krossför, Kross, Kris
Krafs. Krisa. Krafa. Kratsa, ketla, Kippa.
Kippa. Kipi, Kili, Killi, Litli Killi.
Spirall, mandla,
ávalur -
ovál
Brúin að Takesome að skeglin

# ~~HÚSKVEÐJAN.~~

~~í honum er texti Godds,~~
~~þakkir~~
~~og cv~~
~~og allt það dót.~~

# Íkonið og ritúalið

Í fleygum orðum breska ljóðskáldsins Keats frá því snemma á 19. öld segir „sannleikur er fegurð og fegurð er sannleikur". Það eru þó furðu fáir sem hafa hugrekki til að segja satt frá, leyfa hrukkunum og skítnum að sjást og margir hafa atvinnu að því að fegra raunveruleikann, setja smart-filterinn á í fótósjopp. Líklega hefur einhver tegund af miðaldarmyrkri færst yfir heiminn í kringum umrót fjölmiðlabyltingarinnar á síðustu tveimur áratugum. Ímynd listamannsins er margbrotin, en snýst þó fyrst og fremst um það að tengjast afhjúpun sannleikans, eða andhverfu hennar, lyginni. Ímynd listamannsins getur verið í formi postulans, sem er táknmynd þess sem kemur sannleikanum áfram, skilar því göfuga áfram. Listamaðurinn er sá sem breytir, hjálpar til við skilning á samtímanum, gefur í skyn eða hreinlega afhjúpar með því að setja í nýtt samhengi eða sýna frá öðrum sjónarhóli. Ímyndir listamanna geta tekið á sig fjölbreyttar myndir, s.s. 19. aldar bóheminn, róninn, trúðurinn, séníið, rómantíkerinn, hetjan, smalinn eða gúrúinn, Zaraþústra. Tuttugustu aldar postulinn Joseph Beuys sagði t.d. að listamenn ættu að vera synir sólarinnar. Ímynd listamannsins getur þannig smeygt sér í búning ljósberans og kyndilsberans í anda hellislíkingar Platóns. Sá sem hefur séð sólina, hetjan, ákveður að fara til baka inn í myrkrið til að lýsa það upp, en þar er hann umsvifalaust stimplaður sem vitfirringur af þeim sem búa í myrkrinu.



„Eini munurinn á mér og vitfirringi er sá, að ég er ekki vitfirrtur" er fræg setning Salvadors Dalí, annars postula síðustu aldar. En af hverju leitar sá sem mest veit, í ímynd vitfirringa og trúða? Er það til að skýra Kassöndrusyndróm allrar vitneskju: Sú sem segir öllum sannleikann en enginn hlustar á. Ímyndið ykkur Beuys útskýra listina fyrir dauðum héra. Í Hómerskviðum er talað um spámanninn sem enginn hlustar á - sjáandann. Erfiðið felst í að koma þessum mikilvæga sannleika til skila, miðla án þess að mæta útúrsnúningum og stimplunum. Hvernig fer maður t.d. að því að útskýra fullnægingu fyrir þeim, sem aldrei hefur fengið hana? Eða andlega vakningu? Það gæti reynst þrautinni þyngri einmitt vegna þeirrar mótsagnar að enginn sannleikur virðist skipta máli, nema sá sem maður finnur sjálfur. Sannfæring er smitandi og kertaljós tapar engri orku ef annað kerti fæst tendrað af því og ótrúlega margt upplifum við svo sannarlega sameiginlega. En fáir hafa í raun hugrekki til þess að segja það sem skiptir máli. Það góða við sannleikann er að hann þarf ekki að leggja á minnið. Hann er orðaður, settur í mynd, hljóð eða annan farveg. Þeir sem það gera köllum við listamenn, postula, ljósmiðla.

Sjálft ferðalagið og frásagnir okkar allra skipta höfuðmáli í þessu sameiginlega ferðalagi okkar aðstandenda þessarar sýningar. Flaneuristinn hefur til að mynda engan tilgang annan með flandrinu en ferðina sjálfa. Hann dreifir hugmyndum - endursegir á förnum vegi. „Like a fire it spreads, like a fire it burns". Það má segja að ferðalag hins hugrakka hefjist þegar hann stígur í heim handan spegilmyndarinnar eins og Lísa, sem uppgötvaði fjölbreytilegar birtingarmyndir sannleikans, handan spegla og mæla. Í speglinum er enginn verðandi eða gerandi. Spegillinn er baksýnin og sagnfræðin. Hann er valdatæki endurskoðenda, verk- og tæknifræðinga, bókhaldara og skrifstofuliðs með tölvur og data-beis. Speglar ná ekki að endurkasta sköpunarkrafti hvata og innsæis.

Hvað þá með riddarann, hetjuna sem hefur þúsund andlit og liggur svo mikið á hjarta, lifir ekki aðeins í hvötum og innsæi heldur berst líka áfram í heilagri reiði? Hvatirnar geta snúist yfir í valdbeitingu og riddarinn verður að stríðsmanni, nauðgara, vampýru sem læðist um á nóttunni, blóðsugu, boðflennu sem er óvirk en sýgur í sig orku gestgjafans. Það er sú martröð sem fylgir smitberanum, rógberanun, sölumanninum, dólgnum, sníkjudýrinu, hræætunni, tálbeitunni og ógraranum. Þetta eru svið hið innra sem skarast ekki eingöngu við mengi himnanna, heldur líka við helvíti. Margir meistarar miðalda náðu að fanga innra ljósið og

dulkóða það í tákn- og líkingarmál. Mannsandinn hefur jú alltaf verið að dufla í kukli, en það er talið æ minna marktækt eftir því sem vísindahyggjunni hefur vaxið ásmegin og náði líklega hámarki sínu á 20. öldinni. Nú bíður hún alvarlegs skipbrots fyrir framan nefið á okkur. Í gegnum tíðina hafa þó alltaf komið upp alvarlegar tilraunir til að vitsmunagera ferðalagið hið innra. Gott dæmi um það er sálgreining Freuds, hreyfing súrrealisma á fyrri hluta 20. aldar og jafnvel hið kemíska tilraunafikt við boðefnabúskap heilastarfseminnar með alkahóli, sveppum, hampi og sýru. Margir freistast inn í þetta falska innsæi í gegnum gerviboðefni, lyfin „Drugs may give you wings - but they will take away the sky!". Sú freisting er síður en svo bundin við þá sem kalla sig listamenn. – Fall þeirra til jarðar í anda Íkarusar er allt eins líklegt. Með eða án hjálparmeðala er dansað á mörkum vitfirringar og snilldar, listamaðurinn setur sjálfan sig að veði sem apakött!

Sú vísindalega rannsókn, sem hófst fyrir um það bil fimm öldum á endurreisnar- og upplýsingatímum, náði líklega hámarki sínu þegar kortlagningu hins sýnilega heims lauk á síðustu öld. Ljós endurreisnarmannsins, ljósið sem þeir Caravaggio og Leonardo da Vinci náðu meistaratökum á, er ljós þessa heims, sólarljósið og sú birta sem hún varpar á hluti og fólk ásamt manngerðu eða náttúrulegu landslagi. Hins vegar er það baráttan við ljósið hið innra sem miklu erfiðara er að ná tökum á. Vegna þessarar sögulegu arfleiðar er gjarnan vísað í tímann fyrir endureisnina, til miðalda þegar áhuginn á táknmáli hugarheimsins var ríkjandi. Áhuginn á miðöldum í samtímanum er að finna víða og nær líklega hámarki í í Star Wars hugarheiminum, í veröld Hringadróttinssögu og í galdraheimi Harry Potters. Ólíklegt er að í skúmaskoti skrifstofunnar, þar sem allt er í röð og reglu leynist lykill að hinu innra ljósmáli, táknmáli hugans. Þá er um að gera að fá sér snúning, hendast á dansgólfið og upplifa aksjónina og reaksjónina, sjá og upplifa ljósið hið innra. Það finnst í núningnum - andspyrnunni, uppþotinu og viðnáminu við andspyrnunni - Það blossar úr viðjum bælingarinnar. Hið innra liggur lostinn og neistaflugið. Það finnst í núningi eins og lókalísering versus glóbalísering, imperial versus kólóníal, - þrælasiðferði versus höfðingjasiðferði. Það blossar upp við myndun fjöldahreyfinga. „Reif" (rave/hrafnaþing) er dæmi um sjálfsprottið viðnám kynslóðar, alveg eins og pönkið var þar á undan eða hippahreyfingin. Ástargangan (Love parade) í Berlín, Dárafleyið eða Gay Pride gangan hér heima. Brennan - dáleiðsla - eitt fer inn í annað, umbreytingin. Eðli „brennuvarganna" - að kveikja eld sem er fyrsta stig umbreytingarinnar.




Sýningin fyrir Pakkhús postulanna byggist á staðsetningu sýnenda í samtímasögu og samhengi þess við miðaldir. Rótin er rakin til mótunaráranna 1988-1992. Sýnendur eru flestir unglingar í kringum 1990 – rétt ná að upplifa fall Berlínarmúrsins og mynd í fjölmiðlum af opnun Macdonalds í Moskvu. Pönkið og nýbylgjan er á þessum tíma nýyfirstaðin, en reifið er viðspyrna þessa tíma. Áhuginn á træbalisma, pírsingu og tattúi eru áhrifaþættir þessarar kynslóðar. Tölvubyltingin og internetið fara að skipta sköpum og valda grundvallarbyltingu, sem og stafræn framsetning mynds og hljóðheims. Sýndarverkfæri (toolbox) og eftirlíkingar á gömlu vinnuumhverfi eru settar fram stafrænt. Ping Pong - boltanum haldið á lofti í sýndarveruleika. Eftir fæðingarhríðir hefst ferðalagið. Glóbalíseringin, áþreifanlegur raunveruleiki sem breytir sjálfsímyndarsmíði Íslendinga. Útrás. Menn sendast á milli staða, ferðast á milli staða/heima/hverfa í veruleika og sýndarveruleika. Úthverfafólk sækir í miðju sem finnst ekki í svefnumhverfi úthverfanna. Tölvur breytast í pósthús og vinnustaði og sýndarveruleikaferðalagið er alltumlykjandi; tölvuleikir, Dungeons & Dragons, StarWars, sjálfssprottnar Índy-útgáfur og grafíkin sem henni fylgir.

Sýningin er tvískipt; á neðri hæð eru apakettir, píslarvottar, vampýran, prestar og prédikarar með hljóð og hreyfingu en á efri hæðinni hin hljóðlátu íkon. Þetta er framsetning á rannsókn, á aðferð, á nálgun, á tilraun að tilgátu. Eins konar uppskrift með kærleikaupplifun og tilfinningakreistun sem þegar hefur farið fram og er til í fórum aðstandenda.
Guðmundur Oddur Magnússon

# ~~CV listamanna~~

Ingibjörg Magnadóttir

Fædd 1974 í Reykjavík

Býr og starfar í Reykjavík

imagnadottir@yahoo.com

Nám -

| | |
|---|---|
| 2001-02 | Figuratif Theater Skolen í Fredriksstad, Noregur. |
| 1997-00 | Listaháskóli Íslands, Myndlistardeild - BA |
| 1999 | Den Kongelige kunst Akademy, Kaupmannahöfn, Danmörk. |

----------

Kristín Eiríksdóttir

Fædd 1981 í Reykjavík

Býr og starfar í Reykjavík

HYPERLINK „mailto:horrorbarn@gmail.com" horrorbarn@gmail.com

Nám –

| | |
|---|---|
| 2002-2005 | Listaháskóli Íslands, myndlistardeild -B.A. |
| 2004 | Weissense Konthochschule, skúlptúr,Þýskaland. |
| 2001–2002 | Köbenhavns Tekniske skole, myndlist Danmörk. |
| 2000-2001 | Holbæk kunsthöjskole, myndlist, Danmörk. |
| 1999-2000 | Sörangen Konsthögskola , myndlist, Svíþjóð. |

---------

Sirra Sigrún Sigurðardóttir

Fædd 1977 í Reykjavík

Býr og starfar í Reykjavík

sirra@this.is

nám -

| | |
|---|---|
| 2003 – 2004 | Háskóli Íslands, Listfræðideild. |
| 1997 – 2001 | Listaháskóli Íslands, myndlistardeild - BA |
| 1996 – 1997 | Myndlista & Handíðaskóli Íslands, Fornám. |

----------

Ásdís Sif Gunnarsdóttir

fædd 1976 í Madison Wisconsin, Bandaríkin.

Býr og starfar í Reykjavík

disasa@hotmail.com

www.asdissifgunnarsdottir.com

Nám

| | |
|---|---|
| 2004 | UCLA, Fine Art. Los Angeles, Bandaríkin. - MFA, |
| 2000 | School of Visual Arts, Fine Arts. N.Y.C., Bandaríkin. - BA, |

----

Ragnar Kjartansson

Fæddur 1976 í Reykjavík

Býr og starfar í Reykjavík

Rassi@this.is

www.this.is/rassi

Nám

| | |
|---|---|
| 1997-2001 | Listaháskóli Íslands, myndlistardeild. - BA |
| 2000 | The Royal Academy, Stokkhólmur, Svíþjóð. |

Björk Guðnadóttir

Fædd 1969 í Reykjavík

Býr og starfar í Reykjavík

bjork69@hotmail.com

Nám

| | |
|---|---|
| 1996-99 | Umeå College of Art. Noregur - MFA. |
| 1995-96 | Myndlista & Handíðaskóli Íslands, |
| 1994-95 | Oslo Art Academy, Noregur. |
| 1993-94 | Atelier Hourdé. Fornám, Frakkland . |
| 1991-93 | ESMOD. Klæðskeranám, Frakklandi. |

--

Helgi Þórsson

Fæddur 1974 í Reykjavík

Býr og starfar í Reykjavík

burkni_reir@hotmail.com

Nám

| | |
|---|---|
| 2002-2003 | Sandberg institute, Fine art, Holland. - MFA |
| 1998-2002 | Gerrit Rietveld Academie, Free media Holland. - BA |
| 1997-1998 | Koninklijk Conservatorium Den Haag,sonologe. Holland. |
| 1995-1996 | Iðnskólinn í Reykjavík. |

--

Sigga Björg Sigurðardóttir

Fædd 1977 í Reykjavík

Býr og starfar í Glasgow, Englandi.

siggabjorg@gmail.com

Nám

2002-2004, Glasgow School of Art, bretlandi - MFA

1997-2001: Listaháskóli Íslands - BA

--

Davíð Örn Halldórsson

fæddur 1976 í Reykjavík

býr og starfar í Reykjavík

Nám

1999 - 2002 Listaháskóli Íslands, Myndlistardeild. - BA

1993 - 1999 Fjölbrautaskólinn í Breiðholti

--

Magnús Árnason

Fæddur 1977, í Reykjavík

Býr og starfar í Reykjavík

magnusarnason@gmail.com

Nám

1999 – 2003 Akademie der bildenden Künste, Vín, Austurríki. - MFA

--

Hrafnhildur Arnardóttir

fædd 1969, Reykjavík

Býr og starfar í New York, USA

shoplifter@shoplifter.us

Nám

| | |
|---|---|
| 1994-1996 | School of Visual Arts. N.Y.C., Bandaríkin - MFA. |
| 1989-1993 | Myndlista & Handíðaskóli Íslands, málaradeild. |
| 1992 | Academy of Fine Arts, Helsinki, Finnland. |

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM

Ritstjórn Póstillunnar þakkar eftirfarandi einstaklingum og aðilum fyrir samstarf, neyðaraðstoð og gjöfulyndi í garð listarinnar og útgáfustarfsins:

Galtarviti
Apaflasa
Arnaldur Máni Finnsson
Björgunarsveitin Sæbjörg á Flateyri
Ólafur Ísfirðingur
Hallgrímur vélstjóri
Ásthildur Magnúsdóttir
Páll Ásgeir Davíðsson
Elsa Eiríksdóttir
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
Hulda Stefánsdóttir
Þórdís Aðalsteinsdóttir
Ragnheiður Gestsdóttir
Sigurður Magnús Finnsson
Guðrún Kristjánsdóttir
Steinunn H. Blöndal
Björn Svan og Grímur í Odda

Sýningarstjórn og hönnuður Pakkhússins þakka eftirfarandi einstaklingum og aðilum fyrir mikilvægar umræður og aðstoð:

Valur Brynjar Antonsson
Haukur Már Helgason
Hjörleifur Finnsson
Seglagerðin *Ægir*
Sigríður Ólafsdóttir
Halldór Bragason
Jóhann L. Torfason
Þorsteinn Högni
Nikulás O'Keefe
Seglagerðin *Ægir*

Ragnar Kjartansson vill þakka

Admiralspalast, Samskipum, Helga Björnssyni, Gunnhildi Hauksdóttur, Ásmundi Ásmundssyni, Ólafi Guðsteini Kristjánssyni, Erling Klingenberg, Sigrúnu Sirru Sigurðardóttur, Gabríel Erni Erlingssyni, Dana Lorenzen, Ásdísi Sif Gunnarsdóttur og Þorvaldi Gröndal.

Hinir listamennirnir vilja örugglega þakka mjög mörgum en þeirra þakkir ná ekki inn á þennan lista.

Morgunblaðið
ÆGIR

það er alveg spurning .. sérðu þetta fyrir þér ?

## ~~Huginn~~

hugmyndin min er Góði Dátinn Sveijk bara andlitið á honu
framan á coverið sú teikning eftir Joseph Lada er frábær.
~~er magnaður en hinsvegar~~
~~og skilja er það gott eða~~
~~er hugmyndin, ég get komið~~
haegt að finna fullt á netinu og trace-a








## ~~Daniel~~

Ok sendi þér myndir
~~alkemia 2. pakkkús 3. postu~~



svona embelm sem gripu
Annars er
logoið

þessu öllu

UNSER LAGERHAUS

12 APOSTEL
PIZZA AUS DEM STEINOFEN

## ~~Goddur~~

_rétt ókomið_ hugsanlegt lógó er lúður með

(grunnur gamla lógós pósts og síma)

PAKKHÚS POSTULANNA

## ~~Brynhildur~~

_ekkert svar

honum ég á gamla bók þar sem andlitið á honum er þrykkt

ær.

~~svona nettur Smiley kall Sveijk~~
~~rosa icon sem allir þekkja~~
~~vont?? er ekki viss en þetta~~
~~bókinni til þín~~:



kannski er
það og vinna það eitthvað áfram með það

í þremur þáttum. ~~1.~~



~~ostuli~~

augað á







þetta eru einhver
veraldavefnum..
Lagerhaus
í uppáhaldi
svo bara blanda



kanski..
saman.

eð




rafskeytaeldingum -



Hrafnhildur Arnardóttir
Ingibjörg Magnadóttir
Kristín Eiríksdóttir
Davíð Örn Halldórsson
Sigga Björg Sigurðardóttir
Björk Guðnadóttir
Ásdís Sif Gunnarsdóttir
Magnús Árnason
Helgi Þórsson
Sirra Sigrún Sigurðardóttir
Ragnar Kjartansson

LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM